ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

# Landamerkjabók Borgarfjarðar- og Mýrasýslu [1922-1923]

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Reg. bls. 290

Séð 2/7 1930,
Ingólfur Jónsson

Bók þessi, sem er 312 – þrjú hundruð og tólf – tölusettar blaðsíður, gegnumdregin og með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hjermeð til að vera

landamerkjabók

fyrir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. júlí 1922.

F. h. r.

G. Sveinbjörnsson / St. Gunnlaugsson

Skoðuð 7/10 1924.

Vigfús Einarsson.

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 4/8 1922
1.
Landamerkjaskrá Haukagils.

Að austan milli Haukagils og Hvamms ræður Miðgil uppá fjallið austur fyrir sjónarhólsmýri; að læk þeim er þar rennur í Miðgil, úr torfvörðu þeirri, er þar stendur á syðri bakka Miðgils, beina línur norður í vörðu við yfirsetukofa, úr þeirri vörðu, norður í stóran stein vestan til við efstu draga bungu merktan L.M.

Að sunnan milli Haukagils og Refsstaða ræður Hvítá frá Miðgilsós, vestur í miðjan merkjahvamm.

Að vestan milli Haukagils og Sámsstaða, ræður bein lína úr miðjum Merkjahvammi norður í, í torfvörðu sunnan við víðirbrekkur fyrir vestan flata, úr þeirri vörðu, norður í stóran stein, vestarlega á Selsandi, merktan L.M.

Að norðan milli Haukagils og Sámsstaða úr þeim steini eins og vötnum hallar fyrir norðan tjarnaflóa, austur í hinn áðurnefnda stein vestan við efstu dragabungu.

Eftir makaskiptabrjefi d. 31. júní 1881 á Haukagil sama rjett og áður til skógarhöggs í kirkjulandi Gilsbakka.

Og eftir fornum vitnisburðum, og ýmsum fornskjölum þar á meðal lögfestu síra Helga Grímssonar á Húsafelli, þinglesinn á Sámstaða þingi 20.ta maí 1667. 4.ra hundrað selland á kjör, milli Gilsbakkasels og Sámstaðasels. Þessi lögfesta var síðan lesin upp á Þingvelli við Øxará x júli 1669 staðfest af Brynjólfi byskupi Sveinssyni og undirskrifuð með vottum.

Haukagili 1.ta maí 1890
S. Jónsson eigandi og ábúandi Haukagils samþykkur vegna Sámstaða og Hvamms
Guðmundur Guðmundsson.

(Eigandi að báðum þessum jörðum.
Samþykkur vegna Hvamms
Eyjólfur Jóhannesson ábúandi á Hvamminum.

Þinglesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 1/7 1922

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 4/8 1922.

2.

Landamerki jarðarinnar Rauðsgils í Hálsahreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Milli Rauðsgils og Hofsstaða ræður Reykjadalsá. Milli Rauðsgils og Búrfells eru merki úr Reyjadalsá í lítið dý austan í djúpahvammskjapti. Og úr því beina sjónhending í klett á fjallsbrúninni er heitir Sáta. Og úr Sátu í lítinn melhnjúk sunnarlega á Langamel heitir Merkjahnjúkur. Svo yfir merkalág, neðarlega yfir fellaflóa í lítinn foss í Rauðsgili er heitir Merkjafoss. Að vestan skilur Rauðsgil lönd milli Rauðsgils og Steindórsstaða ofanfyrir rjettir, þá beina stefnu austanvert við Þórðarhólma í Reykjadalsá.

Rauðsgili 1.des. 1921.

Framanskráðum merkjum jarðarinnar Rauðsgils erum undirritaðir samþykkir.
Guðbjörn Oddsson eigandi og ábúandi Rauðsgils.
Ástríður Pálsdóttir eigandi Steindórsstaða (handsalað).
Páll Þorsteinsson ábúandi Steindórsstaða.
Jón Þórðarson Búrfelli.
Guðm. Eyjólfsson eigandi og ábúandi á Hofstöðum.

Þinglesið á manntalsþingi að Stóraási 3/7 ’22

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 7/8 1922
3.
Skrá yfir landamerki jarðarinnar Bakkakot í Skorradal.

Landamerki milli Bakkakots og Vatnshorns eru: Úr síkiskjaftinum niður við Fitjaá bein lína í Bergþórsklett, úr honum í vörðu á Vegahrygg, sem skilur eystri og vestri Selflóa. Úr þeirri vörðu (móts við Grafardal) bein sjónhending í Stóra-Þvergilsfoss sem er hornmerki milli Bakkakots, Grafardals, Þyrils og Litlasands. Að sunnan er bein lína úr Stóra-Þvergilsfossi í suðurmynni Langadals, sem er hornmerki milli Bakkakots og Fitja. Að austan ræður merkjum milli Bakkakots og Fitja bein lína úr suðurmynni Langadals í Tvívörður. Þaðan sjónhending í Löngugötugil beint vestur undan Laugarhól, og ræður gilið svo merkjum úr því ofan í Fitjaá. Úr því ræður Fitjaá ofan í fyrrnefndan sýkiskjaft og fellur þá hólminn sem nefnist Ytri-eyja undir Bakkakot. Ennfremur á Bakkakot ítak í Fitjaengjum innan þessara ummerkja: Að vestan ræður bein lína úr Smirlagili í innri enda Álftarhólmans.

Að sunnan ósinn Skrubba svo langt sem hann nær og þaðan bein lína í merkjaþúfu á engjunum. Að aust-austan bein lína úr merkjaþúfunni í miðjan melkollinn innanvert við Ósflatir. Að norðan ræður vegurinn. Einnig á Bakkakot skógarhögg til heimilisþarfa í Fitjahlíð.

Bakkakoti 30. júní 1922.

Þorbjörn Jóhannsson, Stefán Guðmundsson, Helgi Jónsson Þyrli,
Bjarni Bjarnason Vatnshorni, Beinteinn[1] Einarsson Grafardal.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 6/7 1922.

G. Björnsson

---

[1] Ritað „Beinsteinn“ í frumriti

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 7/8 1922
4.
Landamerkjaskrá fyrir jörðina Grafardal í Skorradalshreppi

1. Milli Bakkakots og Grafardals við upptök Grafardalsarinnar úr vörðu á Selflóahrygg bein lína suður í svonefndan Stóra-Þvergilsfoss sem er hornmark Bakkakots, Þyrils, Litlasands og Grafardals.
2. Milli Litlasands, Miðsands og Brekku annarsvegar og Grafardals hinsvegar úr Stóra-Þvergilsfossi bein lína austur í Tómasarvörðu sem er á Greniás. Svo úr þeirri vörðu í vörðu á Setseljuhrygg og er sú varða hornmark milli Brekku, Þórisstaða, Geitabergs og Grafardals.
3. Milli Geitabergs og Dragháls annarsvegar og Grafardals hinsvegar er bein lína úr vörðu á Sesseljuhrygg í vörðu á holti í svonefndum Hryggjum sem er nokkuð fyrir norðan Höfðafosshæð. Svo úr nýnefndri vörðu bein lína í Hestagil sem þá ræður merkjum ofan í Grafardalsá. Úr því ræður áin merkjum uppað svonefndum Merkjafossi í Grjótvörðu sem er suðvestan í Vestri-Hrosshæð. Svo er beinlína úr þessari vörðu í vörðu sem er norðvestan á sömu hæð, og er sú varða hornmark milli Dragháls, Svanga, Vatnshorns og Grafardals.
4. Milli Vatnshorns annarsvegar og Grafardals hinsvegar er bein lína úr vörðu sem er norðvestan á Vestri-Hrosshæð inn hálsinn í vörðu á Eystri-Hrosshæð. Svo úr þeirri vörðu bein lína í vörðu á Sjónarhól. Svo í Rauðuflúð. Þaðan ræður sjónhending í vörðu sem fyr um getur á Selflóahrygg.

Gjört að Geitabergi 1. júní 1922.
Beinteinn Einarsson eigandi og ábúandi Grafardals.
Bjarni Bjarnason eigandi Geitabergs.
Jón Pjetursson eigandi Dragháls, Magnús Gíslason eigandi Brekku,
Helgi Jónsson eigandi Þyrils, Jón Helgason ábúandi Litlasandi,
Bjarni Bjarnason eigandi Vatnshorns, Þorbjörn Jóhannsson Bakkakoti.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 6/7 1922.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 7/8 1922

5.

Árið 1922 þann 20. marz var samþykt af undirskrifuðum landamerkjaskjal fyrir jörðinni Gilstreymi í Lundarreykjadalshreppi innan Borgarfjarðarsýslu.-

Milli Englands og Gilstreymis ræður Skorragil, frá Tunguá og upp á Hálsbrún. Svo úr Skorragili og sjónhending í vörðu á Teigfjalli. Þar tekur við Efstabæjarland. Frá þessari vörðu sjónhending í suðurhorn Lómatjarnar. Þaðan sjónhending í svonefnd Brandsdys við Eiríksvatn. Svo sjónhending í Suðurármynni. Þaðan ræður Suðurá upp á Veggjadal. Þaðan í hornvörðu, þar sem mætast lönd Efstabæjar, Stórabotns og Gilssteymis. Frá þeirri vörðu beina línu í Kvíyndisfell. Úr Kvíyndisfelli kemur Tunguá er skiftir löndum Þverfells og Gilsstreymis.

Gilstreymi 20. marz 1922.

| | |
|---|---|
| Vottar: | Torfi Jónsson, Gilstreymi. |
| Ásgeir Sigurðsson | Sveinn Einarsson Þverfelli |
| Björn Jóhannesson | Halldóra Pjetursdóttir Efstabæ |
| | Magnús Einarsson |

Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 5/7 1922.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 7/8 1922.

6.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Geitabergi í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. Milli Geitabergs og Glammastaða: Úr torfvörðu á Þórisstaðanesi í vörðu á Guttormsholti. Þaðan sjónhending í Merkjalæk. Þar sem hann rennur í einu lagi. Svo ræður Merkjalækur upp í næsta sund fyrir ofan Seldal. Því næst bein lína í vörðu sem stendur á holti fyrir ofan sundið. Svo úr þeirri vörðu bein lína inn Hlíðarbrúnir í vörðu sem stendur fyrir ofan svonefnt Merkjagil sem er þá hornmark milli Glammastaða, Geitabergs og Dragháls.

~~2. Milli Dragháls og Geitabergs: Úr nýnefndri vörðu bein lína innanvert við Höfðafosshæð og í vörðu suður á Sesseljuhrygg og er sú varða hornmark Grafardals, Geitabergs og Þórisstaða~~.

2. Milli Dragháls og Geitabergs: Úr vörðu sem er fyrir ofan Merkjagil ræður gilið ofan að brún síðan sjónhending ofan Kornahlíð ofan í vörðu skamt fyrir innan Vatnsendann. Svo bein lína innanvert við vatnsendann og upp Fögruhjalla og uppí Geitaskarð í Björgunum. Þaðan sjónhending í grjótvörðu austur á Hryggjum, og er sú varða hornamark milli Dragháls, Geitabergs og Grafardals.

3. Milli Grafardals og Geitabergs: Úr nýnefndri vörðu bein lína innanvert við Höfðafosshæð og í vörðu suður á Sesseljuhrygg og er sú varða hornmark Grafardals, Geitabergs og Þórisstaða.

4. Milli Þórisstaða og Geitabergs: Úr nýnefndri vörðu á Sesseljuhrygg bein lína í vörðu á brún Glámunnar fyrir sunnan Glámuhausinn, svo bein lína úr þeirri vörðu ofan í skurð í Glámumýrinni og ræður sá skurður merkjum meðan hann er beinn svo er bein lína í vörðu sem er á holti því sem er næst fyrir innan Hjallholtið. Úr þeirri vörðu í vörðu sem er á holti litlu neðar. Þaðan bein lína í vörðu í Þórisstaðanesi niður við Þverá.

Gjört að Geitabergi 27. maí 1922.

Bjarni Bjarnason eigandi og ábúandi Geitabergs.
Einar Tómasson eigandi Glammastaða h.s., Beinteinn Einarsson
eigandi Grafardals. Ólafur Magnússon eigandi Þórisstaða
Jón Pjetursson eigandi Dragháls.
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 7/7 1922.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

7.

Merkjaskrá

Samkvæmt lögum 17. marz 1882 voru af hjer undirskrifuðum hlutaðeigendum samþykt að landamerki jarðarinnar Krossnes, Hítardalskirkjujarðar, í Álftaneshrepp og Mýrasýslu skyldu hjer eftir líkt sem undanförnu vera eftir sem hjer greinir;

1. Millum Krossnes og Hofstaða að framan úr sjó í landamerkjahól, þaðan sjónhending í landamerkjasteina sem standa við Krossneslæk. Svo ræður sá lækur, austur eftir í Lækjarbotnatjörn; úr þeirri tjörn beina sjónhending í upphlaðna torfvörðu norðanvert við Ítakalæk. Síðan ræður Ítakalækur uppað Grænukeldu.

2. Millum Krossnes og Þverholta: Svo ræður sú kelda, og úr upptökum hennar í hlaðna torfþúfu, sunnan til á Æðarvatnsbakka; þaðan sjónhending yfir skifta Hólmann í Æðarvatni í torfvörðu á útnorðurbakka vatnsins, (sjónhending þessi stefnir á Ánastaðabæinn) svo sjónhending bein í torfvörðu á Svartbaksvatnsbakka skamt suður undan stærri Svartbakshól.

3. Millum Krossnes og Álftáróss: Sjónhending úr síðastnefndri vörðu í stein austan til við hólmann í vatninu og eftir sömu línu í torfvörðu á vatnsbakkanum og sömu sjónhending í Þvertjörn, og yfir hana í Þverlæk þar sem hann hefur sín upptök úr tjörninnni. Svo ræður Þverlækur í Krossneslæk og Krossneslækur til sjávar.

Staðarhrauni 20. Desember 1883.
Jónas Guðmundsson

Framanritaða aðragrein samþykkja eigendur Þverholta Ásg. Bjarnason og Jón Bjarnason. Ofanskrifaða þriðjugrein samþykkir eigandi Álftáróss Erlendur Sigurðsson (handsalað nafn).

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.26.

Þingl. – 75 a
Bókun – 25 a     Guðm. Pálsson
1 kr ein króna

Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921, 9/8 1922. Mótt. 2/8.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 9/8 1922
8
Hofstaðir og hálfir Bolastaðir
Landamerki Hofstaða eru þessi:
Að austan ræður sjónhending úr Hrossakletti til Reykjadalsár gegnt dýi því (Krummalind), sem er undir Búrfellstúni utanverðu.
Úr Hrossakletti norðureftir hálsinum sjónhending í Grímu; þaðan sjónhending í vörðu á Merkjakletti, sem er austanvert við litluskál.
Að norðan ræður sjónhending úr vörðunni á Merkjakletti yfir Þvermel í Grenklett og Belgistein.
Að~~an~~ sunnan ræður Reykjadalsá.
Að vestan ræður sjónhending frá Reykjadalsá gegnt farvegi Rauðsgils yfir miðja Hvítsstaði, eftir uppsettum merkum; þá í klett sem varða er hlaðin á lítið eitt austanhalt við þá stefnu; þaðan sjónhending í syðri hólinn, sem er vestan við tjörn á hálsinum, og er varða hlaðin á þeim hól, þá sömu stefnu þar til kemur á norðri merkin.

Landamerki Bolastaða allra eru þessi:
Að vestan eru merkin í litluskál og eftir vestari skurðinum, sem úr henni kemur, þar til er hann kemur í Gæsistjörn. Þaðan sjónhending í stein þann sem stendur í hlíðinni að norðan, þaðan sjónhending í hellustein í ferðamannagötunni; þá sömu stefnu til Hvítár.
Að sunnan ræður línan, sem dregin er úr Belgisteini um vörðuna á Merkjakletti frá vesturmerkjum Bolastaða og austureftir, og ber þá stefnu í vörðu sem hlaðin er á holti við Djúpadal.
Að austan ræður eftir fornum merkjalýsingum skurður sá, sem er milli Bolastaða og Refsstaða.
Að norðan ræður Hvítá.
~~til~~ Hinn 3. júlí 1874 var Bolastaðalandi skift þannig til helminga milli Reykholtskirkju og Refsstaða, að Reykholtskirkja á vesturhlutann, og eru takmörk hans lína úr standbergi sem er uppi yfir Stóruskál, niður í eystri enda Bolastaðavatns; þaðan sjónhending í Bolastaðagil, þar sem það fellur í ~~Hvt~~ Hvítá. Þó er Reyholtskirkju áskilinn rjettur til afnota af hálfu Bolastaðatúni og Bæjarstæði á því, ef vera mætti að eyðijörð þessi yrði bygð. Skipti þessi á Bolastaðalandi eru því aðeins skuldbindandi fyrir Reyholtskirkju, að skiftsyfirvöldin samþykki þau.

Reyholti 24. maí 1890.
Guðmundur Helgason
prestur í Reyholti.

Merkjalýsingu þessa samþykkja
Eigandi Úlfsstaða samþykkur Magnús Jónsson.
Eigandi Sigmarstaða Þorsteinn Magnússon.
Í umboði eiganda Refsstaða og hálfra Bolastaða Rannveigar Kolbeinsdóttur Jón Magnússon.
Í umboði eiganda Uppsala Guðm. Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Stóra-Ási 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.93.

Gjald til landssjóðs
Þinglestur – 75 a
bókun 25 a
1 kr
(ein króna) S.Þ.

Sigurður Þórðarson.

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921, 9/8 1922.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

9.

Landamerkjalýsing fyrir Brekkulandi í Norðurárdal.

Að sunnan ræður Bjarnadalsá, frá Brekkunesi vestan Selhólma að Norðurá, þá Norðurá að vörðu sem stendur framan til við Bjarnapart, að vestan, ræður sjónhending úr nefndri vörðu, yfir hraunið um holt þau er liggja fyrir vestan Brekkueyrar í vörðu ~~eyra~~ á hálsinum austan Húsadal úr þessari vörðu í klettaborg norðan til á Hestabrekkum sjónhenda í há-Fífilsdals-múla, þaðan sjónhenda yfir Fanná í Grágæsarhnjúk, sem er einstakur hnjúkur framan til á Þórise~~y~~ngismúla, af þeim hnjúk sjónhenda í Fossdalsá nálægt lægri fossum; að norðan ræður Fossdalsá móts við Tjörn norðvestan undir Grágæsarhnjúkum, að austan, ræður sjónhenda úr Fossdalsá yfir áðurnefna Tjörn um syðri enda á fremri Grágæsarhnjúk yfir Fanná í klauf á Geldingafellum, þá sjónhenda úr miðri klaufinni í nyrðri barm á Kambsgili, þaðan sjónhenda í Sesseljuvörðu á Mosaás, þaðan sjónhenda í stóran stein á holti fyrir sunnan nónsund, þaðan sjónhenda í fyrstnefnda Bjarnadalsá hjá Brekkunefi, einnig tilheyrir Brekku oddi áfastur við Hraunsnefsengjar fyrir framan Dyseyjarkvísl, eftir því sem merki sýna.

Þessa landamerkjalýsingu óska eigendurnir að fá undirskrifaða af þeim sem lönd eiga umhverfis Brekkuland.

Brekku 13. marz 1886.

Í umboði eigendanna Þorsteins Halldórssonar og Guðrúnar Jónsdóttur í Bakkakoti
Þórður Jónsson
Í umboði Hreðavatnseiganda Hjálms Jónssonar í Þingnesi
Árni Hjálmsson
ábúandi á Hreðavatni
Fyrir hreppsnefndina í Borgarhreppi
J. Jónsson
(oddviti)
J. Magnusson Þorbjörn Sigurðsson (handsalað
umráðam. Hvamms og Dyseyjar eigandi Hamars
Bjarni Þorsteinsson (handsalað) Þórður Þorsteinsson
ábúandi og eigandi Svartagils eigandi Glitstaðanna
Eigandi og ábúandi Hraunsnefs Árni Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 25. maí 1886
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. nóv. 1886
Borgun: Sigurður Þórðarson
Þingl. - - 75 a settur
Bókun -- 25 a
1 kr
Borgað 1 kr. S.Þ.
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921, 9/8 1922.
G.Björnsson
Dags. 12/8 1922

10.

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Arnarholt í Stafholtstungum.

I. Merki milli Arnarholts og Einifells byrja við þúfu, sem er sunnan til við litla tjörn í mýrinni fyrir neðan Laugarhnjúka. Þúfa þessi er kölluð Kolaþúfa; verður hún hækkuð og kol látin í hana. Úr Kolaþúfu ræður bein sjónhending í vörðu á Þverlækjarholtinu, og úr þeirri vörðu sjónhending í vörðu á háholtinu við Norðurá, þaðan niður í Norðurá ræður sjónhending í efra hluta Kerlingargils fyrir ofan kastið, sem gengur niður að ánni.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

II. Milli Arnarholts og Munaðarness ræður höfuðkvísl Norðurár, og tilheyrir Gafleyin þannig Arnarholti (og Hlöðutúni).
III. Milli Arnarholts annarsvegar og Hauga og Svignaskarð (Sigmundarness) hinsvegar ræður Norðurá merkjum.
IV. Slægjuland Arnarholts og Hlöðutúns skilur í fyrsta lagi sjónhending úr Merkjaþúfu á börðunum milli bæjanna í gráan hnjúk eða bungu sunnan í Hallarmúla; hnjúkur þessi er einkennilegur að því að dökkleit skriða er eftir honum miðjum. Á línu þessari verða reistar nokkrar merkjaþúfur. Nokkur hluta engjastykkis þess sem, Hlöðutúnsbóndinn hefur umgirt og sem kallað er Hringurinn, er þannig Arnarholtsland, en það er samkomulag hlutaðeigenda að meðan bóndi sá sem nú er í Hlöðutúni, býr þar, megi hann nota þann hluta hringsins, sem Arnarholti tilheyrir, til slægju og beitar, en annars ekki, og þegar ábúð hans er lokið hverfur notkun partsins undir Arnarholt aftur. Í annan stað skilur slægjulönd jarðanna á Norðurárbökkum sjónhending úr Merkjavörðu á Hlöðutúnsholti niður í Leirvík við Norðurá.
V. Milli Arnarholts og Stafholtsveggja byrja merki við fyrrnefnda kolaþúfu fyrir neðan Laugarhnjúka. Svo ræður keldudragið niður eftir og síðan Laugakelda. Þar sem farvegur hennar er skírastur, alt þangað til er Hamraendaland tekur við. Til frekari vissu um merki þessi verða stungnir nokkrir hnausar meðfram Laugakeldunni.
VI. Milli Arnarholts og Hamraenda ræður lækur sá, sem er áframhald af Laugakeldunni, þar til er Hofstaðaland tekur við. Svokallaður Þrætuhólmi, sem liggur í stefnunni milli Arnarholts og Hofstaða tilheyrir báðum jörðunum sameiginlega, þannig að hann verður sleginn sitt árið frá hvorri jörð, og slær Hamraendabóndinn hann sumar komandi, 1890. Það skal tekið fram til að fyrirbyggja allan ágreining að annar hólmi ofar í læknum, sem af sumum mönnum hefur á síðari árðum verið nefndur Þrætuhólmi, tilheyrir eingöngu Arnarholti. Með því að lækjarfarvegurinn er ekki allstaðar skýr og kann að breytast þá verða stungnir nokkrir hnausar á þessum merkjum.
VII. Milli Arnarholts og Hofstaða ræður engjaskurður frá Arnarholti úr Presthúsarúst niður í Miðbrúarstokk, og sá stokkur niður í Neðstubrúarstokk.
VIII. Milli Arnarholts og Stafholts (Lambhagans og Kastalapartsins) ræður Neðstubrúarstokkur merkjum.

Arnarholti, 21. maí 1890

Sigurður Þórðarson
ábúandi jarðinnar og eigandi að 11 hundruðum hennar
Framanrituð landamerki samþykkja undirskrifaðir:
Jakob Sæmundsson bóndi á Hamraendum (handsalað Þórði Lárussyni)
Tómas Guðmundsson (eigandi ½ Einifells)
Jóhann Þorsteinsson prestur Stafholti
Björn G. Þorláksson (eigandi Munaðarness)
Sigurður Jónsson ábúandi Hauga og umráðamaður Hlöðutúns.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N 126.
Gjald til landssjóðs
þingl. –“ – 75 a
bókun – “ – 25 a
1 kr.-
ein króna Borgað S. Þ.
Sigurður Þórðarson.
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921 12/8 ´22.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 21/8 1922
11.
Merkjalýsing.
Fyrir jörðinni Leirulæk liggjandi í Álftaneshreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.
1.gr. Milli Leirulækjar og Lambastaða. Byrjar á miðjum Landdeildarhöfða hvar varða er hlaðin og klappaður + hjá, (þaðan beint í vörðu á miðhæð reiðholts), frá vörðu þessari sjónhending í Klöpp sem er milli Deildarhóla og Smjörkletts og þar er hlaðin varða og klappaður + hjá. Milli þessara varða eru 3 merkjavörður í Deildinni í beinni línu.
Grein þessa samþykkja eigendur og umboðsmenn Lambastaða. Setselía Jónsdóttir (í umboði) Sigurður Sigurðsson.
2. gr. Milli Leirulækjar og Leirulækjarsels. Frá vörðunni á klöppinni áðurnefndu og í há Smjörklett sem er þar skamt fyrir ofan, og þaðan sjónhending í neðri enda Stóra Laugáss, og svo eftir ásnum upp ~~eftir~~ að efstu klöpp í Laugás hvar klappaður er + frá þessari klöpp sjónhending í Stóra hringjuhól hvar varða er og +
Grein þessa samþykkir eigandi Leirulækjarsels
Jónas Kristjánsson
3.gr. Milli Leirulækjar og Smiðjuhóls. Frá vörðunni á Stóra hringihól sjónhending í grjóttanga sem er við suðurenda Hólmalækjar og þaðan sjónhending í Veiðivörðu frá veiði vörðu í midt Skálavað.
Grein þessar samþykkir eigandi Smiðjuhóls
Bjarnþór Bjarnason.
4. gr. Milli Leirulækjar og Langárfoss. Frá miðju Skálavaði fram miðja Urriðaá fram í Langá. Grein þessa samþykkja eigendur Langárfoss.
Oddur Sigurðsson, Ingibjörg Bergþórsdóttir.
5. gr. Milli Leirulækjar og Ánabrekku. Frá miðjum ós Urriðaár þar sem hún kemur í Langá fram eftir miðju djúpi Langáar fyrir sunnan Lambhaga sker og Lambhaga fram í Langárós. Milli Brekkunestáar og Banakringlu og svo fram miðjan álinn milli svokallaðra Árhólma og Langasands, fram á móts við miðjan Landdeildar höfða.
Grein þessa samþykkja eigendur og umboðsmenn Ánabrekku.
Kristbjörg Bergþórsdóttir Erlendur Guðmundsson Guðjón Jónsson
Hjörtsey 1. febrúar 1884
Guðmundur Sigurðsson
(eigandi Leirulækjar)

Borguð 1. kr.
Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 27. maí 1886
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 7. des. 1886
Sigurður Þórðarson
settur

Gjald
Þingl. – “ – 75 a
Bókun - “ – 25
1 kr. Borgað
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921, 12/8 ’22.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 26/8 1922
12.
Landamerki Hægindakots
Að norðan ræður Reykjadalsá. Að austan eru merkin í lág þeirri sem er fyrir vestan kotmelinn, úr henni sjónhending fyrir austan (sic) rúsirnar á gömlu byrgi, er nú er nefnd grænatóft, í hnjúk þann eða hæð, sem stendur upp á fjallinu norðanverðu, þaðan sömu stefnu suður eftir þangað sem að vötnum hallar. Sama lína ræður og úr láginni fyrir vestan kotmelinn til ár.
Að sunnan liggja merkin vestur eftir hálsinum eftir því sem vötnum hallar.
Á milli Hægindakots og Kópareykja skiftir Selgil landi frá því að það fellur í Merkjaskarð við Reykjadalsá og upp á hálsbrún. Þaðan sjónhending suðuraf.

Landamerki þessi hafa verið samþykt í Reyholti 21. apríl 1890 upp á væntanlegt samþykki stiftsyfirvaldanna fyrir kirkjujarðirnar
Hægindakot og Kópareykja. Guðmundur Helgason prestur í Reykholti.
Eigandi Vilmundarstaða Magnús Jónsson
Eigandi Brennistaða Bjarni Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi á Sturlureykjum 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu nr. 101.
Gjald til landssjóðs 75-
bókun 25 - Sigurður Þórðarson
samtals 1 króna Borgað S.Þ.

Rjett afrit samkvæmt landamerkjabrjefi jarðarinnar dagsett í Reykholti 21. apríl 1890 vottar hreppstjóri Reyholtsdalshrepps Ingólfur Guðmundsson
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921. 26/8 ‘22

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 26/8 1922
13.
Landamerkjabrjef fyrir Geirshlíðinni.
Merki milli Litlakropps og Geirshlíðar: úr vörðu sem stendur á kletti skamt fyrir sunnan saurtjarnir, úr henni í klett sem er fyrir ofan slakkalækinn, svo þaðan beina sjónhending ofan að Geirsá, og í Ytri Grænstapa sem stendur á mel að sunnanverðu við ána svo þaðan sem áin ræður ofan að vörðubroti sem er að norðverðu við hrossa klett (og sem er hornmerki milli Geirshlíðar og Brúsholts) úr vörðubrotinu sjónhending austur í Þrándarvatn, þar sem lækurinn rennur vestur úr því, svo úr vatninu austur í Bláfinnsvatn eftir keldudragi sem er á milli vatnanna, svo beint austur yfir vatnið, og þaðan í stein sem stendur á Laugutjarnarás, (sem er hornmerki milli Hæls og Geirshlíðar) þaðan í smátjarnir sem eru fyrir austan Laugutjörn, beina stefnu þaðan norður í Geirsá, og frá ánni eftir því sem gilið ræður sem rennur milli bæjanna, og þaðan sem gilið tekur sig upp á hálsinum beint norður í vörðubrot sem stendur á grjóthól á há hálsinum (sem er hornmerki milli Snældubeinsstaða og Geirshlíðar) svo þaðan eftir því sem vötnum hallar ofan hálsinn í vörðuna fyrir sunnan saurtjarnir, sem fyr er nefnd.

Það skal tekið fram að Geirshlíðarkot á stykki af túni fyrir utan gilið sem rennur á milli bæjanna sem kallað er „háa Geirshlíð" og 1/3 af Þrándarholti í Geirshlíðarlandi.
Rannveig Kolbeinsdóttir (eigandi) á Leirá.
Pjetur Þorsteinsson ábúandi á Geirshlíð
samþykkur Jón Eyjólfsson eigandi og ábúandi á Litlakroppi.
samþykkur Árni Brandsson eigandi og ábúandi Geirshlíðarkoti
Þórður Sigurðsson ábúandi á Hæli eigandi nokru.

Einar Magnússon (eigandi Brúsholts)
Ívar Sigurðsson (ábúandi Snældubeinsstaða)
Ásgrímur Illugason (ábúandi og eigandi Skóga)
Guðbrandur Guðmundsson ábúandi á Kleppjárnsreykjum
Bjarni Sigurðsson á Hömrum
Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 28. maí 1890 og ritað í landa-
merkjabók Borgarfjarðarsýslu N 99.
Gjald til landssjóðs: Þingl. – 75 a
bókun – 25 a
1 kr. ein króna. Borgað SÞ.
Sigurður Þórðarson
Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27. júní 1921, 30/8 '22.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 30/8 1922
14.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Galtarholti í Borgarhrepp.
samkvæmt lögum af 17. maí 1882.
1.gr. Milli Galtarholts og Svignaskarðs ræður skarðslækur ofan frá landamerkjakeldu ofan að svokölluðu Rensli sem er gamall lækjarfarvegur, þettað svokallaða Rensli ræður merkjum umhverfis engjastykki það sem Galtarholt á við Skarðsengjar, sunnan Skarðslæk. Frá vestra, eða neðri enda engjastykkisins ræður Skarðslækur í Hóptjörn.
2.gr. Milli Eskiholts og Galtarholts ræður Hóptjörn merkjum vestur þar til Galtarholtslækur fellur í hana ræður svo Galtarholtslækur upp þar til Laxholtsland tekur við.
3.gr. Milli Galtarholts og Laxholts ræður sami Galtarholtslækur merkjum (af sumum nefndur Laxholtslækur) upp að kolþúfu sem er au[s]tan (sic) vert við lækinn.
4.gr. Milli Galtarholts og Litlugrafar eru merki frá fyrrnefndri kolþúfu sjónhending í miðjan brautarhól, af brautarhól í miðjan hádegishól af hádegishól í vörðu á miðjum landamerkjahól frá landamerkjahól ræður landamerkjakelda í Skarðslæk.
Ofan skrifuð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir hlutaðeigendur 5.ta Decemb. 1883.
Þórunn Kristófersdóttir og Sigríður Jónsdóttir eigendur
Fyrir hönd Svignaskarðs samþykkir Jónas Guðmundsson
Fyrir hönd eiganda Litlugrafar Jón Jónsson
Fyrir hönd Laxholts Stephán Þorvaldsson (prestur í Stafholti
Eigandi Eskiholts Jón Helgason

Framhald landamerkja
Beilárheiði

Frá Litluá hjá Stöllunum neðan Ketilgil ráða stallarnir og hnúkbrúnir í útnorður, og úr hnjúk klifinu sjónhending í hól þann, er stendur neðanhalt við vaðið á Beilá, heiðarmegin við Múlakotsengið. Síðan ræður Beilá fram fyrir heiðarhornið. Svo kemur Fossdalsá, og ræður hún uppeftir, þar til Skammá kemur í ána, sem rennur úr Vikravatni framantil, og löndin skilur. Síðan ræður Vikravatn ofan eftir til enda, þá ræður laut, skamt frá götunni ofan í Grímsdalsbotn, hjá Lambafellsgili. Síðan ræður Litlaá er rennur eftir dalnum alt ofan að fyrrnefndum stöllum framan til við Skaftafjallsendann fremri.

Útdráttur úr kirkjubók Stafholtsprestakalls
Stafholti 20. maí 1885
Stefán Þorvaldsson
vitnar (prófastur og prestur)

Stefán Þorvaldsson
Vegna Hreðavatnseiganda Árni Hjálmsson
Eigandi og ábúandi á Jafnaskarði Guðmundur Auðunsson
Eigandi og ábúandi Múlakots Oddur Magnússon

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 21. maí 1885 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N 64.
Þingl. 75 a
Bókun 25 - Guðm. Pálsson
1 kr
(ein króna) borgað
Innfært samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921 30/8 '22

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Dags. 1/9 1922
15.
Útskrift úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu:
No 65.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Smiðjuhólsveggjum í Álftaneshreppi samkvæmt lögum 17. marz 1882.
1.gr. Milli Smiðjuhólsveggja og Leirulækjarsels: Úr merkjavörðu í Stóra-Hringjuhól sjónhending í Úlfsstaðaás og sjónhending í Úlfsstaðaós úr Úlfsstaðaós á Hálsvatn fram fyrir þrjá Hólma og í Yztu-Ánastaðavík.
2.gr. Milli Smiðjuhólsveggja og Vogalækjar: Úr Ánastaðavík í landamerkjaholt við Heyvatn og svo á vatn fram fyrir hólma þá sem eru fyrir sunnan mitt vatn og síðan í Skollhól.
3.gr. Milli Smiðjuhólsveggja og Þverholta: Úr Skollhól sjónhending í Præt[u]hól.
4.gr. Milli Smiðjuhólsveggja og Smiðjuhóls: Úr þrætuhól sjónhending í torfvörðu á Eiríksstaðavatnsbakka, úr vörðu þessari sjónhending í Miðaftanshól, úr Miðaftanshól sjónhending í Merkjavörðu á Stóraþinghól.

Ítak frá Smiðjuhóli í Hólmsvatni í Veggjalandi, austasti hólminn og vestasti hólminn tilheyrir Smiðjuhóli sem ítak líka hefir Smiðjuhóll frítt uppsátur fyrir pramma og grjót til aðgjörðar við hólmann; aftur hafa Veggir frítt galtastæði í Eiríksstöðum og torfristu fría.

Jónas Kristjánsson
(eigandi Leirulækjar)

O. Sigurðsson, Bjarnþór Bjarnason eigandi Smiðjuhóls
Ásgeir Bjarnason, Jón Bjarnason eigendur Þverholta
Ásgeir Bjarnason eigandi og umráðamaður Vogalækjar.
Lestið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 22. maí 1885

Guðm. Pálsson

Borgun: Þingl. – 75 -
bókun – 25 –
1 kr.00
ein króna

Rjetta útskrift staðfestir

G. Björnsson
Ritlaun:
1 – ein – króna
Borgað
Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27. júní 1921. 1/9’22

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Dags. 1/9 1922
16.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
Nr. 108

Samkvæmt lögum um landamerki frá 17. mars 1882 skrifast hjer~~með~~ landamerki Bæjar í Andakílshreppi.

1. Bær á land fyrir innan Flókadalsá, sem „Kálfanes“ kallast, þar sem merki milli Bæjar og Stórakropps úr gróf, sem er við Hvítá undan Klettshólma og liggur inn í norðurenda Kálfanesmela; úr grófinni í stein skamt suður á melunum og kallst hann „Latur“, úr steininum sömu stefnu suður melana á móts við „Skolapoll“, sem er við Flókadalsá þar sem melarnir liggja næst ánni, þá í Skolapoll þar tekur Steðjaland við að sunnanverðu við „Skolapoll“.

2. Að vestanverðu við Flókadalsá á Bær land upp að Varmalækjarlandi, kallast það „Melnes“. Þar eru merki um „Melshöfða“ ofantil í melsnesinu frá Flókadalsá um miðjan Melshöfðan sjónhending út í „Laxagötu“, svo eftir Laxagötu og svo sjónhending vestur útsuður yfir flóann út í „Svörtukeldu“, sem er á milli Þórdísarholta og túnsins í Bæ, svo sömu stefnu sjónhending í torfvörðu við norðurendann á „Baulutjörn“, svo ræður Baulutjörn og Blundslækur í „Blundsvatn“, svo eftir Blundsvatni vestur í vik það, sem næst er fyrir innan Blundshól.

3. Milli Þingnes og Bæjar úr nefndu vatnsviki til útnorðurs í innriásendann, sem liggur fyrir norðan Blundshól, svo úr ásendanum beina stefnu í „Guddustapa“, sem er norðasti stapinn í flóanum með vörðu á.

4. Milli Bæjar og Bakkakots úr Guddustapa sjónhending norður yfir flóann í „Græfrahól“, sem líka kallast „kirkjurúst“ með torfvörðu og er að sunnanverðu við Hvítárfarveg gamla; [er] sú sjónhending eða stefna um endann á Löngugróf.

5. Milli Bæjar og Langholts úr torfvörðunni á Græfrahól sjónhending austur á „Laugarhól“, er sú stefna sunnan til við „Lambholt“, á þeirri leið eru 3 torfvörður í beinni línu og á Laugarhólnum steinn með stöfunum LM.; svo á Laugarhólnum austur í „Bleiksstapa“ suðvesturundan Bæjarsöndum, úr Bleiksstapa í landnorður yfir Bæjarsandana í stein, sem annar steinn stendur ofan á við suðurendann á „Kúalág“, í neðri steininum er L svo úr þeim steini norður yfir sandana, þá stefnu að Sturlureykir beri milli Skáneyjar og Skáneyjarkots í skarð, sem er í norðurbrún sandanna, svo eftir því skarði eður gróf og þegar hún endar beint í Flókadalsá, svo ræður Flókadalsá merkjum að Hvítá.

6. Svo ræður Hvítá eður kvísl úr henni ~~merkjum~~ og Reykjadalsá merkjum að gróf þeirri, sem getið er um í byrjun þessarar merkjalýsingar, liggur þar á móts við Bæjarland, Kaðalstaðaland og Klettshólmi.

Bær á alla veiði í Flókadalsá frá ós hennar upp að Varmalækjarlandi, og að hálfu meðan Varmalækjarland liggur með henni, og selför í Faxadal á Flókadalsheiði.

Bæ 26. maí 1890.

Björn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Bæjar.

Framanrituð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir.
Sigurður Jónsson ábúandi á Stórakroppi
Að því er snertir Bakkakot B. Þorsteinsson.
Halldór Daníelsson eigandi og ábúandi Langholts
Hjálmur Jónsson eigandi og ábúandi Þingnes.
Jakob Jónsson eigandi og ábúandi á Varmalæk.

Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 31. maí 1890

Gjald til landssjóðs
þingl. – 75 aur Sigurður Þórðarson
bókun – 25 aur
1 kr.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

ein króna borg. S.Þ.

Rjetta útskrift staðfestir

Ritlaun kr. 1.00 G.Björnsson

stimplun – 0.50

Kr. 1.50

-ein króna og 50 aurar, Borg. G.B.

Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921 – 1/9'22

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

17.
Úrskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
N. 31
Merkjaskrá. Samkvæmt lögum 17. mars 1882 voru landamerki uppskrifuð og samþykt af undirskrifuðum hlutaðeigendum fyrir jörðinni Hofstöðum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu.
1. Milli Hofstaða og Krossness úr sjó í Landamerkjahól, þaðan sjónhending í Landamerkjasteina sem standa við Krossneslæk, svo ræður sá lækur í Lækjarbotnatjörn (hvar há torfvarða er upphlaðin) þaðan beina sjónhending í Landamerkjarúst (hvar á er upphlaðin torfvarða) og eftir sömu línu í Ítakslæk, síðan ræður sá lækur upp í Heyvatn.
2. Millum Hofstaða og Þverholta beint úr síðastnefndum læk, austan eftir Heyvatni sunnanvert við Þverholtaeyri.
3. Millum Hofstaða og Vogalækjar úr landamerkjaholti í grjóttanga sunnanvert við Hofstaðafjárhúsin hvar + er á klappaður. Úr fyrnefndum grjóttanga í torfvörðu á Vestur-Vatnsstæðisbakka; þaðan sjónhending fyrir norðan Vogalækjarey í Straumana síðan ráða Straumarnir í sker fyrir norðan Vörðunesið og þaðan í fyrst nefnt örnefni (Landamerkjahól).
Hofstöðum 3. marzur 1884
Eigendur Hofstaða Erlendur Sigurðsson (handsalað nafn) Jón Þorvaldsson
~~Gísli~~ Gils Sigurðsson (vegna barna sinna, handsalað nafn)
Vegna Vogalækjar og Þverholta Á. Bjarnason, Jón Bjarnason.
Vegna Sr. Jónasar Guðmundssonar eftir skriflegri fullmakt
12/9 – 1883 Kristján Kristjánsson

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884
Þing. – 75a Guðm. Pálsson
bókun – 25 a
1. kr.
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. okt. 1895
Gjald Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm aurar-
S.Þ.
Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27. júní 1921, 1/9 22

G.Björnsson

18.

Landamerkjaskrá fyrir Litlugröf í Borgarhreppi, samkvæmt lögum af 17. marz 1882.

1.gr. Milli Litlugrafar og Svignaskarðs, ræður Skarðslækur merkjum, frá lækjamótunum við sýsluveginn austan strandaklettana, ofan að landamerkjakeldu þar sem hún fellur í lækinn.

2.gr. Milli Litlugrafar og Galtarholts ræður landamerkjakelda upp að þúfu á móts við miðjan landamerkjahól að vestanverðu, síðan ræður sjónhending í miðjan hádegishól, úr hádegishól, í miðjan brautarhól, úr honum ræður sama sjónhending og áður, vestur í Laxholtslæk, og þar er kolþúfa.

3.gr. Milli Litlugrafar og Laxholts ræður sami lækur merkjum uppí Seltjörn, frá henni ræður svokallaður Þverlækur, neðan Kaskarmúla útað merkjaþúfu í sunnanverðri Arngrímstjarnarveitu, síðan sjónhending úr þeirri þúfu í aðra þúfu útvið stærsta vikið á sunnanverðri Arngrímstjörn.

4.gr. Milli Litlugrafar og Valbjarnarvalla eru merki út Arngrímstjörn norðanverðri eftir Arngrímstjarnarkeldu, upp að kolþúfu við botn hennar, úr þeirri kolþúfu, beint eftir Arnarstapafelli í Arnarstapakeldu á móts við kolþúfu er stendur nærri henni austanvert, svo ræður keldan upp að brúnni, þar sem keldan rennur yfir hana, og þaðan bein sjónhending upp í kolþúfu við miðjan tjarnarendann (neðanvert) útnorðan norðasta tunguskógarásinn, frá kolþúfu þeirri, beint eftir tjörnunum og í kolþúfu sem stendur á litlu flötu holti ofantil við Litlugrafar engjastykki og er uppreist grjót kringum þúfuna, úr þeirri þúfu í Smiðjuásalækinn í lítinn bug, (þaðan, síðast nefnd kolþúfa miðuð í Valbjarnarvalla bæ).

5.gr. Milli Litlugrafar og Stórafjalls ræður sami lækur merkjum ofan með grafarsökkun, að bug, er hann tekur, og uppfrá því, er kallaður þverlækur, suður í nautakrók, þaðan ræður sami lækur sem þá er nefndur Laufásalækur niður að Lækjarkróki, vestan Kálfhóla og þaðan ræður sami lækur og þá nefnist grafarlækur landsuður að fyrstnefndum lækjamótum.

Gjört og samþykt af öllum hlutaðeigendum í maí 1884.

Fyrir Litlugröf Jóhann Guðmundsson

Fyrir Svignaskarð Á. Þorsteinsson

Fyrir Galtarholt Þ. Kristófersdóttir, S. Jónsdóttir

Fyrir Laxholt Niels Pálsson

Fyrir Valbjarnarvelli Guðm. Guðmundsson

Fyrir Stórafjall Sigurður Sigurðsson

...beint yfir tjarnirnar og kolþúfu með uppreistu grjóti utanum á litlu flötu holti, þaðan í lítinn bug í Smiðjuásalæk þar sem hann þverbeigist til austnorðurs og er þaðan síðast nefnd kolþúfa miðuð sunnanhalt í Valbjarnarvallakastala.

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

6/9 1922
19.
Útskrift úr „Landamerkjabók fyrir Borgarfjarðarsýslu''.
N. 79
Landamerkjaskrá
Samkvæmt lögum 17. marz 1882 eru eftirfylgjandi landamerki jarðarinnar Hvítárvalla í Andakílshreppi og Borgarfjarðarsýslu gjörð.

Skamt fyrir ofan það er Hvítá fellur út í Borgarfjörð, er svokallaður (Vallastokkur) Stóristokkur, þar sem Kvígstaða- Hest- og Heggstaðaengi liggja sunnan við en Hvítárvallaland að norðan. Rennur þá Hvítá úr austlandnorðri, en Hvítá skilur Suður- og Vesturamt.

Frá fyrrnefndum Stórastokk afmarkar Hvítá land Hvítárvalla frá Vesturamti, alt að Grímsárósi, en í Hvítá liggur grjóthólmi móts við svonefndan Litlastokk nokkuð ofan í Hvítá, en Stóristokkur kemur í hana og er nefndur hólmi (Jóhannshólmi) eign Hvítárvalla. Ofan í Hvítá neðan til og móts við svokallaðan stekk eru tvö klettasker, og liggja þau einnig undir Hvítárvelli.

Undan miðju Skipsholti er neðsti lögferjustaður á Hvítá, en upp undan svokallaðri Ferjuklöpp hafa nútíðarmenn fundið tvær fornar búðartóptir; nokkru ofar, í svokölluðu Norðurkoti (Búðarhöfða, sjá Johnsens jarðatal) hafa fundist fleiri fornmanna búðartóptir, allstórar; nú er ein þeirra að mestu afbrotin. Á klettanefi því, er næst er fyrir norðan svonefndan Gamlagarð (laxalögn í Hvítá) er ein tóft að nokkru uppblásin; þar fanst öxi 1845. Fyrir ofan Norðurkot er sandeyrin farin að vaxa grasi; hún tilheyrir Hvítárvöllum. Grímsá rennur úr landssuðri, og skilur hún lönd Hvítárvalla, sem er að sunnan og Þingnes sem er að norðan upp að svonefndu Hestlandsbroti, sem rennur úr útsuðri í Grímsá. Í Grímsá skamt fyrir ofan það er hún kemur í Hvítá liggur grasivaxinn hólmi (Ármótshólmi) en hólmann skilur frá landi mjó bleytukvísl. Þessi hólmi er Hvítárvallaland. Nokkru ofar í Grímsá fyrir neðan Vallanes er grasivaxinn eyrarhólmi, sem alfarvegur liggur um, hann er einnig Hvítárvallaland. Þar sem Hestlandbrot kemur á Grímsá, eru eyrarhólmar grasivaxnir og eru þeir Hvítárvalla-
og Hestland, en landamerki eru á þeim stefna sú úr Hestlandbroti miðju, þar sem það kemur í Grímsá þverbeint yfir straum vatnsins í ánni.

Úr Hestlandbroti þar sem það kemur í Grímsá liggja landamerki í vestur útnorður í svo nefndan skjólhól beina línu, og skilur sú lína lönd Hvítárvalla og Heggstaða. Úr Skjólhól er sjónhending eða bein lína í suðvestur í svonefndt Grímarstaðaholt.

Úr Grímarstaðaholti, þar sem það er hæst liggja merki til útnorðurs í vörðu er stendur á holti við skurðsenda (skurðsendaholt) er gjörður er á landamerkjum (í Vallasundi) milli Hvítárvalla og Grímastaða að sunnan. Úr neðri enda skurðsins liggja merki til vesturs útsuðurs eftir sillu þeirri, sem er rjett við Grímastaða[torf]holt, ofan eftir svokölluðum Vallaflóðum syðst, ofan að einstöku smáholti (eða klöpp) fyrir ofan Grímastaða engjaholt; en af því að þar koma seilur á víxl, þá er það kölluð Þrætutunga, og slá hana sitt árið hver ábúendur beggja jarðanna, þar til bein lína verður gjörð eptir henni, sem er í áformi, og
svo eftir seilunni sem rennur í Stórastokk og eftir honum í Hvítá, sem fyr segir.

Hvítárvellir eiga alla veiði til miðs vatns í Hvítá og Grímsá, eins og allar nytjar innan greindra takmarka.

Framanskrifað landamerkjabrjef er skrifað að Hvítárvöllum 1. maí 1888
A. Fjelsted eigandi og ábúandi Hvítárvalla.
A[r]nór Þorláksson Hjálmur Jónsson eigandi Þingness
prestur á Hesti Jón Jónsson ábúandi Grímarsstaða.
Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 2. júní 1888
Gjald til landssjóðs:
þinglestur - - - 75 au Sigurður Þórðarson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

Bókun - - - 25 –
1 kr
- ein króna – Borgað S.Þ.
Rjetta úrskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 18. sept. 1908
Sigurður Þórðarson.
Innritað samkvæmt lögum nr. 72, 27. júní 1921 6/9 1922
Afh. (9/2 -23)
G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

20.

Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Smiðjuhóli í Álftaneshreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.

1.gr. Millum Smiðjuhóls og Leirulækjar skilur svonefnd Veiðivarða, og ræður frá henni sjónhending í Holtsstapa (grjóttanga sem er við botna lækjar suður enda og þaðan í (og,) Hringjuhól (stóra).

Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Leirulækjar
Guðmundur Sigurðsson

2.gr. Millum Smiðjuhóls og Veggja skilur Hringjuhóll (stóri); þá ræður sjónhending af honum miðjum, og í grjótvörðu á Miðaftanshól, og þaðan og í torfvörðu á bakkanum norðan Eiríksstaðavatn, og þaðan í Þrætuhól.

Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Veggja
Erlindur [svo] Sigurðsson
(handsalað nafn)

3.gr. Millum Smiðjuhóls og Þverholta skilur Þrætuhóll, og ræður þaðan sjónhending í torfvörðu sem stendur neðan fljótið sunnan Flengingarás; þá ræður Landamerkjalækur alt upp að grjótvörðu þeirri, sem stendur í Landmerkjalækjarbotnum utanvert við Þórðarás.

Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Þverholta
Ásgeir Bjarnason, Jón Bjarnason

4.gr. Millum Smiðjuhóls og Urriðaár skilur grjótvarðann sem stendur í Landamerkjarlækjar-botnum utanvert við Þórðarás, og ræður sjónhending frá henni í grjótvörðuna á Þórðarás, og þaðan í Sólmundarhól. Úr Sólmundarhól og í Hrossastapa (minni) og þaðan í Landamerkjakeldu suður við Urriðaá og stendur torfvarða við kelduna.

Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Urriðaár
Lífgjarn Hallgrímsson.

5.gr. Millum Smiðjuhóls og Langárfoss ræður mið Urriðaá, ofan frá landamerkjakeldu og niður að veiðivörðu. Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Langárfoss
Ingibjörg Bergþórsdóttir, O. Sigurðsson

6.gr. Samkvæmt lögum af 17.marz 1882, 3.grein skal þess getið, að jörðin Smiðjuhóll; á tvo verphólma á norðari enda Hólsvatns, innan um merkja landeignar jarðarinnar Veggja í sömu sveit. Annar hólminn, er stóri hólminn austasti í hólmaröðinni, en hinn er útnorðasti hólminn, og eru báðir hólmarnir merktir með stöfunum S.M.H. og fylgja þessari eign þau rjettindi, sem nú skal greina: „Frítt uppsátur fyrir vatnakænu, og grjót eftir þörfum, til aðgjörðar á hólmanum; þettað hvert um sig í Veggja landi''. En að öðru leyti vanalegur ítaksyrkingar rjettur.-

Ofanritaða grein: 6gr. samþykkir eigandi Veggja
Erlendur Sigurðsson (handsalað nafn)

Knarrarnesi 15. nóv. 1883
Bjarnþór Bjarnason (eigandi Smiðjuhóls)
O. Sigurðsson.

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 21
Þingl. – 15 a
Bókun – 25. - Guðm. Pálsson.
1 kr.
(ein króna) borg

Innritað samkvæmt lögum nr 72. 27. júní 1921, 6/9 '22

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

21.

Landamerkjaskrá jarðarinnar Kalmannstungu í Hvítársíðuhreppi.

Frá Eiríksjökli ræður Hafragil til Hvítár, þá ræður Hvítá eftir miðjum farvegi þangað sem Norðlingafljót, (Suðurljót) fellur í hana, þá ræður það fljót, eftir miðjum farvegi upp að læk þeim, er fellur í það, ofan úr Stórulág, nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan ,,köstin". – Af hólmum þeim, sem í fljótinu eru á þessu svæði á Kalmanstunga aðeins Stokkflöt.–

Frá fljótum ræður fyrrnefndur lækur merkjum uppeftir Stórlág, og síðan beina stefnu upp hlíðina á stein stóran neðarlega á mel, milli þessara tveggja lækjardraga, sem hinn fyrr nefndi lækur myndast af. Frá steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett, (hinn vestri af tveimur, og þaðan áfam í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur) þaðan hallar stefnunni ílitið austurávið, upp í Axlarþúfu, og þaðan er bein sjónhending í Þorvaldslæk þar sem hann fellur í Litlafljótið.– Þá ræður Þorvaldslækur upp í Þorvaldsstaðavötn, frá Þorvaldsstaðavötnum ræður sjónhending í Arnarstein. En þá tekur við afrjettarland Borgfirðinga, sem áður tilheyrði Kalmanstungu en er nú selt undan.– Nú eru því landamerki Kalmanstungu frá Arnarsteini, sjónhending í Þorgeirstjörn, og frá henni eftir Svínalæk til Norðlingafljóts. Síðan ræður það fljót til Reykjár, þá ræður hún til Reykjavatns, og þaðan sjónhending í Jökul enda, síðan ráða jöklar að Hafragili, en svo ræður það sem fyr segir.– Kalmanstunga á annaðhvert ár beitar ítak í Kálfhólum, fyrir vestan Norðlingafljót og Hvítá, vestur að laut þeirri, (eða uppgrónum farvegi), sem liggur frá Háahrauni, niður eftir Kálfhólum, og Kálfhólarófu, og kemur út í Hvítá litlum spöl (svo sem 100–200 föðmum) neðar en þar gengt, sem Kalfá [innskot á spássíu] Kaldá fellur í Hvítá að sunnan verðu.

Engan skó á Kalmanstunga á svæði beitarítaksins. – Afkomendur Stefáns sál. Ólafssonar er búa í Kalmanstungu eiga eggver, álptatekju og silungsveiði í afrejttarlandi Reykdælinga. Engir eiga ítök í Kalmanstungulandi, innan þeirra landamerkja, sem að framan eru rituð. –

Kalmanstungu 24. apríl 1897.

Ólafur Stefánsson
(Eigandi Kalmanstungu)
Samþykkir
Einar Magnússon oddviti Reykholtsdalshrepps
Guðmundur Helgason fyrir hönd Reykholtskirkju
Kristleifur Þorsteinsson fyrir hönd Hálsahrepps
Sigurður Sigurðsson, ábúandi á Þorvaldsstöðum (samþykkir)
Jón Pálsson, ábúandi Fljótstungu.
Magnús Andrjesson fyrir hönd Gilsbakkakirkju.

Lesið á manntalsþingi á Sámsstöðum 24. maí 1897 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 156.

Gjald:
1 – ein – kr.     Sigurður Þórðarson.
Borgað
SÞ.

Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27. júní 1921, 6/9 '22

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

22.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Valbjarnarvöllum í Borgarhreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.

1.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Litlafjalls. Af Rínir sjónhending í Killirsás miðjan. Þaðan sjónhending landamerkjaholt mitt. – Þaðan sjónhending í Marteinsstapa, – þaðan sjónhending í Selborgarfoss, – þaðan eftir miðri Gufuá upp í Gufárvatn – og sjónhending yfir vatnið í Djúpavatnslækjarós – Og eftir honum uppí Djúpavatn og sjónhending yfir vatnið í Mjóavatnslækjarós – og eftir honum uppí Mjóavatn neðantil – þaðan sjónhending í Krókatjörn miðja, þaðan sjónhending í upptök lækjar þess sem rennur fyrir norðan Hrútaborg – og eftir honum í Landamerkjafljót í Gljúfurá.

2.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Grísatungu. Eftir miðri Gljúfurá.

3.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Tandrasels og Stórafjalls frá Gljúfurá við Hólmavatnslækjarós upp eftir hólmavatnslæk í Hólmavatn mitt – þaðan sjónhending yfir hólmavatnshæðir og eftir köstunum fyrir vestan Stórafjalls seldal í Snókaborg – þaðan sjónhending í eystra skarð urðarhlíðakletta – þaðan sjónhending í Fauskhól miðjan – þaðan sjónhending í Fauskatjörn miðja – og úr henni eftir Smiðjuásalæk ofan á lítinn bug – þar hann tekur stefnu til landnorðurs.

4.gr. Á milli Valbjarnarvalla og Litlugrafar frá Smiðjuásalæk úr fyrnefnum bug sjónhending sunnanhalt í Valbjarnarvallakastala, – í vörðu úr torfi og kolum í, með uppreistu grjóti utan um – á Litlu flötu holti – frá þeirri vörðu breytist stefna, til útsuðurs, yfir tjarnirnar fyrir ofan tunguskóga beint í torfvörðu með kolum í, er stendur neðanvert við stærstu tjarnarendann miðjan – frá þeirri vörðu, beint í Arnarstapabrú, þar sem keldan rennur yfir hana, svo ræður keldan ofan á móts við kolþúfu sem stendur austan hana, af þeirri kolþúfu beint í aðra kolþúfu sem er mikið suðvestar á flóanum hjá Arnarstapakeldu – svo ræður keldan ofan í ~~Arnar~~ Arngrímstjörn.

5.gr. Milli Valbjarnarvalla og Laxholts úr Arngrímstjörn vestan til sjónhending í Gufuá við Steináskeldukjaft, og þaðan sjónhending í Landamerkjatjörn miðja.

6.gr. Milli Valbjarnarvalla og Stangarholts af miðri landamerkjatjörn sjónahending í fyrrnefndan Rínir.

7.gr. Stangarholt á upprekstrarland í Valbjarnarvallamúla haust og vor óskift.

Stangarholti 15. apríl 1884
Guðmundur Guðmundsson

framanskrifaða landamerkjalýsingu samþykkja.
Fyrir Litlafjall Jóhann Guðmundsson
Fyrir Grísatungu St. Þorvaldsson
Fyrir Tandrasel Sigurður Jónsson
Fyrir Stórafjall Sigurður Sigurðsson
Fyrir Litlugröf Jóhann Guðmundsson
Fyrir Stangarholt Jóh. Guðmundsson
Fyrir Laxholt St. Þorvaldsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884 og ritað í Landamerkjabók Mýrasýslu N. 17.
Þingl. – 75 Guðm. Pálsson.
Bókun – 25
1 kr. ein króna

Innritað samkv. lögum nr. 72, 27. júní 1921. 27/9 ‘22

G.Björnsson

23.

Landamerki Signýjarstaða:

Að sunnan: úr Merkjaklett, sem er austanvert við Litluskál, ræður sjónhending vestur háls um Þvermel, Grenklett og í Belgistein. Úr Belgisteini í syðsta Þríhólinn, og svo sömu stefnu út í Landbrot (Rauðalæk). Síðan ræður Rauðilækur (Landbrotið) meðan hann fellur til austurs og norðurs, þar til hann beigir til útnorðs; þaðan sjónhending í Stórugröf, og svo eftir henni til Hvítár. Að norðan ræður Hvítá. Að austan ræður Litlaskál og Litluskálarskurður (hinn vestari)þar til hann kemur í Gæsistjörn, þaðan bein stefna í stóran stein norðan í hlíðinni. Þaðan um klöpp í ferðamannagötunni sjónhending í Hvítá.

Húsafelli, 20. Maí 1890

Þorsteinn Magnússon

Framanskrifuð merki samþykkja

Fyrir hönd Reykholtskirkju Guðmundur Helgason

Eigandi Úlfsstaða Magnús Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Stóra Ási 27. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu № 95.

Gjald til landssjóðs.

Þingl. - - - 75 a Sigurður Þórðarson

bókun - - - 25 -

1 kr

(ein króna) borgað S.Þ.

Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27./júní 1921. 27/9 ’22.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

24.

Landamerki fyrir jörðinni Steindórsstöðum.

Samkvæmt löggjöfinni frá 14. marz 1882 um landamerki allra jarða á Íslandi.

Að vestanverðu úr Reykjadalsá í síki er skerst í útnorður í Laugareyri. Þaðan beina stefnu í þúfu austan til á mel þeim sem er á milli bæjanna vestan vert við lækinn og þá í dý uppi á hálsbrúninni vestan til við vörðubrot það er hádegisvarða er kölluð og þaðan í gömlu þúfu og einbúa og þaðan sjónhending í suður og í Flókadalsá hjá steinum þeim er klofasteinar eru kallaðir austan vert við grænu kinn,

3. Milli Reynis, Kjaranstaða og Ytrahólms; Úr þessari vörðu sjónhending í vörðu á Friðhúsum, en þaðan eftir Reynisásabrúnum inn í Berjadalsá, síðan ræður Berjadalsá uppeftir
á fjall upp, svo langt sem vötnum hallar.

Gjört 26. júní 1922.
Pjetur Ottesen (fyrir hönd eiganda Heyness og Dægru og Ytrahólms)

Einar Thorlacíus (umráðamaður Reynis)
Páll Guðmundsson Innrahólmi

Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
59.
Landamerkjabrjef.
fyrir jörðinni Álftá í Hraunhreppi.
1. Móti Syðri–Hraundal
Bein lína úr Arnarsetri – við fljót þau sem Veitá rennur úr – í Arnarklett. (þ.e. hár klettur í Álftárhrauni)
2. Móti Ytri-Hraundal
Bein lína úr Arnarkletti í grjótvörðu á háum kletti neðanvert við Stígamót.
3. Móti Mel
Bein lína úr síðastnefndri vörðu í Fljótanef; þaðan bein lína í hæsta klett á Fljótaás og þaðan bein lína í Syðsta-Brethaus.
4. Móti Fíflholtum
Úr Brethaus beint í torfvörðu á neðribakka Bretavatns; þaðan sjónhending um aðra torfvörðu á Bretaflóa í þriðju torfvörðu í flóanum á landamerkjalínu Sauralands. Í toppi, hverra þessara torfvarða, er steinn með klöppuðum krossi á.
5. Móti Saurum
Úr neðstu torfvörðunni í Bretaflóa í hundaþúfu á Hrafnaskjóli, þaðan bein lína í Starpittaflag austan Álftatjörn og þaðan bein lína í Pálsstapa. (Hann er norður undan eystra horni Blönduvatns)
6. Móti Hrafnkelsstöðum
Úr Pálsstapa í grjótvörðu á neðsta Töfluás og þaðan sjónhending í grjótvörðu á Merkjakletti við Álftá, neðan Ármótaás. Í stein í vörðunni er klappaður kross.
7. Móti Álftártungu
Frá Merkjakletti eins og Álftá ræður að ármótum hennar og veitu og svo eins og hún ræður í Fljótin og eftir þeim í Arnarsetur sem upphaflega er hjer nefnt.
Álftá 21. nóvember 1922.
Þorkell Guðmundsson.

Samþykkir; Guðbr. Sigurðsson eigandi og ábúandi Hrafnkelsstaða
Guðm. Árnason eigandi og ábúandi Álftártungu.
Pjetur Runólfsson eigandi og ábúandi Mels.
Samþykkur Sigurður Þórðarson bóndi Urriðaá fyrir Álftaneshrepp (eftir handsali).
Þorsteinn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Saura
Sigurður Jónsson eigandi og ábúandi Fíflholta
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923.

G.Björnsson

60.
Landamerkjalýsing
Jörðin Selhagi í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu hefur þannig löguð landamerki:
Merkjum ræður Ørnólfsdalsá neðan frá læk þeim, er í hann fellur í Klettsfljótskrók (neðri) inn til Sleggjulækjarselgils, þá~~ð~~ ræður gilið suður fyrir Hærri-Hamra, frá efstu drögum gilsins sjónhending suður í Flatavörðu, þaðan vestur í Hrúguklett (austur undan Fanngilstjörn, sem stundum er nefnd Þorgautsstaðatjörn); frá Hrúgukletti eftir smástöpum sunnan tjörnina vestur að vörðu á Hæstu-Skuggabrekkum, þá þvert niður um Mið-Dagmálahnúk, niður í Löngubrekku vestast; þaðan ræður Merarhvammslækur vestri niður undir Flóa, þá sjónhending norður til lækjar þess, er fyrst var getið – í Klettsfljótskrók neðri. – Jörðinni fylgir hállft vatn og veiði í Ørnólfsdalsá – innan merkjanna.

Að Selhagalandi liggja lönd þessara: Sleggjulækjar (Selland), Þorgautsstaða, Ásbjarnarstaða og Örnólfsdals (norðan ár).

Selhaga 29. des. 1922

Einar Helgason (umráðamaður og ábúandi Selhaga)
Ofanskráð landamerki samþykkja undirritaðir hlutaðeigendur
Halldór Helgason ábúandi Ásbjarnarstaða
Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækur
Guðmundur Jónsson eigandi Þorgautsstaða.

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

61.

Landamerkjalýsing.

Jörðin Ásbjarnarstaðir í Stafholtstungnahreppi í Mýrasýslu hefur þessi landamerki.

Neðan frá línu þeirri, er síðast verður nefnd í merkjalýsingu þessari, ræður Örnólfsdalsá merkjum inn til lækjar þess, er í hana fellur í Klettsfljótskrók (neðri), þaðan sjónhending suður um Flóa til Merarhvammslækjar (vestri) þar sem hann þrýtur farveg við láglendi, þá ræður lækurinn upp í Löngubrekku, úr brekkunni vestan til sjónhending upp í Mið-Dagmálahnúk, þá suður yfir Skuggabrekkur í vörðu á Hæðstu brekkum, þá í Einbúavörðu, frá Einbúavörðu sjónhending vestur í Sjómanna vörður (norðvestan við Þorgautsstaða-Sand) þá um grjóthrúgu á Lægstu-Skuggabrekkum í vörðu á kletti norður undir ósnum á Fróðastaðavatni, þá í Grýtuvatnsós, þaðan ræður Grýtugil niður til láglendis; frá eystri farvegi Grýtugils við fjallsræturnar ræður sjónhending vestur um Karlsbrekku (litlu) í Kúastapa vestanverðan, frá Kúastapa vestanverðum beina línu um Oddstaðaskarð (eystra) yfir Örnólfsdalsá.

Jörðinni fylgir hálft vatn og veiði í Örnólfsdalsá móti hlutaðeigendum.

Að Ásbjarnarstaðalandi liggja lönd þessara jarða: Helgavatns, Örnólfsdals (norðan ár), Selhaga, Þorgautsstaða, Fróðastaða og Sleggjulækjar.

Ásbjarnarstöðum 29. des. 1922

Halldór Helgason (umráðamaður og ábúandi Ásbj.st.

Ofanrituð landamerki samþykkja undirskrifaðir hlutaðeigendur.

Einar Helgason ábúandi Selhaga.

Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækjar

Guðmundur Jónsson eigandi Þorgautsstaða.

Brandur Daníelsson eigandi og ábúandi Fróðastaða.

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson

62.

Landamerkjabrjef fyrir jörðina Hrísar í Flókadal.

Að austanverðu sunnan úr Flókadalsá í klofasteina, að norðanverðu úr klofasteinum sjónhending í Grændali þaðan sjónhending í Rauðukeldu þaðan í Bliksteina úr Bliksteinum í Skógalæk að vestanverðu ræður Skógalækur niður fyrir Sjónarhól og þaðan úr Skógalæk í Flókadalsá, að sunnanverðu ræður Flókadalsá framá móts við áðurnefnd[a] klofasteina.

Hrísum 22. oktober 1922
Björn Sigurbjarnarson

Júlíus Bjarnason Skógum
Guðm. Bjarnason Hæli
Þinglesið á manntalsþingi að Sturlu-Reykjum 30/6 23

G. Björnsson

63.

Landamerkjaskrá fyrir Hól í Norðurárdal í Mýrasýslu.

Að austanverðu á milli Hóls og Háreksstaða ræður Arnargil landamærum frá Norðurá upp á Hálsbrún, þaðan úr vörðu á kletti vestan til við Arnargil sjónhending í vörðu á holtunum norðanvert við Rauðabergsvatn. Á hálsinum eru merki á milli Lunds og Hóls, úr fyrrnefndri vörðu norðanvert við Rauðabergsvatn, sjónhending á Finnuklett og svo sjónhending á vörðu á Grenborg. Að vestanverðu á milli Hóls og Hafþórsstaða, úr áðurnefndri vörðu á Grenborg í vörðu norðan á sandinum, úr þeirri vörðu í fossinn á læknum sem rennur í Norðurá framan til við fremsta Sandhólinn við Norðurá. Hóll á svokallaða Niðureyju í Norðurá og hálfa Hólsey, alt fyrir neðan garðbrot sunnan á eynni og í hnausa við Leirvikið eftir beinni sjónhendingu. Hóll á engjapart á Dysey sunnanverðri milli engjaparts Klettstíu að neðanverðu og engjaparts Króks að framanverðu, ráða þar gamlir landamerkjagarðar, að norðan í mitt Hópið, en Norðurá ræður að sunnan.

Hóli, 20. des. 1922
Gestur Halldórsson
eigandi og ábúandi.

Samþykkir vegna Hvamms og Dýrastaða
Sverrir Gíslason eigandi og ábúandi Hvamms
Klemenz Jónsson eigandi og ábúandi Dýrastaða.

Samþykkir vegna jarðanna Hárekstaða og Hafþórsstaða,
Ólafur Tómasson eigandi Hafþórsstaða
Helgi Þórðarson eigandi Háreksstaða.
Samþykkir vegna jarðanna Króks og Klettstíu
Jóhannes Jónsson eigandi Klettstíu
Brynjólfur Bjarnason Króki
Samþykkir vegna jarðarinnar Lunds.
Jón Einarsson eigandi hálfs Lunds og ábúandi.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 27/6 1923

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

17.1. ‘23
64.
Landamerki jarðarinnar Hallkelsstaða í Hvítársíðuhreppi eru þessi.
Að sunnan ræður Litlafljót.
Að vestan sjónhending úr vörðu þeirri er stendur að austanverðu við fljótamót í stóran stein er stendur á Krákslágarbarmi, þaðan áfram haldandi bein lína í Heiðarstapa.
Að norðanverðu bein lína úr Heiðarstapa í vörðu austast á Sveinstíg.
Að austan ræður Merkjagil upp að Þrætutungusporði, þaðan sjónhending í stóran stein með vörðu uppá, sem stendur á heiðarbrún, þaðan beina ~~lína~~ stefnu í áðurnefnda vörðu í Sveinstíg.
Að Hallkelsstaðalandi liggja þessi lönd:
að sunnanverðu Fljótstunguland
að vestanverðu Kalastaðaland
að norðanverðu Gilsbakkaland
að austanverðu Þorvaldsstaðaland.

Hallkelsstöðum 10. desember 1922
Jóhannes Benjamínsson
Nikhildur Erlingsdóttir

Samþykkar fyrir hönd Gilsbakkalands.
Sigríður Magnúsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir
Katrín Magnúsdóttir
Samþykkur vegna Kolsstaða
Guðni Sigurðsson
Vegna Fljótstungu
Jón Pálsson
Bergþór Jónsson
Samþykkur fyrir Þorvaldsstaði
Kolbeinn Guðmundsson.
Þinglesið á manntalsþingi að xxxstöðum 28/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

17/1 ´23
65.
Landamerkjaskrá jarðarinnar Kolsstaða í Hvítársíðu í Mýrasýslu.
Ummerki Kolsstaðalands eru þau, sem nú skal greina:
Að austan ræður sjónhending úr Heiðarstapa um Merkjastein á Krókslágarbrún í Litlafljót. Merkjalínan liggur á því svæði í suður-landsuður. Að sunnanverðu ræður Litlafljót. Að norðanverðu ræður lína úr Heiðarstapa um K~~ví~~úastapa í Merkjavörðu á Sleggjuás.
Á stein í vörðunni er klappað lm. Úr Merkjavörðu ræður bein lína í suðurátt í merkjastein á Selhól. Sá steinn er einnig merktur með l.m. Þaðan liggur merkjalínan eftir Selhól í Merkjalæk, sem dregst saman úr Selkeldu. Þá ræður Merkjalækur. Þegar kemur niður undir Hlíðarbrún rennur sá lækur í tveimur kvíslum á litlu bili og ræður vestari kvíslin merkjum þar til þær koma saman aftur. Þá ræður lækurinn sameinaður þar til hann kemur í Kolsstaðakvísl. Þaðan ræður sjónhending í sömu stefnu í Litlafljót. Þá ræður Litlafljót að sunnan, eins og fyrr segir.

Að Kolstaðalandi liggja: Að austan Hallkelsstaðaland og að sunnan, vestan og norðan Gilsbakkaland.

Kolsstöðum 9. desember 1922.
Guðm. Sigurðsson.

Samþykkar að því er snertir merki
að Gilsbakka
Sigríður Magnúsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir
Katrín Magnúsdóttir.
Samþykkur vegna Hallkelsstaða
Jóhannes Benjamínsson
Þinglesið á manntalsþingi að Sámstöðum 28/6 ‘23

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

17/6 ‘23
66.
Landamerki Englands í Lundarreykjadalshreppi (eftir lögfestu frá 1760).
Að utanverðu á milli Iðunnarstaða ofanfrá hálsbrún; Frá steini þeim, sem er uppi á hálsbrúninni, sem Listasteinn heiti og úr honum sjónhending í Blámel, þaðan sjónhending í vörðuásinn við Tunguá, sem er landamerki að norðanverðu.
Að austanverðu á milli Gilstreymis: Beinstefna úr Tunguá í Skorragilsgljúfur og þaðan bein stefna í vörðu á norðaustanverðu Teigfjalli og þaðan sjónhending vestur hálsinn í svonefndar Hrútaborgir og þaðan vestur í klofasteina og vestur á móts við Listastein, er áður er umgetið.

Englandi 15. nóv. 1922
Magnús Einarsson Englandi
Torfi Jónsson Gilstreymi
Ásgeir Sigurðsson Reykjum

Magnús Gunnlaugsson Iðunnarstöðum
Halldóra Pjetursdottir, Estabæ
Vottar:
Jóhann Jóhansson
Helgi Benónýsson
Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 3/7 23

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

17/1. 23.
67.
Landamerkjabrjef fyrir Mófellstöðum í Skorradal.

Að austan milli Indriðastaða og Mófellsstaða ræður Kaldá, ofan úr Heiði og niður í hin neðstu gljúfur, úr því bein stefna sem liggur gegnum vörðu ofanvert við Silungapoll og í pollinn alt þangað til kemur að upptökum Sandengiskvíslar, þá ræður Kvíslin til vesturs útí Kaldá sem svo ræður merkjum úr því, eða sá farvegur sem nú hefur hún, í Andakílsá, úr því ræður Andakílsá vestur að merkjum milli Mófellsstaðakots og Mófellsstaða.
Að vestan milli Horns og Mófellsstaða ræður Hornsá fyrst niður á móts við Gljúfrasel, þaðan stefna til austur um Selhól og í Grástein, á Øldunni ofanvert á milli Mófellsstaða og Mófellsstaðakots, úr Grástein er bein stefna í vörðu niður á Flóanum rjett austan við svonefndan Engjalæk, þaðan til vesturs í aðra vörðu og úr henni enn til vesturs ~~í aðra keldu~~ í gegnum vörður á Bakkanum í beinni stefnu við fremstu kletta Brekkufjalls.
Að sunnan ræður Skarðsheiðarbrún frá því á móts við upptök Kaldár og vestur á móts við upptök Kornsár.
Heimilt skal Mófellstaðakotinu sumarbeit fyrir sauðfje, fram að rjettum í fjalllendi Mófellstaða, þó girt yðri [svo] á landamerkjum að ofanverðu.
Sameiginleg skal sumarbeit fyrir nautgripi þar til áður umrædd girðing yrði sett.
Staddir að Indriðastöðum 5. nóv. 1922
Fyrir hönd eigandanna Móf. st.
Sveinbjörn Björnsson.
fyrir hönd eiganda Mófellsstaðakots, Heggstöðum
Eiríkur Sigurðsson.
Guðmundur Guðmundsson ábúandi á Indriðastöðum.
Ólafur Þorsteinsson á Vatnsenda.
Þorsteinn Pjetursson Miðfossum.
Halldór Jónsson Syðstu-Fossum.
Runólfur Arason, Hálsum.
Samþykkur vegna Horns
Halldór Vilhjálmsson.
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

18/1 1923
68.
Landamerki milli jarðanna Ytri-Galtavíkur og Innri-Galtavíkur í Skilmannahreppi.
Úr svonefndri Helgurúst við sjó í sjávarholtum – Þaðan beina stefnu í vörðubrot á vestri kletti austan til á Selshrauni (merktan L.M.) Þaðan sömu stefnu, austan kúalágar í Akrafjalli – þaðan sömu stefnu þar til vötnum hallar.

Reykjavík 23. maí 1922
Helgi Magnússon
eigandi Innri-Galtavíkur.
Fyrir hönd eiganda Ytri-Galtavíkur.
Ólafur J. Hvanndal.
Gísli Jónsson, ábúandi Ytri-Galtavíkur.
Samþykk ofanritaðri landamerkjalýsingu
Guðrún Jóhannesdóttir
eigandi að hálfri Ytri-Galtavík.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 ‘23

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
18/1 1923
69.
Landamerki milli jarðanna Grafar og Ytri-Galtavíkur í Skilmannahr. eru:
Jarðfastur steinn við sjóinn merktur LM. Þaðan beina stefnu í stóran stein, merktan LM sem stendur á Ytri Bölt uppi í fjallsrótum. Þaðan sömu stefnu á háfjallabrún, þar til vötnum hallar.
Ritað í Reykjavík 22. júní 1922
fyrir hönd eiganda Ytri-Galtavíkur.
Ólafur J. Hvanndal.
Samþykk ofanritaðri landamerkjalýsingu sem eiganda að hálfri Ytri-Galtavík.
Guðrún Jóhannesdóttir
Eigandi og ábúandi Grafar
Runólfur Guðmundsson
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

16/1 ‘23
70.
Eftirrit úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
№ 127
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Neðra-Skarði í Leirársveit í Borgarfjarðarsýslu.

Milli Steinholts og Neðra-Skarðs ræður fyrst steinn er stendur fyrir ofan Rauðalækjarvað merktur LM; úr honum ræður bein sjónhending í annan stein vestur svokallað Stekkjarholt merktum LM; þaðan ræður bein stefna yfir fyrrnefnt Stekkjarholt í Ílhól; úr Ílhól beina stefnu í vörðu upphlaðna úr torfi er stendur hjá stórum pytti í Byrgislæk.

Milli Neðra-Skarðs og Efra-Skarðs ræður fyrrnefndur Byrgislækur upp í krókinn þar til hann beygist vestur eftir, þá ræður bein lína úr torfvörðu er upphlaðin er við lækinn í svokallað Hestagil uppí ~~á~~ fjallinu; Það gil ræður upp á brún og þaðan sjónhending þar til vötnum hallar.

Gjört að Leirá 6. júní 1890
Kolbeinn Þórðarson, ábúandi á Neðra-Skarði
Rannveig Kolbeinsdóttir ábúandi á Leirá
Magnús Ólafsson ábúandi á Efra-Skarði
Jón Bakkmann ábúandi á Steinsholti
Lesið á manntalsþingi
að Leirá 7. júní 1890 og ritað etc,
Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs:
Þinglestur – 75 a
bókun – 25 a
1. kr.
(ein króna) Borgað S.Þ.
Rjett eftirrit staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 27. maí 1919
Ritlaun – 50 aur.        G. Björnsson.
stimpl. – 50 –
1. kr.
Innritað samkvæmt lögum nr. 72. 27/6 1927. 18/1 23.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

71.
Landamerkjalýsing jarðarinnar Leirárgarða í Leirár og Melahreppi Borgarfjarðarsýslu.

Byrjar við útnorðurhornið á Miðleirárgarðatúni þar sem það var (hornið) áður en það var fært út og þar sem koma á steinsteipustólpi með steini í merktum L.M. Þá niður með Miðleirárgarðatúninu og eftir óbeinum skurði niður á milli túnanna í fastann stein neðanvert við túnin~~n~~. Þá í uppsetta torfvörðu við Atdý þaðan beina línu í torfvörðu neðanvert við slýtjarnarkeldu. Þaðan beina stefnu og eftir plægðum skurði að gráum steini í börðunum. Merki milli óskipts beitilands Leirárgarðanna eru frá ofannefndum merkjum við útnorðurstúnhornið bein lína um fornastekk (sem er neðanvert í móa við Krakalæk) að merkjum Geldingaár.

Merki milli óskifts lands Leirárgarðanna og Geldingaár eru úr gráa steininum í börðunum í vörðu á Melunum ofanvert við götuna þaðan beina stefnu upp melana austanhalt við Hesthólamóa og austanhalt við litla klettasnös framaní Geldingarhálsi, svo ræður Roppa Rófugil (sic) upp og inn Hestadal svo inn brúnir sem vötnum hallar til móts við Leirárland.

Leirárgörðum 28. des. 1922.
Eggert Gíslason (eigandi og ábúandi Vestri-Leirárgarða)
Tómas Ingimundarson [svo] Læk eigandi og ábúandi.
Einar Gíslason bóndi á Eystri-Leirárgörðum.
Hallvarður Ólafsson Geldingaár eigandi og ábúandi.
Þinglesið á manntalsþingi á Leirá 5/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
72.
Landamerkjabrjef.
Landamerkjum fyrir jörðinni Gröf í Reykholtsdalshreppi lýsist þannig:
1. Gagnvart Sturlu-Reykjum úr ,,Gróf" fyrir neðan Reykjavað upp í vörðu á merkjaholtsendanum, og sömu stefnu í vörðu á klettinum fyrir vestan Bláberjabrekkur, og áfram í vörðu uppá Fellsendanum (Hornmark).
2. Gagnvart Hurðarbaki frá áminstri vörðu á Fellsendanum og beina stefnu í ,,Þrívörður" (Horn).
3. Gagnvart Deildartungu frá áðurnefndum Þrívörðum sjónhending suður og ofan hálsinn í grjótvörðu á holtinu fyrir ofan mýrina og sömu stefnu í torfvörðu við Reykjadalsá neðan til við Grófarleynir (Hornmark)
4. Gagnvart Snældubeinsstöðum ræður Reykjadalsá merkjum að fyrrnefndri ,,Gróf" fyrir neðan Reykjavað.

Gröf 4. jan. 1923
Sigmundur Þorsteinsson
Jóhannes Erlendsson Sturlureykjum
Jón Hannesson Deildartungu
Þorsteinn Bjarnason Hurðarbaki
Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 30/6 1923

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

73.

Landamerkjum fyrir jörðinni Hurðarbaki í Reykholtsdalshreppi lýsist þannig:

Úr Vaðgróf austan við Fróðastaðavað á Hvítá beina stefnu í ,,Grástein" (Hornmark). Úr Grástein í vörðu á Austurfellunum, svo eftir háfellunum í vörðu á Fellsendanum. (Hornmark). Þaðan beint í Þrívörður. (Hornmark) Úr Þrívörðum sjónhending í Hrossaklett. Úr Hrossakletti í vörðu á neðsta Stapanum og þaðan beint í vörðu við Hvítá (Hornmark) þaðan ræður Hvítá að áðurnefndri Vaðgróf (Hornmark)

Hurðarbaki 1. des. 1922
Þorsteinn Bjarnason

Bjarni Bjarnason Skáney
Jóhannes Erlendsson Sturlureykjum
Jón Hannesson Deildartungu
Sigmundur Þorsteinsson Grafarkot
Hannes Jónsson Brekkukoti

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 30/6 1923

G.Björnsson

5/12 21
74.
Samkvæmt lögum 17. marz 1882, voru að hjer undirskrifuðum hlutaðeigendum samþykt, að landamerki jarðarinnar, ,,Ytri Hraundals“ innan Hraunhrepps og Mýrasýslu skildu hjereftir, sem að undanförnu hin sömu vera nefnilega
1. Millum Hraundals og Svarfhóls frá Álftaskörðum, eftir brúnum, ofan á miðjum mýrhnúk af honum sjónhending í Landamerkjagil, á múlabrúninni. Síðan sjónhending í læk þann sem rennur gegnum melana, vestur undan gömlu fjárhústóftunum svo ræður sá lækur ofan í Melsá. –
2. Millum Hraundals og Mels – frá Melsá þar sem lækur í hana rennur, neðanvert við miðjan bóndahvamm sjónhending suður í klett á hraunbarðinu, með klöppuðum + á, þaðan sjónhendingu í vörðu, hjá stíg sem liggur ofan hraunið, svo ofan í stígamótin.
3. Millum Hraundals og Álftá, sjónhending úr stígamótum í Arnarklett.
4. Millum Haundalanna úr fyrrnefndum Álftaskörðum (skarðið), sjónhending í landamerkjaskriðu norðan ~~neðan~~vert við Þrætu flóa, á neðri Slídal úr skriðunni, sjónhending yfir Þrætuflóa (~~á neðri Slídal úr skriðunni sjónhending yfir Þrætuflóa~~) í hraunsnef með klöppuðum krossi á, þaðan ræður Slídalsá ofan að fossinum fyrir sunnan rauðhálsa. Svo úr fossinum sjónhending í lítið hraunbarð innarlega á innri völlunum. Þar er klappaður + í klett. Svo eftir sömu sjónhendingu í hól með vörðu á neðanvert við vellina. Þaðan beint í vörðu í miðju hrauninu útnorður undan Seltóftunum, þaðan beint í Kjaraklett, svo ofan hraunið til hádegishóls, austan til við alfaraveginn millum bæjanna, úr þessum hól sjónhending í Grjóthól, eftir sömu línu í Arnarklett.
Staddur í Ytri-Hraundal í sept.
1883
Eigandi Ytri-Hraundals
Jtf Þórarinsson
J. Hallsson umráðamaður ½ Syðri-Hraundals.
Kristján Kristjánsson (eigandi að ½ Syðri-Hraundal).
Jónas Guðmundsson (prestur á Staðarhrauni
Steffán Steffánsson (bóndi á Mel.
Lesið á manntalsþingi að
Lækjarbug 3. Júlí 1889 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu No 49.

Þingl. 75a
Bókin 25a Guðm. Pálsson.
1 kr.
(ein króna) borgað til hreppsstjórans í Hraunhreppi S. Benediktsson.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 24/1 ‘23

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

24/1 23
75.
Landamerki fyrir jörðina Hamra í Hraunhreppi.

1. Móti Einholtum: Úr klöpp með steini á í Breinaveitu niður undan Hildibrandsás bein lína í torfvörðu á vesturbakka Reiðarvatns norðanvert við upptök Beinaveituskurðs og úr þeirri vörðu sjónhending austur yfir vatnið í vörðu í grjóttanga norðan vatnið.
2. Móti Saurum: Úr síðastnefndri vörðu sjónhend suður yfir vatnið í norðurenda á tanga neðan vatnið, þaðan suðaustur á Mástein á norðvesturbakka Másvatns, sunnan og neðan galtastæði.
3. Móti Miklholti: Úr Másteini bein lína suður yfir vesturrönd Másvatns um vesturjaðar Halldórsholts í vörðu á Arnhólaseli neðantil, þaðan sjónhending í stein í Súrtjörn ytri, þaðan bein lína um vörðu neðantil á Súrtjarnarás hinum neðsta milli tjarnanna, og um vörðu á holti neðan og vestan Sjónarhól og enn um vörðu á holtshrygg spölkorn norður af Hamragerði og sama lína í Hvítsteinslæk gegnt torfvörðu hinumegin lækjarins.

Norðurbæjarpartur Hamra á slægnarenning með Hvítsteinslæk innan landamerkja Miklholts, frá síðastnefndum merkjum ofan Hamragarð og upp að Silungahóla keldu.

4. Móti Hrafnkelsstöðum: ræður Hvítsteinslækur frá torfvörðunni ofan Hamragarð og til móts við hólma í læknum í vestur frá Pálshúsum.
5. Móti Ánastöðum: Úr síðastnefndum ~~H~~ hólma bein lína um vörðu á Landamerkjaás milli Kænustapa um vörðu syðst á Vatnshólum í vörðu á holti, hinu næsta sunna[n] Ánhamar; þaðan sjónhending vestur Ánhamarssund um vörðu á holti austan Landamerkjakeldu og í torfvörðu við kelduna um tvö hundruð faðma norðan Baugavatnsbakka.
6. Móti Skíðsholtum: Úr síðastnefndri torfvörðu bein lína í vörðu á vestri Landamerkjaás, þaðan bein lína í sjónarhól og þaðan sjónhending vestan Lísuholt og Fauskás í fyrstnefnda klöpp í Beinaveitu.

Þessi merki eru endursamin og endurnýjuð árið 1922 og samþykt af undirskrifuðum hlutaðeigendum.

Pjetur Þórðarson hreppstj. Hraunhr. fyrir hönd [eiganda] Norðurbæjar eða ½ Hamra.
Jón Sveinsson eigandi og búandi ½ Hamra
Sigurður Sigmundsson Miklholti eigandi og búandi.
Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta.
Andrjes Guðmundsson ábúandi Ánastöðum.
Þorsteinn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Saura
Eggert Magnússon ábúandi á Einholtum
Guðbrandur Sigurðsson eigandi og ábúandi Hrafnkelsstaða.
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

24/1 ´23
76.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni ,,Hálsar" í Skorradalshreppi
Að vestanverðu á milli Fossanna og Háls ræður bein lína úr kletti austan við Hrosshvamm hjá (sie) Andakílsá – sem nefndur er ,,Hrossaklettur" í Digruvörðu sem stendur á hárri hæð austanvert við ,,Seldal" og hún hornmark á milli þessara jarða: Fossa, Hvígstaða, Hests og Hálsa; Úr Digruvörðu bein lína í miðjan ,,Magnúsarhól" úr honum í nyrðri enda ,,Kýrmúla" sem er hornmark á milli ,,Grundar" og Hálsa. Þaðan ræður bein lína eftir múlanum í grjótvörðu er stendur sunnan til á há múlanum, úr þeirri vörðu áfram bein lína í vörðu úr
torfi og grjóti, sem stendur á bakkanum suður við Andakílsá.

Þá ræður Andakílsá merkjum að sunnanverðu niður á móts við fyr nefndan ,,Hrossaklett". Ennfremur á jörðin tvö flæðiengja stykki á suðurengjum í Andakílshrepp, sem nefnd eru stóri og litli ,,Hálsa-hringur" og eru merki fyrir þeim þessi: 1. Eyrin Stóra-hring: Á milli Innri-Brekku og Hálsa, ræður úr torfvörðu með 3 steinum undir hjerumbil bein lína eftir gömlu garðlagi vestur Stokkaklofa.

Úr ,,Stokkaklofa" á á [svo] milli ,,Hornsengis" og ,,Hálshrings" ræður torfskurður með graðlagi, þar til rennur uppí Hornengisstokk.

Úr honum á milli Rústarengis og Hálsahrings, ræður aftur torfskurður uppi áður nefnda vörðu.

2. Fyrir litla ,,Háls-hring".
Að norðanverðu á milli Efra-Hrepps-engis og litla-hrings ræður ,,Svarti-Sokkur". Þar til kemur að garðlagi á syðri stokkbakkanum; þá ræður garðlagið merkjum á milli Grjóteyrarengis og litla-hrings á meðan það endist, en þá er það þrýtur bein lína til austurs í torfvörðuna með steinum undir; úr henni í stóran vatnspitt ofar á engjunum; Úr þeim vatnspitt í gamalt garðlag á stokkbakkanum á móti ,,Hvaltanga".

Hálsum 3. desem. 1922

Runólfur Arason Hálsum
Þorsteinn Pjetursson Miðfossum
Halldór Jónsson Syðstu-Fossum
Vegna prestsetursins Hestur: Eiríkur Albertsson.
Bjarni Pjetursson Grund
Fyrir hönd eiganda Mófellsstaða Sveinbjörn Björnsson, Heggstöðum.
Hjörtur Hansson, Grjóteyri.
Vegna Horns: Halldór Vilhjálmsson
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

77.

Landamerki fyrir jörðinni Miklholt í Hraunhreppi.

1. Móti Saurum; Úr Másteini á Másvatnsbakka norðvestanvert bein lína í torfvörðu~~m~~ á suður-bakka vatnsins, þaðan í vörðu á Landamerkja holti þaðan bein sjónhending í klöpp er liggur fast að Hvítsteinslæk að neðanverðu vestan brúna á honum, þaðan ræður lækurinn suður og niður á móts við Hvítssteina.

2. Móti Hrafnkelsstöðum.

Frá Hvítssteinum eða móts við þá ræður lækurinn sunnan Breiðarhólma niður á móts við vörðu hjá litlu keldu jarðfalli austan lækjarins ofan í Hamragarð.

3. Móti Hömrum:

Úr síðastnefndri vörðu sjónhending um vörðu á holtshrygg norður af Hamragarði um vörður á holti niður og vestur af Sjónarhól og vörðu neðan til á Súrtjarnarás hinum neðsta milli tjarnanna og í stein í Ytri-Súrtjörn. Þaðan sjónhending í vörðu á Arnhólaseli og þaðan bein lína um vesturjaðar Halldórsholts yfir vesturröndina á Másvatni í Mástein. Innan þessara merkja fyrir Miklholtslandi á Norðurbæjarpartur Hamra það slægjuland, sem engi getur talist með Hvítsteinslæk frá þvermerkjum ofan Hamragarð upp að Silunga[hóla]keldu.

Merki þessi eru endursamin og endurnýjuð árið 1922 og samþykkt af undirskrifuðum.

Miklholti 5/1 1923

Sigurður Sigmundsson eigandi og ábúandi Miklholts.
Þorsteinn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Saura.
Jón Sveinsson eigandi og ábúandi ½ Hamra
Guðbrandur Sigurðsson, eigandi og ábúandi Hrafnkelsstaða.
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
78.
Landamerkjaskrá Fitja í Skorradal
(ásamt Sarpi).
1. Milli Fitja og Háafells eru merki í Grástein sem stendur ofanvert við götuna (nú sprunginn mjög). Þá varða á brún upp, og sjónhending þaðan í grjóthrúgu útnorðan við Stórafell.
2. Skilur lönd Fitja og Hóls nýnefnd grjóthrúga, úr henni ræður sjónhending í nyrst í Smirla-tjörn þar sem mætast lönd Hóls og Iðunnarstaða. Þaðan ræður bein stefna í Fitjastapa og úr honum sjónhending í Klofastein.
3. Milli Fitja og Efstabæjar er Klofasteinn hornmerki. Þaðan ræður sjónhending í grjóthrúgu á hálsbrúninni, þaðan bein stefna í Þrífoss í Fitjaá. Sunnan árinnar ræður Nóngil merkjum að upptökum, og þaðan bein stefna í Stóru-Krókatjörn þar, sem mætast lönd Stóra og Litlabotns.
4. Þá ræður merkjum milli Fitja og Litlabotns og Þyrils: Bein stefna úr Stóru-Krókatjörn, vestur milli Brunnártjarnar og Fálkagilstjarnar (Hólmatjarna) í suðurenda Laugadals.
5. Milli Fitja og Bakkakots eru merki: suðurendi Laugadals, þaðan bein lína norður í Tvívörður. Þaðan ræður sjónhending í Löngugötugil beint í vestur frá Laugarhóli sjeð. Ræður gil það svo merkjum ofan í Fitjaá. Svo deilir áin löndum út í Skorradalsvatn, og úr því bein stefna út vatnið mitt út á móts við Grástein sjá 1. gr.
6. Samkvæmt máldaga Fitjakirkju á hún 2 skógartungur í Vatnshornshlíð; aðra fyrir innan Lundarskóg og hina fyrir utan hraun út að Klausturskógi.
7. Í Fitja engjum á Bakkakot mýrarblett fyrir ofan skrubbu, utan frá Smirlagili inn með Ósflötum inn á móts við hámelinn innan vert við Ósflatir. Skógarhögg til heimilisþarfa á Bakkakot í Fitjaskógi.
8. Úr landi því er merkjaskrá þessi hljóðar um er einkalandi Sarps hjer með úrskift þannig: Að austan framantöld merkjalína milli Fitjar og Efstabæjar norðan árinnar. Að sunnan Fitjaá út að Sátugili; að vestan Sátugil að upptökum og svo norður á miðjan háls austan við Hestabrekkuhrygg og þaðan bein lína austur í Klafastein sjá 3. gr. Að öðru leyti er land það er hjer er eru merki greind fyrir, einkaland Fitja.
Gjört að Fitjum 28. október 1922
Stefán Guðmundsson eigandi Fitja og Sarps.
Þorkell Pjetursson Litlabotni.
Björn Jóhannesson Hóli.
Magnús Gunnlaugsson, Iðunnarstöðum
Halldóra Pjetursdóttir Efstabæ.
Þorbjörn Jóhannesson Bakkakoti.
Bjarni Bjarnason Vatnshorni.
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

79.

Landamerkjabrjef fyrir Hæli í Reykholtsdalshreppi.

Að norðanverðu við Hælsland ræður Geirsá landamerkjum alt austur þangað sem hún hefir upptök sín og þaðan austur á Einbúa. Að austanverðu eru merki milli Hæls og Steindórsstaða úr Einbúa sjónhending til landsuðurs í Klofasteina sem eru fyrir neðan Flóku. Að sunnanverðu eru landamerki milli Hæls og Hrísa úr Klofasteinum til vesturs beina stefnu niður Grændali, og sem næst sömu stefnu niður í Rauðukeldu og þaðan í Blikasteina. Þá milli Hæls og Skóga bein lína frá Blikasteinum í Merkjastein á Laugarás, beygist þá merkjalínan milli Hæls og Geirshlíða til norðurs í Skolapolla, sem eru fyrir austan Laugatjörn og þaðan beint norður í Geirsá, svo ræður hún eins og áður er talið.

Hæli 23. mars 1922

Guðm. Bjarnason Árni Þorsteinsson

Júlíus Bjarnason Skógum

Páll Þorsteinsson ábúandi Steindórsstaða

Jón Pjetursson Geirshlíð

Björn Sigurbjarnarson, Hrísum

Geir Pjetursson eigandi Vilmundarstaða

Sveinbjörn Sveinsson Geirshlíðarkoti.

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 30/6 ‘23

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

80.
Landamerkjalýsing fyrir jarðirnar Glitstaði og Uppsali í Norðurárdalshreppi innan Mýrasýslu.

Landareign jarðanna er óskift, nema tún og engjar. Landamerkin eru þau er hjer segir:

Frá Landamerkjagili ræður Norðurá merkjum niður á móts við bæinn á Uppsölum. Þá eiga báðar jarðirnar engjar á Desey, norðan Norðurár, og eru þær afmarkaðar með greinilegum garðlögum. Milli Hamars- og Uppsalaengja eru merkin sjónhending úr auðkennilegri þúfu neðan til í svonefndu Hópi, í Reiðskarð og Stóragil á Bjarnardal.

Illhólmi í Bjarnardalsá er eign Glitsstaða og hefir jafnan fylgt þeirri jörð. Hrauney, sem liggur í milli Norðurár og Bjarnardalsár, er og eign Glitstaða og Uppsala. Eru engjar jarðanna á eynni skiftar, en beitiland óskift, sem annarsstaðar í landareigninni.

Efsti bás í Svartagilshrauni ræður merkjum frá Norðurá og sjónhending í lautardrag austan við Sandshól á Grænuhjöllum. Þaðan eftir Merkjalág, sem er í hærri-hjallabrún og Hestadalshæðir í Einhyrningsklett. Þaðan eftir austurbrún Kolviðarhæða, vestanvert við Syðri-hestadal, í háu borgina vestur Fiskivatnsenda ytri – og í norðari víkina í vatninu. Þá ræður Fiskivatn, og frá austurenda þess eru merkin í stóran stein í sundinu fyrir framan vatnið. Þaðan sjónhending í holtið norðan við Grensássenda vestari og eftir því holti norðanvert við Gensás og eftir ásnum sunnan við Kolásssund í Flykkistjörn. Þá eru merkin eftir læk þeim er í tjörnina, rennur um Hólmavatnsskarð, og sjónhending í Klettaborgina við ytri enda Hólmavatns.

Síðan ræður Hólmavatn merkjum fram á móts við Einiberjahól framan verðan, og fylgir þar með stærsti hólminn vatninu.

Frá Hólmavatni eru merkin í klettastall í austanverðum Einiberjahól og sjónhending frá honum í þúfu, sem er á hæstu brún Hæluhjalla. Þaðan sjónhending í í Startjörn og eftir læk, er úr henni rennur í Landamerkjagil, sem áður var nefnt, og sem fellur í Norðurá.

Glitsstöðum, 20. jan. 1923.
Hermann Þórðarson eigandi Glitsstaða
Helga Teitsdóttir eigandi Uppsala.
Jarðir þær sem lönd eiga að landareign Glitsstaða og Uppsala, eru þessi: að austan Skarðshamrar; að sunnan Höfði og Hamar; að vestan Svartagil og að norðan Brekka. Er þessi merkjalýsing að öllu samkvæm landamerkjum þessara jarða.
Einar Bjarnason eigandi Skarðshamra
Þorsteinn Sigurðsson eigandi Hamars.
Eysteinn Davíðsson eigandi Höfða.
Davíð Þorsteinsson eigandi Svartagils.
Þórður Ólafsson eigandi Brekku.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 27/6 1923

G. Björnsson

81.
Landamerkjalýsing.
Jörðin Sleggjulækur í Stafholtstungnahr. í Mýrasýslu hefur þau landamerki, er hjer segir:

Frá Örnólfsdalsá beina línu um Oddstaðaskarð (eystra) í Kúastapa vestanverðan, þaðan sjónhending suður um Mela, um Karlsbrekku (litlu) í eystra Grýtugilsgljúfur við fjallsræturnar, þá ræður Grýtugil upp í Grýtuvatnsós, frá ósnum í vörðu á klett norðan við læk þann, er rennur úr Fróðastaðavatni, þá í vörðu austast á Hnausunum (rjett við Grýtuflóa) þá í upptök Vindlágar, úr Vindlág í skarð milli Kirkjufells og Búrfellseggja, úr því skarði vestur í Gunnlaugsbrekku úr Gunnlaugsbrekku yfir á Sandhrygg, þá ræður Sandhryggur að læknum (Sleggjulæk), þá ræður lækurinn ofan að svonefndri Grjóttungu, þá ræður gamall farvegurlækjarins, er liggur umhverfis Grjóttungu (að vestan) frá Grjóttungu (að neðan) ræður lækurinn svo aftur niður í Ørnólfsdalsá, þá ræður áin upp að Fornafarvegsmynni, þá Fornifarvegur upp á móts við móanef að sunnanverðu, þaðan stystu leið yfir í ána, þá ræður höfuðkvísl árinnar upp á móts við línu þá, er fyrst var nefnd – um Oddstaðaskarð (eystra). Jörðinni fylgir land (selland) fyrir innan Selhagaland að Síðumúla-Sellandi. Merki þess eru þannig:

Frá Ørnólfsdalsá stystu leið í stóran stein með gati í röndina, (hann er við götuna sem liggur inn dalinn) frá þeim steini í vörðu upp á brúninni (Bárðarvörðu). Þaðan suður í Byrgiskeltt, þá í Flatavörðu, þaðan gilið niður í Ørnólfsdalsá, þá áin inn á móts við fyrrnefndan stein (Gatstein). –

Fyrir sellandinu á Sleggjulækur vatn og veiði í Ørnólfsdalsá á móti hlutaðeigendum. En í landamerkjadómi staðfestum af landsyfirrjetti 10. okt. 1892 segir svo um veiðirjett jarðann Norðtungu og Sleggjulækjar: „Øll veiði í Ørnólfsdalsá ofan frá Móabrekkum niður að Fornafarvegsósi tilheyrir Norðtungu, en frá Fornafarvegsósi niður að Sleggjulækjarós á hver jörðin veiði fyrir sínu landi.“ Að Sleggjulækjarlandi (ásamt Sellandi) liggja lönd þessara jarða: Guðnabakka, Norðtungu, Ørnólfsdal, Selhaga, Ásbjarnarstaða, Þorgautsstaða, Fróðastaða og Síðumúla.

Sleggjulæk, 9. jan. 1923.
Guðmundur Kristjánsson eigandi Sleggjulækjar
Framanritaða landamerkjalýsingu samþykkja undirritaðir hlutaðeigendur.
Halldór Helgason ábúandi Ásbjarnarstaða
Guðmundur Jónsson eigandi Þorgautsstaða.
Andrjes Eyjólfsson ábúandi og eigandi Síðumúla
Brandur Daníelsson ábúandi og eigandi Fróðastaða.
Einar Helgason ábúandi Selhaga.
R. Runólfsson eigandi Norðtungu eignarinnar.
Davíð Þorsteinsson eigandi Guðnabakka.
Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 ‘23

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

82.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Stóru-Gröf í Stafholtstungnahreppi.

1. Milli Stóru-Grafar og Munaðarness, ræður Kerlingargil merkjum upp að torfvörðu sem er hlaðin við upptök gilsins, svo er haldin sjónhending í vörðu við veginn fyrir framan Kolás, frá þeirri vörðu í svo kallað merkjadý.

2. Milli Stóru-Grafar og Stóru-Skóga ráða merki úr fyrrnefndu dýji, sjónhending í vörðu fremst í Vindborginni, og þaðan bein sjónhending í vörðu á Háastapa. Svo ræður Grafargil merkjum vestur undir í Hólmavatnsós, og svo bein sjónhending vestur yfir vatnið.

3. Milli Stóru-Grafar og Stapasels, ræður gatan merkjum.

4. Milli Stóru-Grafar og Grafarkots. Ræður Grafargil merkjum, þar sem það fellur í Norðurá og svo eftir gilinu upp að keldu sem fellur fyrir sunnan Grafartún; síðan ræður tröðin heim á Grafarhlað, og svo gatan að Grafarkoti í gilið og svo gilið aftur í vörðu þá er stendur beint neðan undir, Grafarkots-kvíunum, og svo í vörðuna sem er á háklettunum upp undan kvíunum og þaðan í vörðu þá er stendur á Stapanum fyrir utan Miðhamarinn, og úr þeirri vörðu í vörðu þá, er stendur á Kolgrafaráshaus; úr þeirri vörðu í klofinn stóran stein er stendur á Hólsseli, og úr þeim stein í stein, er stendur á Krappásenda.

Stóru-Gröf, 25. janúar 1923

Eigandi Marís Sigurðsson

Munaðanes Björn Einarsson

Stóruskógar Benjamín Ingimarsson

Stapasel Guðjón Eyjólfsson

Grafarkot Magnús Guðjónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
[Innskot á spássíu] Sjá Lmb. II bls. 39
29/1 1923
83.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Fiskilæk.
1. Milli Fiskilækjar og Bakka. Bein lína úr krossmerktum steini við mýrarjaðarinn hjá Holtsfæti, austur yfir melana í háan stein krossmerktan er stendur á ~~Hry~~ hryggnum fyrir austan almenningsgötuna.
2. Milli Fiskilækjar og Skorholts. Úr þessum síðast nefnda steini bein lína í Sjónarhól þaðan bein lína í vörðu við Hryggjaskarð, þar sem Fiskil. og Geldingaáarlönd koma saman. Úr þeirri vörðu bein lína í stóru festi.
3. Milli Fiskilækjar og Mela. Úr merkjasteininum við mýrarjaðarinn hjá Holtsfæti bein lína í Fuglsþúfu.
4. Milli Fiskil. og Melaleitis. Bein lína úr Fuglsþúfu, að vörðu sem er á línunni að Fylpolli.
5. Milli Fiskil. og Belgsholts. Úr þeirri vörðu bein lína í Fylpoll. Þar sem Belgsholts og Narfastaðalönd koma saman.
6. Milli Fiskil. og Narfastaða. Úr Fylpoll bein lína í Einstökuvörðu, þaðan bein lína úr Einstökuvörðu í Grenjafesti.
7. Milli Fiskil. og Hafnar. Fjallsbrúnin í fjallinu, Ølvir milli Grenjafestar og Stórufestar.
Þessa skrá samþykkja viðkomandi hlutaðeigendur.
Fiskilæk 14. júní 1921
Sigurður Sigurðsson
Hallvarður Ólafsson (eigandi að Geldingaá)
Hallsteinn Ólafsson
Eyjólfur V. Sigurðsson, Melum
Ólafur Jónsson Bakka
Steini Björn Arnórsson, eigandi að Narfastöðum.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

29/1 1923
84.
Landamerki fyrir jörðinni Gullberustöðum í Lundarreykjadalshreppi: Milli Gullberustaða og Lundar, ræður sjónhending úr Grímsá, upp í Hrafnagil, eftir skurði á undirlendinu, milli árinnar og gilsins, síðan ræður Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins, ræður lína dregin norður í Flókadalsá. Þar, sem hún beygist lengst til vesturs áður en Engjadalsá fellur í hana; svo ræður Engjadalsá merkjum austur að Oddstaðalandi, norðanvert við Reyðarfell. Milli Gullberustaða og Oddstaða eru merkin úr miðjum sinuhólma í Grímsá, í síkiskjaftinn, skarð í bakkann við ána, klett í hlíðinni, vörðu á eystri Djúpadalsbarmi í sundkjaftinn hjá Þvermel og sjónhending í merkjavörðu við Engjadalsá.

Milli Hóls og Gullberustaða ræður Grímsá sunnanvert við Svínhólma, niður fyrir Hólsnestá, en úr því ræður merkjum, gamall árfarvegur niður með Hólsmelum, sem liggja að sunnanverðum farveginum, en Gullberustaðahólmi meðfram honum að norðan og síðast ræður syðsta kvísl Grímsár, út að Merkjagili.

Svo ræður Grímsá merkjum áfram, milli Snartastaða og Gullberustaða að framanskráðum merkjum, milli Lundar og Gullberustaða.

Vigfús Pjetursson, eigandi Gullberustaða.
Björn Jóhannsson eigandi Hóls
Guðmundur Guðmundsson eigandi að Snartarstöðum
Sigurður Jónsson eigandi Lundar.
Þinglesið á manntalsþingi að Lundi 2/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

2/2 1923
85.
Landamerki fyrir jörðina Ánastaði í Hraunhreppi; endurnýjuð og samþykt árið 1922.
1. Móti Hrafnkelsstöðum:
Úr hólma í Hvítsteinslæk – vestur frá Pálshúsum – ræður lækurinn alla leið suður í Álftá.
2. Móti Álftárósi:
Frá Hvítsteinslækjarmynni ræður Álftá suðvestur á móts við Landamerkjakeldu (suður og niður frá Ánastöðum).
3. Móti Hundastapa:
Úr Landamerkjakeldu, þar sem hún fellur gegnum árbarðið, bein lína norðvestur yfir Landamerkjapoll í grjótvörðu á holtsbarði norðanvert við Löngulág og þaðan sjónhending í grjótvörðu á klettunum norðaustur af skjólborgartöglum. Þaðan bein lína um grjótvörðu á Þverholtum – vestan við sundið milli Þverholtanna – og enn um stóran stein norðvestur í Baugavatn spölkorn sunnan Aðrekstrartanga.
4. Móti Skíðsholtum:
Úr síðastnefndri línu í Baugavatni þvert norðaustur bein lína um mynnið á Landamerkjakeldu í torfvörðu fyrir austan kelduna, um tvö hundruð faðma norður frá undirlendisbakkanum.
5. Móti Hömrum:
Sjónhending úr nefndri torfvörðu um grjótvörðu á stapa þar skamt ~~frá~~ í austur og um mitt Ánhamarssund í grjótvörðu á holti hinu næsta sunnan Ánhamar. Þaðan bein lína um grjótvörðu á vatnshólum og yfir norðurhorn Grænumýrarvatns, og austur yfir Grænumýrarflóa um Grjótvörðu á norðvestari Landamerkjaás í hólmann í Hvítsteinslæk, þann er fyrst er nefndur.

Á öllum vörðunum, sem nefndar eru hjer að framan er toppmyndaður steinn reistur upp í efri brún eða í miðjum toppi vörðunnar.

Samþykkir framanskráðum merkjum eru:
Guðbr. Sigurðsson eigandi og ábúandi Hrafnkelsstaða
Sigurjón Erlendsson eigandi og ábúandi Álftáróss
Guðmundur Jónsson eigandi og ábúandi Hindarstapa
Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta.
Jón Sveinsson eigandi og búandi Hömrum
Sigurður Jónsson eigandi Ánastöðum
Andrjes Guðmundsson ábúandi Ánastöðum
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 ‘23

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
86.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Litla-Skarði í Stafholtstungnahreppi.
1. Milli Litla-Skarðs og Grafarkots. Frá Norðurá í Jötnagarða og úr Görðunum í Moldarskurð austan við Skolalæk, og sjónhenda þaðan í vörðu á Killirsáshaus, og sjónhending þaðan í krossmarkaðan stein austan til á Grafarkotsfelli, og þaðan í vörðu á há-fellinu, og sjónhending úr þeirri vörðu í vörðu er stendur á Lambavatnstanga, og bein sjónhending vestur
yfir vatnið.
2. Milli Litla-Skarðs og Jafnaskarðs. Úr vestari enda Lambavatns, bein sjónhending í vörðu neðan til á há Breiðás, og sjónhenda þaðan eftir ásnum milli tveggja tjarna í vörðu á ás sunnan við sjónarhólskelduna.
3. Landamerkji milli Litlaskarðs og Laxfoss. Af framanverðu, ræður frá Norðurá Girðingalækur frá upptökum hans, ræður sjónhenda í vörðu á Háásnum, og þaðan í minni Hempuklett, og þaðan sama sjónhenda í krossmerktan stein á Laxfossfjalli, þaðan í vörðu á norðurbrún fjallsins svo sama sjónhenda í Sjónarhól.
Litla-Skarði 31.janúar 1923
Jón Á Gunnlaugsson, eigandi
Grafarkot. Magnús Guðjónsson, eigandi.
Jafnaskarð Guðbjarni Guðmundsson eigandi
Laxfoss Guðmundur Daníelsson (eftir umboði)
Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

8/2 [1923]
87.
Landamerki Hafnar

Að innanverðu ræður innra Seleyrargil frá sjó, beina línu í opið gljúfur þess, fyrir ofan götu, alla leið upp á brún, þar til vötnum hallar norður af. Þaðan sjónhending í tjörn þá sem er á dalmótunum, (hjá Þverfelli) og Hafnará kemur úr; síðan ræður Hafnará, ofan í Moldbrekkur, þaðan sjónhending í Nýpu klett, sem er í fjallsbrúninni vestanvert í Ølver. Þaðan sjónhending í stóra Móhól; úr stóra Móhól sjónhending í klapparnef það sem liggur austanvert við Ósvaðið hjá Flæðhöfða.

Ennfremur á Höfn ítak til sláttar í Ytri Skeljabrekkulandi, á engi því er Hafnarengi kallast, sem er afskorið með stokkum og skurður, á þá vegu er ekki liggja að Andakílsá.

26. jan. 1923.
Samþykk fyrir Höfn: Þórunn R. Sivertsen
\- - - - - - Narfastaði: Steini Björn Arnórsson
\- - - - - - Grjóteyri: Hjörtur Hansson
\- - - - - - Skeljabrekku: Guðmundur Jónsson
\- - - - - - Skógarkot: Halldór Vilhjálmsson
Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 5/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

12/2 [1923]
88.
Landamerki fyrir jörðina Skíðholt í Hraunhreppi.
1. Móti Stóra-Kálfalæk:
Bein lína úr Deildarvörðu – sem er neðan Hringa – í Draugsholt, þá sjónhending úr vörðu á því, um hæsta klett í suðurenda Hrossastapa og sunnanvert við Landamerkjaholt – í Klukkuflóa – í torfvörðu móts við vik í Kálfslæk norðanvert við Klukku; Frá vikinu ræður lækurinn suðaustur ~~vert~~ móts við torfvörðu norðan lækjarins, sjónhending norðaustur yfir þrætuhólma í aðra torfvörðu er stendur á neðri bakka á fljóti í Litlalæk; þaðan ræður Litlilækur norðaustur undir lækjarbotnana og úr honum bein lína um stein á smástapa norðan lækjarbotnana, í vörðu á Jónsás, og er klappaður kross í klettinn sem varðan stendur á.
2. Móti Einholtum:
Bein lína úr vörðunni á Jónsás í mjóan stein á klöpp í Beinaveitu, beint niður undan Hildibrandsás.
3. Móti Hömrum:
Úr síðastnefndri klöpp bein~~a~~ lína vestan Fauskaás og Lísuholt í hæstu þúfu á Sjónarhól – vestan Einitjarnarveitu – þaðan sjónhending í vörðu á vestri Landamerkjaás og þaðan sjónhending í torfvörðu austanvert við Landamerkjakeldu um tvöhundruð faðma norðan Baugavatnsbakka.
4. Móti Ánastöðum:
Sjónhending úr síðastnefndri vörðu um Landamerkjakeldu þar sem hún kemur í Baugavatn og áfram í vatnið, á merkjalínu Hundastapalands, í vestur frá Aðrekstrartanga.
5. Móti Hundastapa:
Ræður miðlína Baugavatn norðvestur undir Svefnlækjarós.
6. Móti Laxárholti og Tröðum:
Frá Hundastapamerkjum austan Svefnlækjar ræður sama lína og svo lækurinn, þá bein lína úr vestur mynni hans vestur yfir ysta Baugavatn í upptök Aurkvarnalækjar sunnan Garðhól. Þaðan ræður lækurinn á móts við hólinn vestanverðan og úr því bein lína, í stefnu á sunnanverða norðustu hæðina á Bólsás hinum nyðri, í torfvörðu í austur frá ásnum og frá henni bein lína í norðvestur, að mestu leiti neðan lækjarins og um torfvörðu við austurhorn Traðaengis í torfvörðu á Álftavatnsbakka, í norðvestur frá galtastæði skamt frá bakkanum.
7. Móti Vogi:
Frá síðastnefndri vörðu ræður sama lína og næst á undan í norðvestur, yfir Álftavatn nær miðja leið, þaðan bein lína norður yfir vatnið í vik norður úr því, þar sem mest er rensli í það þaðan bein lína í vik það er skerst lengst í suðvestur úr Deildartjörn þaðan sjónhending á Deildarvörðu norður eftir tjörninni til móts við merkjavörðu Vogs og Akra á vestur bakkanum.
8. Móti Økrum:
Ræður síðastnefnd sjónhending, frá þvermerkjum Vogs og Akra í Deildartjörn, norður yfir hana í Deildarvörðu. Á þeirri línu, ber Deildarvörðu í vesturjaðar Mýrdalstinds.

Merki þessi eru endursaminn og endurnýjuð árið 1922 og samþykt af undirskrifuðum.
Sigurður M. Þorsteinsson. Jón Oddsson Stóra Kálfalæk
Fyrir hönd eiganda Einholta Jóns Samúelssonar bónda á Hofstöðum. Jón Sveinsson eigandi og búandi ½ Hamra.
Friðgeir Jónsson Hofsstöðum. Guðmundur Jónsson Hindarstapa
Jón Guðmundsson eigandi að ½ Laxárholti.
Ólafur Sigurðsson Tröðum, fyrir nefnda jörð
Helgi Ásgeirsson Økrum. Helgi Árnason Vogi.
Sigurður Jónsson eigandi að Ánastöðum.

Ánastöðum 12. nóvember 1922[2]
Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta.
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923.

G.Björnsson

[2] Stendur 1122, leiðrétt hér í uppskrift.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

89.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Fíflholtum í Hraunhreppi.

1. Móti Einholtum: Frá vörðu allra neðst á syðri enda Þórarinsáss, og beina línu þaðan um Blikstein í vörðu, á neðri brún Merkjakletts við Hestabala, þaðan beina línu að vörðu við Norðlæk. Þaðan ræður lækurinn að vörðu úr torfi, sem er ofanvert við lækinn.
2. Móti Lækjarbug, frá ofangreindri torfvörðu beina sjónhending austur í hæsta Hvítsteinsás, og þaðan sjónhending í hæstu þúfu á Grunnavatnshól, þá sjónhending í holtið, sunnanvert við Fiskilæk, að vörðu við grjótvað á læknum.
3. Móti Brúarfossi, ræður svo Fiskilækur í Fiskivatn.
4. Móti Mel, ræður Melslækur úr vatninu, og austur í Kýrstapa, og þaðan sjónhending í syðsta Brautarhaus við Bretavatn.
5. Móti Álftá, frá ofangreindum Brautarhaus, sjónhending yfir vatnið í vörðu fyrir sunnan það, og þaðan sjónhending í (~~þriðju vörðu í miðjum Breta~~) aðra vörðu í Bretaflóa, og þaðan sjónhending í þriðju vörðu í miðju Bretaflóa.
6. Móti Saurum, ræður frá þeirri vörðu sjónhending í Rjúpnaborg, vestan til í Skjólgirðingum. Þaðan beint vestur yfir Miðvatn í hæstu þúfu á Þórarinsás, og þaðan eftir áshriggnum í ofangreinda vörðu, neðst á syðri enda Þórarinsás.

Gjört að Fíflholtum 20. janúar 1923

Sigurður Jónsson ábúandi og eigandi samþikkur
Bogi Helgason eigandi og ábúandi Brúarfoss.
Eggert Magnússon ábúandi á Einholtum.
Þorsteinn Þorsteinsson eigandi Saura.
Guðjón Þórarinsson ábúandi í Lækjarbug.
Pjetur Runólfsson eigandi og ábúandi á Mel
Þorkell Guðmundsson eigandi og ábúandi Álftár.
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

90.

Landamerkjalýsing á Höfða í Þverárhlíð.

Þverá ræður merkjum frá flatanum á móts við Arnarvörðu, niður undir Klappanef það sem gengur út í Þverá fyrir sunnan Fauskás neðarlega, þar liggja merki frá ánni norður yfir Fauskás sjónhending í Grástein sem liggur í flóunum norðan vert við ásinn þaðan sjónhending norður yfir flóann og yfir lítið holt í jöðrunum beint upp í Stóru Brekku (Merkjabrekku); þá yfir miðja brekkuna og þvert norður yfir holtin í Hamrasundið fyrir austan pollana, þaðan norður yfir Hamrana eftir slakkanum austanvert við vörðuna, þaðan norður yfir holtin sjónhending í Dýið í Fögruhlíðarsundi, frá Dýinu sjónhending eftir slakkanum norður yfir Fögruhlíð og í brekkuna í Grensás vestari yfir miðja brekkuna norður í ás þann sem næst liggur Grenás að norðanverðu, þá norður eftir þeim ás sjónhending í Flikkistjörn, frá henni ræður lækur sá sem rennur í hana úr Hólmavatnsskarði, þá eftir Hólmavatnsskarði, sjónhending í Hólmavatn þá eftir Hólmavatni norðanvert við þrjá hina minni hólma og austur fyrir þá úr Hólmavatni þvert suður yfir holtið og í Mjóavatn í Mjóavatnslæk eða Fanngil þá eftir Fanngili og í vörðu á Hrísás, þaðan sjónhending í vörðu á Karlsfelli austanverðu þaðan sjónhending í Einbúa, þaðan sjónhending í Arnarvörðu og frá henni sjónhending í vörðu, syðst á flatanum og frá henni þvert suður í Þverá.

Jörðin Höfði á Kerlingarhólma í Norðurárdal, og eru merki að honum Norðurá að sunnanverðu niður að Dyseyjarkvísl, frá Dyseyjarkvísl ræður Mórauðasíki norður á miðjan Landvöxt, þá þvert yfir Landvöxt eftir merkjasteinum suður í Norðurá.

Höfða 28. jan. 1923.

Eysteinn Davíðsson eigandi Höfða.
Einar Bjarnason eigandi Skarðshamra
Davíð Ólafsson eigandi að hálfum Grjót
Eiríkur Ólafsson eigandi að hálfum Grjót
Hermann Þórðarson eigandi Glitstaða.
Þorsteinn Klemensson eigandi svo kallað Tingríni
Helga Teitsdóttir eigandi Uppsala
R. Runólfsson eigandi Norðtungueignarinnar
Þorsteinn Sigurðsson eigandi Hamars.
Þinglesið á manntalsþingi að Norðtungu 28/8 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

91.

Landamerkjabrjef jarðarinnar Síðumúla í Hvítársíðuhreppi í Mýrasýslu.

A. Heimaland:

Eftirtaldar jarðir eiga land að heimalandi Síðumúla: Síðumúlaveggir, Gunnlaugsstaðir, Guðnabakki, Sleggjulækur, Fróðastaðir og Hurðarbak.

Þessi eru landamerki milli ofangreindra jarða og Síðumúla:

a) Gagnvart Síðumúlaveggjum: Fossgróf við Hvítá, neðanvert við Kálffoss, ræður landamerkjum til torfvörðu þeirrar, er stendur vestanvert við Fossgrófarbotn. Þaðan sjónhending milli Kringlumelanna, á torfvörðu á Veggjahálsi sunnanvert við götuna, en ofarlega í Merkjageira. Þaðan sjónhending í grjótvörðu fyrir ofan götuna; þaðan sjónhending í Klettasnös, austanvert við Lækjarskarð. (Eftir þessum landamerkjum frá Fossgróf til Lækjarskarðs liggur nú girðing). Frá klettsnösinni sjónhending í torfvörðu í Löngumýri, skamt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu.

b) Gagnvart Gunnlaugsstaðalandi: Frá síðastnefndri torfvörðu sjónhending yfir ytri Sandhrygg á grjótvörðu á klettabrún uppundan Illukeldu, skamt fyrir austan ytri Sandhrygg. Þaðan sjónhending,

c) Gagnvart Guðnabakkalandi, í grjótvörðu á ásnum vestanvert við kleifagötuna. Þaðan sjónhending í þriðju grjótvörðuna á ásnum, rjett fyrir austan kleifagötuna. (Frá grjótvörðunni á ásnum fyrir vestan Kleifaveginn. sjást báðar fyrrnefndar grjótvörður og torfvarðan í Longumýri). Frá vörðunni á ásnum fyrir austan Kleifaveginn, eftir nefndum ás þar sem hann er hæstuur, austur á móts við Gunnlaugsbrekku, á Sandhrygg.

d) Gagnvart Sleggjulækjarlandi: Sjónhending frá Sandhrygg um Gunnlaugsbrekku og vestanvert við Búrfellstjörn milli Búrfells og Kirkjufells. Þaðan yfir Brúarsundið í neðsta hluta Vindlágar. Þaðan ræður Vindlág upp í efstu botna hennar.

e) Gagnvart Fróðastaðalandi: Úr Vindlágarbotnum sjónhending í grjótvörðu á Vörðuhnaus, vestanvert við Bollabrekku. Þaðan sjónhending í stóran stein sunnanhalt í hlíðarbrúninni. Á þann stein er klappað L.M. – Þegar staðir [svo] er upp á þeim steini sjest grjótvarðan á Vörðuhnausnum Sjónhending úr steininum í torfvörðu á móanum, vestanvert við Merkjaskurð. Sjónhending þaðan í vörðu á barði í miðjum flóanum. Þaðan sjónhending í þriðju torfvörðuna skamt fyrir ofan Merkjalæk. Þaðan sjónhending í botn Merkjalækjar. Þaðan eftir Merkjalæk í Hvítá.

f) Gagnvart Hurðarbakslandi: Hvítá ræður og á Síðumúli hálft vatn og veiði frá Merkjalæk og niður að Fossgrófarlækar móti Hurðarbaki.

B. Síðumúla-Selland

Síðumúla-Selland liggur sunnan Kjararár og eiga þessar jarðir lönd að því: Sleggjulækur (Selland), Þorgautsstaðir, Háafell og Sámsstaðir. Kjarará rennur að norðan. Landamerkin eru þessi:

a) Gagnvart Sleggjulækar-Sellandi: Skarð við Kjarará, sem smálækur rennur eftir, skamt fyrir neðan Myrkhyl, ræður landamerkum uppað stórum steini með gati í röndina (ekki ólíkt mannaverki). Steinn þessi er rjett fyrir neðan götu þá er liggur sunnan Kjararár. Þaðan sjónhending í Bárðarvörðu, er stendur á kletti og hyllir undir suður á hábrúninni frá Gatsteini séð. Þaðan sjónhending vestanvert við Skjaldmeyjargilsdrög suður í Byrgisklett.

b) Gagnvart Þorgautsstaðalandi: Frá Byrgiskletti sjónhending í Flatavörðu sem er torfvarða á flatanum norðaustur af Þorgautsstaðahömrum.

c) Gagnvart Háafellslandi: úr Flatavörðu í Víðirhálsavörðu. Sú varða er á hæðinni útnorður frá Háafellsvatni eystra. Frá Víðirhálsavörðu bein lína norðanvert við Háafellsvatn eystra í Hryggjastein merktur L.M.

d) Gagnvart Sámstaðalandi: Úr Hryggjasteini bein lína í upptök Þverlækjar við Sauðamel. Þaðan ræður Þverlækur til Kjararár.

Ábúandi eða eigandi hefur eigi rjett til að taka upprekstrarfje í landið, á meðan það er ógirt frá upprekstrarlandinu.
C. Síðumúlaskógur.
Síðumúlaskógur liggur norðanvert við Kjarará og ræður hún landamerkjum að sunnan.
Að vestan, norðan og austan eru merkin þessi:
a) Gagnvart Ørnólfsdalslandi: Klettsnef við Kjarará, næsta fyrir neðan Snasa. Frá nefndu klapparnefi bein lína um austanverðar Stórulágar upp í vörðu á Sandinum. Þaðan í hnúk, neðanvert á sandinum (Þríhyrningur). Þaðan eftir hásandinum að afrjettargirðingu Þverhlíðinga. Þá ræður girðingin, þar sem hún nú stendur, suður að Kjarará við Myrkhyl.
D. Veiðirjettur í Kjarará.
Síðumúli á veiði í Kjarará, sem hjer segir: Móti Sámsstaðalandi frá Þverlæk að neðsta Rangagili hálfa veiði. Móti Reykholtssellandi frá neðsta Rangagili að Skjaldmeyjargili hálfa veiði. Frá Skjaldmeyjargili að Sleggjulækjarsellandi alla veiði. Og frá þeim og að Klapparnefi fyrir neðan Snasa hálfa veiði móti Sleggjulæk. Síðumúli á upprekstur fyrir fje og stóð í Þverárrjettarafrjetti.
Síðumúla 28. janúar 1923.
Andrjes Eyjólfsson ábúandi og eigandi Síðumúla.
Jósef Björnsson oddviti Stafholtstungnahr.
Ólafur Guðmundsson ábúandi og eigandi Sámsstaða og oddviti Hvítársíðuhrepps.
Þorsteinn Bjarnason ábúandi og eigandi Hurðarbaks.
Hjámar Guðmundsson ábúandi og eigandi Háafells.
Guðmundur Jónsson ábúandi og eigandi Þorgautsstaða.
Brandur Daníelsson ábúandi og eigandi Fróðastaða.
Margrjet Ólafsdóttir eigandi Kvía.
Magnús Halldórsson ábúandi og eigandi að hálfum Síðumúlaveggjum.
Davíð Þorsteinsson eigandi Guðnabakka og oddviti Þverárhlíðarhrepps.
Jón Þ. Jónsson eigandi og ábúandi á Gunnlaugsstöðum
R. Runólfsson eigandi Ørnólfsdals.
Guðmundur Kristjánsson eigandi og ábúandi Sleggjulækjar.
Þinglesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 28/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

92.
Landamerkja skrá fyrir jörðinni Langholti í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.
Þessi eru landamerki Langholts er hjer segir:
1. Milli Langholts og Bæjar:
Frá torfvörðu sem hlaðin er á svonefndum ,,Græfrahól" við Stórugróf skamt fyrir sunnan Eyjarfarveg. sjónhending eftir þrem~~ur~~ torfvörðum í ,,Laugarhól" þar sem hann er hæðstur og er þar laus steinn sem L.M. er höggvið á. Úr ,,Laugarhól" sjónhending í ,,Bleikstapa" þar sem hann er hæðstur. Þaðan sjónhending inn fyrir ,,Sandana" í jarðfastan stein er annar minni liggur á, ofanvert við ,,Kúalág" sem L. er á höggvið. Þaðan sjónhending í grjótvörðu austur á ,,Sandabrúninni" grjótvarða þessi stendur við efri enda grófar nokkurrar, sem liggur austanvert í ,,Söndunum" frá þessari vörðu eru merkin eftir grófinni þar sem hún er dýpst og
svo úr neðri enda grófarinnar beint í Flókadalsá (megin ána) svo ræður Flókadalsá merkjum þar til hún rennur í Hvítá.
2. Milli Langholts og (Bakkakots) Hvítárbakka:
Frá fyrgreindri torfvörðu í ,,Græfrahól" sjónhending í ,,Eyjafarveg" beint á vestari enda ,,Grímsstaðamúla" þar sem hann ber yfir vestanvert ,,Stafholtsfjall".
3. Milli Langholts og Stafholtseyjar:
Frá því fyrgreind sjónhending frá torfvörðunni á ,,Græfrahól" í vestari enda ,,Grímsstaðamúla" kemur í ,,Eyjarfarveg" ræður greindur farvegur, þar sem hann er vatnsmestur, landamerkjum til torfvörðu sem stendur austanvert við miðjann ,,Hádegispoll", sem er skamt suður frá Stafholtseyjartúni, frá þeirri vörðu sjónhending eftir þrem~~ur~~ torfvörðum til torfvörðu þeirrar sem hlaðin er í miðju svokölluðu ,,Vaðskarði" við Hvítá, frá þeirri vörðu sömu stefnu beint í Hvítá.
4. Milli Langholts og Neðraness:
Þar ræður Hvítá landamerkjum og á Langholt hálfa veiði í ánni en Neðranes hinn helminginn svo sem lönd þeirra jarða við ána ráða.
5. Milli Langholts og Kaðalstaða, ræður lína niður Reykjadalsá með Eirarhólma (hann er afastur við Kletthólma) og í línu þá sem dregin er úr merkjasteini á Svarthöfðanesbakka sem L.M. er höggvið á, beina línu um stein á suðurenda Lambhólma (sem er Kaðalstaða megin við Hvítá) og í vörðu vestanvert á Mið-Hörðuhól og eru landamerkin í ánum þar sem þessar línur skerast.

Innan greindra takmarka á Langholt alt land með öllum nytjum gögnum og gæðum til lands og vatns, nema að ,,Bær" átti alla veiði í Flókadalsá fyrir Langholtslandi.

Stafholtsey 2. febrúar 1923. Páll J. Blöndal fyrir hönd Langholts

Framan skrifuð landamerkjaskrá fyrir Langholti hefur oss sem lönd eigum að landi tjeðar jarðar verið sýnd og samþykkjum vjer hana í einu og öllu með undirskrift nafna vorra.
Björn Þorsteinsson eigandi og ábúandi í Bæ
Fyrir hönd h/f Hvítárbakki: Guðjón Eiríksson
Jón Ólafsson ábúandi Kaðalstaða.
Fyrir hönd Stafholtseyjar Páll J. Blöndal.
Þorbjörn Sigurðsson eigandi og ábúandi Neðraness.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 1923.

G. Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

93.

Landamerkjaskrá fyrir jörðina Varmalæk í Andakílshreppi.

I. Milli Varmalækjar og Bæjar:

Úr Flókadalsá í miðjan Melshöfða, þaðan sjónhending í Laxagötu, eftir henni og sjónhending úr henni í Svörtukeldu sem er milli túnsins í Bæ og Þórdísarholta, síðan sömu stefnu sjónhending í torfvörðu við norðurendann á Baulutjörn, þá ræður Baulutjörn og Blundslækur í Blundsvatn, síðan eftir Blundsvatni í vik sunnan við Álftartanga.

II. Milli Varmalækjar og Fossatúns:

Frá Blundsvatni ræður Hnakkatjarnarlækur í Hnakkatjörn. Úr suðaustur vikjum tjarnarinnar sjónhending syðst í klett þann sem heitir einbúi, merktur með stafnum M. Þaðan í torfvörðu sem stendur á næsta barði fyrir ofan, síðan í klettavegg sem er innarlega á Götuás, merktur stafnum M. Þaðan sjónhending í gildrag í Varmalækjarmúla, sem heitir Gunnuklauf.

III. Milli Varmalækjar, Múlakots og Skálpastaða:

Úr Gunnuklauf ræður vatnahjalli austur hálsinn, í vörðu sem stendur á bungu, sem kölluð er Hnöttur.

IV. Milli Varmalækjar og Múlastaða:

Úr vörðunni sjónhending á hábungu Miðaftansklettsins sem er norðanverðu í hálsinum. Þaðan sjónhending í Illagil sem rennur í Flókadalsá framanvert við hornið á Bótinni; stendur varða á gilbarminum. Frá gilinu þar sem það fellur í Flókadalsá ræður áin alla leið á merkjum milli Varmalækjar og Bæjar.

Varmalæk 10. Júní 1922

Herdís Sigurðardóttir eigandi Varmalækjar.

Framanskrifuð landamerki samþykkjum við undirritaðir

Björn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Bæjar

sami ----------- eigandi Múlakots.

Herdís Sigurðardóttir eigandi að hálfum Múlastöðum

Oddgeir Guðmundsson ábúandi og eigandi að hálfum Múlastöðum.

Ólafur Davíðsson eigandi ~~Hvítarvallna~~ Fosstúns.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

94.

Landamerki jarðarinnar ,,Gufuá“ í Borgarhrepp.

Gagnvart Beigalda ræður Blöndulækur merkjum frá því hann fellur í Gufuá upp að Blöndulækjarvaði við hinn fyrverandi alfararveg.

Gagnvart Brennistöðum ræður sami lækur merkjum frá nefndu varði, þar til hann liggur í bug til norðurs, við buginn er merki til útnorðurs ofarlega yfir Brennistaðahúsaborg í merkjaklöpp útnorðanvert á borginni þar í höggnu X svo liggja merkin líka stefnu á ,,Tæfuholt“ (~~sic~~) (þar er varða) og í klöpp höggnu X þaðan liggja merkin beina línu í há Finnsel, (þar er grjótvarða) og X merki) þaðan eru bein merki í Grástein austanvert í Grenás.

Gagnvart Laxholti eru merkin úr Grástein þaðan sjónhending að og yfir Rauðutjörn í torfvörðu með kolum í austanvert á tjarnarbakkanum, þaðan í Fuglastapa-holt, þaðan í vörðu neðarlega á Fjárhúsás, þaðan beint í ósinn á Hrossakeldu þar sem hún fellur í ,,Gufuá“.

Gagnvart Eskiholti eru merkin frá fyrnefndum kelduós sjónhending í bug Gufuá sunna efri enda Hrísness. Svo ræður Gufuá að áðurnefndum Blöndlækjarós.

Gufuá (Árnakoti) 24. janúar 1923.

Guðmundur Ásmundsson (í umboði eiganda)

Eskiholti 2. febrúar 1923 Pjetur H. Lárusson

Beigalda 3/2 1923 H. Grönfeld

Umboðsmaður Laxholts Jóhann Magnúsosn hreppstjóri

Brennistöðum 3. febrúar 1923 Jón Gíslason

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
95.
Landamerkjabrjef jarðarinnar Fróðastaðir í Hvítársíðu í Mýrasýslu.
Þessar jarðir eiga land að Fróðastaðalandi: Síðumúli, Sleggjulækur, Ásbjarnarstaðir, Þorgautsstaðir, (Skáney og Hurðarbak sunnan Hvítár.). Lækur sem rennur vestarlega um Merkjanes í Hvítá og kallaður er Merkjalækur. Úr lækjar botninum í torfvörðu, sem er skamt fyrir ofan þaðan bein lína í aðra vörðu sem stendur á svo kölluðu Barði í flóanum. Þaðan bein lína í grjóthrúgu, sem er skamt fyrir austan Fróða fyrir ofan götu, sem er milli bæjanna Fróðastaða og Síðumúla. Úr grjóthrúgunni bein lína í stóran stein, sem er sunnanvert í hlíðar brúninni, á steininn er klappað L.M. Þaðan bein lína í vörðu, sem stendur á svo kölluðum Vörðuhnaus, vestanvert við Bollabrekku, varðan sjest af steininum, sem merktur er L.M. Þaðan bein lína í Vindlagarbotna. Þaðan bein lína austur yfir Hnausana í grjótvörðu austan til á Hnausataglinu, vestanvert við Grýtuvatnsflóa. Þaðan bein lína í grjótvörðu á kletti, sem er að norðanverðu við Fróðastaðavatn. Þaðan bein lína í grjótvörðu, sem er á kletti í Sandbrúninni, sem kölluð er Sjömannavarða. Þaðan beint suður milli Fróðastaða og Þorgautsstaðahnúks, svo eftir gili, sem myndast milli hnúkanna, alla leið suður í Hvítá. Svo eftir miðri Hvítá ofan að fyrnefndum Merkjalæk. Fróðastaðir eiga upprekstur fyrir fé og stóð í Þverárréttarafrétti.
Fróðastöðum 8. febr. 1923.
Brandur Danielsson eigandi, og ábúandi Fróðastaða
Andrés Eyjólfsson, eigandi og ábúandi Síðumúla.
Guðmundur Kristjánsson eigandi og ábúandi Sleggjulækjar
Halldór Helgason ábúandi Ásbjarnarstaða.
Guðmundur Jónsson, eigandi og ábúandi Þórgautsstaða.
Þinglesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 28/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
96.
Landamerkjaskrá. fyrir jörðina Norðtungu, ásamt Högnastöðum og Örnólfsdal.
I.
Fyrir Norðtungu og Högnastaðalandi:
1. Gagnvart Helgavatnslandi ræður merkjum bein lína úr Ørnólfsdalsá, í Móabrekkuhorn, hið syðra. Þvínæst liggja merkin eftir brún Móabrekkunnar vestur að Grjótsgötu. Þaðan eftir Grjótgötu norður í Litlu-Þverá.
2. Gagnvart Grjóts, Höfða, Hamars. og Arnbjargarlækjarlandi ræður Litla-Þverá merkjum, frá Grjótsgötu, niður til ármóta Litla-Þverár og Ørnólfsdalsás. Yfir miðjan Ármótshólma og á Norðtunga ¼ – einn fjórða hluta – veiðarinnar sunnan undir hólmanum. Norðtunga og Högnastaðir eiga hálft vatn og veiði í Litlu-Þverá fyrir sínu landi.
3. Gagnvart Guðnabakkalandi ræður Ørnólfsdalsá, neðan frá Ármótum, upp þar til Sleggjulækur fellur í ána. Á hvor jörðin hálft vatn og veiði í ánni á þessu svæði.
4. Gagnvart Sleggjulækjarlandi ræður Ørnólfsdalsá, frá Sleggjulækjarósi að Fornafarvegsmynni. Þá Fornifarvegur upp að móanefi því, er skagar út að honum að sunnan, og úr móanefinu sjónhending styðstu leið niður í á. Síðan ræður höfðukvísl (syðri kvísl) árinnar upp á móts við Móabrekkur. Øll veiði í Ørnólfsdalsá ofan frá Móabrekkum niður að Fornafarvegsósi er eign Norðtungu. En frá Fornafarvegsósi, niður að Sleggjulækjarósi á hvor jörðin veiði fyrir sínu landi.
I.
Fyrir Ørnólfsdalslandi:
1. Gagnvart Ásbjarnarstaðalandi og Sleggjulækjar-Sellandi ræður merkjum Ørnólfsdalsá frá neðsta klapparnefi, því er liggur út í ána undan endanum á Ørnólfsdalsmúla, upp í klapparnef það er liggur út í ána næst fyrir neðan Snasa.
2. Gagnvart Síðumúlaskóg ræður bein lína úr áðurnefndu klapparnefi, um austanverðar Stórulágar norður í Sandinn í vörðu þar.
3. Gagnvart Kvíalandi ræður bein lína, úr áðurnefndri vörðu norður í fossinn í Griðungaskorðum og þaðan bein lína í stein þann hinn stóra á holtinu suðaustanvert við Hamratjörn.
4. Gagnvart Hamralandi ræður bein lína frá áðurnefndum steini, sunnanvert við Hamraselstóftir, vestur í hyrnuna vestanvert við Hamraskarð og þaðan vestur eftir klettaeggjum þeim, er næst liggja Hömrum, vestur fyrir Æsustíg.
5. Gagnvart Helgavatnslandi ráða klettaeggjarnar og norðurbrún Múlans, alt vestur á Múlaenda, og þaðan beint á hið fyrstnefnda klapparnef við Ørnólfsdalsá. Landinu fylgir hálft vatn og veiðiréttur í Ørnólfsdalsá milli áðurnefndra klapparnefja.
Norðtungu 5/2 1923.
RRunólfsson eigandi Norðtungueignarinnar.
Eysteinn Davíðsson eigandi Höfða
Davíð Þorsteinsson eigandi Arnbjargarlækjar og Guðnabakka.
Margrét Ólafsdóttir eigandi Kvía.
Davíð Ólafsson eigandi að hálfum Grjót
Eiríkur Ólafsson eigandi að hálfum Grjót
Guðmundur Kristjánsson eigandi og ábúandi Sleggjulækjar.
Þinglesið á manntalsþingi að Norðtungu 28/6 1923

G.Björnsson

97.

Lýsing á Landamerkjum.

Fyrir jörðinni Kaðalsstöðum í Stafholtstungum.

Fyrst ræður Landbrotið frá Þverá gagnvart Lundalandi upp að Giltugróf. Þaðan gagnvart Brúarreykjalandi frá Giltugróf sjónhending í vörðu í Kletti merktum L M norðantil við Beinaskarð, og í vörðu á kletti merktum eins á Þiðriksstapa beint í Skiplág við Hvítá, þaðan ræður Hvítá gagnvart Deildartungu og Klettslandi, þó svo að Kaðalsstaðir eiga hólma þann í Hvítá er Selhómi er nefndur norður af Kletts ~~(hólma)~~ hólma og Eyrarhólma vestur af Klettshólma og merki milli Klettshólma og Eyrarhólma er bein lína úr Grjótvörðu á Kálfanesbakka við Reykj[a]dalsá í Baulu, og gagnvart Bæarlandi ræður Reykj[a]dalsá úr fyrrnefndri línu ofan Flókuminni, þaðan gagnvart Langholtslandi ræður lína niður Reykjadalsá með Eyrarhólma í línu þá sem dregin er úr merkjasteini á Svarthöfðanesbakka, merktur L M og beina línu um stein á suðurenda Lambhólma og í grjótvörðu vestanvert á Mið Hörðuhól og eru landamerkin í ánum þar sem þessar línur skerast. Gagnvart Neðraneslandi ræður skurður sem rennur í Hvítá ofanvert við neðsta Hörðuhól uppað norðausturhorni á Hólnum, og þaðan í þúfu á Stórahól, svo ræður klettabrúnin að Kletti neðantil á Kaðals staðaklettum með vörðu og merktum +, þaðan gagnvart Efranesslandi ræður klettabrúnin upp að vörðu á þeim þar sem þeir eru hæðstir fyrir neðan Breiðaskarð, þaðan beina sjónhending í stóran stein á Bugvörðum þaðan bein sjónhending eftir steinum norður Eirarnar í stein sem stendur á Klöpp Efranes meginn við Síkið þaðan ræður síkið það sem það nær, frá síkinu í Þverá sjónhending úr steini á svonefndri Nyrðriklöpp Efranesmegin við síkið, í Grastóarskurð, austantil í Svörtubökkum, gagnvart Bakkakotslandi ræður Þverá frá fyrnefndri sjónhending upp að Kaðalsstaða hólma hann er vestur undan Kaðalsstaðatúninu Bakkakots meginn við ána þaðan ræður gamall farvegur árinnar að vestanverðu við hólmann í ána aptur, þaðan sá partur árinnar sem rennur að vestanverðu við Kastahólma á móts við Landbrotið, aftur (~~fyr~~) sem fyr segir. Kaðalsstaðir eiga alla veiði í nefndum ám samkvæmt lögum að sínu leiti móts við kringum liggjandi jarðir og alt land ítakslaust innan nefndra takmarka.

Kaðalsstöðum 2. febrúar 1923

Jón Ólafsson ábúandi Kaðalstaða.

Ofan nefnd Landamerkjabrjef samþykkja undirritaðir

Guðmundur Ólafsson eigandi og ábúandi Lunda.

Sigurður Þorsteinsson eigandi og ábúandi Brúarreykja

Jón Hannesson (eigandi og ábúandi Deildartungu og umráðamaður Kletts)

Björn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Bæjar

Páll J. Blöndal fyrir hönd Langholts.

Þorbjörn Sigurðsson eigandi og ábúandi Neðraness.

Jóhannes Jónsson ábúandi Efraness.

Kristín Árnadóttir eigandi Bakkakots.

Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

19/2 [1923]
98.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stóru-Fellsöxl.
Að austanverðu: frá Eyðisvatni ræður svonefndur merkjalækur upp að steini merktum L. M. austast á Kumlholti og þaðan beina línu í merktan klett L.M. austarlegar á vestasta ás, þaðan sömu línu í Grafarfjalls brún, svo yfir há-Grafarfjall sem vötnum hallar norður af svo beina línu í merktan stein L M á há Akrafjalli. Að vestanverðu ræður bein lína úr nefndum steini í upptök Brunnár, og Brunná alla leið að Urriðaá við Kotsvað, síðan ræður nefnd á til Eyðisvatns.
Gjört að Stóru-Fellsöxl 27. jan. 1923
Gísli Gíslason (Litla-Lambhaga)
Jón Gíslason (Stóru-Fellsöxl)
Jóhann Símonarson (Litlu-Fellsöxl)
Guðmundur Brynjólfsson (Kúludalsá)
Þorsteinn Narfason (Klofastöðum)
Gunnar Bjarnason (Fellsaxlarkoti)
Runólfur Guðmundsson Gröf
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923

[Innskot á spássíu] Sjá $H^{II}$ 53

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

99.
Landamerkjabrjef fyrir Vatnsenda í Skorradal.

Að austan milli Hvamms og Vatnsenda eru þessi merki: Úr dýi við Vatnið bein lína í Klettaendana og áfram sú sama lína óbrotin þar til vötnum hallar norður af.

Að sunnan ræður Skorradalsvatn.

Að vestan milli Grundar og Vatnsenda ræður fyrst frá Vatninu girðing, vestan til á svo nefndri Helgustekkseyri, uppí gil, sem kallast Merkjagil, út því bein stefna í Smalaklett, en þaðan aftur, austur á við, í vörðu sem stendur þar sem vötnum hallar, suður og norður af, úr þessari vörðu austur Hálsinn svo sem vötnum hallar þar til kemur að merkjum milli H$^{v}$amms og Vatnsenda.

Landamerki fyrir svonefndu Vatnsendaengi sunnan Andakílsár eru þessi:

Að austan ræður skurður, milli Grundarengis og hjer umrædds engis, uppí Sandengiskvísl (Köldukvísl) svo ræður Kvíslin vestur í Kaldá og Kaldá úr því, eða sá farvegur sem hún nú rennur eftir, ofan að Andakílsá sem svo ræður merkjum þar til komið er í beina stefnu við áður umræddan skurð.

Vatnsenda 30. nóv. 1922.
Ólafur Þorsteinsson
Fyrir hönd eiganda Mófellsstaða Sveinbjörn Björnsson
Heggstöðum
Bjarni Pjetursson
Grund
Bjarni Jónsson
Hvammi.
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
100.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hvítárbakki í Andakílshreppi.
Milli Stafholts og Hvítárbakka ræður Hvítá. Milli Þingness og Hvítárbakka: Frá Hvítá ræður Teningslækurinn, að torfvörðu á syðri bakka lækjarins, nálægt upptökum hans, þaðan ræður sjónhending í Teningsrustina, og þaðan í torfvörðu á flóanum, en þaðan sjónhending í Guddustapa. Milli Bæjar og Hvítárbakka: Sjónhending frá Guddustapa í torfvörðu á Græfrahól. Milli Langholts og Hvítárbakka: Frá Græfrahól í Eyjarfarveginn beint á vestur enda Grímsstaðamúla, þar sem hann ber yfir vestanvert Stafholtsfjall. Milli Stafholtseyjar og Hvítárbakka: Farvegurinn ræður þaðan sem hann er dýpstur og alla leið í Hvítá, en þó á Stafholtsey hólman fyrirneðan Farvegsmynnið.
Fyrir hönd h/f „Hvítárbakki”
Guðjón Eiríksson.
Samþykkur vegna Stafholts: Gísli Einarsson.
Samþykkur vegna Þingness: Jón Hjálmsson.
Samþykkur vegna Bæjar: Björn Þorsteinsson.
Samþykkur vegna Langholts: Páll J. Blöndal.
Samþykkur vegna Stafholtseyjar Páll J. Blöndal.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
101.
Landamerkjalýsing.
fyrir Hafþórsstöðum í Norðurárdal.
a. Gagnvart Skarðshamralandi eru merkin úr Merkjalág við Norðurá sjónhending í svo kallaðan Merkjastein við Lægrifossalæk, þaðan sjónhending í eystri enda á Sjónborg þaðan sjónhending í vörðu á há Pokatjarnar hæðum. Þaðan sjónhending í vörðu sem stendur vestanvert í holtinu fyrir framan litla Hróðnýjarvatn. Þaðan sjónhending í vörðu við Sigmundarstaðamerki utanvert við Grjóthálsveginn,
b. gagnvart Sigmundarstaðalandi eru merkin úr áður nefndri vörðu, sjónhending í vestur enda á Hrafnabjörgum svo eftir Hrafnabjörgum, svo sjónhending úr vörðu þeirri sem er norðan til á Hrafnabjörgum í vörðu sem stendur að norðan verðu við Sölkutjörn,
c. gagnvart Lundslandi er sjónhending úr vörðu þeirri sem stendur að norðanverðu við Sölkutjörn í vörðu sem stendur á norður enda á Grenborg.
d. gagnvart Hólslandi ræður sjónhending úr norður enda á Grenborg niður í fossinn í Merkjagili og gilið úr því niður í Norðurá.
f. gagnvart Dýrastaða og Hreimsstaðalandi ræður Norðurá merkjum eins og hún rennur nú.
Jarðareigandi áskilur sér hálft vatn fyrir landi jarðarinnar.
Hafþórsstöðum 20. Janúar 1923.
Ólafur Tómasson eigandi jarðarinnar Hafþórsstaða
Þessa landamerkjalýsingu óskar eigandi á fá undirskrifaða af þeim sem lönd eiga umhverfis Hafþórsstaðaland.
Einar Bjarnason eigandi Skarðshamra.
Jón Þ. Einarsson eigandi og ábúandi Sigmundarstaða.
Gestur Halldórsson eigandi og ábúandi Hóls
eigandi Dýrastaða Klemens Jónsson
eigandi Hreimsstaða Jón Vigfússon.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 27/6 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
102.
Landamerkjalýsing fyrir Skarðshömrum í Norðurárdal
a. Gagnvart, Hafþórsstaðalandi eru merkin úr Merkjalág við Norðurá, sjónhending í svo kallaðan Merkjastein við Lægrifossalæk, þaðan sjónhending í eystri enda á Sjónborg. Þaðan sjónhending í vörðu á há Pokatjarnarhæðum. Þaðan sjónhending í vörðu sem stendur vestan í holtinu fyrir framan litla Hróðnýjarvatn þaðan sjónhending í vörðu við Sigmundarstaðamerki utan vert við Grjóthálsveginn.
b. gagnvart Sigmundarstaðalandi eru merkin úr áður nefndri vörðu sjónhending vestan til í miðju á stóru Hróðnýjarvatni svo eftir vatninu
c. gagnvart Grjótslandi eru merkin eftir vatninu úr vestur útsuður horni á stóra Hróðnýjarvatni út svo kallaða merkjalaut í austur enda á Mjóavatni svo eftir áður nefndu vatni
c. gagnvart Höfðalandi eru merkin áframhaldandi eftir Mjóavatni út í ytri enda þess, svo úr vestur enda á Mjóavatni sjónhending ofan í Hólmavatn svo eftir hólmavatni fram vert við Höfðahólma sjónhending yfir vatnið
e. gagnvart Glitstaðalandi eru merkin áframhaldandi eftir Hólmavatni framan vert við Stórahólma og austan vert í há Einiberjahól þaðan sjónhending í þúfu á hærri brún þaðan sjónhending í Startjörn svo eftir læk sem rennur úr Startjörn ofan á Langásbrún þaðan sjónhending í Steindranga sem stendur við Landamerkjagil sem rennur í Norðurá, svo ofan eftir miðri Norðurá ofan að Kerlingarhólma
f. gagnvart Kerlingarhólma frá Höfða í Þverárhlíð eru merkin eftir merkjasteinum á sandvexti vestur í Kerlingarhólmasýki
g. gagnvart fyrverandi Hafþórsstaðaengjum eftir Haukeyjarsýki
h. gagnvart Hvassafellsengjum eftir Haukeyjarsýki sem er fyrir vestan neðri Haukey norður í enda þess, svo eftir miðri laut Norður í Hesthólmasýki á mótsvið fremri Haukey, svo eftir fremri Haukeyjarsýki fyrir vestan fremri Haukey fram í Brandsteigssýkiskrók svo úr Brandsteigsskýkiskrók eftir djúpri laut svo eins og Girðing ræður sjónhending Norður í farveg sem rennur í Norðurá
i. gagnvart Dalsmynnislandi eru merkin eftir áður nefndum farveg suður í Norðurá svo eftir miðri Norðurá
j. gangvart Klettstíulandi eftir miðri Norðurá
k. gangvart Hreimstaðalandi eftir miðri Norðurá fram á móts við Merkjalág sem áður er nefnd.
Skarðshömrum 1. Desember 1922.
Einar Bjarnason eigandi Skarðshamra.
Þessa Landamerkjalýsingu óskar eigandi að fá undirskrifaða af þeim sem lönd eiga umhverfis Skarðshamraland.
Ólafur Tómasson eigandi Hafþórsstaða
Jón Þ. Einarsson eigandi og ábúandi Sigmundarstaða
Davíð Ólafsson eigandi að hálfum Grjót
Eiríkur Ólafsson eigandi að hálfum Grjót.
Eysteinn Davíðsson eigandi og ábúandi Höfða
Hermann Þórðarson (eigandi Glitstaða)
Jón Vigfússon eigandi Dalsmynnis og Hreimstaða
Klemenz Baldvinsson (eigandi Hvassafells)
Þorsteinn Klemensson eigandi Tungengis
(~~Jóhannes Jón~~) fyr verandi Hafþórstaðaengis
Jóhannes Jónsson eigandi Klettstíu
Þinglesið á manntalsþingi að Hvammi 27/6 1923
G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
103.
Landamerkjalýsing.
Fyrir Landspildu er ég undirritaður keypti af Litlaskarðslandi 9. janúar 1918. af þáverandi eiganda Benjamín Ingimagnssyni.
Að sunnan: frá vörðu austanvert við Sjónarhólskeldu, á ásnum þar sem landamerki Laxfoss og Litlaskarðs eru, síðan eftir háásnum niður á milli tjarna beina sjónhending ofan Breiðaás í vörðu er stendur vestantil á háásnum; og sjónhending niður á móts við norðvesturhorn á Lambavatni. Að vestan ræður sjónhenda úr vörðunni á Lambavatnstanga eftir gras-laut neðan við brekkurnar, í vörðu neðanvert við Kerlingarás, og þaðan sjónhending í krossmerktan stein, á barði austnorðan við læk er rennur með Stapasels-Stapa.
Að norðan ræður sjónhenda frá steininum á sunnanverðan Þrætuásen[d]a og þaðan eftir Merkjakeldu, móts við norðari Helluásenda og sjónhendu úr ásendanum í vörðu á Sjónarhól og þaðan í vörðuna austanvert við Sjónarhólskeldu, sem fyrst er nefnd. Þessi landamerki óskast undirskrifuð af þeim sem lönd eiga að nefndri landareign.
Jafnaskarði 15. desember 1922.
Guðbjarni Guðmundsson eigandi.
Litla-Skarð Jón Á. Gunnlaugsson, eigandi
Grafarkot Magnús Guðjónsson eigandi
Múlakot Ingólfur Sveinsson eigandi.
Sem eigandi Stapasels er jeg undirritaður samþykkur framanrituðum landamerkjum og til skýringa skal það tekið fram, að þar sem brjefi þessi og landamerkjabrjefum Litlaskarðs og Stapasels ber ekki saman, þá gildir brjef þetta, en eldri ákvæði eru burtu fallin.
Stapaseli 12. Febr. 1923.
Guðjón Eyjólfsson.
Þinglesið á manntalsþingi að Hlöðutúni 26/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

8/3 [1923]
104.
Landamerki jarðarinnar Klafastaða í Skilmannahrepp.
I. milli Klafastaða og Katanes er varða hlaðinn á klöpp sem merkt~~ur~~ er L.M. og er niður við fjörðinn austan við svo nemdan merkjalæk þaðan bein stefna norður í Eiðisvatn og lyggja um austanvert svo nefnd Torfristuhol[holt] (sic) því varða hlaðin og steinn hjá henni merktur L.M. og út í Eiðisvatn eftir sömu línu þar til að Galtarhols (sic) landi kemur merkjum þessum samþykkur ábúandi og eigandi jarðarinnar Katanes. Jón Ólafsson
II. milli Stórufjallsaxlar og Klafastað er lækur svo nefndur markalækur frá Eiðisvatni uppað svo nefndu Kumlholti þar steinn í því að austanverðu merktur L.M. þaðan bein stefna í svo nefndan vestasta Ás þar merktan stein L.M. (sem næst ~~(sic)~~ miðjum Ásnum) þaðan bein stefna í þar hæðsta Grafarfjallsbrún.
Jón Gíslason Stóru-Fellsöxl.
III. milli Klafastaða og innri Galtarvíkur er svo nefndur Klafasteinn ytri sem er rétt við sjó (á steininum er grasi vaxin þúfa) þaðan bein stefna í merktan stein L.M. sem er austanverðu svonefndu Sjónarholti þaðan er sama stefna uppí Fellsaxlar landamerkja línu.
Klafastöðum 2. jan 1923.
Þorsteinn Narfason.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

105.

Landamerki fyrir jörðinni Álftárós í Álftaneshreppi endurnýjað og samþykt 1922.

1. Milli Álftárbakka og Álftáróss, liggja merkin eftir Álftárbakkalæk frá Álftá að Stórasynganda.

2. Milli Þverholta og Álftáróss, úr Stórasynganda yfir Arnbjörgu og Litla-Svartbakshól í torfvörðu norðanvert við Svartbaksvatn.

3. Milli Krossness og Álftáróss, úr nefndri torfvörðu í torfvörðu neðan við Svartbaksvatn, þaðan bein lína í Þvertjörn þar sem Þverlækur rennur úr tjörninni, þaðan ræður Þverlækur þar til hann fellur í Krossneslæk og eftir það Krossneslækur í sjó fram.

4. Milli Hofstaða og Álftáróss, Litlastekksvík ~~(sic)~~ frá mynni Krossneslækjar fram í Strauma.

5. Milli Knarrarnes og Álftáróss ráða Straumar norðan Vörðunes og Hóley, en sunnan Álftáróshólma fram fyrir Álftárósstöng ~~(sic)~~, þaðan liggja merkin vestur Geldingareyjarsund framan Linghólma og vestur í Eyjaál vestan og fram við Selabandsker (Selabanasker er vestan og framan Eiríkshólma)

6. Milli Hamarenda og Álftáróss ræður Eyjaáll inn fyrir Enghólma þaðan úr Eyjaál inna Enghólm og Langhólma og í Álftárál á móts við fremri Fitjanestá, úr því liggja merkin eftir álnum að mynni Álftár og svo eftir ánni inn á móts við Tröllhamar.

7. Milli Hindarstapa og Ánastaða annarsvegar og Álftáróss hinsvegar ræður Álftá frá Tröllhamri að mynni Álftárbakkalækjar.

Samþykkir framanrituðu:
Eiríkur Eiríksson eigandi Álftárbakka.
Guðmundur Eiríksson eigandi Þverholta
Jón Samúelsson eigandi að Hofsstöðum ½
Bjarni Ásgeirsson eigandi að Knarrarnesi
Valtýr Bjarnason eigandi að Hamrendum.
Guðmundur Jónsson eigandi að Hindarstapa
Sigurður Jónsson eigandi Hofstöðum ½ og Ánastöðum.
Sigurjón Erlendsson eigandi Álftárósi.
Þinglesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 14/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
106.
Landamerki fyrir jörðinni Stóra-Kálfalæk í Hraunhreppi.
1. Móti Skíðsholtum: Bein lína úr vörðu á Jónsás um stein á smástapa, norðan Litlalækjarbotna, í Litlalæk; þaðan ræður aðalrensli lækjarins að torfvörðu norðast í Þrætuhólmann, þá bein lína úr henni í aðra torfvörðu við Kálfslæk; þaðan ræður lækurinn í vík norðvestan við klukku. Úr torfvörðu með steini í toppinn, neðan vikið, ræður sjónhending sunnanvert við Landamerkjaholt í Standbergsklett í suðurenda Hrossastapa; þaðan sjónhending í vörðu á Draugsholti; þaðan bein lína í vörðu á Deildarstapa.
2. Móti Økrum: Úr Deildarstapa sjónhending í hæðstu þúfu í Rjúpnahól, þaðan bein lína um klöpp neðanvert við neðsta (Kálfalækjar-) hólmann í torfvörðu á norðvesturbakka Miðvatns og þaðan í Kálfalæk bein lína um vörðu á Landamerkjaholti.
3. Móti Einholtum: Úr fyrstnefndri vörðu á Jónsás sjónhending um vörðu norðantil á Rörsás í háa þúfu með stórum steini í á Dreysholtum og þaðan bein lína í Norðlæk um vörðu á Miðaftansrúst skamt frá læknum.
4. Móti Skiphyl og Litla-Kálfalæk: Frá síðastnefndum línuenda ræður Norðlækur á Kálfalæk og þaðan Kálfalækur að merkjalínunni um landamerkjaholt, sem áður er getið.

Landamerki þessi eru endurnýjuð og endursamin í desembermánuði 1922 og samþykt af undirrituðum.

Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta
H. Jakobsson bóndi á Økrum
Helgi Ásgeirsson eigandi að hálfum Økrum
Eggert Magnússon ábúandi á Einholtum
Magnús Sigurðsson eigandi og ábúandi Kálfalækjar
Jón Jónsson ábúandi á Skiphyl.
Jón Oddsson (Fyrir eigandur [svo] Stóra-Kálfalækjar)
Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
107.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Úlfsstöðum í Hálsahreppi.
Á milli Hofstaða og Úlfsstaða eru merkin úr Belgisteini beina stefnu í Trútstaði sem einu sinni hefði verið býli á milli Úlfstaða og Hofstaða, og þaðan beina stefnu á Rauðsgil, þar sem það rennur í Reykjadalsá, og síðan ræður Reykjadalsá að vestan eru merkin milli Breiðabólsstaðar og Úlfsstaða frá Reykjadalsá austanvert við gamlar rjettir þvert yfir móann og Úlfsstaðasýkið í syðri enda garðlags þess sem er í mýrinni fyrir norðan sýkið, þá ræður garðlagið, en úr eftir enda garðlagsins upp í steinn þann sem stendur á holtinu og sjónhending úr honum í Breiðavatn, og yfir vatnið þvert norður í landbrotið sem einnig heitir Rauðilækur, þá ráða austurdrög Rauðalækjar eftir uppsettum merkjum í vörðu sem er hornmark á milli Breiðabólsstaða og Norðurreykja, og þaðan eftir landbrotinu þar til bein stefna er úr landbrotinu þvert yfir vestasta þríhólinn sem er fyrir vestan Hólakot í stein þann sem að fyrst er nefndur og heitir Belgisteinn.
Úlfsstöðum 3. des. 1922
Jón Þorsteinsson
Merkjalýsingu þessa samþykkja
Eigandi Breiðabólsstaðar Ingólfur Guðmundsson
Eigandi Norðurreykja: Þorvaldur Stefánsson
Fyrir Signýjarstaði J.G. Eliesersson
Páll Þorsteinsson, ábúandi Steindórsstaða.
Geir Pjetursson Vilmundarstöðum.
Guðm. Eyjólfsson eigandi Hofsstaða.
Þinglesið á manntalsþingi að Stóra-Ási 29/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

108.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hrafnabjörgum í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. Milli Hrafnabjarga og Bjarteyjarsands. Úr hæðsta klettinum á sjálfskvíum sem er sker niður í fjöru beina línu í Setseljubyrgi sem er syðst á Hrafnabjörgunum, svo eftir uppsetum vörðum norður Björgin norður á Bergshala. Þá úr vörðu sem er við Bergshalann í miðsteininn sem er á mel fyrir vestan svonefndan Bullumel. Þá bein lína úr miðsteini í vörðu sem er á holti fyrir ofan Heljarkinn. Þaðan eftir uppsettum grjótvörðum fyrir vestan Álftaskarðsþúfu alla leið norður í Kúvallará og verður þá stefnan frá norðustu vörðunni í vikið sem er fyrir austan Grjótnesið sem er norðanvert við Glammastaðavatn.

2. Milli Þórisstaða og Hrafnabjarga ræður Kúvallará ofan að svonefndu Fossgili sem kemur ofanúr Þúfufjallinu.

3. Milli Hrafnabjarga og Ferstiklu: Úr fyrrnefndu Fossgili þar sem það kemur í Kúvallará bein lína að upptökum Hrafnagils. Síðan ræður Hrafnagil alla leið í sjó fram.

Gjört að Geitabergi 20. nóv. 1922.

Bjarni Bjarnason umboðsmaður Hrafnabjarga.

Ólafur Magnússon eigandi Þórisstaða.

Einar Jónsson umboðsmaður Ferstiklu.

Jónas Jóhannesson bóndi Bjarteyjarsandi

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
109.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Bjarteyjarsandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi.
1. Milli Bjarteyjarsands og Hrafnabjarga.
Úr hæsta klettinum á sjálfkvíum sem er sker niður í fjöru beina línu á Sesseljubyrgi sem er syðst á Hrafnabjörgunum svo eftir uppsettum vörðum norður Björgin norður á Bergshalann. Þá úr vörðu sem er við Bergshalann í miðsteininn sem er á mel fyrir vestan svonefndan Bullumel. Þá beina línu úr miðsteini í vörðu sem er á holti fyrir ofan Heljarkin (sic) Þaðan eftir uppsettum grjótvörðum fyrir vestan Álftaskarðs þúfu alla leið norður í Kúvallará og verður þá stefnan frá norðustu vörðunni í vikið sem er fyrir austan Grjótnesið sem er norðanvert við Glammastaðavatn.
2. Svo ræður Kúvallará að norðan í læk fyrir framan þúfutagl úr honum sjónhending suður í upptök áarinnar er rennur milli Bjarteyjarsands og Brekku ofan ána að vörðu austan við ána úr henni ofan eyrarnar eftir vörðum beint til sjávar.
Bjarteyjarsandi 26/12 1922
Fyrir hönd Ekknasjóðs drukknaðra manna í Borgarfjarðarsýslu
Jónas Jóhannesson bóndi Bjarteyjarsandi
Ólafur Magnúsosn, Þórisstöðum
Bjarni Bjarnason umboðsmaður Hrafnabjarga
Magnús Gíslason, Brekku.
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
110.
Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Glammastöðum í Hvalfjarðarstrandarhreppi.
1. Að vestan: milli Kambshóls og Glammastaða ræður Glammastaða á alla leið frá Selós og á fjall upp, þar til vötnum hallar norður af Skarðsheiði og tekur þá við Indriðastaða og Litlu-Drageyrar land.
2. Eftir Skarðsheiðinni ræður Vatnahalli.
3. Milli Dragháls og Glammastaða ræður bein lína undan merkjum milli Dragháls og Geitabergs, alla leið frá hornmerkjum nefndra jarða sem er á Hlíðarbrúnunum, alla leið á fjall upp.
4. Milli Geitabergs og Glámustaða. Úr vörðu sem er hornmerki milli Glammastaða, Dragháls og Geitabergs út Hlíðarbrúnirnar þar sem þær eru hæðstar alla leið í vörðu sem stendur á holti sem er fyrir ofan smá sund fyrir ofan Seldalslækinn. Síðan ræður Seldalslækurinn, sem þá heitir Merkjalækur merkjum úr því þar til hann fer að renna ofan mýrina og eru þá eptir mýrinni ýmist torfvörður eða skurðir sem ráða merkjum að grjóthrúgu á Guttormsholti. Úr þeirri grjóthrúgu bein stefna í torfvörðu í Þórisstaðanesi alla leið ofan í Þverá.
5. Milli Þórisstaða og Glammastaða ræður Þveráin ofan í Glammastaðavatn og tilheyrir þá Glammastöðum helmingur vatnsins úr því, alla leið ofan að Selós.
6. Milli Saurbæjar og Glammastaða ræður Selósinn merkjum.
Gjört að Geitabergi 20. nóv. 1922.
Bjarni Bjarnason eigandi Geitabergs.
Ólafur Magnússon eigandi Þórisstaða
Einar Thorlacíus, umráðamaður Kambshóls og Saurbæjar.
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
8/3 [1923]
111.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Márssstaðir í Innri Akraneshrepp
Skurður er grafinn frá austri til vesturs fyrir neðan Uxholtsenda og er hann merki á milli Márssstaða og Innra-Hólms. Úr þeim skurði að austanverðu liggur skurður í sjó fram, sem er merki milli Márssstaða og Gerðis. Úr fyrrnefndum landamerkjaskurði Márssstaða og Innra-Hólms, að vestanverðu, liggur skurður í sjó fram, sá skurður er merki milli Márstaða og Skálatanga.
Bræðraparti 29./12. 1922.
Eigandi og umboðsmaður Márssstaða Jón Gunnlaugsson
Eigandi Innra-Hólms Páll Guðmundsson
Eigandi Skálatanga Finnbogi Sigurðsson
Eigandi Gerðis Bjarni Jónsson
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
8/3 [1923]
112.
Landamerki fyrir jörðinni Gerði í Innri-Akraneshreppi yfirskoðuð af hlutaðeigendum, og eru merki og örnefni sem hjer segir.

Að austan milli Gerðis og Innnra-Hólms. Lækur rennur ofan í sjó, sem nefndur er Dalsakka og er stunginn skurður uppeftir þeim læk, upp í Þverskurð sem liggur til vesturs, og stefnir fyrir neðan Øxnsholtsenda.

Að vestan milli Márstaða og Gerðis: Stunginn skurður liggur frá sjó, yfir jarðfastan stein í mýrinni og beint í þverskurð sem ræður merkjum milli Gerðis og Innra Hólms.

Landamerki þessi eru samþykt af öllum hlutaðeigendum.

Gerði 29/12 1922
Eigandi Gerðis Bjarni Jónsson
Eigandi Innra-Hólms Páll Guðmundsson
Eigandi og umboðsmaður Márstaða Jón Gunnlaugsson
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

8/3 [1923]
113.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Innra-Hólm í Innri-Akraneshreppi, yfirskoðuð af öllum viðkomandi.

Uppá Akrafjall við Berjadalsá er stór steinn merktur I.M. Þaðan sjónhending yfir suðurbrún á Akrafjalli á austurenda Rauðagarðs, sem er fyrir ofan miðja kletta. Þaðan beina línu til sjávar í stóran stein merktan IM er stendur við sjó fram í svo nefndum Merkjatanga, milli Kúludalsár að vestan , og Innra-Hóms að austan, ræður lína þessi merkjum ofannefndra jarða. Að vestan milli Innra-Hólms og Gerðis og Másstaða. Lækur rennur ofan í sjó sem nefndur er Dalsakka og er stunginn skurður uppeftir þeim læk, uppí þverskurð sem liggur til vesturs fyrir neðan Øxnsholtsenda.

Milli Innra-Hólms og Reynis.

Úr neðri enda Øxnholts uppeftir vesturbrún á Øxnholti bein til fjalls í klettafesti sem nefndur er Rauðhamar í Akrafjalli og upp af brún sem vötnum hallar í Berjadalsá, og ræður áin merkjum á fjallinu.

Ritað 27/12 1922
Eigandi og ábúandi Innra-Hólms, Páll Guðmundsson
Eigandi og umboðsm. Márstaða Jón Gunnlaugsson
Eigandi Gerðis Bjarni Jónsson
Eigandi Kúludalsár Guðmundur Brynjólfsson
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

8/3 [1923]
114.
Landamerki milli Reynis (eystri og vestri) og Innrahólms.
1. Milli Reynis og Innrahólms:
Úr Rauðhamri beina línu ofan í og eftir Öxnholti í vörðu neðst á holtinu.
Gjört 20. júní 1922
Einar Thorlacius (umráðamaður Reynis)
Páll Guðmundsson Innra Hólmi
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
8/3 [1923]
115.
Landamerki milli Óss og Ytrahólms.
Úr Merkisásnum ræður girðing upp í klettasnösina innanvert við Göngukonuskarð, þaðan sömu stefnu í gjall upp að Berjadalsá.
10. febr. 1923
Pjetur Ottesen vegna Ytrahólms
Björn Lárusson eigandi Óss
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

8/3 [1923]
116.
Landamerkjabrjef fyrir Kúludalsá í Innri-Akraneshreppi Borgarfjarðarsýslu.

Eru landamerki og örnefni tjeðra jarða sem hjer segir:

1. Milli Kúludalsár og Innrahólms:
Úr stórum steini merktun L.M við Berjadalsá uppi í Akrafjall sjónhending suður yfir brún á Akrafjalli í eystri enda Rauðagerðis, [innskot á spássíu] garðs sem er fyrir ofan miðja Kletta, þaðan bein lína til sjávar í stóran stein merktan LM, er stendur við sjó framm í svonefndum merkjatanga.

2. Milli Kúludalsár og Grafar:
Lágustaðagil ræður merkjum frá sjó upp að svonefndu Illagili, er svo ræður merkjum upp á fjallsbrún og þaðan bein lína að Stórufells-axlarlandi.

3. Milli Kúludalsár og Stóru-Fellsaxlar:
Frá Grafarlandi ræður vatnahalli merkjum norður eftir fjallinu í stein merktan L M, sem er hornmark.

4. Milli Kúludalsár og Litlu-Fellsaxlar:
Úr síðastnefndum steini ræður sjónhending vestur fjallið í Norðurgil.

Gjört að Kúlu~~gilsá~~dalsá 28. desbr. 1922.
Eigandi Kúludalsár Guðmundur Brynjólfsson
Eigandi og ábúandi Innra hólms Páll Guðmundsson
Eigandi og ábúandi Litlu-Fellsaxlar, Jóhann Símonarson
Eigandi og ábúandi Stóru-Fellsaxlar Jón Gíslason
Eigandi og ábúandi Grafar Runólfur Guðmundsson
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

117.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Eystra Miðfelli á Hvalfjarðarströnd eru þessi. Á milli Eystra- og Vestra-Miðfells ræður fyrst hornmark á Miðfellsmúla upphlaðna vörðu ofanvert við svokallaðan markahrygg, þaðan ofan hrygginn í vörður ofan mýrina í vörðu vestast á Eystra-Miðfellsmel, hornmark þá tekur Galtarholtsland við og úr þeirri vörðu ræður bein stefna ofan í torfvörðu á litlum mel fast við lækinn úr þeirri vörður ræður bein sjónhending í vörðu austarlega á Bjarnarholti og þaðan í eystrijaðar Kíltjarnar á henni miðri (og þá tekur Katanesland við) til land-norðurs að Hólmavatni í upphlaðna vörðu á bakkanum, þá beina sjónhending austur yfir vatnið móts við neðri enda jarðfallsins sem merkjalækur rennur á milli Kalastaðakots og Eystra Miðfells. Þaðan ræður bein stefna uppí svokallaða Grænurúst ~~neðan~~ vestan vert við melana, úr þeirri rúst sjónhending í svokallaðan Furumannastein, og þaðan bein lína uppi svokallaðan Drang og þaðan norður þar til vötnum hallar svo ræður varnahalli vestur eftir hálsinum milli Hurðarbaks og Miðfells í áður nefnda vörðu ofantil á merkjahrygg.

Gjört að Eystra-Miðfelli.

28. október 1922

Jósep Jósepsson, ábúandi

Guðbr. Thorlacius, Kalastaðakoti

fyrir Katanes, Jón Ólafsson

Guðmundur Þórðarson ábúandi Galtarholti

Jónas Sveinsson, Vestra-Miðfelli.

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/4 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
118.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Þyrill í Hvalfjarðarstrandarhreppi.
Að vestanverðu milli Þyrils og Litlasands ber Geirshómi í Hvítanesleyti á fjöruborði. Svo ræður Bláskeggsá merkjum austur að Þvergili, og Þvergil upp í Stóra-Þvergilsfoss, sem er hornmark milli Þyrils og Litlasands. Úr Stóra-Þvergilsfossi austur heiðina í vörðu sem er norður af Brunnártjörn. Varðan er hornmark milli Þyrils og Litlabotns, en Bakkakot í Skorradal á land á móti Þyrli að norðanverðu. Úr síðartöldu hornmarki í Brunnártjörn. Svo ræður Brunná merkjum milli Þyrils og Litlabotns, þar til hún fellur í Stórabotnsá. En á förunni eru merkin á miðjan vog til sjávar.
Þyrli 24. júní 1922.
Helgi Jónsson
Þorbjörn Jóhannsson, Bakkakoti
Þorkell Pjetursson, Litlabotni
Benteinn Einarsson, Grafardal
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

119.
Landamerkjabrjef fyrir Hólslandi í Svínadal í Borgarfjarðarsýslu

Byrjar á klöpp við Laxá á milli Hóls og Tungu merkt L.M. Þaðan sjónhending upp holtin í tvær vörður á melhrygg, (Svartahrygg) og þaðan beina leið í svokallaðan Hamar, síðan á móti Hlíðarfótslandi frá áður nefndum hamri sjónhending í vörðu við Laxá, svo ofan miðja á að fyrrnefndri klöpp.
Hóli 2. nóvember 1922.
Búi Þorsteinsson
(jarðareigandinn)
Jón Bjarnason, Hlíðarfæti
Fyrir hönd jarðareigandans á Tungu Árni Helgason
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923

G.Björnsson

120.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Efraskarði í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Byrjar við neðri Byrgislækjarenda móts við Steinsholtsland, svo á móts við Neðraskarðsland sem lækurinn ræður uppi krókinn, svo í hlaðna torfvörðu á hæð á flóanum þaðan sjónhending uppi Hallagil svo ræður gilið upp í Rauðahnúk móts við Leirárland, svo kemur hornmark á Skessuhornsenda. Þaðan austur brúnir ofan Skarðsdal að gili djúpu er rennur þvert ofan Tungukamb í Efraskarðsá, ræður svo áin, þar sem hún rennur nú, merkjum milli Efraskarðs og Tungu ofan í Laxá.

Efraskarði 30. okt. 1922

Sigríður Ásbjörnsdóttir

Helgi Einarsson

Þjóðbjörn Bjarnason bóndi á Neðraskarði

Snorri Ingimundarson, Steinsholti

Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
121.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hlíðarfæti í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Borgarfjarðarsýslu: Milli Hóls og Hlíðarfætis varða við Laxá vestanvert við svokallað Stóranes, svo sjónhendingu þar sem hamarinn ber í Kambshornið, svo norður kambinn eins og vötnum hallar; frá áðurnefndri vörðu við Laxá fram Laxá miðja, að Tumakvísl, eins og hún rennur; (utanvert) þá ráða Hnausabakkar, þá Súlá í Þverfjallshorn, og norður fjallið norðurá brún.
Hlíðarfæti 29. október 1922.
Jónas Björnsson
(eigandi jarðarinnar)
Ólafur Ólafsson á Eyri
Búi Þorsteinsson Hóli
Þinglesið á manntalsþingi að Saurbæ 4/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

9/3 [1923]
122.
Landamerkjabrjef Galtarholts í Skilmannahreppi.

Milli Eystra-Miðfells og Galtarholts ræður upphlaðinn Torfvarða vestast á Eystra-Miðfellsmel og úr þeirri vörðu sjónhenda ofan í Torfvörðu á litlum mel fast við lækinn, úr þeirri vörðu ræður bein stefna suður yfir flóann í upphlaðna torfvörðu með viðar kolum undir austarlega á Bjarnarholti, úr þeirri vörðu beina stefnu í eystri endann á Kríltjörn (hornmark).

Milli Katanes og Galtarholts er bein stefna úr vatnsviki því, sem næst er að sunnanverðu við svo nefnt Stekkjarholt við Eiðisvatn til landnorðurs að sjá í miðja Krílstjörn eða vörðu, sem hlaðin er á tjarnar-bakkanum.

Milli Vestara Miðfells og Galtarholts ræður fyrrnefnd varða, á Eystra Miðfellsmel, úr henni ræður sjónhending í vestur eftir uppsettum merkjum í stein, sem stendur á efri enda Galtarholtsmels, og svo bein sjónhending áfram vestur í tungulæk eystri, – síðan ræður sjónhending ofan í tungusporð, eptir upphlöðnum vörðum með (sic)

Milli Stóra og Litla Lambhaga og Galtarholts ræður lækur sá, sem nefndur er Galtarholtslækur.

Galtarholti 7. júlí 1922. –

Þessu samþykkir
Guðmundur Þórðarson, bóndi á Galtarholti
Jósep Jósepsson bóndi á Eystra Miðfelli
Arnfinnur Björnsson bóndi á Vestra-Miðfelli.
Merkjum þessum samþykkur ábúandi og eigandi jarðarinnar Katanes Jón Ólafsson
Gísli Gíslason, (Litla-Lambhaga)
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
9/3 [1923]
123.
Landamerki milli jarðanna Grafar og Ytri-Galtavíkur, í Skilmannahreppi eru
Jarðfastur steinn við sjóinn, merktur L M. þaðan beina stefnu í stóran stein, merktan L M., sem stendur á Ytri-Bölt uppi í fjallsrótum. Þaðan sömu stefnu á háfjallabrún, þar til vötnum hallar.
Ritað í Reykjavík 22. júní 1922
fyrir hönd eiganda, Ytri-Galtavíkur
Ólafur J. Hvanndal
Samþykk ofanritaðri landamerkjalýsingu sem eigandi að hálfri Ytri-Galtavík
Guðrún Jóhannesdóttir
Landamerki milli Grafar og Kúlu.
Eftir gili því er kallast Grafargil [innskot á spássíu] Lágastaðagil ræður það merkjum frá sjó og upp að Illagili og ræður Illagil merkjum úr því upp á fjallsbrún og svo norður og austur eftir Grafardalsbrúnunum.
Gröf 2. jan. 1923.
Eigandi og ábúandi Grafar Runólfur Guðmundsson
Eigandi og ábúandi Kúludalsár: Guðmundur Brynjólfsson
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923.

G.Björnsson

124.

Landamerkjaskrá fyrir Árdal í Andakílshreppi.

Samkvæmt lögum um landamerki frá 28. nóv. 1919, eru landamerki Árdals í Andakílshreppi og Borgarfjarðarsýslu, sem hjer segir.

1. Milli Árdals og Grjóteyrar eru landamerki við Andakílsá þar Árdalsá kemur í hana og svo eftir hinni síðastnefndu upp að gili því er úr Sámsdal kemur, og eftir því í Fálkaklett, þaðan eftir Skálabrúnum að tjarnarenda þeim í Rauðahnjukafjalli þar Skálagil hefir upptök sín, og svo frá fyrrnefndum tjarnarenda í Svartalind.

2. Milli Árdals og Hrepps eru merkin úr Svartatind beina línu í Sjónarhól.

3. Milli Árdals og Ytri-Skeljabrekku eru merki úr Sjónarhól beina línu í Vörðuhól, sem liggur í beinni línu, sjeð frá Sjónarhól í Heggstaðaholtinu. Svo úr Vörðuhól í hæsta og syðsta Brekkufjallshnjúk og þaðan beina línu í Stríp, er liggur næst fyrir norðan Bolaklett, og svo þaðan beina línu yfir Rauðalækjartungu í torfvörðu, niður við leirstokk þann við Andakílsá hvar Baulu ber yfir syðsta og hæðsta Kistuhól, syðst í hinu forna túnstæði Kistukots, norðan við Andakílsá. Þvermið á nefndri torfvörðu er fremsti kletturinn af kistuhöfða, yfir norður enda Krosshóls á Ásdalsengi.

4. Milli Árdals og Hvanneyrar ræður Andakílsá frá fyrrnendum leirstokk þar hann kemur í Andakílsá til Árdalsárósa.

Árdal 20. des. 1922.

Samþykkur vegna Árdals Sigurður Þórðarson
Samþykkur vegna Grjóteyri Hjörtur Hansson
Samþykkur vegna Neðri – Hrepps Guðrún Þorsteinsdóttir
Samþykkur vegna Efra – Hrepps Jóhann Þórðarson
Samþykkur vegna Ytri – Skeljabrekku Guðmundur Jónsson
Samþykkur vegna Hvanneyri Halldór Vilhjálmsson

Aths. þótt ágreiningur sje með okkur eigendum Efra- og Neðra-Hrepps, um hvor Hreppurinn eigi land það á móti Árdal er um er rætt í brjefi þessu, erum við samþykkir merkjum hvað Árdal snertir, hvor okkar sem landið hlýtur.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

125.
Landamerkjabrjef yfir Indriðastöðum í Skorradalshreppi.

Að austanverðu ræður bein stefna úr Skorradalsvatni í vörðu sem er á Þrætueyrinni, og þaðan eftir sömu línu upp í miðgljúfrin, í gili því hinu stóra, sem er skamt fyrir utan Litlu-Drageyri og svo sem vötnum hallar, út eftir Skarðsheiðarbrún þar til kemur á móts við upptök Kaldár, sem þaðan af ræður merkjum ofan í hin neðstu gljúfur og úr þeim bein lína í gegnum torfvörðu sem stendur á barðinu ofanvert við Silungapoll og [í] ~~úr~~ pollinn. ~~um~~ Úr því er nú er talið ræður Andakílsá og Skorradalsvatn.

Indriðastöðum 24. nóv. 1922.
Pjetur Ottesen
(Fyrir hönd eiganda Indriðastaða og Litlu-Drageyrar)
Bjarni Pjetursson, Grund
Fyrir hönd eiganda Mófellsstaða
Sveinbjörn Björnsson
Heggstöðum
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
126.
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Litlu-Drageyri í Skorradalshreppi.

Á milli Litlu-Drageyrar og Stóru-Drageyrar ráða merkjum Dragaá – eða sá farvegur er hún nú hefur – neðan frá vatni, þangað til Villingadalsá fellur í hana sem er rjett fyrir neðan Kulingafoss þá ræður Villingadalsá alla leið upp á Skarðsheiði þangað til vötnum hallar suður af. Þaðan ræður svo bein lína norður á hina austustu og efstu drög til Drageyrargils, austast í svonefndum Hádegisdal, þá ræður nefnt gil merkjum milli Litlu-Drageyrar og Indriðastaða niður í hin neðstu gljúfur þess, þá bein lína í gegnum grjótvörðu á miðri Þrætueyri í aðra vörðu niður við vatnið, frá þeirri vörðu bein lína norður á mitt vatnið, þá aftur bein lína fram eftir því miðju, þar til kemur móts við Dragaá, þar sem hún fellur útí vatnið.

Litlu-Drageyri 23. jan. 1923.
Guðm. Guðmundsson (Fyrir hönd eigenda Litlu-Drageyrar og Indriðastaða)
Samþykkur vegna Stóru-Drageyrar
Halldór Vilhjálmsson
Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

127.

Landamerkjabrjef fyrir Stóru-Drageyri í Skorradal. Að austanverður frá Skorradalsvatni ræður gil, sem kallað er Þófagil, merkjum milli Svanga og Stóru-Drageyrar uppí svokallaða Þófadalstjörn.

Að sunnan ræður merkjum, milli Dragháls og Stóru-Drageyrar lækur er fellur vestur í Þófadalstjörn og kallast, Rauðilækur. Úr læk þessum ræður bein sjónhending merkjum upp og vestur mitt Dragafell í stóra greinilega vörðu austan til á háfellinu. Frá vörðu þessari ræður sjónhending [aftur] merkjum um svokallaða Merkjaþúfu, sem er hlaðin torfvarða hjá þjóðveginum á Geldingadraga. Þaðan áfram beina línu í neðstafoss á gili, sem fellur úr Skarðsheiði að norðaustan og kallað er Þvergil, þaðan í suðvestur, á fjall upp er vötnum hallar til beggja hliða.

Að vestanverðu ræður merkjum, milli Litlu-Drageyrar og Stóru-Drageyrar, Villingadalsá og Dragaá ofan af háfjalli og alla leið niður í Skorradalsvatn, sem að norðan ræður merkjum eftir miðjunni inn á móts við Þófagilseyri, þar sem Þófagil fellur í vatnið.

Stóru-Drageyri 17. des. 1922.

Halldór Vilhjálmsson

Að framanrituð landamerkjabrjef sje rjett, samkvæmt þeim landamerkjum sem nú eru og hafa verið, votta undirritaðir ábúendur kringumliggjandi jarða.

Sama ár og dag sem að framan greinir.

Guðmundur Jónsson Litlu-Drageyri

Jón Pjetursson Draghálsi

Þórður Runólfsson Svanga

Teitur Erlendsson, Stóru-Drageyri.

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

128.

Landamerkjabrjef fyrir Grundarlandi í Skorradalshreppi.

Á milli Grundar og Vatnsenda ræður girðing frá Skorradalsvatni í Merkjagil og úr gilinu í Smalaklett [og úr Smalaklett] beint í vörðu, sem er upp á hálsinum, þar sem vötnum hallar suður af og norður af, og svo frá þeirri vörðu á milli Grundar og Máfahlíðar vestur eftir hálsinum eftir því sem vötnum hallar vestur á Sandhól ~~(sic)~~ norðanverðan, og úr Sandhól beint á Kýrmúla enda að norðanverðu, og á milli Grundar og Hálsa ræður bein stefna úr Kýrmúlaenda og í vörðu, sem er á há Kýrmúla og þaðan í vörðu, sem hlaðin er úr grjóti og torfi rjett við Andakílsá.

Fyrir svonefndu Grundarengi sunnan Andakílsár eru landamerki að austanverðu, úr Silungapolli í gegnum torfvörðu sem stendur á barðinu ofanvert við pollinn og þaðan bein lína neðst í Kaldárgljúfur. Að sunnan ræður Sandeyriskvísl (Kaldakvísl) vestur að skurð, sem svo ræður mörkum milli Vatnsenda og Grundarengis niður að Andakílsá.

Grund 24. nóv. 1922.

Bjarni Pjetursson

Pjetur Ottesen (fyrir hönd eigenda Indriðastaða)

Runólfur Arason, Hálsum

Ólafur Þorsteinsson, Vatnsenda

Þinglesið á manntalsþingi að Grund 3/7 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

9/3 [1923]
129.

Anno 1835, þann 11ta Juní riðum við undirskrifaðir, Jeg sýslumaður Stephán Gunnlögsen, forn eignarmaður Kross á Akranesi, og jeg prófastur Hannes Stephensen; forn eignarmaður Ytrahólms í sama hreppi á landamerki tjeðra jarða og fundum við eftir kunngra skilríkra manna tilsögn þessi landamerki að vera þau rjettustu:

Frá sjó upp í hliðsholt ræður garðlag það vestara sem mót sjer til millum Birnhöfða og Akrakots, þá hliðsholt svo langt sem það nær upp undir mýrar- og melsund það er skilur hliðsholt og Þrætustekkjarholt; þá bein sjónhending úr þúfunni efstu á tjeðu hliðsholti í Litla-Skollholt, þar sem það er hæðst, þá sjón hending þaðan í þúfu á sauðabólsasum, sunnanverðum þar sem þeir eru hæðstir, síðan sjónhending úr þeirri þúfu ~~eftir~~ ræður brún tjeðra Sauðabólsása, í þúfu á framanverðum Garðaskúta, og úr þeirri þúfu eftir klettabrúninni að norðanverðu inn í ána.

Þessi landamerki milli Kross og Ytrahólms samþykkjum við báðir ljúflega, og viljum að þau sömu haldist um aldir og æfi óröskuð. –

Þessum okkar gjörningi til staðfestu erum okkar undirskrifuð nöfn og hjáþrykt signet samt viðstaddra votta.

Krossholti, á sama ári og degi sem í upphafi greinir

St. Gunnlögsen (L.S.)
Hannes Stephensen (L.S.)
Sem vottar undirskrifa
B. Sigurðsson
Jón Guðmundsson
L. Guðmundsson
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7. 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
9/3 [1923]
130.
Landamerki milli Reynis, (eystri og vestri) Heyness og Dægru, Kjaransstaða og Ytrahólms.
1. Milli Reynis og Heyness og Dægru:
Úr vörðunni neðst í Øxnholti rjettlínis út í Garðakeldu og ræður Garðakelda svo merkjum að vörðu ofan til við Miðhúsasel, þaðan ræður sjónhending í vörðu, sem er ofan og utanvert við Grænurúst eða Heynesstekk og er sú varða á merkjum milli Heyness og Kjaranstaða.
2. Milli Reynis, Kjaransstaða og Ytrahólms;
Úr þessari vörðu sjónhending í vörðu á Friðhúsum, en þaðan eftir Reynisásabrúnum inn í Berjadalsá, síðan ræður Berjadalsá uppeftir á fjall upp, svo sem vötnum hallar.

Gjört 20. júní 1922.
Pjetur Ottesen (fyrir hönd eiganda Heyness og Dægru og Ytrahólms)
Einar Thorlacius(umráðamaður Reynis)
Þinglesið á manntalsþingi að Heynesi 6/7. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

131.
Hægindi, Kópareykir og Kjalvararstaðir.
Merki landspildu þessarar, sem öll er eign Reykholtskirkju eru þessi:
Að norðan ræður Reykjadalsá.
Að austan eru merkin í lág þeirri sem er fyrir vestan kotmelinn, úr henni sjónhending fyrir austan rústirnar af gömlu byrgi, er nú er nefnt grænatóft í hnjúk þann eða hæð, sem stendur upp á fjallinu norðanverðu, þaðan sömu stefnu suður eftir þangað sem vötnum hallar, sama lína niður og úr láginni fyrir vestan kotmelinn til ár (~~sic~~) Að sunnan liggja merkin vestur eftir hálsunum eftir því, sem vötnum hallar. Að vestan ræður Hveralækurinn frá Reykjadalsá og upp þangað, sem lækurinn er frá hvernum kemur, kemur saman við kalda lækinn, þaðan sjónhending upp í Giljatungur í stein þann hinn mikla, sem er ~~neðan~~ norðan til við sandhóla þá sem eru á hálsinum, og þaðan eftir sömu stefnu suður af.

Þó er tungunni neðan brekku, þeirri er myndast af læknum frá hvernum og kaldalæknum, er saman við hann kemur, skipt þannig, að merkin eru þar lítill lækur, sem rennur vestan í kalda lækinn og fylgir stærri tungan (hin vestari) Snældubeinsstöðum, en hin minni (hin eystari) Kjalvararstöðum.

Milli Hægindis og Kópareykja skiptir Selgil landi frá því er það fellur í merkjaskarð við Reykjadalsá og upp á hálsbrún; þaðan sjónhending suður af.

Milli Kópareykja og Kjalvararstaða ræður lína úr skarði því fyrir austan Kjalvararstaða túnið, sem Hyrnugil rennur um, sjónhending og upp hálsinn eftir uppsettum merkjum, þangað sem steinar tveir stórir liggja á hálsinum suður og vestur frá Litlu-Hyrnu, en fyrir vestan Kirkjusund, og er hjer um bil 9. fet milli steinanna; frá steinunum ræður sama stefna suður af. Þessi merki milli Kópareykja og Kjalvararstaða eru aðeins til bráðabirgða.

Reykholti, 21. apríl 1890
Upp á væntanlegt samþykki stiptsyfirvaldanna
Guðmundur Helgason

Landamerkjaskrá þessa samþykkja:
Í umboði eiganda Snældubeinsstaða
P.J.Blöndal
Samþykkur eigandi Vilmundarstaða Magnús Jónsson
Eigandi Brennistaða Bjarni Þorsteinsson

Lesið á manntalsþingi á Sturlu-Reykjum 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu Nr. 101.

Gjald til landssjóðs Sigurður Þórðarson
Þingl. – 75
bókun – 25
1 kr. – (ein króna)
borgað S.Þ.

Landamerki á milli Kópa-Reykja og Kjalvararstaða hafa ekki verið ágreiningslaus eins og sjest á landamerkja brjefi dagsettu í Reykholti 21. apríl 1890. Hafa nú ábúendur ~~tjeðra~~ jarðanna komið sjer saman um merki í viðurvist umráðamanns Kópareykja fyrir kirkjusjóðinn, eru því merkin samþykt þannig. Á milli Kópareykja og Kjalvararstaða ræður frá Reykjadalsá túngirðingin eins og hún nú er, upp að hornstólpa þeim sem nær lengst

til austurs og þaðan beina stefnu eftir uppsettum vörðum, þangað sem steinar tveir stórir liggja á hálsinum, suður og vestur frá litluhyrnu og eru 9 fet á milli steinanna og merkist stærri steinninn með kross X frá steinunum ræður sama stefna, suðuraf eins og vötnum hallar.

Staddir á Kjalvararstöðum 20. júní 1920
Umráðamaður Kópareykja
Ingólfur Guðmundsson
Ábúandi Kópareykja
Jón Eyjólfsson
Eigandi Kjalvararstaða
Halldór Þórðarson

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlu-Reykjum 30/6 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

132.
Landamerki fyrir jörðina Einholt í Hraunhreppi.
Móti Saurum
1. Úr vörðu á neðri enda Þórarinsás sjónhending í vörðu á grjóttanga í norðanverðum Reyðarvötnum. (Í suður frá Hviksvatni
2.
Móti Hömrum
Sjónhending úr síðastnefndri vörðu vestur yfir vatnið í torfvörðu á bakkanum að vestan (vestur) verðu, norðanvert við upptök Beinaveituskurðs, þaðan í klöpp með steini á og er þar klappaður kross (+) beint niður undan Hildibrandsás.
3.
Móti Skíðsholtum
Úr nefndri klöpp, sjónhending í vörðu á Jónsás og er gjörður kross (+) í klettinn sem varðan stendur á.
4.
Móti Stóra-Kálfalæk.
Bein lína úr vörðunni á Jónsás, um grjótvörðu norðarlega á Kóssás (sic) í hundaþúfu með stórum steini í á Dragsholtum og þaðan sjónhending í Norðlæk um torfvörðu á Miðaftansrúst skamt frá læknum.
5.
Móti Fíflholtum, Lækjarbug og Skiphyl.
Bein lína úr vörðunni á neðri enda Þórarinsós um Blikstein í grjótvörðu á Merkjakletti (við Hestabala) þaðan sjónhending í torfvörðu á flóanum skamt frá Norðlæk þar sem hann beygist lengst til suðurs og sömu sjónhending þaðan í lækinn, þaðan ræður lækurinn alla leið á móts við Miðaftansrúst sem fyr er nefnd.
Merki þessi eru endurbætt og merkjaskráin endursamin árið 1922 og samþykt af undirrituðum.

Fyrir hönd eiganda jarðarinnar Jóns Samúelssonar bónda á Hofstöðum á Álftaneshreppi.
Friðjón Jónsson Hofstöðum
Samþykkir
Eggert Magnússon ábúandi á Einholtum
Þorsteinn Þorsteinsson eigandi og ábúandi Saura.
Jón Sveinsson, eigandi og ábúandi ½ Hamra
Jón Oddsson eigandi og ábúandi Stóra-Kálfalækjar.
Sigurður M. Þorsteinsson eigandi Stóra-Kálfalæk
Guðjón Þórarinsson ábúandi á Lækjarbug
Jón Jónsson eigandi og abúandi á Skiphyl.
Jón Bjarnason eigandi Skíðsholta
Sigurður Jónsson eigandi og ábúandi Fíflholta.

Þinglesið á manntalsþingi að Lækjarbug 15/6 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

133.
Landamerkjaskrá fyrir kirkjujörðunni Þursstöðum í Borgarhreppi.

Neðan til við Þurstaðavog byrja merkin í lækjarmynni, sem nefndur er Saltlækur, þar sem hann rennur neðanvert við voginn í Borgarfjörð, síðan eru merkin uppeftir læknum og í stapa þann, sem stendur við lækjarbotninn; síðan ræður sjón hending úr nefndum stapa til útnorðurs ofantil við svo nefndan Kerlingarhamar í grjótvörðu á neðanverðri náttmálaborg; síðan ræður sjónhending og þaðan norðan til við hrísluklett, en neðanundir svo nefndri Egilsbrekku, neðantil á grjótmúla enda, síðan ræður sjónhending þaðan í svo kallað gamlakirkjuvað á Hófslæk (~~sic~~) þar sem nú er grjótvarða hlaðin, að sunnanverðu ~~úr~~ við lækinn hjá nefndu vaði; síðan ræður Hófslækur merkjum alla leið norður að kelduklofunum við jarðföllin fyrir vestan Bárðarás; hvar varða er hlaðin; þaðan liggja merki beina stefnu í Hringinn svo kallaðan, sem ~~Snor~~[Kort]~~t~~ólfs-[Kortólfs-]lækur kemur úr, hvaðan nefndur lækur ræður merkjum til sjávar.

Hinn svokallaði Þursstaðahólmi ásamt fleiri hólmum og skerjum, sem liggja í firðinum fyrir landi jarðarinnar, fylgir Þurstoðum.

Borg 8. febrúar 1884.
GBjarnason
Sigmundur Bárðarson
Hákon Þórðarson
Guðjón Jónsson
Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23.
maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýra-
sýslu N. 12.

Þingl. – 75 Guðm. Pálsson
Bók 25
1 kr (ein króna)

Framanrituð merki jarðarinnar Þursstaða eru ágreiningslaus en til frekari skýringar skal framtekið
1. Merkin milli Borgar og Þursstaða eru úr torfvörðu við, Jarðföllin (í Hófslæk) vestan undir Bárðarás, og þaðan sjónhending yfir 2 melstapa, sem hlaðnar eru smávörður á, er bera saman og svo sem sú sjónhendinu [svo] ræður að Kortsólflæk, neðanvert við það sem nú er kallað Hringurinn –
2. Á fjörunum ræður lína, sem tekin er frá miðju mynni Kortólfslækjarvogsins og mitt út á milli Grjóteyjar og Þursstaðaeyjar, – út að stórstraumsfjörumáli.

Borg 20. júní 1922
Einar Friðgeirsson
(prestur að Borg)
Helgi J. Jónsson
bóndi á Þursstöðum.

Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

134.

Skiftagjörð.

Eftir skipan Sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu vonum við undirritaðir staddir þann 20– 21. dag apríl mánaðar 1914 að Melum til þess að skifta Melatorfunni á milli Mela og Melaleitis eftir hundraðatali nemdrar jarða.

Samkvæmt mælingum okkar er Melatorfan öll 6132265$m^2$ eða 613,2265 hektarar. Þar eð hundraðafjöldi Melaleytis er ¼ af hundraðatali Melatorfunnar allrar óskiftrar; er samkvæmt þessu landstærð Melaleytis 153,3066 hektarar. Skiftin verða þannig að Melaleyti hlaut landspildu þá alla sem er fyrir norðan þá línu sem nú skal greina:

Frá vörðu þeirri sem er á Sandbakkanum (á há hryggnum) beina línu í Hesthúsvörðu, sem er á hæðsta melhryggnum við túngarðinn á Melnum; þaðan beina línu í Flóðavörðu, sem er í sjónhending frá Hesthúsvörðu; í syðstu steinana á toppinum á Stekkjardalsmel fyrir sunnan Fiskilæk. Að austan ræður Flóðavarða, sem er á beinni línu á milli Krossmarkaða steinsins í Holtsfæti og Fuglsþúfu, frá Flóðavörðu beint í Fuglsþúfu, þaðan beint í vörðu á Fiskilækjar, Belgsholts og Melaleytis landamerkjum, sem er í sjónhendingu frá Fuglsþúfu í Fylpoll. Frá landamerkjavörðunni beint í Titlingsþúfu, (frá Titlingsþúfu er landamerkjavarðan í sjónhendingu á Leirárdalsmynni í Skarðsheiði) Frá Titlingsþúfu í þann gráa grasgróna stein á Skálaholti, þaðan sjónhendingu í þann flata stein í fjörunni í Skálalæk.

Sökum þess að innan landamerkja Mela er ekkert mótak hefir Melarbóndinn ókeypis rjett til þess að færa uppmó í Melaleytislandi til heimilisnota á því svæði er Melar hafa áður fært upp í mó.

Melum 21. apríl 1914.
Eigandi Mela Páll Guðmundsson
Eigandi Melaleytis Friðrik Bergsson
Böðvar Sigurðsson
Guðmundur Jónsson
Ólafur Jónsson

Þinglesið á manntalsþingi að Leirá 5/7 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
135.
No 133.
Landamerki Mela.
a. Milli Mela og Belgshols:
Úr þeim frata [svo] steini á fjörunni, Skálalæk sjónhending í þann gráa grasgróna stein á Skálaholti, þaðan beint í Titlingsþúfu, þaðan sjónhending í Leirárdalsmynni í Skarðsheiði svo langt sem Melaland nær.
b. Milli Mela og Fiskilækjar: Sjónhending úr þeim stærsta og krossmarkaða steini, af þeim steinum, sem eru nokkrir saman neðarlega við mýrarjaðar á holts fæti gegnum þá fuglþúfu, sem á mýrinni er nú skamt fyrir neðan meljaðarinn niður undan Fiskilæk, og í það hornmark eða punkt, sem sker landamerkjalínuna milli Belgsholts og Mela.
c. Milli Bakka, Súlunesja og Mela:
Sjónhending úr hinum sama krossmarkaða steini í kringlóttar þúfur á Hrísási, þaðan sjónhending í Landbrotskeldur, sem ganga sunnantil í Melavatn austanvert.
d. Milli Áss og Mela:
Úr Ásgili sjónhending í vörðu norðarlega við Melavatn vestanvert eftir gömlu garðlagi, er sumstaðar sjest votta fyrir.

Saurbæ 10. maí 1887
Jón Benediktsson
Þ. Þorsteinsson vegna Ástorfunnar
sem ábúandi Belgsholts samþykkir Guðm. Thorgrímsson.
Súlunesi Guðrún Brynjólfsdóttir.
Sem ábúandi Fiskilækjar Sigríður Runólfsdóttir (handsalað)
Ábúandi Vestra-Súlunes Gestur Pjetursson (handsalað).

Lesið á manntalsþingi að Leirá 6. júní 1890 og ritað etc
Gjald í landssjóð Sigurður Þórðarson
Þingl. 75a
bókun 25a
1 kr
(ein króna) Bg. SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 16. ágúst 1908
Gjald: Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm aur –
Borgað SÞ

Innr. samkv. l. nr.72. 27./6. 1921. 10/3. 1923
GBjörnsson

136.
Útskrift úr landamerkjabók fyrir Borgarfjarðarsýslu.
No. 83.
Landamerki jarðarinnar Steinsholt í Leirársveit samin og samþykt af hlutaðeigendum í desembermánuði árið 1887.
1. Milli Steinsholts og Neðra Skarðs ræður steinn (merktur L M.) vestan og neðan við Stekkjarholt, þaðan beina línu í vörðu á sama holti, þaðan sömu línu yfir í Ílhól í vörðu hjá stórum pytti í Byrgislæk.
2. Milli Efraskarðs og Steinsholts ræður Byrgislækur til Skarðsár og hún til Laxár.
3. Milli Steinsholts og Vestra-Miðholts ræður Laxá til vörðu vestan við ána.
4. Milli Steinsholts og Melkots ræður úr nefndri vörðu beina línu yfir sjónarhól niðrí stein (merktur L M) fyrir ofan Rauðalækjarvað.
5. Milli Steinsholts Leirár og Neðraskarðs ræður beina sjónhending úr síðastnefndum steini í hinn fyrrnefna merkta stein vestan og neðan við Stekkjarholt.

Narfi Þorsteinsson umboðsmaður Steinsholts
Magnús Ólafsson Efraskarði (handsalað
Þ.Þorsteinsson fyrir Neðraskarð og Melkot og Leirá.
Kolbeinn Þórðarson fyrir Vestra-Miðfell

Lesið á manntalsþingi að Leirá 7. júní 1888.
Gjald í landssjóð:
Þinglestur - - - 75 – Sigurður Þórðarson
Bókun - - - 25 –
1. kr.
–ein króna –
Rjetta útskrift staðfestir
Gjald: 16. júlí 1910
25 – tuttugu og fimm aurar Sigurður Þórðarson
Borgað SÞ. (L.S.)

Innr. samkv. l. nr.72. 27./6. 1921. 10/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

137.
Skrá
Yfir landamerki jarðarinnar Kalastaða Hvalfjarðarstrandarhreppi.
1. Millum Kalastaða og Saurbæjar. Ofan úr hálsinum utan til við Saurbæjarhlíð rennur lækur (nefndur Merkjalækur) hann skiftir löndum alt til sjávar.
Úr upptökum lækjarins á hálsinum bein lína í svonefndan Merkjaklett, hann er vestan til við Saurbæjarhlíð, úr honum bein lína í hánorður þar til vötnum hallar til norður á hálsinum, þar er Brennifell.
2. Milli Kalastaðakots og Kalastaða er landamerki, varða ein (nefnd Biskupsvarða) er skamt frá sjó austan vert við svo nefndan Staupsklett; frá vörðu þessari skal dreyin bein lína yfir svo nefnda Skjólborg og í Náttmálavörðu, hún er í öxlinni upp í hálsinum að sunnanverðu; sama lína skal degin úr ofan nefndri Biskupsvörðu í sjó fram; Úr Náttmálavörðu skal dregin lína í Frávörður yfir Lönguborg þar til vötnum hallar til norðurs þar tekur við Svarfhólsland.
3. Milli Svarfhóls og Kalastaða ræður Vatnahalli á hálsinum alla leið frá nefndri Lönguborg austur yfir Brennifell sem er á takmörkum Saurbæjarlands og Kalastaða.

Neðra Hálsi 6. marz 1885.
Þórður Guðmundsson
Eigandi Kalastaða.
Hinsvegar skrifum landamerkjum er undirskrifaður samþykkur.
Saurbæ á Hvalfjarðarströnd 11. marzmán 1886
S[éra] Þ. Böðvarsson
Jón Erlendsson á Svarfhóli
Jón Sveinbjörnsson
Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu

No 116.
Gjald til landssjóðs: Sigurður Þórðarson
Þingl. – 75 a
bókun – 25 –
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 10/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

138.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
N. 145.
Landamerkjaskrá fyrir Hermundarstöðum í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu.

Að austanverðu gagnvart Þverárrjettar afrjettarlandi ræður merkjum Sýrdalslækur frá Þverá alt upp í Sýrdalsvatn.

Þaðan eru merkin milli Króks og Hermundarstaða úr nyrðri enda Sýrdalsvatns í litla vörðu á hæðunum vestur af Sýrdalsvatni, þaðan í aðra vörðu á einum af svo kölluðum Gíslaklettum, þaðan sjónhending í vörðu á holtinu austur af Fiskivatni, þaðan í austasta krikan á Fiskivatni, þaðan sjónhending yfir nyrsta krikan á Fiskivatni í skarðið, sem er í norðaustur, af Básabrekku (Bósabrekku) og eftir skarðinu á Básabrekku. Landamerkin eru milli Hermundarstaða og Lunds: Úr Básabrekku suður eftir Fiskivatnshæðum í Tóulág, þaðan á Pjeturshöfða, þaðan í hæstu klettana á Stóra-Skógarhól, þá sjónhending í vörðuna
á Kusaholti, þaðan sjónhending í Þverá móts við Brúnkolluklett. Þaðan ræður Þverá að Sýrdalslæk hinum nyrðri.

Kvíum 5. maí 1890
Eggert Sigurðsson
(samkvæmt fullmakt eigandans.)
Samþykkur vegna Króks og Háreksstaða, og vegna Þverárrjettarafrjettarlands.
Gísli Einarsson
(prestur í Hvammi og oddviti í Norðurárdalshreppi)
Samþykkur vegna Þverárrjettarafrjettarlands
Eggert Sigurðsson
(oddviti Þverárhlíðarhrepps).
Samþykk vegna jarðanna Kvía og ½ Lunds.
Þórunn Þorbjarnardóttir
(eigandi Kvía og ½ Lunds)
Samþykkur vegna jarðarinnar ½ Lunds
Jóhannes Elíasson
(eigandi ½ Lunds.
Samþykkur vegna Þverárrjettar upprekstrarlands
Magnús Andrjesson, oddviti í Hvítársíðu hreppi.
Að því er snertir merkin gagnvart Helgavatnsselslandi samþykkur Sigurður Þorbjörnsson. Ábúandi á Helgavatni og eigandi að því hálfu.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 22. maí 1891
Gjald til landssjóðs Sigurður Þórðarson
þinglestur – 75 a
Bókun – 25 –
1 kr. (ein króna) Borg. SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir
Gjald: 16. okt. 1912
25 – tuttugu og fimm – aur. Sigurður Þórðarson
SÞ. (L.S)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921 10/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

139.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
No 8.
Landamerkjalýsing fyrir Lækjarkoti í Borgarhrepp samkvæmt lögum 17. marz 1882.
1. gr. Milli Lækjarkots og Hamars ræður Bjarnalækur merkjum, að neðanverðu upp að Flotaholti sem er vestanvert við lækinn, á því holti er varða, þaðan ræður sjónhending í vörðu norðan til á Másholtum þaðan ræður sjónhending í vörðu norðarlega á Háflóaseli, þaðan sama stefna á vörðu á Grjóttanga sunnanvert í Háfsvatn.
2. gr. Milli Jarðlangsstaða og Lækjarkots eru merki úr fyrnefndum Grjóttanga, upp í Kolþúfu í flóanum útnorður af Hæðarhól.
3.gr. Milli Lækjarkots og Brennistaða eru merkin úr fyrnefndri Kolþúfu efst á Hæðarhól, þaðan í vörðu, neðst á Hæðarásnum, þar í klöpp högginn X, svo hin sama stefna í Stóran stein neðst á Breiðamel, þaðan í Náttmálaholt og svo í Kelduvaðið milli bæjanna, þaðan suður í Dagmálaholt og svo beint í stóran stein í norðasta tagli Draugsholts.
4. gr. Milli Lækjarkots og Einarsness eru merki úr Draugsholti ofan Breiðasund í lítinn hólma þar sem Lækjarkotskelda kemur í Bjarnalæk í landnorður frá Hökkholti.
5. gr. Ennfremur fylgir Lækjarkoti engjaítök suður á flæðiengjum, við vestur enda Fenjastykkis er torfvarða, þaðan eru bein merki til vesturs í torfvörðu, í rimanum við Mónefið, svo eru merki norður að Mónefshaus. Þaðan sem sjór fellur í stórstraumi. Úr Mónefshaus til landnorðurs í Merkjapitt, úr Merkjapitti eru merki eftir Brennistaða-Mön í þúfu suður við Fenjastykki, og úr þeirri þúfu beint með Fenjastykki í fyrst nefnda vörðu við vesturendann á Fenjastykki.

Afstungið engjastykki fylgir og Lækjarkoti svo nefndur amtmannsteigur við fjörðinn vestan Beigaldahring.

Framan og ofanskrifuðum merkjalýsingum erum við hlutaðeigendur samþykkir.
Gjört 7. Des. 1883.

Þorkell Þorkelsson eigandi Lækjarkots
S.Finnsson, G. Vigfússon eigendur Hamars
Erlendur Guðmundsson eigandi Jarðlangsstaða
Bogi Sigurðsson G. Sigurðs. eigendur Brennistaða
Bjarni Guðmundsson eigandi Bondhóls
Halldór Bergsson Þórunn Kristófersdóttir eigendur Einarsness:

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. Maí 1884.

Þingl. 75 a. Guðm. Pálsson
bókun 25 –
1 kr.
Rjetta útskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13./7. 1916.
Ritlaun: kr. 0.50. Sig. Eggerz
– fimmtíu aur. S.E.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 10/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
140.
Landamerkjaskrá fyrir Klettstíu í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu.

Milli Dalsmynnis og Klettstíu eru merkin: Dalmynnislækur ræður frá Norðurá allt í krókinn á læknum þar sem hann beygist lengst til austurs (vatnsbrúin er yfir hann) þaðan sjónhending eftir holtabrúnunum í Kringlustein og þaðan sjónhending í Urðarhól.

Að framanverðu ræður Búðardalsá upp í Fangabrekku. Frá Urðarhóli og Fangabrekku halda merkin áfram upp í Baulu og koma þar saman. Að sunnanverðu ræður Norðurá frá Búðardalsárósi að Dalsmynnislækjarósi. Klettstía á part á Dysey sunnanverðu milli engjaparts Háreksstaða að að [svo] neðanverðu og engjaparts Hóls að framanverðu; ráða þar gamlir merkjagarðar, en Norðurá að sunnan, og í mitt Hópið að ofanverðu (eða norðanverðu).

Hvammi 16. maí 1890
Gísli Einarsson
(umráðamaður Klettstíu, Háreksstaða og Hóls).
Samþykkur framanskrifuðum landamerkjum
Jóhann Þorsteinsson
(prestur í Stafholti)
Fyrir jörðina Laxfoss samþykkur.
Snorri Þorsteinsson, ábúandi
Samþykkur vegna jarðarinnar Hreimsstaða og Dalsmynnis.
Bjarni Einarsson eigandi
Þórður Þorsteinsson eigandi Glitstaða
Vigfús Bjarnason, ábúandi Dalsmynnis

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 111.
Gjald til landssjóðs
þingl. – 75 a Sigurður Þórðarson
bókun – 25 –
1 kr.
– (ein króna) Borg. SÞ
Innr. samkv. l.nr.72. 27./6. 1921. 10/3. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
141.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Brekku á Hvalfjarðarströnd. Eftir örnefnum sem tilgreind verða eru þannig:

Milli Brekku og Bjarteyjarsands

Frá vörðu einni lítilli, sem er niður á sjávarbakka að austanverðu við á þá er rennur á milli nefndra bæjar, beina stefnu í þá sömu á sem fellur á milli túnanna, og ræður svo áin alt til upptaka, sem eru norðan til í Álptaskarði. Í norður frá upptökum árinnar rennur lækur í Kúvallará. Þaðan ræður sjónhending í vörðu þá sem hlaðin er á svonefndum Setseljuhrygg 325 faðma fyrir neðan svonefndan Setseljuklett, sem er hornmark. Þaðan austur heiðina í svonefnda Tómasarvörðu. Úr henni í vörðu þá sem er austan til við Geldingadal, sem er hornmark að austanverðu. Þaðan sjónhending suður Kamb og ofan svonefndan merkjadal, og þaðan ofan svonefnda merkjalág, og úr henni í sjó fram á milli skerjanna Þríklakks og Þrætuskers.

Brekku 6. júní 1884
Jón Teitsson
Kristinn Guðmundsson á Bjarteyjarsandi
Jón Pálsson á Vatnsenda.
Björn Eyvindsson bóndi á Vatnshorni (eigandi Þórisstaða).
Guðmundur Ólafsson á Fitjum. (eigandi Fitjakirkju)
Ólafur Illugason á Miðsandi (ábúandi).

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 10. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
No 19.
þingl. 75 a
Bókun 25 – Guðm. Pálsson.
1 kr.
(ein króna) borg.
Uppskrifað hefur Bjarni Bjarnason
Innr. samkv. 1.nr.72. 27./6. 1921. 12./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

142.
Landamerki jarðarinnar Katanes í Hvalfjarðarstrandarhreppi.
1. Milli Katanes og Klafastaða: er varða hlaðin á klöpp á klöppina merkt L M niður við fjörðinn þaðan stefna bein norðuryfir svonefndan Ska[f]lholtsmel í vörðu og þar merktan stein L M austan við Torfristuholt, frá þeirri vörðu bein stefna í vörðu við Eiðisvatns enda eystri. Merkjum þessum samþykkur fyrir hönd móður sinnar

Þorsteinn Narfason

2. Milli Katanes og Galtarholts er bein stefna úr vatnsviki því sem næst er að sunnanverðu við svonefnt Stekkjarholt við Eiðisvatn til landnorðurs að sjá í miðja Kríltjörn eða vörðu sem hlaðin er á tjarnarbakkanum.
3. Merki milli Katanes og Eystra Miðfells er er [svo] sama stefna frá eystri jaðri Kríltjarnar, á henni miðri til landnorðurs að Hólmavatni þar hlaðin merkjavarða á bakkanum, þaðan ræður syðri jaðar vatnsins að merkjum Kalastaðakots. Merki þessi samþykkir Ár 1890, 2. júní Jón Hannesson ábúandi á Eystra-Miðfelli
4. Milli Katanes og Kalastaðakots ræður svokölluð Kalmannsá merkjum frá upptökum sínum úr Hólmavatni alla leið til sjávar, að sunnanverðu ræður sjór að fyrst greindum merkjum milli Katanes og Klafastaða. Þessi merki samþykkir

D.u.s. Jón Sigurðsson
ábúandi á Kalastaðakoti
Sem umboðsmaður Galtarholts, samþykkir Snæbjörn Þorvaldsson merkin, ef þau er samhljóða því er aður hefur verið samið um.

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 120.
Gjald til landsjóðs
þingl. – 75 a          Sigurður Þórðarson
bókun – 25 –
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921.          12/3. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

143.

Landamerki milli Reykholtsstaðar og Grímsstaða í Reykholtsdalshreppi, eru sem hjer segir: Að norðan úr hornstaur í gaddavírsgirðingu austan við Djúpadal og síðan eftir girðingarlínunni austur af Bungunni að torfvörðu sem þar stendur í mýrinni. Úr þessari vörðu ræður bein lína í grasjaðarinn vestan við Kringlótta holt, til suðurs, og þaðan aftur bein lína í grjótvörðu, sem stendur á klöpp við götuna út hálsinn frá Reykholti að Grímsstöðum, og þaðan enn bein lína um torfvörðu á Tíðaeyrinni í Reykjadalsá.

Merkjalýsingu þessa samþykkja hlutaðeigendur með undirskrift sinni.

Gjört að Reykholti 1. febr. 1923.

Fyrir hönd Reykholtsstaðar,

Einar Pálsson

Fyrir hönd Grímsstaða

Guðmundur Hannesson.

Þinglesið á manntalsþingi að Sturlu-reykjum 30/6 1923.

GBjörnsson

144.

Landamerki milli Hrafnabjarga og Ferstiklu.

Næsta gil vestanvert við Djúpagil er nefnt Hrafnagil sem aðgreinir lönd jarðanna; liggur Hrafnagil gegnum Harðarvallarland niður að sjó og uppí brún og frá gilbotninum sjónhending á fjall upp beina stefnu norður að Kúvallará. Að norðanverðu, það sem árin ræður, niður undir svokallaða Kúvallareyrar, móts við Saurbæjarland, ræður þá alfaravegurinn landamerkjum milli Saurbæjar og Ferstiklu upp að svokölluðum Erfingja sem er Dys norðan til á hálsinum; frá Erfingja ráða hæðirnar, sem alfaravegurinn liggur um ofan Leirdal og eftir ánni þar til hún fellur fram úr hálsinum; þaðan sjónhending beina stefnu yfir mela og niður Oddsmýri, að sjó í Snekkjukletta. Eftir ofanskrifuðu er hálfur, Leirdalur, eður að austanverðu tilheyrandi Ferstiklu en hálfur eða að vestanverðu tilheyrandi Saurbæ.- Þess skal getið hjer við að gömul siðvenja hefur verið, að Ferstiklu ábúandi njóti bæði beitar og skógarhöggs til heimilisþarfa í Saurbæjarlandi átölulaust.-

Landamerki milli Saurbæjar og Kalastaða.

Austanvert við Kalastaðahæðir er lækur nefndur Merkjalækur. hefir hann upptök sín í hálsinum vestanvert við Saurbæjarhlið og rennur alla leið til sjávar. Skammt frá upptökum nefnds lækjar verður stefnan sjónhending í svokallaðan ,,Merkjaklett“ uppi á hálsinum og þaðan beint norður þangað til vötnum hallar.

Landamerki milli Saurbæjar og Svarfhóls. Skammt frá Laxá austanvert við ,,Tíðavað“ er jarðfastur klettur og á honum varða nýhlaðin; þaðan er tekin bein stefna upp yfir svonefnda ,,Merkjalág“ í vörðu uppí á hálsinum; frá þeirri vörðu er aftur tekin bein stefna til vesturs í aðra vörðu sunnanhalt við ,,Brennifellssund“. Er þá komið að takmörkum Saurbæjar og Kalastaðalands eður að þeim takmörkum er þeirra jarða lönd mætast.

Við hinsvegar skrifuð landamerki voru viðstaddir ábúendur jarðanna.

| | | |
|---|---|---|
| Hrafnabjarga | Ferstiklu | Saurbæjar |
| (Gísli Jónsson) | (Gestur Erlingsson) | (S.Þ. Böðvarsson) |
| Kalastaða | Svarfhóls | |
| (Jón Þorsteinsson) | (Jón Erlendsson) | |

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 10. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.17.

þingl. – 75 a
Bókun – 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna)
Borgað J. Sveinbjarn[ar]son

Ath.

Beitarítak og skógarhögg Ferstiklu í Saurbæjarlandi var afnumið við sölu nefndrar kirkjujarðar.

Einar Thorlacius.

Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 12/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

145.
22/9 21

Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
No. 8
Merkjalýsing fyrir jörðunni Hömrum í Reyholtsdal eftir langanna tilskipun, stjórnartíð 1882 l. nr. 5 17. marz.

Úr Reykjadalsá fyrir neðan Kvararvað í þúfu á svokölluðum Kvararnesi fyrir norðan sýkið, sem þar er, úr henni beint í merkjagarð sem liggur eftir flóanum; úr honum beint austantil við Selhvamm, þaðan beint upp múlann þar til vötnum hallar, og það eftir hálsinum sem vötnum hallar í svonefndum Merkjastein sem stendur út á Múla úr honum beint í Kliflæksupptök fyrir norðan klettabeltið í múlanum, þaðan og beint í kross, sem ~~Hog~~ högginn er klöpp fyrir norðan Klíflæk þar sem hann fellur í Reykjadalsá og svo ræður fyrrnefnd á að fyrsta marki sem nefnt er. Eftir 3-grein laganna ritum við okkar samþykki undir sem lönd eigum að fyrrnefndu landi.

Eyjólfur Gíslason, Gísli Eggertsson
Guðmundur Torfason, Hannes Magnússon
Hömrum þann 4. febr. 1884
Bjarni Sigurðsson

Til sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðarsýslu.
Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884
Þingl. 75 aur Guðm. Pálsson
Bókun 25 –
1 kr. Borg
Rjetta útskrift staðfestir
Ritlaun 50 aur
Skriplaun 50 - G.Björnsson
1 kr – ein – króna (L.S.)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 12/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

13/3 ‘22
146.
Útskrift úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
N. 6
Landamerki fyrir jörðunni Stóra Kroppi eru þessi:
Að sunnanverðu frá Kroppsmúlanum sjónhending í garðlag í flóanum fyrir ofan Silungalæknum í stóra vörðu á Steðja-Ásnum, aftur úr þessari vörðu að vestanverðu beint í stóran stein vestarlega á Kálfanessmelum (kallaður Latur) og þaðan með sömu stefnu á Reykjadalsá, að austanverðu frá upptökum Kliflækjarins efst í múlanum og beint í klöpp með krossmarki á fyrir austan þar sem kliflækurinn rennur ofan í Reykjadalsá, þaðan ræður áin að norðanverðu móts við áðurgreindan stein.

Stóra Kroppi í Aug. 1883
Gísli Eggertsson
Framanskrifuð landamerki samþykkjum við undirskrifaðir
Eyjólfur Gíslason Björn Þorsteinsson, Bæ
Hannes Magnússon Sveinn Árnason

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884
þingl. 75 Guðm. Pálsson
Bók. 25
1 kr. Borg
Rjetta útskrift staðfestir
Kr. Linnet (L.S.)
Gjald 25 tuttugu og fimm aur. Borg KL
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 12/3 1923.

GBjörnsson

147.
Landamerki fyrir jörðinni Svanga í Skorradal, árið 1889, 30. maí.
1. Milli Svanga og Vatnshorns: Af miðri Ytri-Skorhólseyri í Svartagil (það er Hvannagil) svo ræður gilið meðan það er í gljúfrum, þaðan sem gljúfrin enda beina stefnu í vörðu á Ytri-Hrosshæð (stóru Hrosshæð) sú varða er hornmerki milli 4 jarðanna: Vatnshorns, Grafardals, Dragháls og Svanga. –
2. Milli Svanga og Dragháls: Beina stefnu úr vörðurnni (Hornmerkjavörðunni) í svo nefnda Þófadalstjörn sunnantil. –
3. Milli Svanga og Stóru-Drageyrar: Eftir tjörninni miðri og svo eftir Þófagili, sem úr henni rennur alla leið ofan í Skorradalsvatn, svo út á það mitt.
4. Svo eftir vatninu miðju fram á móts við Ytri-Skorhólseyri miðju (sb. töluliðs 1.) Á nefndu svæði á Svangi allar nytjar á landi og vatni og skógarhögg í Meðalfellstungu fyrir hestabeit
Björn Eyvindarson á Vatnshorni
Jóhann Helgason Grafardal
Georg Pjetur Jónsson, Draghálsi
Guðjón Hinriksson ábúandi á Stóru drageyri
Guðmundur Sigurðsson ábúandi á Svanga
(fullmektugur fyrir jarðareigandi)
Ólafur Jónsson Rannveig Kolbeinsdóttir
(eigendur að Svarra [svo])
Lesið á manntalsþingi að Grund 16. júní 1916 og innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu № 172.
Til staðfestu nafn mitt og embættisstimpill
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. des. 1916.
Gjald kr. 2. –
–tvær krónur– Sig. Eggerz
S.E.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 12/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

148.
Reykholt með Háfslandi, Breiðabólsstaður, Grímsstaður og Norður-Reykir.

Merki landsspildu þessarar, sem öll er eign Reykholtskirkju, eru þessi:

Að vestan ræðr gröf sú eða melaskarð það við Hvítá, sem er rjett norðr og niðrundan Hestakletti, úr henni í Hestaklett og Fuglstapaþúfu; úr klettinum og rjettsýnis upp í Skáneyjarfjall, síðan um þvert fjallið upp nokkuð að útsuðursátt og í klett þann, er næst stendur fyrir austan Djúpadal; úr honum og í vörðu þá, er stendur fyrir austan svo kallaðan Reynisstokk eða Skáneyjar kotsstokk gamla, þaðan útsuðursholt lítið fyrir vestan kletta þá, er í réttri stefnu bera sunnan við Djúpadalsklett og beinlínis að lágar upptökum, svo ofaneftir rjettsýnis að Reykjadalsá móts við vestanverðan Svartabakka, sem er fyrir sunnan ána fyrir neðan Kjalvararstaði

Að sunnan ræðr Reykjadalsá.

Að austan (milli Breiðabólsstaðar og Úlfsstaða eru merkin úr Reykjadalsá austanvert við gamlar rjettir, þvert yfir móana og Úlfsstaða~~síkki~~ síki, í syðri enda garðlags þess, sem er í mýrinni fyrir norðan síkið; þá ræðr garðlagið; en úr efri enda garðlagsins upp í stein þann, er stendr á holtinu, og sjónhending úr honum norðr. í vatnið og yfir vatnið þvert og norðr. í landbrotið sem og heitir Rauðilækur. Þá ráða austustu drög Rauðalækjar, eftir uppsettum merkjum, landamerkjum milli Norðr-Reykja á aðra hlið en Úlfsstaða og Signýjarstaða á hina, meðan hann fellr til austurs og norðrs, og úr því aftur austasti farvegur lækjarins í grafarbotna; þaðan sjónhending í Stóru-gróf, en þá ræðr. gröfin úr því og lækr. sá, er eftir henni fellur norðr í Hvítá. Að norðan ræðr. Hvítá. Merki milli hinna einstöku jarða í spildu þessari eru ekki að öllu leyti ákveðin fyrir fullt og alt, og er þeim því ekki hjer lýst. Reykholt eða Reykholtskirkja á eftir máldögum
og öðrum skilríkjum þessi útlönd og ítök.

1. Veiði í Grímsá. Það eru fimm áttundu hlutar veiðarinnar í ánni allri, með þessum undantekningum. Reykholt á allan Hlaupagarð (þar er nú heita Strengir), þrjá fjórðunga árinnar fyrir norðan Miðberg (þar er nú heitir Myrkhylr.) fimm tuttugustu og fjórðu hluta af Hörgshyl og enn ós stemmu að Reyðarvatnsósi að öllu.
2. Selför á Kjör, með landi öllu og skógi milli Skjaldmeyjargils og Rangárgils og veiði í Kjarrá að hálfu móts við Síðumúla fyrir öllu því landi, einkum í Hnitbjörg.
3. Geitland allt. Það er land allt milli Geitár og Hvítár.
4. Skóg í Þverárhlíð, að viða til sels.
5. Afrjett á Hrútafjarðarheiði.
6. Skóg í Sanddal á Norðurárdal (Pétrsskóg), milli Slakkagils og Klofninga. Skógr sá er nú gjöreyddr.
7. Torfskurð (mótak) á Steindórsstaðalandi.
8. Tveggja mánaða beit öllum peningi í Faxadal; mun vera hið sama og það, er síðar hefir optast verið kallað Selför á Hælsheiði.
9. Undir Ytra-Felli á Ströndum þriðjung hvalreka og hálfan viðreka; hálft land undir, Innra-Felli, þriðjung hvalreka og líkt í ágóða sem undir Ytra-Felli, þriðjung hvort.
10. Á Munaðarnesi fjórðung hvalreka.
11. Að Kambi fjórðung í hvalreka.
12. Í Byrgisvík fjórðung í hvalreka.

Reykholti 12. marz 1898
Upp á væntanlegt samþykki stiptsyfirvaldanna.
Guðmundr Helgason
Merkjalýsing þessa samþykkja
Sigurður Magnússon (eigandi Úlfstaða og Vilmundarstaða)
Þorsteinn Magnússon (eigandi Signýjarst.)

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
Einar Jónsson
að því er snerti merki Skáneyjar.
Lesið á manntalsþingi á Sturlureykjum 8. júní 1898 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.162.
Gjald: Sigurður Þórðarson
1 – ein – kr. Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921 12/3 1923.

GBjörnsson

149.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Álftárbakka í Álftaneshreppi
Samkvæmt lögum 17. marz 1882.
1. gr. Milli Álptárbakka og Þverholta ræður Álftárbakkalækur merkjum upp að torfvörðu við lækjarbotninn, úr þeirri vörðu sjónhending í grjótvörðu hjá Kolalæk á milli skóganna – þaðan í vörðu á Eldás – þaðan beint í sundið fyrir neðan efstu bakkaborgina – úr því sundi ræður bein stefna í torfvörðu ofan til í tröllasundum.
2. gr. Milli Álftárbakka og Urriðaár frá síðast nefndri torfvörðu eru merki í grjótvörðu á Þrætuás svo þaðan í vestasta vikið á Brókarvatni.
Lífgjarn Hallgrímsson, I. Guðmundsdóttir.
3. gr. Milli Álftárbakka og Arnarstapa frá fyrgreindu vatnsviki eru merki í grjótvörðu á Bílduholti, þar hjá í klöpp hogginn X., þaðan beint norðan til yfir neðsta veghólinn (Bólsholt) í grjótvörðu norðan til á Skáney – þar hjá hogginn X þaðan beint í grjótvörðu í grensás. Þar hjá högginn X þaðan merki í grjótvörðu á langholti þar hjá X svo í torfvörðu við landakeldu svo ræður landakelda ofan í Álftá og svo Álftá og fyrstgreindum Álftárbakkalæk.
Ofanskrifuð landamerki samþykkjum við allir hlutaðeigendur skrifuðum nöfnum okkar, gjört á N 1883.
Eftirskriflegri fullmakt frá sjera Ísleifi Gíslasyni í Arnarbæli. Eigandi Álftárbakka dagsettri 28. maí 1883.
Sigurður Sigurðsson
Eigendur Þverholts Ásg. Bjarnason og Jón Bjarnason
Eftir skriflegri fullmakt Staðarhraunsprests sjera Jónasar Guðmundsson d[a]gs. 23. september 1884
Kristján Kristjánsson
Erlendur Sigurðsson (eigandi Álftáróss)
Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 33.
þingl. 75 a
Bókun 25 – Guðm. Pálsson
1 kr
(ein króna) borg.
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921 12/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

150.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Munaðarnesi í Stafholtstungum.

Milli Munaðarness og Stóru-Grafar ræður Kerlingargil merkjum upp að torfvörðu sem er hlaðin við upptök gilsins, svo er haldin sjónhending í vörðu við veginn fyrir framan Kolás, frá þeirri vörðu í svokallað Merkjadý.

Milli Munaðarnes og Stóru-Skóga ráða merki úr fyrnefndu Merkjadýi sjónhending á vörðu sunnan til á Hádegishól, þaðan sjónhending í vörðu á efsta klettinum á Flókaás, svo eftir nefndum, ás í vörðu sem er á neðsta klettinum á sama ás.

Milli Munaðarness og Litlu-Skóga er haldin sjónhending frá ofannefndri vörðu í torfvörðu við norðurhornið á Skógatjörn þaðan beint yfir tjörnina í torfvörðu í sundinu móts við Hamarsholtshaus þaðan er haldin bein sjónhending í vörðu á Haugaselstöglum.

Milli Munaðarness og Hauga er bein sjónhending frá síðastnefndri vörðu suður í svokallaðan Steinboga við Munaðarneslækinn, úr því ræður lækurinn merkjum til Norðurár, á móts við vörðu þá, sem hlaðin er á klettastandberginu.

Milli Munaðarness, Arnarholts og Hlöðutúns ræður Norðurá merkjum fram að fyrrnefndu Kerlingargili.

Í Árna Magnússonar jarðabókar stendur svohljóðandi málsgrein viðvikjandi Munaðarnesi:

Munaðarnes

Afrjett brúkar þessi jörð fyrir lömb og gjeldfje í Runólfshamra, og á fjalled, þar fyrer vestan fyrer vissan toll eða góða forlikun, sem að er oftast eitt lamb frá hverjum, sem láta reka XX sauði edur fleiri til Hvassafells-ábúenda.

Munaðarnesi 19. maí 1890

Björn E. Þorláksson

(eigandi Munaðarness.

Framanskrifaðri landamerkjaskrá erum við samþykkir.

Sigurður Þórðarson ábúandi Arnarholts og eigandi að 11 hundruðum þess

Jóhann Þorsteinsson prestur í Stafholti.

Björn Ásmundsson eigandi og umráðamaður Stórugrafar,

Sigurður Jónsson bóndi á Haugum, eigandi Stóruskóga

og umboðsmaður Hlöðutúnseiganda (handsalað Sigurði Þórðarsyni).

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.129.

Gjald til landssjóðs:

þingl. 75. a Sigurður Þórðarson

bókun 25. –

1 kr

(-ein króna). Borgað SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 12/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

151.
Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Vogalæk í Álftaneshrepp í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882. –

1. gr. Milli Vogalækjar og Hofstaða skilur torfvarða sú, sem stendur á Hofstaðavatnsbakka fyrir norðan Vogalæk; frá þeirri vörðu ræður sjónhending suður yfir vatnsstæðið og í grjóttangann neðan hofstaðahúsin – (þarsem krossinn er klappaður á klettinn), og aftur þaðan sjónhending austur í Landamerkjaholt utan Heyvatn, og þaðan suður yfir Heyvatn neðan báða veggja hólmanna. –
Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Hofstaða.
Magnús Gilsson Jón Þorvaldsson E. Sigurðsson (handsalað).

2. gr. Millum Vogalækjar og veggja liggja merki á Heyvatni neðan báða veggjahólmana, og á land upp í grjótvörðuna á Landamerkjaholti sunnan Heyvatn, og svo ræður sjónhending suður í Árnastaðavík suður við Hólsvatn (þar sem varðan stendur.
Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Veggja
Erlendur Sigurðsson
(handsalað nafn)

3. gr. Millum Vogalækjar og Álftaness skilur varðan sem stendur í Árnastaðavík við Hólsvatn, og ræður þaðan sjónhending í forarkelduna sunnan Kolásana, - þar sem torfvarðan er hlaðin, og aftur þaðan sjónhending í hæðsta Þorsteinsholt. Þar sem krossinn er klappaður á klettinn.
Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Álftaness
O.Sigurðsson.

4. grein. Milli Vogalækjar og Straumfjarðar liggja merkin úr hæðsta Þorsteinsholti – þar sem varðan er hlaðin og krossinn klappaður á klettinn – og í stein í Ølvesflagi með klöppuðum krossi á, þaðan sjónhending í torfvörðu utan og neðan Ølveslæk – ~~og á sú varða að bera í vörðu hlaðna norðan til á Ølvesholti þegar staðið er á fyrrnefndum steini þá ræður Ølveslækur frammi Eyjar~~ – (sic) leira. Í Eyjarleir liggur undir Vogalæk svonefnd Vogalækjarey.
Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Straumfjarðar.

Vottar: Vogalæk 5. des. 1922.
Sigurjón Erlendsson Þorkell Gilsson Guðjón S.Sigurðsson
Har. Bjarnason (handsalað)
Knarrarnesi 5. jan. 1884
Ásgeir Bjarnason
(eigandi og umráðamaður Vogalækjar.)

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.25 þingl. 75a
Bókun 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borg
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 14/4 1923. GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

152.
Útskrift úr landamerkjabók fyrir Mýrasýslu.
Nr. 30.
Merkjaskrá Samkvæmt landamerkjalögum 17. Marz 1882 hafa hjer undirskrifaðir menn gjört landamerki fyrir jörðunni Straumfirði í Álftaneshreppi og á þau sáttir og sammála orið að hjer eftir vera skyldu fyrir alda og áborna þessi:
1. Milli Straumfjarðar og Vogalækjar ræður Ølveslækur suðurámóts við torfvörðu þá, sem hlaðin er utan og neðan Ølveslæk, og ræður þaðan sjónhending í stein á Ølvesflagi með klöppuðum krossi á ~~þegar staðið er á þessum steini; á síðast nefnd torfvarða að vera í hlaðna vörðu norðan til á Ølvesholtinu~~; (~~sic~~), en frá steini þessum ræður sjónhending í vörðu á hæsta Þorsteinsholti og er kross klappaður á klettinum hjá henni.
Vogalæk 5. desember 1922.
Þorkell Gilsson (handsalað
Guðjón S. Sigurðsson
Vitundarvottar:
Sigurjón Erlendsson
Haraldur Bjarnason
2. gr. Millum Staumfjarðar og Álftaness úr fyrnefndu Þorsteinsholti sjónhending í jarðföll eða upptök Freineskeldu, hvar uppgjörð varða er með kolum í svo ræður keldan fram í Voginn úr keldumynni sjónhending í miðjan Veitustreng, þaðan eftir miðjum ál sunnanvert fram með suðurbúðarey og út miðja Röst, síðan sjónhending úr Rastarmynni beint í mitt Breiðarsund.
3. Milli Straumfjarðar og Knarrarnes frá Ølverslækjarmynni eftir miðri Hestakeldu, fram miðjan Krókselsvog, vestan Kögurnarhólsness og Vesturbúðarey, á miðjan Lambeyjarál; svo eftir honum fyrir vestan Sandey og Sandeyjarsker og þaðan beint fram fyrir vestan Þormóðssker.
Þess skal hjer getið að Álftanesi tilheyrir Þormóðssker, sem ítak innan Straumfjarðarlandamerkja.

Straumfirði í september 1883.
Jónas Kristjánsson (eigandi og ábúandi á ½ Straumfirði)
Guðm. Sigurðarson (eigandi að ¼ á Straumfirði)
Herdís Sigurðardóttir (eigandi og ábúandi að ¼ í Straumfirði)
Jónas Guðmundsson (fyrir Knarrarnes)
O.Sigurðsson (eigandi Álftanes)
Ásgeir Bjarnason (eigandi og umráðamaður Vogalækjar)
Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24./5. 1884.
Þingl. 75a
Bókun 25 – Guðm. Pálsson
1 kr. Borg.
Rjetta útskrift staðfestir
11./10. 1908

Sigurður Þórðarson
(L.S.)
Innf. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 14/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

153.
Útdráttur úr landamerkjabók Mýrasýslu.
Nr. 15
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Stangarholti í Borgarhreppi í Mýrasýslu.

6. gr. Stangarholt á upprekstrarland í Valbjarnarvallamúla haust og vor, óskift.
Stangarholti 17. marz 1884.
Jóhann Guðmundsson
Framanskrifaða landamerkjalýsingu samþykkja
Fyrir Jarðlangsstaði Erlendur Guðmundsson
-- Hvítsstaði Sveinn Helgason Einar Sigurðsson
-- Grenja Þorsteinn Þórðarson (handsalað)
-- Litlafjall Jóhann Guðmundsson
-- Valbjarnarvelli Guðmundur Guðmundsson
-- Laxholt fyrir Stafholtskirkju Stefán Þorvaldsson

Nr. 17.
Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Valbjarnarvöllum.

7. gr. Stangarholt á upprekstrarland í Valbjarnarmúla haust og vor óskift:
Stangarholti 15. Apr. 1884.
Guðmundur Guðmundsson
Framanskrifaða landamerkjalýsingu samþykkja
Fyrir Litlafjall Jóhann Guðmundsson
-- Grísatungu St. Þorvaldsson
-- Tand[r]asel Sigurður Jónsson
-- Stóra fjalla Sigurður Sigurðsson
-- Litlu gröf Jóhann Guðmundsson
-- Stangarholt Jóhann Guðmundsson
-- Laxholt St. Þorvaldsson
Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. Mai 1884.
Þingl. 75 aur Guðm. Pálsson
Bókun 25
1 kr

Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu 28. jan. 1908
Gjald Sigurður Þórðarson
25 tuttugu og fimm aurar
Borgað SÞ
Innr. samkv. l.nr. 72. 27/6 1921 14/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

154.

Landamerki fyrir jörðinni Þórustaði í Svínadal Hvalfjarðarstrandarhreppi.

1. Milli Þórustaða og Geitabergs: Bein lína úr Þverá uppí endann á skarðinu í svo nefndu Þórustaðanesi; þaðan eftir gömlum merkjaskurði; nú ný uppstungnum, úr honum í vörðu á Þórustaðaholti, þaðan ráða torfvörður upp yfir mýrina; síðan sjónhending eftir sömu línu upp á brúnina á Glámunni; þaðan ræður bein stefna eftir fjallinu austur í svokallaða Tómasarvörðu á Grensá.

2. Milli Þórustaða og Brekku ræður bein stefna eftir Tómasarvörðu eftir Grensás brúninni niður í Kúvallará; úr því ræður (Kúvallar)áin merkjum.

3. Milli Þórustaða og annara jarða, er land eiga til móts, ræður Kúvallará merkjum alla leið þar til hún fellur neðst úr gljúfrum, úr því ræður forn-árfarvegur eftir Kúvallareyrum í beinni stefnu úr árgljúfrunum, utanvið eyraroddann, þar sem hann skagar lengst fram í vatnið, og þaðan útá mitt Þórustaðavatn, þá eftir miðju vatninu og Þverá, þar til beint móts við áðurnefndu odda og skurð (sbr. tölul. 1.).

Samþykt af hlutaðeigendum í júní 1889.
Björn Eyvindsson eigandi Þórustaða.
Jónas Jóhannesarson (fyrir Bjarteyjarsand)
Jón Benediktsson (prestur að Saurbæ)
Ólafur Jónsson (eigandi og ábúandi Geitabergs)
Þórður Erlendsson (fyrir Glammastaði)
Jón Teitsson hands. fyrir Brekku
Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 4. júní 1889

Gjald í landssjóð Sigurður Þórðarson
Þinglestur - - 75
bókun - - 25
1 kr
- ein króna) SÞ
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 14./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

155.
1/11 ‘22

Landamerki fyrir jörðinni Stóra-Kroppi eru þessi, að sunnanverðu frá Kroppsmúlanum sjónhending í Garðlag í flóanum fyrir Silungalækinn í Stóra vörðu á steðja ásnum aftur úr þessari vörðu að vestanverðu beint í Stóran stein vestarlega á Kálfanesmelum (kallaður latur) og þaðan með sömu stefnu í Reykjadalsá að austanverðu frá upptökum kliflækjarins efst í múlanum og beint í klöpp með krossmarki á fyrir austan þar sem Kliflækurinn rennur ofan í Reykjadalsá þaðan ræður áin að norðanverðu móts við áður greindan stein.

Stóra Kroppi í August 1883.
Framanskrifuð landamerki samþykkjum
við undirskrifaðir.
Gísli Eggertsson

| | |
|---|---|
| Bjarni Sigurðsson | Halldór Halldórsson (handsalað) |
| Eyjólfur Gíslason | Björn Þorsteinsson Bæ |
| Hannes Magnússon | Sverrir Árnason |

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu Nr. 6.

Þingl. - - 75 a
Bókun - - 25 - Guðm. Pálsson.
1 kr.
(ein króna) borg.

Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 14./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

156.

Landamerki fyrir jörðinni Eyri í Andakílshreppi, samkvæmt lögum dagsettum 17. marz 1882 fyrst ræður Flókadalsá fram að Vegagili og beina stefnu upp Eyrarsokkur og svo beina stefnu í stein sem stendur upp á háhálsinum, merktur E og svo þaðan vestur hálsinn beina stefnu í 3 vörður, og svo frá vestustu vörðunni þvert niður hálsinn, í Sandhól, og neðan undir hálsinum og í svo kallaðan Merkjastapa lítið neðar, og úr honum í þúfu með vörðubroti á, niður undir Flókadalsá. Þaðan ræður áin til fyrgreindra merkja.

Eyri 23. Maí 1885
Guðm. Eggertsson ábúandi.
við undirskrifaðir samþykkjum ofangreind landamerki
Eiríkur Gíslason (prestur að Lundi)
Bjarni Þorsteinsson á Hurðarbaki umráðamaður Múlastaða.
Guðmundur Bjarnason Arnþórsholti
Gísli Böðvarsson á Hrísum
Ásgrímur Illugason Skógum

Lesið á manntalsþingi að Heggstöðum 12. júní 1885 og rituð í landamerkjabók Borgarfjarðasýslu,
N. 38.
þingl. 75 a Guðm. Pálsson
Bókun 25 –
1 kr. (ein króna)
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921 17./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

157.

Landamerkjaskrá yfir jörðina Hvamm í Hvítársíðu í Mýrasýslu.

Að vestanverðu ræður Miðgil frá Hvítá upp að Giljá klofum, þaðan sjónhending í torfvörðu rjett við yfirsetukofann frá Hvammi, úr vörðunni sjónhending í stóran stein uppi á há Draga. Steinninn er merktur L M. Þegar þangað kemur beygist merkjalínan austur, og liggur austur frá Draga, sem vatnsföll deila, austur í stóran stein, austarlega á há Draganum. Sá steinn er líka merktur L M. Frá steini þessum liggja merkin suður í vörðu á holtinu sem Hvammsel stendur vestan í; úr vörðunni sjónhending suður melana, fyrir framan Hvammslæk í vörðu sem stendur á Sandinum; þaðan sjónhending ofan Kinnina, fyrir vestan Erlingsbrekku, í lág við Kinnargil fyrir neðan efri Gilborgina; úr því ræður Kinnargil niður í Hvítá; svo Hvítá, eftir miðjum farveg, vestur að Miðgili.

Sámsstöðum í maí 1890
Guðmundur Guðmundsson
(Eigandi að Hvamminum)
Samþykkur S. Jónsson eigandi Haukagils)
Samþykkur vegna Hvamms
Eyjólfur Jóhannesson ábúandi á Hvamminum.
Samþykkur vegna kirkjujarðarinnar Kirkjubóls.
Magnús Andrjesson.

Lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 16. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.98.
Gjald í landssjóð
þingl. 75a Sigurður Þórðarson
Bókun 25 –
1 kr
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. lögum nr. 72 27/6. 1921. 14/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

158.
24/1 23
Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Þingnesi í Andakílshreppi.
Að sunnan ræður Grímsá frá Grímsárósi alla leið upp að merkjavörðu sem hlaðast skal með kolum undir á háa sandbakkanum við Grímsá mitt á milli efri og neðri Gyltugrófar, efri-grófin er næsta laut fyrir neðan [ásinn sem er næst fyrir neðan] Fossatún svo ræður bein sjónhending frá nefndri merkjavörðu norður í Álftatanga sem er tangi sá, er lengst skagar norður í Blundsvatn síðan ræður Blundsvatn í næsta vatnsvikið kippkorn fyrir innan Blundshól, og svo norður í vörðu þá sem hlaðast skal ýmist á ásendanum á stóra ásnum, sem skamt er fyrir norðan Blundshól, svo úr þeirri vörðu sjónhending í norðvestur í Guddustapa sem er norðasti stapinn í flóanum, með vörðu á, og skal láta kol undir vörðuna, svo ræður bein sjónhending úr nefndum Guddustapa í torfvörðu með kolum undir í flóanum, sem af Guddustapa beri í endann á Bæjarlækinn í Þingnesi þar sem það er næst Hvítá og svo úr þeirri torfvörðu sjónhending í Rúst sem er sunnan til við botn Teningalæks sem hlaðast skal á varða með kolum undir, svo úr þeirri Rúst í Teningalækinn, þar sem aðal stokkurinn endar, og skal þar merki setja, síðan ræður Teningalækur til Hvítár, svo ræður Hvítá niður að Grímsárósi sem upphaflega var nefndur.
Þingnes á veiði fyrir sínu landi eins og lög ákveða í Hvítá frá Teningalæksósi niður að Grímsárósi, sömuleiðis í Grímsá allt upp á móts við framannefnda merkjavörðu, milli Þingness og Fossatúns, að fráteknum Laxfossi.

Framanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir.
Staddur að Þingnesi 20. ágúst 1884, samkvæmt brjeflegri fullmakt dagsettri 18. ágúst 1884, í umboði Jóns Einarssonar að Hundadal neðri, sem er eigandi að 5/6 hlutum úr jörðunni Þingnesi.
Jakob Guðmundsson
frá Sauðafelli
Björn Þorsteinsson ábúandi á Bæ
Þorsteinn Halldórsson ábúandi á Bakkakoti
A. Fjeldsted eigandi Fossatúns og Hvítárbakka.
Hjálmur Jónsson eigandi að 1/6 úr Þingnesi
Lesið á Heggstaðaþingi 26. júní 1886.
Fyrir hönd sýslum. G.Pálsson.
Gjald til landsjóðs Sigurður Þórðarson

| | |
|---|---|
| Þinglestur | 75 aur. |
| Bókun | 25 – |
| | 1 kr. |

Borg. SÞ
Innritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No 60.
Sigurður Þórðarson
settur.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 14./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

159.

Landamerkjaskrá

Fyrir jörðinni Dagverðarnesi í Skorradalshreppi er sem eftir fylgir:

Að vestan verðu úr Langeyrar[stapa] beina sjónhending í stóran stein á Frá Skálafelli og skulu vörður hlaðast á þeirri línu þaðan eftir vatna halla austur hálsinn í stóran stein á háahrygg og úr þeim steini suður á Gunnarsdal, enn úr því ræður Gunnarsgil ofan í Skorradalsvatn.

Samþykkja

Hjálmar Jónsson Þingnesi, eigandi jarðarinnar

Oddur Þorleifsson bóndi á Hvammi

Halldór Jónsson bóndi á Kistufelli

Tómas Jónsson bóndi á Skarði

Gísli Øgmundsson bóndi á Stálpastöðum

Magnús Eggertsson bóndi á Dagverðarnesi

22. apríl 1887

Lesið á manntalsþingi að Grund 1. júní 1888 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu Nr. 76.

Gjald til landssjóðs

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 75 a | Sigurður Þórðarson |
| Bókun | 25 – | |
| | 1 kr. | |

ein króna

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 14/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
160.
Landamerki fyrir Hrafnkelsstöðum samkvæmt lögum af 17. marz 1883.
Að austan- og sunnanverðu ræður Álftá, frá Merkjakletti niður að Hvítsteinslækjarós. Þá ræður Hvítsteinslækur, að vestan verðu, uppí Hvítstein, sem merktur er með krossi og vörðu. Úr Hvítsteini ræður sjónhending í Grástein – móts við Sauraland – úr Grásteini yfir Blönduvatn í Pálsstapa, úr Pálsstapa – móts við Álptárland – sjónhending í vörðu á klöpp með krossi á neðsta Töfluás, frá tjeðri Merkjavörðu ræður sama sjónhending í vörðu á fyrst nefndum Merkjakletti, sem einnig er klappaður kross á.
Rauðkollsstöðum þann 5. Desember 1883
Guðríður Þórðardóttir
Ofanskrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur að öllu leyti samþykkir fyrir jarðir þær er lönd eiga til móts við Hrafnkelsstaði.
Jónas Guðmundsson fyrir Álftá og Saura.
Sigurður Salomonsson ábúandi Miklholti
Guðmundur Jónsson óðalsbóndi Hömrum
Guðmundur Benediktsson ábúandi Ánastöðum
Lesið á manntalsþingi að Lækjarbug 3. Julí 1884, og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu No. 37.
Þingl. – 75 a
Bókun – 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borg.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 14/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

161.

Merkjalýsing á milli Grafarkots á aðra hlið, en Grafar, Stapasels og Litlaskarða á hina hlið. –

Merkin milli Grafarkots og Grafar eru úr Grafarkotsgili milli Grafar og Grafarkots þar sem það fellur í Norðurá og svo upp eftir gili þessu upp að keldunni er fellur fyrir sunnan Grafartúnið, síðan ræður tröðin heim á Grafarhlað og svo gatan að Grafarkoti í Gilið og svo Gilið aftur í vörðu þá er stendur beint niðurundan Grafarkots-kvíunum og svo á vörðuna sem er á háklettunum upp undan kvíunum og þaðan í vörðu þá, er stendur á stapanum fyrir utan Miðhamarinn og úr þeirri vörðu í vörðu þá er stendur á Kolgrafarás haus, úr þeirri vörðu í klofinn stóran stein er stendur á Hólsseli og úr þeim steini í vörðu þá, er stendur á Kruppásenda. Ennfremur á Grafarkot slægjur á svokölluðum Kálfhylsmýrum öllum í Grafarlandi, og svo tekur Stapaselsland við að vestan og eru þá merkin úr hinni síðastnefndri vörðu á Kruppás enda sjónhending eftir lautinni sem liggur eftir Kruppás að laut þeirri, ~~sem liggur~~ er við gotuna er og sjónhending í vörðu þá er stendur á Landavosstanganum (sic) og þaðan í vörðu þá, sem er á há Grafarkotsfellinu og aftur þaðan í krossmarkaðan stein austan til á fellinu, og þaðan í vörðu þá, sem stendur framan til á Kellisasshausnum og þaðan sjónhending í moldarskurð fyrir austan skolalækinn og þaðan sjónhending í ~~Jöfra-~~ Jötnagarðinn og ofan í Norðurá.

Breiðabólsstað Sökkólfsdal 18. apríl 1884.

Jón Jóhannes Pjetursson

umráðamaður Grafarkots í Stafholtstungum sem, er eign hins ómynduga Halldórs Sigurðar Þorlákssonar að Breiðabólstað.

Við landamerkjalýsingu þessar hef jeg ekkert að athuga sem eigandi jarðarinnar Litlaskarðs

Hraunsnefi 2. Marz 1885

Árni Guðmundsson.

Skarðshömrum 18. Marz 1885

Bjarni Einarsson

Jeg sem umboðsmaður fyrir jörðina Stapaseli Guðmundur Auðunnsson Jafnaskarði 15. Apríl 1885.

Við framanskrifaða merkjalýsing hefi jeg ekkert að athuga sem umráðamaður að hálfri Stórugröf.

Svarfhóli h. 19. maí 1885

Björn Ásmundsson

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 20. Maí 1885 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.63.

þingl. –75a Guðm. Pálsson

Bókun – 25

1 kr

(ein króna)

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 14./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

162.

Landamerkjalýsing fyrir Laxfoss í Stafholtstungum.

Að neðanverðu ræður frá Norðurá girðingalækur frá upptökum hans ræður sjónhenda í vörðu á háásnum úr þeirri vörðu í minni Kempuklett og þaðan sama sjónhenda í krossmerktan stein á Laxfossfjalli, þaðan í vörðu á norðurbrún fjallsins, svo sama sjónhenda í sjónarhól, svo ræður lækur sem fellur úr sjónarhólskeldu ofan Laufskáladal í Kiðá, svo ræður Kiðá niður í Hreðavatn, svo úr árósinum eftir vatninu í merkjagarð sem liggur eptir leiðarskarði sjónhendug á Arnarklett svo frá Arnarkletti sömu sjónhendu í merkjastein við Norðurá á Hólmum. Svo ræður Norðurá að Girðingarlæk og áskilst jörðinni öll veiði í tjeðri á móti Veiðilæk og Einifelli innan þessara merkja að undanskildu Stafholtskeri eða öðru nafni Nikulásarkeri. Ennfremur fylgir jörðinni engjastykki á Desey í Norðurárdal að vestan ræður Bjarnadalsá að norðanverðu er Hvammsengi og skilur þar merkjagarður frá ánnin í mitt Hópið til móts við Klettstíu og Háreksstaðaengi niður að Hraunsnefsengi og skilur þar aptur merkjagarður frá Hópinu að Bjarnadalsá.

Einnig tilheyrir Hjarðarholti í sama hreppi skógarhögg í Laufshaga og ræður brekka sem liggur frá suðurenda Hreðavatns í útnorður yfir þveran Laufshagann að Kiðá gagnvart suðurenda Kattarhryggs norðanvert við ána, svo ræður Kiðá niður í vatn.

Laxfossi 20. Maí 1890
Snorri Þorsteinsson
(ábúandi)
fyrir hönd jarðareiganda.
Framanskrifuð landamerki samþykkja.
Eftir fullmakt fyrir hönd umráðamanns Hvamms, Háreksstaða og Klettstíu
Jakob B. Þorsteinsson
Fyrir hönd umráðamanns Brekku og eiganda Hreðavatns Jakob B. Þorsteinsson
Árni Guðmundsson (handsalað)
Eigandi Hraunsnefs og Litlaskarðs
Guðmundur Auðunnsson
eigandi að Jafnaskarði
Ólafur Ólafsson ábúandi á ½ Einifelli
J.Tómasson ábúandi og umráðamaður Hjarðarholts
Tómas Guðmundsson Eigandi ½ Einifells
Jóhann Þorsteinsson
(prestur í Stafholti)

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 128.
Gjald til landssjóðs
þingl. 75a Sigurður Þórðarson
bókun 25 –
1 kr.
(ein króna)
Innritað samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

163.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Økrum í Hraunhreppi og Mýrasýslu, samkvæmt lögum 17. marz 1882.
1. gr. Milli Hítarness og Akra eru merkin þar sem ósinn er dýpstur um fjöru, þar til Hítará tekur að sjást, ræður hún merkjum norðan Dyraskerin og norðanverðu við Kjaransey og stólpana alt austur fyrir Akraling hólmana þar sem að Kálfalækur kemur í ána.
Ofanskrifaða grein samþykkir Hítarnesprestur
S. Norðfjörð.
2. Eftir Kálfalæk eru merkin þar til á mótsvið landamerkjaholt fyrir sunnan lækinn. Samþykkir eigandi Litla Kálfalækjar.
Sigmundur Ólafsson (handsalað)
3. Frá vörðu á Landamerkjaholti í vörðu á Miðvatnsbakka, þá í Klöpp í vatninu er ber í Rjúpuhól og úr Rjúpuhól í Deildarstapa og svo í Álftahreiður á Deildartjarnarbakka.
Samþykkur eigandi Stóra-Kálfalækjar.
Jón Snorrason (handsalað)
4. Úr Álftahreiðri í Flagastapa, þaðan í vörðu sunnan Sandvatnsendann og á sjó út sunnan Klofning. Samþykkir eigendur og ábúendur í Vogi.
Bogi Th. Helgason     Árni Bjarnason
5. Ítök Akrakirkju eru eftir gömlum máldögum á Langavatnsdal, Kvíildisdalur allur með Sandvatnsnesi og Hafursstaði hálfa er hafa staðið í Haf[ra] dal innan Langavatnsmúla.
Økrum h. 28. júní 1884.
Sigurður Benediktsson

Lesið á manntalsþingi að Lækjarbug 3. júlí 1884
Þingl – 75a
Bókun – 25 –
1 kr. borg.
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. nóv. 1906.
Gjald
25 – tuttugu og fimm aurar     Sigurður Þórðarson
Borgað SÞ
Innr. samkv. l.nr. 72. 22./6. 1921.     15/3. 1923.

GBjörnsson

164.
Landamerkjaskrá fyrir Kvíum og Kvíakoti (sic) í Þverárhlíðarhreppi í Mýrasýslu.
Gagnvart Helgavatnslandi ræður Landbrotið eftir þess forna farveg (er liggur næst Helgavatnsstekk) frá Litlu-Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamraendalandbrot koma saman. Gagnvart Hamralandi ræður Hamralandbrot í þriðja nef, sem er við Hamralandbrotið, þaðan í norðara Smáholt, sem stekkurinn er í, þaðan eftir merkjum sem standa á flóanum í vörðu fyrir neðan vaðið á Grundarlæknum þaðan í mitt Grænaskarð, þaðan sjónhending í Geitnagil. Úr því ræður gilið upp á brúnina. –
Gagnvart Ørnólfsdalslandi – Úr Geitnagili sjónhending í Griðungaskarð. Úr Griðungaskarði í hnúk neðanvert á Sandinum. Gagnvart Þverár afrjettarlandi eru merkin: sjónhending úr hnúknum í Einbúa, þaðan rjett eftir hásandinum fyrir sunnan Alboga sjónhending í Lambadal, eftir því sem vötnum hallar. Ræður þá Lambadalur sjónhending í vatn það, sem kallað er Hólsvatn (Hrólfsvatn). Úr Hólsvatni ræður syðri Þverárkvísl (Hrólfsvatns-kvísl) þar til kvíslar mætast; sem kölluð er Litla-Þverá.

Gagnvart Hermundarstaðalandi á móts við Brúnkolluklett, Lundslandi, Sigmundarstaðalandi og Grjótslandi, að Landbrotsfarveg hinum forna, sem áður er nefndur, ræður Litla-Þverá alla leið.
Kvíum, 5. maí 1890
Þórunn Þorbjörnsdóttir (eigandi Kvía)
Eggert Sigurðsson (Samkvæmt fullmakt eiganda Kvíakots)
Samþykkir vegna Þverárrjettar afrjettarlands.
Gísli Einarsson (oddviti Norðurárdalhrepps)
Eggert Sigurðsson (oddviti Þverárhlíðarhrepps)
Magnús Andrjesson, oddviti í Hvítársíðuhreppi.
Jón Tómasson oddviti í Stafholtstungnahreppi.
Samþykkur vegna Hermundarstaða Eggert Sigurðsson (eftir fullmakt)
Samþykkur vegna Norðtungu eignarinnar eftir fullmakt frá eiganda Þorst. Hjálmsson
Samþykkur vegna jarðarinnar ½. Lunds.
Jóhannes Elíasson (eigandi ½ Lunds.)
Samþykkur vegna jarðanna Hamra og Sigmundarstaða.
Halldór Þorbjarnarson (eigandi)
Samþykkur vegna jarðarinnar ½ Helgavatns
(Eigandi) Sigurður Þorbjörnsson
Samþykk vegna jarðarinnar ½ Helgavatns og ½ Lunds eigandi
Þórunn Þorbjarnardóttir
Sem umboðsmaður eiganda jarðarinnar Grjóts, Odds Þórleifssonar í Dagverðarnesi, er jeg undirskrifaður samþykkur framanskrifuðum landamerkjum, og hlýtur þá samkvæmt því að breytast landamerkjalýsing fyrir Grjóti, dags. 24. okt. 1884 og þinglesin 18. maí 1885, að því leyti sem hinn forni árfarvegur þar er látinn ráða merkjum kringum hólmann gagnvart Helgavatnsnesi.
Þorsteinn Davíðsson
Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 17. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.103
Gjald til landssjóðs:
þingl. – “ – 75 a Sigurður Þórðarson
bókun – “ – 25 –
1 kr.
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.
GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

165.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
Nr. 100.
Landamerki milli Kleppjárnsreykja og Snældubeinsstaða eru þessi:

Úr vestasta skarðinu fyrir vestan björgin upp á brúninni og svo þaðan ofan að miðmundavörðunni og svo þaðan eftir læk, sem fellur ofan í Dýjaholt og þaðan í grastór [svo] á hákleppholtinu og þaðan í hveralækinn og í slakkann vestan til á móahorninu og í merki, er sett verður við ána austanvert við götur. Þaðan ræður Reykjadalsá fram að Hveralæk þar sem hann fellur í ána og þaðan beina stefnu eftir settum merkjum upp í Sandhól á hálsinum og þaðan eins og vötnum hallar til áðurgreindra merkja á hálsinum.

Staddir að Deildartungu, 21. ágúst 1884.
Eftir fullmakt Kristófers vegna samþykkur.
Þorsteinn Þorsteinsson (handsalað)
Magnús Blöndal eigandi Snældubeinsstaða.
Samþykkur Pjetur Þorsteinsson sem eigandi og ábúandi Geirshlíðar.
Samþykkur Árni Brandsson eigandi Geirshlíðarkots (handsalað)
Eftirfylgjandi merkjum milli Snældubeinsstaða og Kjalvararstaða er jeg fyrir hönd Reykholtskirkju og uppá væntanlegt samþykki stiftsyfirvaldanna samþykkur:

Frá Reykjadalsá ræður Hveralækurinn upp þangað, sem lækurinn er frá hvernum kemur, kemur saman við kalda lækinn. Þaðan sjónhending og upp Giljatungur í stein þann hinn mikla, sem er norðan til við Sandhóla þá, sem eru á hálsinum, og þaðan eftir sömu stefnu suður af; þó er tungunni neðan brekku, þeirri er myndast af læknum frá hvernum og kalda læknum, er sunnan við hann kemur skift þannig, að merkin eru þar lítill lækur, sem rennur vestan í kalda lækinn og fylgir stærri tungan (hin vestari Snældubeinsstöðum, en hin minni (hin eystri) Kjalvararstöðum.

P.S. Stafholtsey, 4. maí 1890
Guðmundur Helgason
prestur í Reykholti.
Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum, 28. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu nr. 100.
Gjald til landssjóðs Sigurður Þórðarson
þingl. - - - - 75 aur
bókun - - - - 25 –
1 kr.
(ein króna) borg. SÞ

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Nr. 155.

Viðauki og breyting á landamerkjum milli Snældubeinsstaða og Kleppjárnsreykja.

Landamerki milli Snældubeinsstaða og Kleppjárnsreykja eru þessi:

Úr vörðu á austara skarðinu vestan til á björgunum upp á brúninni sjónhending um Miðmundavörðu í læk (Geiralæk), sem fellur ofan í Dýjaholt; þaðan ræður lækurinn ofan í skurð á sundinu fyrir ofan Kleppsholtið; þaðan sjónhending um grastór á há Kleppholtinu í mót heita og kalda lækjarins; síðan ræður heiti lækurinn (Hveralækur) til Reykjadalsár. Þaðan ræður Reykjadalsá o.s.frv.

Meðan Guðbrandur Guðmundsson býr á Kleppjárnsreykjum hefur hann ókeypis beit fyrir kýr sínar í Snældubeinsstaðalandi.

Staddur á Reykholti 11. ág. 1892

Pálmi Pálsson, eigandi Snældubeinsstaða.

Samþykkur samkvæmt umboði eiganda Kleppjárnsreykja, Kristófers Brandssonar, dags 27/apr. 1890.

Guðbrandur Guðmundsson.

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 30. maí 1893 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu, nr. 155.

Gjald: þinglestur kr. 0.75 Sigurður Þórðarson
bókun – 0.25
kr. 1.00
(ein króna)

Rjetta útskrift staðfestir
Ritlaun kr. 1.50
Stimplun – 0.50 G.Björnsson
kr. 2.00
– tvær – krónur (L.S.)

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

166.

Landamerkji Kleppjárnsreykja í Reykholtsdal.

Milli Kleppjárnsreykja og Hamra eru merki úr neðri enda á skurði, sem stunginn er niður að Reykjadalsás, og ræður skurðurinn merkjum, meðan hann er, úr efri skurðarendanum sjónhending í kolaþúfu á barði skammt fyrir ofan skurðinn; úr þúfunni beint í neðri endann á garðlagi, sem er stutt fyrir ofan nefnda þúfu, svo eftir garðlaginu úr efri enda garðlagsins ræðr sjónhending í stein innanvert við Hamralág; úr steininum ræðr sjónhending í vörðu í Selhvammi; þaðan sömu stefnu upp á háhálsinn; síðan enn sömu stefnu suðr. eftir hálsinum, þar til er vötnum hallar suðr af. Síðan ræðr. sjónhending austr hálsinn i vörðu í austara skarðinu vestan til í björgunum á hálsbrúninni, og er hún hornamerki. Merkin á móti Snældubeinsstöðum eru úr þeirri vörðu um Miðmundavörðu í læk (Geiralæk), sem fellr ofan í Dýjaholt; síðan ræðr lækurinn, ofan í skurð á sundinu fyrir ofan Kleppsholtið; þaðan sjónhending um grastór á há Kleppholtinu í mót heita og kalda lækjarins; síðan ræðr heiti lækrinn (Hveralækr) til Reykjadalsár. Að norðan ræðr. Reykjadalsá merkjum.

Meðan jeg bý á Kleppjárnsreykjum hefi jeg Guðbrandr Guðmundsson, ókeypis beit fyrir kýr mínar í Snældubeinsstaða landi.

Staddr í Reykholti 11. ágúst 1892.

Í umboði eiganda Kleppjárns-Reykja, Kristófers Brandssonar, eftir umboðsskjali dags. 27. apr. 1890.

Guðbrandur Guðmundsson

Merkjalýsing þessa samþykkja:

Pálmi Pálsson eigandi Snældubeinsstaða

Bjarni Sigurðsson á Hömrum

Guðbrandur Guðmundsson

Hannes Magnússon, Deildartungu

Pjetur Þorsteinsson, Geirshlíð

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 154

Gjald: þinglestur kr. 0.75

bókun 0.25 Sigurður Þórðarson

kr.1.00

(ein króna) Borgað SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

167.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Lundum í Stafholtstungum.
Að vestanverðu (gagnvart Steinum) ræður Sandhólsstokkur sem rennur í Þverá ofantil við Lundahyl, þá ræður sýki, það sem rennur fyrir vestan Grjótfit uppað torfvörðu þeirri er hlaðin er ofantil við Hólmana, þaðan sjónhending í torfvörðu sem hlaðin er á hæðsta og norðasta horninu á Landamóa eður „Kirkjumóa“, þaðan eftir móarima þeim er liggur beint suðaustur að Landbrotinu lítinn spöl fyrir neðan Laskabrekkur, þá ræður Landbrotið uppí Landbrotsbotna að vestanverðu við tungu þá sem myndast þar sem Landbrotið byrjar, þaðan
ræður kelda sú sem rennur ofan miðja Laugarmýri, í upphlaðna torfvörðu framantil í mýrinni, þaðan (gagnvart Gunnlaugstöðum) sjónhending í svo kallaða Klofasteina, þaðan sjónhending þvert yfir ásana og í grjótvörðu neðan til á Gunnlaugssstaðaborg, þaðan sömu stefnu sjónhending um Stóradý og suður í Löngumýrarkeldu, þá ræður Löngumýrarkelda (gagnvart Síðumúla-veggjum) ofan í Landbrotsbotna, þá ræður syðra-Landbrotið (gagnvart Brúarreykjum og Kaðalstöðum) ofan í Þverá, þá ræður Þverá (móti Bakkakoti) uppað fyrrnefndum Sandhólsstokk. Jörðin á alt land ítakslaust innan nefndra takmarka, einnig
alla veiði fyrir sínu landi lögum samkvæmt.

Lundum 1. maí 1890
Ólafur Guðm. Ólafsson
eigandi og ábúandi á Lundum.
Ofanskrifaða landamerkjalýsing höfum við vandlega yfirlesið og samþykkjum hana í einu og öllu með undirskrift nafna vorra.
Þorbjörn Ólafsson eigandi og ábúandi á Steinum.
Halldór Ólafsson eigandi og ábúandi á Síðumúlaveggjum
Halldór Jónsson ábúandi á Brúarreykjum
Ólafur Þorbjörnsson eigandi Kaðalstaða.
Jón Þórólfur Jónsson eigandi að nokkru af Gunnlaugsstöðum.
Hallfríður Bjarnadóttir eigandi að nokkru af Gunnlaugsstöðum og ábúandi á Gunnlaugsstöðum.
Þorbjörn Ólafsson eigandi annars helmings jarðarinnar Bakkakots og umboðsmaður hins.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 125.
Gjald til landssjóðs:
þingl. 75 a Sigurður Þórðarson
bókun 25 –
1 kr
(ein króna) Borgað SÞ.

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
168.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Litlu fellsöxl samkvæmt lögum 17. marz 1882.
Að sunnanverðu ræður Brunná á meðan hún rennur í skýrum farveg, og úr henni beina sjónhending vestur eftir fjallinu í Norðurgil efst á Berjadal, og þaðan beina línu í vörðu í Djúpárbotnum, sem kölluð er Miðmundavarða, og úr þessari vörðu beina línu í upptök Djúpár, og ræður Djúpá til sjávar, úr henni þar sem hún fellur úr sjó, beina sjónhending norður í Laxá, ræður þá Laxá þar til Urriðaá fellur í hana, síðan ræður Urriðaá að beinni línu í læk þann, sem fellur á millum túna þessarar jarðar og Fellsaxlarkotsins, og ræður lækur sá merkjum upp að Hellufossi, úr honum beina sjónhending eftir melunum í Svartafoss í Brunná.

Litlufellsöxl d. 3. júní 1885.
Ólafur Magnússon á Litlufellsöxl
O.H. Ólafsson ábúandi á Fellsaxlarkoti.
Þorsteinn Sigurðsson ábúandi á Stóru-Fellsöxl.
Bjarni Guðlaugsson bóndi á Kjalardal.
Lesið á manntalsþingi að Hvítanesi 23. júní 1886.
Gjald til landssjóðs Sigurður Þórðarson
Þingl. – 75
Bókun – 25
1 kr.
Borgað SÞ

Rjetta útskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. júní 1906.
Gjald – 25 – tuttugur og fimm aur. Sigurður Þórðarson
Borgað SÞ
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

169.

Landamerkjabrjef. Kalastaðakots.

1. Milli Kalastaðakots og Katanes ræður svokölluð Kalmannsá frá sjó í svo kallað Hólmavatn vestur í flóanum. Þessum merkjum samþykkur

Ísl. Ísleifsson ábúandi á Katanesi

2. Merki milli Kalastaðakots og Eystra Miðfells er bein stefna úr vatnsviki í Hólmavatni er svo kallaður Grafarlækur rennur í bein stefna í Förumannastein er kallaður er neðan til við veginn; uppundir Hálsinum þaðan sjónhending í svo kallaðan koladrang upp á Hálsinum austanvert við Drangsdal. Þessum merkjum samþykkur

P. Pjetursson (eigandi Miðfells).

3. Merki milli Kalastaða kots og Svarfhóls ræður sjónhending sem vötnum hallar eftir hálsinum austur á móts við Svarfhólsland austur í Lönguborg, þá ræður syðri jaðar Lönguborgar til úr [svo] suðurs. Samþykkur þessum merkjum

Jón bóndi Erlendsson Svarfhóli.

4. Merki milli Kalastaðakots og Kalastaða er sjónhending úr syðri enda Lönguborgar á svokallaða Náttmálavörðu sem er á hæðstu hæð á hálsinum, þaðan er bein lína sem liggur austan til um Skjólborg í vörðu, þá sem hlaðin er á, klöpp og stendur hún við sjóinn austanvert við svokallaðan Haugsklett og svo úr vörðunni sjónhending í sjó fram í Hvalfjörð:

Merki þessi eru tekin eftir gömlum áreyðardómi

Þórður lögmanns Guðmundssonar árið 1566 og Halls Þóroddssonar á Miðfelli árið 1653. Samþykkur þessum merkjum

Jón Þorsteinsson, Kalastöðum,

þar að auki á Kalastaðakot hólma þann, sem stendur í Hólma vatni.

Pj. Pjetursson (L. S.)

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6 júní 1888 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N 31.:

Gjald til landsjóðs

| | | |
|---|---|---|
| Þinglestur | 75 a | Sigurður Þórðarson |
| Bókun | 25 – | |
| | 1 kr. | |
| ein króna | Borgað SÞ | |

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

170.

Landamerkjaskrá fyrir Helgavatni í Þverárhlíð.

1. Gagnvart Kvíalandi ræður landbrotið eftir forna farveg er næst liggur Helgavatnsstekk, frá Litlu Þverá upp að tungunni þar sem Helgavatn og Hamra landbrot koma saman.

2. Gagnvart Hamralandi: úr tungusporðinum, á milli Helgavatns og Hamralandbrots, þaðan sjónhending í vörðu á Laugarásnum, þaðan í vörðu á miðás í Leinir, þaðan í vörðu á Hábrún fyrir utan Ásustíg.

3. Gagnvart Ørnólfsdalslandi, ráða eggjarnar fyrir utan Ásustíg, alt ofan að Ørnólfsdalsá, svo ræður árin alt ofan að Móabrekkum.

4. Gagnvart Norðtungulandi, ráða Móabrekkur allt að Grjótsgötu, svo Grjótsgata yfir skóginn allt að Litlu þverá. Síðan ræður Litla-Þverá allt að áðursögðu landbroti.

Einnig fylgir Helgavatni land á Þverárdal fyrir framan Hermundarstaðaland, og eru landamerki þar þannig: Að vestanverðu frá Þverá ræður lækur uppeftir nyrðri Sýrdal allt upp að tjörn, sem er upp á háhálsinum, og að norðanverðu úr tjörninni í urðarstapa, úr urðarstapa í Spenatjarnir þaðan eftir Fanngili ofan að steini á Eystri gilbarminum, úr þeim steini sjónhending í Hásuður á Háu mela við Þverá, svo ræður Þverá að sunnanverðu allt að nyrðri Sýrdalslæk.

Helgavatni 1. maí 1889.

Sigurður Þorbjörnsson eigangi að ½ Helgavatni
Þórunn Þorbjarnardóttir eigandi að ½ Helgavatni og Kvíum.
Guðmundur Guðmundsson Eigandi Hermundarstaða
Halldór Þorbjarnarson eigandi að Hömrum
Jón Þórðarson eigandi Norðtungu (handsalað)

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 21. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu nr. 98.

Gjald til landsjóðs
Þinglestur –75 a
bókun –25 – Sigurður Þórðarson
1 kr
– ein króna – Borgað SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

171.
Landamerkjalýsing fyrir Hraunsnefi í Norðurárdal.

Að sunnan ræður Bjarmadalsá frá ~~skurð~~ Skurði framantil við Pálsengi, útfyrir Brekkunef og þaðan sjónhending í stóran stein á holti sunnan til við nónsund, þaðan sjónhending í Setseljuvörðu á mosás, þaðan sjónhending á nyrðri barm á Kambsgili, þaðan sjónhending í fellsklauf miðja, þaðan sjónhending yfir Fanná og yfir syðri enda á fremri Grágæsahnjúk, og neðan til við tjörn vestan undir áðurnefndum hnúk, þaðan sjónhending í Fossdalsá. Að vestan ræður Fossdalsá á móts við hnúk norðan til á Geldingafelli, og úr þeim hnúk sjónhending í Breiðaskarð í Hraunsnefsöxl, þaðan sjónhending í rauðstein sem stendur í fremsta hrauntanga, þaðan sjónhending í rúst sem stendur sunnanvert við Mórauðasýki, þaðan sjónhending í vörðu sem stendur við Uppkotsengjar. Þaðan eftir garðlagi sem liggur á milli Hafþórsstaðaengja og Hraunsnefsengja ofan að Dýseyjarkvísl, svo eftir kvíslinni til Brekkuodda, og yfir Brekkuodda eftir því sem merki sýna í sýki norðanvert við oddann, svo ræður sýkið að Bjarnadalsá, þaðan sjónhending yfir, Bjarnadalsá í áðurnefndan skurð framan til við Pálsengi. Einnig á Hraunsnef engjapart á Dysey, sem liggur eftir glöggum merkjum á milli Laxfoss
part og Hamarsparts.

Þessa landamerkjalýsingu óskar eigandinn af fá undirskrifaða af þeim sem lönd eiga umhverfis Hraunsnefsland.

Hraunsnefi 1. apríl 1887
Árni Guðmundsson eigandi Hraunsnefs
fyrir Borgarhrepp Sigurður Sigurðsson
fyrir jörðina Laxfoss samþykkir Snorri Þorsteinsson ábúandi
fyrir jörðina Brekku samþykkir Þórður O. Jónsson ábúandi
Andrjes Guðmundsson ábúandi Hvassafells.
Gísli Einarsson prestur í Hvammi
Sigurður Þórðarson umráðamaður meiri hluta Hafþórsstaða.
Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum
Gísli Einarsson prestur á Hvammi
Sigurður Þórðarson umráðamaður meiri hluta Hafþórsstaða.
Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 20. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 107.

Gjald til landsjóðs
Þingl. - - 75 a  Sigurður Þórðarson
bókun - - 25 –
1 kr
(ein króna) Borgað SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921.  15/3. 1923.

GBjörnsson

172.

Landamerkjaskrá fyrir Hjarðarholti í Stafholtstungum í Mýrasýslu og ítökum kirkjunnar. Samin samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1882.

Í fyrstu ræður Hjarðarholts landbrot frá Steinólfsbrekku upp að prestavaði. Þaðan ræður landamerkjakeldan milli Hjarðarholts og Stafholtsveggja í vörðu þá sem er á gálga kletti hjá Gálgatjörn. Þá ræður sjónhending úr vörðunni í miðhnúkinn og þaðan aftur sjónhending í þúfu þá sem er í miðri mýrinni fyrir norðan laugarhnúkana, þaðan ræður keldan eftir miðju sundinu upp í Þverlæk, og þá bein stefna í tjarnarendann neðri, og úr tjörninni eftir því sem keldan ræður austur gegnt Tíðaskarðinu. Þaðan bein sjónhending í þúfu þá sem er fyrir sunnan Hallargrafir; við stóra Landbrotið, ræður svo Landbrotið að Þverá þaðan ræður Þverá ofaneftir fyrir sunnan Hjarðarholtshólma og Hesthólma að klettsnefinu við Lundahyl. Svo ræður bugurinn upp að Ljósarima og þaðan sjónhending í svörtu bakkana fyrir ofan fyrrnefnda Steinólfsbrekku.

Hjarðarholti 19. apríl 1890

Jón Tómasson ábúandi á Hjarðarholti

Ofanskrifaða landamerkjaskrá samþykkja.

Sæmundur Magnússon ábúandi á Stafholtsveggjum

Tómas Guðmundsson eignadi að ½ Einifelli.

Ólafur Ólafsson ábúandi á ½ Einifelli.

Sigurður Þorbjörnsson eigandi að 2/3 af Höll

Þorsteinn Eiríksson eigandi að 1/3 af Höll

Jón Sigurðsson eigandi Spóamýrar.

Ítök Hjarðarholtskirkju eru þessi; hún á skógarhögg sem kallaður er Laufshagi og liggur fyrir utan Norðurá í Laxfosslandi og merki í kringum það þessi tiltekin. Úr syðri enda á Hreðavatni ræður brekkugeiri í beina stefnu í vestur útnorður yfir laufshagann og í Kiðá gengt vesturendanum á Kattarhrygg sem liggur að utanverðu við ána. Ræður svo Kiðá í Hreðavatn.

Hjarðarholti sama ár og dag sem að framan segir.

J. Tómasson ábúandi Hjarðarholts

Samþykkir eru

Snorri Þorsteinsson ábúandi á Laxfossi og Guðmundur Auðunsson eigandi Jafnaskarðs.

Sömuleiðis á Hjarðarholtskirkja skógarhögg í Arnbjargarlækjarlandi kallað Þórunnarholt annarsvegar við holtið ræður Þverá þar sem Þórunnarhylur heitir, en hinsvegar mýrarsund

Hjarðarholti sama ár og dag sem að framan segir.

J. Tómasson ábúandi Hjarðarholts og samþykkur er Þorsteinn Davíðsson ábúandi á Arnbjargarlæk.

Sömuleiðis á Hjarðarholtskirkja skógarhögg í Hríshólum í Gunnlaugsstaðalandi.

Og enn fremur á Hjarðarholtskirkja land fram á afrjetti kallað Hellirstungum og merki þessi tiltekin fyrir því:

Til landnorðurs ræður frá sínum upptökum Lambagil alt í Norðurá. Ræður þá Norðurá alt að Hellirsá og svo Hellirsá upp að Gíslalæk, síðan Gíslalækur að upptökum; þaðan eftir því sem vötnum hallar uppí brúnina á millum fyrtjeðra lækja og niður í tungusporðinum eru tóptir fornar þar sem kallaðar hafa verið Hjarðarholtssel.

Hjarðarholti sama ár og dag sem að framan segir.

Jón Tómasson, ábúandi og umráðamaður.

Hjarðarholts í Stafholtstungum í Mýrasýslu.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 25. maí 1891 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu No 146.

Gjald til landssjóðs

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

þinglestur - - 75 a Sigurður Þórðarson
Bókun - - 25 -
1 kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921 15/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

173.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
No 94.
Landamerkjalýsing á Veiðlækjarlandi í Þverárhlíð í Mýrasýslu.
Sá stóri foss í Norðurá sem nefndur er Glanni eða Glennunarfoss á merkjum að ráða frá hans efstu brún sjónhending í vörðu á norðurhorninu á Vatnsholtum frá vörðunni sjónhending í Vatnholtatjörn austanverða, frá tjörninni sjónhending í fossinn í Hólmavatnslæknum þar sem hann fellur fram af Klettabeltinu niður í torfdalinn, þaðan ræður lækurinn upp í Hólmavatn, frá vesturenda Hólmavatns sjónhending í Arnarklett sem er austurendi brúnarinnar, þá ræður hæsta brúnin – norðurbrúnin – vestureftir hálsinum vestur á Hallarmúla gagnvart endanum á svonefndum Eggjum, þá norður af múlanum beint í Eggjaendann, þaðan niður eftir mýrinni beint þar til sem keldan myndast, að austan verðu við töglin á Grjótbrúarholti og Grenborg, ræður svo keldan merkjum og lækurinn úr henni þar sem hann nú fellur og hefur áður fallið vestur í Norðurá fyrir neðan foss þann sem Laxfoss er nefndur, frá læk þessum ræður svo Norðurá alt upp á efstu brún á fyrstnefndum fossi Glanna. Einnig fylgir landinu hálf Norðurá, á nefndu svæði á móti jörðunum Laxfossi og Hreðavatni.

Ítök annara í land þetta eru engin, en veiðiítak Stafholtskirkju í Nikulásarkeri undir Laxfossi, er viðurkent samkvæmt máldögum kirkjunnar.

Í máldögum Gilsbakkakirkju er nefnd laxveiði í Glennunarfossi, en eigi vita núlifandi menn til að hún hafi verið notuð í nafni kirkjunnar.

Ritað að Hamri í Þverárhlíð 1. maí 1889
fyrir hönd eigenda Veiðilækjar eftir fullmakt þeirra.
Hjálmur Pjetursson
Framanrituð landamerki, samþykkja undirskrifaðir, sem land eiga á móti.
Bjarni Þorsteinsson eigandi og ábúandi Svartagils.
Sigurður Þorbjörnsson eigandi að 2/3 af Höll.
Eggert Sigurðsson eigandi að hálfu Einifelli.
Þorsteinn Eiríksson eigandi að 1/3 af Höll.
Tómas Guðmundsson eigandi að hálfu Einifelli
Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 21. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.94
Gjald til landsjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 75 a | |
| bókun | 25 – | Sigurður Þórðarson |
| | 1 kr | |

Rjetta útskrift staðfestir Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. marz 1916
Gjald: 25 Sig. Eggerz
– tuttugu og fimm aurar – SE
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 15/3 1934
GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

174.

Landamerkjaskrá fyrir Stafholti í Mýrasýslu.

Millum Hamraenda og Hofstaða ræður sjónhending úr Hofstaðavatni í miðjan eða há-Agnhól, úr Agnhól í Þvotthellur við Hvítá. En vestan fram ræður keldan, sem rennur úr Hofstaðavatni í Hofstaða- eða Steinbogalæk og svo Steinbogalækur ofan að tóptarbrotinu (Presthúsarúst-inni) þar sem Arnarholtsengja-skurður byrjar og svo ræður skurður sá merkjum út í Norðurá. Því næst ræður Norðurá merkjum að vestan niður að Gljúfurárós. Fyrir neðan Gljúfurárós ræður merkjum kvísl sú, sem rennur fyrir vestan Stafholtshólma og sem myndast af Gljúfurá og nokkrum hluta Norðurá. Þá ræður Norðurá merkjum út í Hvítá þar sem hún rennur fyrir neðan Flóðatangahólms, Staðarhólma og Þræley. Tilheyra allir þessir hólmar Stafholti. Því næst ræður Hvítá merkjum upp að Þvotthellum, sem áður eru nefndar. Stafholt á alla veiði í nefndum ám samkvæmt lögum að sínu leyti móts við kringum liggjandi jarðir
og allt land ítakalaust innan nefndra takmarka óskipt með Hofstöðum, Bjargarsteini, Svarfhóli og hjáleigum, en með úrskiftum engjum, sem hjer er ekki frekar þörf að greina.

Auk kirkjujarðanna á Stafholt þær aðrar eignir og ítök sem nú skal greina:

1. Staðartungu alla vestur frá Grísatungumörkum og vestur að Langá á Skarðsheiði og síðan eftir því sem Gljúfurá ræður.
2. Sauðhúsaskóg og eru sjerstök landamerki samin, undirskrifuð og þinglesin fyrir honum.
3. Bjarnadal allan fyrir ofan Mælifellsgil og Hvassafellsland samkvæmt sjerstakri þinglesinni landamerkjaskrá.
4. Hrísey í Hreðavatni.
5. Kirkjuholt svokölluð í Svignaskarðslandi.
6. Kirkjutungur í Skorradal millum Svanga og Drageyrarlands (það er Stóru-Drageyrarlands).
7. Kerveiði alla í Norðurá í hinu svokallaða Nikulásarkeri fyrir neðan Laxfoss.
8. Alla veiði í Móhyl í Gljúfurá fyrir neðan Tandrasel.
9. Þrjá hluta laxveiðar í allri Þverá. Ábúendur þeir, sem land eiga að Þverá vilja eigi samþykkja ítak þetta og verður því um það leitað úrslita dómstólanna.
10. Selför í Þverárdal fyrir ofan Kvía.
11. Eyðijörðin Engines í Strandasýslu með öllum reka fyrir landi hennar.

Stafholti í maímán. 1890.

Jóhann Þorsteinsson.

Samþykkir framanskrifuðu eru: Eigandi Svanga Rannv. Kolbeinsd.)

Við eigendur og umráðamenn Kvía skrifum undir þessa landamerkjaskrá með þeirri athugasemd að okkur er ekki kunnugt um að Stafholt eigi selfararrjett í hið núverandi Kvíaland.

Ólafur Þorbjörnsson Eggert Sigurðsson

Framanritaðri landamerkjas. eru samþykkir:

Sigurður Sigurðsson, Ábúandi og umráðamaður Svignaskarðs

Sigurður Jónsson umráðamaður Tandrasels og ábúandi Hauga.

Í umboði eiganda Hreðavatns: Jakob Bl. Þorsteinsson (ábúandi).

Guðjón Hinriksson (ábúandi á Stóru-Drageyri).

Snorri Þorsteinsson ábúandi á Laxfossi.

Jón Guðmundsson eigandi og ábúandi á Valbjarnarvöllum.

Jóhann Guðmundsson eigandi, að Litlafjalli.

Sigurður Þórðarson ábúandi Arnarholts.

Að því er snertir landamerki Stafholts gagnvart Sólheimatungu skírskotast til landamerkjaskrá Stefáns prófasts Þorvaldssonar og undirskriftar Sólheimatungueiganda undir hana; sömuleiðis skírskotast til undirskriftar Hamraenda-ábúanda á þá skrá.

Nefnd landamerkjaská er samkvæmt þessari að því er landamerki þessara tveggja jarða snertir, en annars í sumum atriðum ekki nákvæm, einkum að því, er til eigna – og ítaka kemur.
Jóhann Þorsteinsson
Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 23. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.150.

Gjald: Þinglestur kr. 0.75
bókun - 0.25 Sigurður Þórðarson
(ein króna) Borgað SÞ Kr. 1.00
Jónas E. Jónsson eigandi Sólheimatungu

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3. 1934

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Eptirrit
175.
Landamerki á jörðunni ,,Laxholti", í Borgarhrepp, sem er Stafholts-kirkjujörð – 17 hundruð að dýrl. 1861.

Milli Litlugrafar og Laxholts eru merki úr þúfu einni auðkennilegri við svo nefnda Arngrímstjörn, beint í aðra þúfu, einnig auðkennilega, sem er við bug lækjarins, er rennur úr tjörninni og nefnist Þverlækur – úr því ræður merkjum lækurinn, milli Litlugrafar, Galtarholts og Laxholts. –

Milli Eskiholts og Laxholts eru merkin úr efri ~~bug~~ bug lækjarins, fyrir austan reiðgötuás – sjónhending í keldu þá, er rennur í buginn á Gufá fyrir sunnan ásinn, úr því ræður áin merkjum niður að Hrosskeldukjapti; – þá skiptir merkjum milli Árnakots og Laxholts, sjónhending úr hrosskeldukjapti í vörðu þá, sem er neðst á fjárhúsaásnum; - frá vörðunni (sömu) sjónhending í Grástein, – Milli Brennistaða og Laxholts ræður merkjum sjónhending frá Grásteini í söngstein. – Því næst ræður enn merkjum milli Stangarholts og Laxholts sjónhending frá ,,söngsteini" að ,,kolþúfu" við ytra Álftavatn – og þaðan sjónhending í Landamerkjatjörn svo nefnda. –

Milli Valbjarnarvalla – og Laxholts – ræður merkjum sjónhending frá Landamerkjatjörn og í Steinása – keldukjapt, er rennur í ,,Gufá", og úr Steinásakeldukjapti sjónhending í ,,Arngrímstjörn" sem áður er nefnd. ~~(sic)~~

Þessari landamerkjaskýrslu til sönnunar og staðfestu eru allra vor hjer viðstaddra eigenda, ábúenda og nágranna undirskrifuð nöfn.

Stafholti á desembermán. 1883.
fyrir Laxholt, Stefán Þorvaldsson.
Fyrir Litlugröf Jóhann Guðmundsson
Fyrir Valbjarnarvelli Guðmundur Guðmundsson
Fyrir Brennistaði Bogi Sigurðsson
Fyrir Stangarholt Jóhann Guðmundsson
Fyrir Árnakot Jón Helgason

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884 og rituð í landamerkjabók Mýrasýslu N.2 þingl. 75 –
Bókun 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3. 1923.

GBjörnsson

176.
Landamerki Litluskóga
Milli Litluskóga og Stóruskóga ræður merkjum svonefndur „Tvísteinalækur“, sem er lítill lækur eða lækjardrag, er rennur til útnorðurs; því næst er haldin sjónhending, úr mynninu á „Tvísteinalæk“ í grjótvörðu á Stórulautarós, þaðan ennfremur sjónhending í grjótvörðu á Flatási, því næst frá tjeðri vörðu á Flatási í Uxaholtsvörðu á Uxaholti; því næst frá Uxaholtsvörðu í vörðu á neðsta klettinum á Flókaási, því næst er haldin sjónhending milli Munaðarness og Litluskóga, frá vörðunni og í hlaðna þúfu við landnorðurvikið í Skógatjörn; þaðan beint yfir tjörnina í þúfu við útsuðurendann á Skógatjörn; þaðan í þúfu á sundinu móts við Hamarsholtshaus; þaðan er haldin bein sjónhending í vörðu á Haugaselstöglum. Þá er ennfremur tekin sjónhending úr Haugaselstöglum í Kiðamúlahaus úr Kiðamúlahausi í Kiðamúlaós, sem fellur í Gljúfrá. Frá Kiðamúlaósi ræður Gljúfrá merkjum norður að fyrrnefndum Tvísteinalæk.
Stafholti 18. maí 1886.
Stephán Þorvaldsson
(sóknarprestur)
Þessari landamerkjaskýrslu til staðfestu eru hlutaðaeigandi nágranna nöfn.
Björn Þorláksson (eigandi Munaðaness)
Teitur Jónasson (umráðamaður Hauga)
Sigurður Jónsson (umboðsmaður Stóruskóga)
Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 24. maí 1886.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. des. 1886
Sigurður Þórðarson
settur

Þingl. – 75a
Bókun –25 –
1 kr
Borgað
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921.    16/3. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

~~177~~

Landamerkjalýsing á Sellandi Stafholtskirkju á Bjarnadal, eftir gömlum skýrslum og máldögum.

Vesturárdalur allur að austanverðu, allt að Einirberjagili; – Staðarmúli allur, – sem Stafholtssel er í – og sem liggur milli Vesturárdals og Miðdals; Miðdalur allur og Brekkumúli (það er Bröttubrekkumúli) allur svolangt austur, sem vötnum hallar, – móts við Breiðabólsstaðar land í Miðdölum. – Móts við tjeð merki ræður Bjarnadalsá allstaðar að sunnanverðu, fram á móts við Mælifellsgil –

Stafholti 3ja maí 1884

Stephán Þorvaldsson.

Lesið á manntalsþingi á Dýrastöðum 19. Maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.1.

þingl. -75 –

bókun – 25 Guðm. Pálsson

1 kr.

(ein króna)

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921. 16/3 1923

11/ skjal þetta er eftir ósk sjer Jóhanns Þorsteinssonar

degið út úr landamerkjabókinni aftur með því ...........

.............................11/4 1896 – Sigurður Þórðarson

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 -21 16/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

177.

Landamerkjaskjal fyrir jörðinni Hestur í Andakílshreppi.

Úr lækjarós þeim, sem fellur í Grímsá við Norðlingavað, ræður bein stefna um austurhornið á litlum mel, sem er rjett fyrir austan Götuás, í festi þá, sem er í austnorður frá Kýrmúla; síðan bein stefna úr festinni í Kýrmúla; þaðan sjónhending í miðjan Magnúsarhól; þaðan sjónhending í svokallaða ,,Digruvörðu“ á Hestfjalli; úr henni í Hestlandbrot, beina stefnu á svonefndan Músarklett; því næst ræður landbrotið merkjum alt til Grímsár, og úr því þverbein stefna yfir hólma þá, sem þar eru, út í miðja ána; síðan ræður Grímsá merkjum fram að áðurnefndum lækjarósi, og á Hestur land út í hana miðja, sem og alla lax og silungsveiði fyrir Hestlandi, að undanteknum þremur fjórðu hlutum af laxveiði í svo kölluðum Laxfossi.

Ennfremur á Hestur hið svokallaða Hestengi á Hvanneyrarengjum; það takmarkast af Vallastokk, Kongsodda, Bárustaðaengi, Ásgarðsengi, Kirkjutungum, og Kvígstaðastokk.

Hesti 31. maí 1890
Arnór Þorláksson
Samþykkir að því er snertir jarðir þær, sem lönd eiga að.
Að því er snertir Máfahlíð Arnór Þorláksson
Að því er snertir Múlakot Björn Þorsteinsson
Að því er snertir Kvígstaði, Heggstaði og Hvítárvelli og Fossatún A. Fjeldsted
Að því er snertir Hálsa og Syðstu-Fossa. Ari Jónsson eigandi að Hálsum
Að því er snertir Hvanneyri
uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins í suðuramtinu
Sveinn Sveinsson, búnaðarskólastjóri á Hvanneyri
Að því er snertir Þingnes. Hjálmur Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.112.

Gjald til landssjóðs
þingl. - - 75 a Sigurður Þórðarson.
bókun - - 25
1 kr
(ein króna) borgað SÞ
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 16/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

178.

Kirkjuengi

Á Suðurengjum við Andakílsá í Borgarfjarðarsýslu á Hvanneyri engjablett, sem Kirkjuengi nefnist. Fylgdi það áður Skógarkoti undir Hafnarfjalli (Tungukollur) sem nú er í eyði.

Engið liggur á milli Andakílsár að norðan og Svartastokks að sunnan. Gengur hann vestur inn úr Andkílsá. Austan við engið ganga tveir leirstokkar, annar úr Andakílsá suður og hinn úr Svartastokk norður. Enn þá ná þeir ekki saman og ræður sjónhending á milli þeirra merkjum á milli Kirkjuen[g]isins og Neðra-Hreppsengis, er að austan liggur.

Vestan við engið ganga líka tveir smá leirstokkar á sama hátt. Annar úr Andakílsá, hinn úr Svartastokk. Ræður sjónhending milli þeirra merkjum á milli Kirkjuengisins og „Efra-Hreppsengis", sem liggur vestan við stokka þessa, og nú er eign Sigurðar Jónssonar frá Görðum í Reykjavík.

Í meðalári fást um 100 hestar af engi þessu.

Hvanneyri 20. jan. 1923.

Samþykkur vegna Kirkjuengis: Halldór Vilhjálmsson
-- --- --- Neðra-Hrepp: Jón Jónsson
-- --- --- Efra-Hreppsengis: Sigurður Jónsson Görðum Rvík.

Þinglesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 25/6 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

179.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
Nr. 54.
Landamerki fyrir jörðinni Læk í Leirársveit, samin eftir fyrirmælum landamerkjalaganna frá 17. mars 1882.

Merki milli Lækjar og Beitistaða eru í vörðunni á norðurenda Króarholtsins, og beina sjónhending í stóran stein, ofan og vestan til við Sjóarholt, og úr þeim steini beina sjónhending á sjó framí Laxá.

Magnús Ásbjörnsson bóndi á Beitistöðum samþykkir.

Merki millum Lækjar og Mið-Leirárgarða, eru úr áðurnefndri vörðu á Króarholtsendendanum, beina sjónhending í þúfu hjá svokölluðu Aldýi.

Skipaskaga 18. júní 1886.
Samþykkir
G.Guðmundsson.

Merki millum Lækjar og Vestustu leirárgarða, eru úr sömu þúfu við ,,Aldý" sjónhending í þúfu við slýtjörn.

Helgi Guðmundsson Pjetur Sigurðsson.

Merki millum Lækjar og Geldingaár eru: úr þúfunni hjá Slýtjörn beina sjónhending í Klofastapa.

Ólafur Jónsson (ábúandi á Geldingaá)

[Merki millum Lækjar og Skipaness, eru: úr Klofastapa beina sjónhending austanhalt við Hellunes. –

Síðasttöldu merki eru eftir prívat forlíkunargjörð af 22. júlí 1837, og lesin á manntalsþingi að Leirá 27. maí 1865 af J. Thoroddsem sýslumanni] (sic]

Merki millum Lækjar og Skipaness eru: úr Klofastapa beina sjónhending í 2 vörður (grjótvörðu og torfvörðu) er ber hver í aðra vestanhalt á nesinu, og úr vörðunni vestan halt við ,,Nótnatanga" beina sjónhending í ána, þar sem hún fellur fram úr Kjalardalsskál í Akrafjalli.

Sem umboðsmaður Skipaness
Þ.Þorsteinsson á Leirá.

Merkjum á fjörunum milli Lækjar og Litlufellsaxlar, ræður syðri kvísl Laxár upp að Urriðaá – Svo Lækur og Leirár kirkja á alla laxveiði í Lækjarfljóti við Alkersstein

Samþykkur fyrir Leirárkirkju
Þ. Þorsteinsson
Helgi Guðmundsson
eigandi og ábúandi Lækjar
Þinglesið á Leirár 24. júní 1886
Borgun: þingl. – 75 – Sigurður Þórðarson
Bókun 25 –
1 kr
(ein króna) Borgað SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir
Ritlaun G. Björnsson
1 – ein – króna (L.S.)

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3. 1923.

GBjörnsson

180.
Landamerki fyrir jörðina Vatnshorn í Skorradal
1. Milli Vatnshorns og Fitja: Skorradalsvatn og árin er í það fellur eftir miðju, upp að mynninu á Bakkakotssýki ofan til við Hámel.
2. Milli Vatnshorns og Bakkakots:
Úr sýkisminninu (tölul.1.) bein lína upp á Bergþórsklett (hádegismið frá Vatnshorni) um þúfuna á honum austanverðum; þaðan beint suður á Grafardalsá þar sem hún fellur úr Eystri-Selflóa. Svo ofan á Rauðuflúðir.
3. Milli Vatnshorns og Grafardals:
Úr Rauðuflúðum í ánni í dalbotninum beint í þúfuna á Sjónarhól, þaðan beint í vörðuna á há-Eystri-Hrosshæð sunnantil, og þaðan beint í vörðu þá á Vestri – (Ytri) Hrosshæð, sem er hornmark milli jarðanna. Grafardals, Dragháls, Svanga og Vatnshorns.
4. Milli Vatnshorns og Svanga:
Úr nefndri hornmarksvörðu (tölul. 3) beint norður í Klettinn~~m~~ á brúninni vestanvert við Svartagil, þá eftir gilskorunni ofan úr glúfrum og þá beint í vatnið um miðja Ytri-Skorrhólseyri:
Samþykt af hlutaðeigendum 22. maí 1886.
Guðm. Ólafsson frá Fitjum
Björn Eyvindsson á Vatnshorni
Jóhann Helgason frá Grafardal
Ólafur Guðmundsson (ábúandi Bakkakots).
Innan framanskrifaðra ummerkja liggja þessi ítök:
1. Skógarítök Fitjakirkju: Innri-Kirkjutungu, næst fyrir utan Mjóutunguna (næstum eydd).
2. Skógarítök Lundarkirkju: Lundartunga, næst þar fyrir utan (þvínæst skóglaus).
3. Annað skógarítak Fitjak., Ytri-Kirkjutunga, næst fyrir innan Klaustursskógr (skóglítil).
4. Efstabæjar tunga, næst fyrir utan Klausturskóg, Ítak frá Efstabæ.
5. Skógarítak frá Hvammi í Kjós (nú því næst gjörbreytt): Hvammstunga, þarnæst.
6. Skógarítak frá Reynivöllum í Kjós í tvær Reynivallatungur, þar næst fyrir utan
7. Skógarítak frá Meðalfelli í Kjós: Meðalfellstunga.
Björn Eyvindsson
Eigandi Vatnshorns.
Lesið á manntalsþingi að Grund 16. júní 1916. og innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.171.
Til staðfestu nafn mitt og embættisstimpill
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. des. 1911.
Gjald Kr. 2.00 Sig. Eggerz
-tvær krónur S.E.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3. 1923.

GBjörnsson

181.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Brennistöðum í Borgarhrepp.
Samkvæmt lgöum af 17. marz 1882.
1. gr. Milli Brennistaða og Lækjarkots – efst úr Drangsholti eru merki í Lækjarkots, dagmálaholt. Þaðan í kelduvaðið milli bæjanna, þaðan beint í Brennistaða náttmálaholt, og svo í stóran stein neðst á Breiðamel, þaðan sama stefna í grjótvörðu neðst á Slóðarás, þar högginn, í klöpp x. Svo eru merki norðast um Slóðarhól og í Kolþúfu vestur í flóanum.
2. gr. Milli Brennist. og Jarðlangstaða eru merki úr fyrrnefndri kolþúfu upp mitt á milli Þverlækjarvatns í einkennisþúfu, á milli þeirra. Þaðan beina sjónhending, syðst yfir Jarðlangsstaðaskuggaása, upp í Söngsstein.
3. Milli Brennist. og Laxholts eru merki úr Söng stein austur í Grensás og í Grástein
austanvert í ásnum. Þaðan beint í há, Finnusel úr því í há tæfuholt, þar hjá vörðu högginn í klöpp X. Þaðan eru merki við upptök Blöndulækjar í klett norðantil á Brennistaðahúsaborg, þar högginn X svo eru merki landsuður yfir ásinn til Blöndulækjar við buginn, og svo ræður lækurinn beint til Blöndulækjarvaðs.
4. gr. Milli Brennist. og Beigalda frá Blöndulækjar vaði ræður alfaravegur (sýsluvegur) ofan fyrir Litlalæk alt niður á miðjar hrísbrekkur að merkin beygjast af veginum landsuður á við. 11. faðma á samkomuklett. Þaðan beint suður af hrísbrekkum austan Brennistaðastekk, yfir miðkelduholt og austast í há Ekkjuholt, og þaðan í Jökkustapa, sem er við botna Katrínar keldu.
5. gr. Milli Brennistaða og Bóndhóls eru merki frá Jökkustapa beint niður breiðasund í fyrrnefndan eftir enda Draugsholts í stein sem þar er. Brennistöðum fylgir og engjaítak við Gufá og eru merki sem hjer segir.
6. Að austanverðu ræður Gufá ofan að Gvendarskurði, svo ræður Gvendarskurður að sunnanverðu og frá enda hans, eða upptökum sama stefna að þúfu, sem er hornmerki, svo vinkilbeygjast merkin til norðurs (eftir mön) í þúfu og er hún hornmerki, svo beygjast merkin til austurs, eftir skurði sem er stunginn, alt austur í norður klofa Brennistaðaskurðs, ræður, svo Brennistaðaskurður alt fram í Gufá – Gjört 7. Dec. 1883
Ofan- og framanskrifuð merki samþykkjum við undirskrifaðir hlutaðeigendur.
G.Sigurðsson Bogi Sigurðsson Eigendur Brennistaða.
Þorkell Þorkelsson Eigandi Lækjarkots.
Erlendur Guðmundsson - - - Jarðlangsstaða.
Stephán Þorvaldsson (vegna Stafholtskirkju) Eig. Laxholts.
Helgi Sæmundsson Eigandi Beigalda
Bjarni Guðmundsson - - - Bóndhóls
Jón Helgason - - - Árnakots.
Þork. Þorkelsson Halldór Bergsson Þ.Kristófersdóttir Einarsnes
Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. Maí 1884 og rituð í landamerkjabók Mýrasýslu nr. 6.
Borg. Þingl. 75
Bók 25 Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna,
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 16/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

182.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
No 117.

Landamerkjaskrá fyrir Dalsmynnislandi í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu.

Milli Klettstíu og Dalsmynnis eru merkin einsog Dalsmynnislækur ræður frá Norðurá alt í krókinn á læknum þar sem vatnsbrúin er niðri á honum eða þar sem lækurinn beygist lengst í austur, þaðan sjónhending í Kringlustein, úr Kringlusteini sjónhending í Urðarhól af Urðarhól ofantil í Mælifellsgil svo eins og Mælifellsgil ræður alt ofan í Bjarnardalsá, þaðan ræður Bjarnadalsá alla leið ofan að gömlum farveg er liggur úr Bjarnardalsá og suður í Norðurá svo frá farveginum þar sem hann kemur í Norðurá ræður Norðurá allt þangað til Dalsmynnislækur fellur í hana.

Í umboði eigendanna Teits bónda Bergssonar á Hlíð og Bjarna bónda Einarssonar á Skarðshömrum.

Dalsmynni 14. apríl 1890.
Vigfús Bjarnason
Jóhann Þorsteinsson (umráðamaður Stafholts)
Andrjes Guðmundsson (ábúandi á Hvassafelli)
Samþykkur vegna jarðarinnar Klettstíu.
Gísli Einarsson
prestur í Hvammi.
Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 20. maí 1890 og ritað etc.

Gjald til landsjóðs Sigurður Þórðarson
Þingl. - - - 75 a
bókun - - - 25 –
(ein króna) Borg. 1 kr. SÞ.

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3. 1923.

GBjörnsson

183.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
N.118
Landamerkjaskrá fyrir Hreimsstaðalandi í Norðurárdal innan Mýrasýslu.

Milli Dýrastaða og Hreimsstaða ræður Snagaklettur frá Norðurá og sjónhending eftir holtabrúnum upp steinboga í Hraunöxl og svo sjónhending beint upp á milli svokallaða Baulukletta vestanvert í Baulu milli Klettstíu og Hreimsstaða aftur beint úr Baulu ofan í Fangabrekku, úr Fangabrekku ræður Búðardalsá alla leið ofan í Norðurá svo ræður Norðurá frá Búðardalsá alla leið í Snagaklett.

Skarðshömrum 19. maí 1890
Bjarni Einarsson ábúandi Dýrastaða
Bjarni Einarsson (eigandi)
Samþykkur vegna jarðarinnar Klettstíu
Sigurður Þórðarson umráðamaður meiri hluta Hafþórsstaða
Gísli Einarsson (prestur í Hvammi

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 21. maí 1890 og ritað etc.

Gjald til landsjóðs Sigurður Þórðarson

| | |
|---|---|
| Þinglestur | 75a |
| bókun | 25 – |
| | 1 kr |

(ein króna) Borg. SÞ
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

184.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
Nr. 39.
Merkjaskrá
Samkvæmt lögum 17. marz 1882 er skrá þessi gjörð um landamerki á jörðunni Vatnshömrum í Andakílshreppi og eru þau þessi.
1. Milli Vatnshamra og Bárustaða ræður bein lína úr Miðtungu við Vatnshamravatn í vörðu á Helluvörðuholti og þaðan bein lína í Skrauta í Skrauthólma.
2. Milli Vatnshamra og Kvígstaða úr fyrrnefndum skrauta beina línu í vörðu á holti yfir Grænulág, og úr henni bein lína í Strákvarða á Hestfjallsfesti.
3. Milli Vatnshamra og Syðstufossa, Miðfossa og Fossakots bein lína úr strák í torfvörðu á Börðunum, þaðan í leirvikið við kvísl úr Andakílsá og þaðan bein lína yfir hólmann í aðalána.
4. Milli Vatnshamra og Neðrahrepps ræður Andakílsá til Stóra-Móhamars.
5. Milli Vatnshamra og Hvanneyrar úr þúfu á Stóra-Móhamri bein lína um þúfu á austanverðu Geitarholti í Vatnshamarsvatn, þaðan aftur bein lína yfir vatnið milli Bárustaðaskers og Vatnshamrahólma í framangreindum Miðtanga.
Landamerkjaskrá þessi er samin 20. dag. 1884
Þ.Þorsteinsson eigandi Vatnhamra.
Björn Björnsson eigandi Hvanneyrar.
Ari Jónsson eigandi Syðstu-Fossa og fyrir hönd eigenda Miðfossa og Fossakots A. Fjeldsted.
Vegna eiganda Kvígsstaða Guðrún Jónsdóttir (hds.)
Lesið á manntalsþingi að Heggstöðum 12. júní 1885
Guðm. Pálsson
þingl. 75 aur
Bókun 25 –
1 kr. Rjetta útskrift staðfestir
Gjald Kr. 0.50 G.Björnsson
stimpl. - 0.50 (L.S)
1.00
(ein króna)
Hvanneyri 7. febr. 1923.
Samþykkur vegna Hvanneyrar Halldór Vilhjálmsson
Halldór Jónsson Syðstu-Fossum
Samþykkur vegna Vatnshamra Jón Guðmundsson
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 16/6 1923

GBjörnsson

185.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
N. 86.
Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Ølvaldsstöðum í Borgarhrepp sem samið og samþykt var af hlutaðeigendum 1. okt. 1883.
1. Frá Beigalda hring utan Gufá afstungið upp í Gvendarskurð þeir svonefndu Hólakotspartar, sem eru Ölvaldsstaðaeign.
2. Frá Brennistaðaskurði sjónhending í Skallagrímspitt afstungið að mestu leyti.
3. Úr Skallagrímssteini sjónhending í Grástein á Hólakotsás.
4. Úr Grásteini sjónhending í grjótvörðu á Kúastapa og aftur þaðan sjónhending í grjótvörðu á Meltagli á Svörtubökkum.
5. Svo ræður Gufá austur í torfvörðu austantil í árkrók.
6. Úr þeirri torfvörðu í grjótvörðu á holti norðan til við Helguhól.
7. Úr þeirri vörðu í aðra grjótvörðu norðan Birgisás og svo þaðan sjónhending í þríhyrnda torfvörðu með kolum í sunnan Hestholt.
8. Úr Hestholtsvörðu sjónhending í torfvörðu á nyðri bakka Beinhamratjarnarenda svo sjónhending yfir Beinhamratjörn í grjótvörðu á holti neðan neðri enda á tjörninni.
9. Frá Beinhamratjörn í torfvörðu vestan hallt við þrísteina og þaðan sjónhending í torfvörðu með koli í á klöpp við Hvítá ofantil við Skollhólstjörn.
10. Svo ræður Hvítá og fjörðurinn fyrir sunnan Ølvaldsstaðaklakk ofan með Gufárósi.
Jónas Guðmundsson Jóhann Jónsson, Eigendur Ølvaldsstaða.
Jón Helgason eigandi Ølvaldsstaða Oddur Sigurðsson umboðsmaður Ølvaldsstaða.
Teitur Jónsson umsjónarmaður Ferjubakka
Helgi Sæmundsson umsjónarmaður Beigalda
Eigandi og ábúandi á Eskiholti Jón Helgason
vegna Borgarkirkju Árni Jónsson.
Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1887
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs
Þinglestur - - - 75 a
Bókun - - - 25 –
1 kr.
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. ágúst 1906
Gjald: 25 – tuttugu og fimm - aurar Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 17./6. 1923.

GBjörnsson

186.

Sem framhald af útskrift úr Justist og polítirjettarprotokoll Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af áreið, sem gjörð var 9. Ágúst 1890 á Krumshólalækjar landi, um hálflendur Sigurlínu Sigurðardóttir á Álftanesi, og bændanna á Ølvaldsstöðum; Jóns Runólfssonar. Jónasar Guðmundssonar, og Jóhanns Jónssonar, sem eiga aðra hálflenduna þannig: að Jón á jafnt við hina tvo síðarnefndu, og er skifti þannig: að Jón hefir austari helming að mön sem liggur yfir rústina að austanverðu, en stungnum hnausum að vestanverðu í svokölluðum Hólakotspörtum, inni lokað milli Gvendarskurðs og Beigaldahrings. Svo er túninu skift þannig að Jón hefir túnpartinnn vestan götu frá krossteini umhverfis Kristjánsbæ, og suður fyrir fjárhús kr., svo og úr austari, klöpp í holt í norðvesturmýri, en Jónas og Jóhann hinn helminginn fyrir suðvestan bæinn sem gatan ræður suður fyrir bæ Jóns Guðmundssonar og allir eigendur mega græða út túnmýri hver undan sínu túni.

Sömuleiðis hafa þeir Jónas og Jóhann engjapartinn frá svokölluðum Jónasarskurði sunnan hólanna upp í leirvað á Gufuá. En þar á móti hefir Jón Runólfsson skákina upp með Beigaldaflata, það sem áður hefir yrkt verið af Krumshólabúendum, upp með Beigaldamerkjum í áðurnefnt holt í norðvesturmýri.

Ølvaldsstöðum 1. júlí 1891.
Vitundarvottar: JRunólfsson
Jón Guðmundsson Jónas Guðmundsson
Kristján Jónsson
Rjett eftirrit staðfestir
Sigurður Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 28. maí 1900 og ritað í afsals- og veðmálabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Ltr. S. N. 302
Sigurður Þórðarson
Gjald:
1 – ein – kr.
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 17/3 1923

GBjörnsson

187.
Útskrift úr landskiftabók Mýrasýslu.

Ár 1919, þriðjudaginn 5. ágúst var sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu staddur á Jarðlangsstöðum ásamt tilnefndum yfirmatsmönnum Sigurði Fjeldsted í Ferjukoti, Páli Jónssyni í Einarsnesi, Jóni Gíslasyni, Brennistöðum og Jóhannesi Magnússyni, Litlubrekku. Höfðu þrír hinir fyrstnefndu verið útnefndir í yfirmatið fyrir aukarjetti sýslunnar 29. f.m. en fjórði maðurinn, sem útnefndur var, Gunnlaugur Einarsson gat ekki mætt og tilnefndi sýslumaður því Jóhannes Magnússon í hans stað.

Mætti voru báðir eigendur Jarðlangsstaða Jóns Björnsson og Þorleifur Erlendsson.

Landskifti höfðu verið gjörð á jörðunni 14. júní 1914, en Jón Björnsson hafði með brjefi; dags. 29. f.m. krafist þess, að yfirmat yrði framkvæmt á jörðunni.

Eftir að yfirmatsnefndin hafði athugað landsskiftin frá 1914 og fengið nauðsynlegar upplýsingar frá hinum mættu eigendum og ábúendum jarðarinnar þá ákvað hún, að landinu skuli skift þannig: sjónhending úr Háastapa í merkjavörðu sunnan við neðri enda syðsta Nautatagls. Þorleifur fær austari hlutann og auk þess þríhyrnu fyrir vestan og neðan Háastapa 200 metra í vestur frá Háastapa eftir landamerkjum Jarðlangsstaða og Stangarholts og 600 metra niður frá Háastapa eftir áðurgreindri skiftilínu. Að undanteknu þessu stykki fær Jón Björnsson vestari hlutann.

Túninu var skift þannig: Jón Björnsson fær sáðsljettur og flagsljettur þær, er Þorleifur á innan girðingar Jóns, en Þorleifur fær aftur á móti spildu af túni Jóns milli fjárhúsanna er var mæld og afmörkuð 56 faðmar að lengd og 5 faðmar að breidd og spildu fyrir austan Kastalann, er var afmörkuð með tveim hælum, öðrum norður undir mýrinni og hinum heimanvert við sáðsljettu Þorleifs. Úr hinum síðarnefnda hæl ræður sjónhending í hæl á Kálgarðsveggnum. Jón fær félagsljettuna fyrir sunnan lækinn, en Þorleifur í hennar stað stykki fyrir sunnan lækinn en austan götunnar og ~~svo~~ var það afmarkað með steinum.
Mold úr bæjarrústunum má Jón hagnýta sjer.
G.Björnsson

| | |
|---|---|
| Páll Jónsson | Jóhannes Magnússon |
| Sigurður Fjeldsted | Jón Gíslason |
| Jón Björnsson | Þorleifur Erlendsson |

Rjetta útskrift staðfestir
G.Björnsson
Ritlaun: Kr. 1.00
stimpil - 0.50 (L.S)
Kr. 1.50
– ein króna og fimmtíuaurar – Borgað.
Þinglesið á manntalsþingi að Brennistöðum 25/6 ’23.
G Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

188.

Útskrift úr jústits- og politirjettarprótókoll Mýra og Borgarfjarðarsýslu.

Ár 1892, þann 8. oktober var landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu settur á skrifstofu sýslunnar í Arnarholti og haldinn af sýslumanni Sigurði Þórðarsyni og meðdómsmönnum Þorsteini sýslunefndarmanni Árnasyni, Halldóri hreppstjóra Daníelssyni, Vigfúsi hreppstjóra Pjeturssyni og Hannesi hreppstjóra Magnússyni og í viðurvist vottanna Þórðar Lárussonar og Páls læknis Blöndals. Var þá tekið fyrir landamerkjamálið N 2/1891; Jón Jónsson eigandi Gullberustaða gegn prestinum að Lundi, sjera Ólafi Ólafssyni

Í málinu var nú kveðinn upp svofelldur Dómur:

\- - - -

Því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli Gullberustaða og Lundar skulu vera þessi: sjónhending ráði úr Grímsá upp í Hrafnagil eftir skurði á undirlendinu milli árinnar og gilsins, síðan ráði Hrafnagil upp undir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins norður að Engjadalsá ráði lína, er drengin sje norður í Flókadalsá þar sem hún beygist lengst til vesturs áður, en Engjadalsá fellur í hana. – Dagpeningar dómsmanna að upphæð 69 krónu, greiðist að helmingi eð 34 kr. 50 a af almannafje, en helming, eða 34 kr. 50 a, greiði sækjandi til sýslumanns innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sigurður Þórðarson Þorsteinn Árnason Vigfús Pjetursson
Halldór Daníelsson Hannes Magnússon

Dómurinn var lesinn í rjettinum, sem þar eftir var slitið.

Sigurður Þórðarson

Vottar:
P.J.Blöndal
Þ. Lárusson

Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu 17. febr. 1897.
Gjald Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm aurar

Framanritaður landamerkjadómur var staðfestur óbreyttur af landsyfirrjetti með dómi 7. maí 1894.
D.u.s.
Sigurður Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Lundi 3. júní 1897 og ritað í afsals- og veðmálabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu Ltr. St. N: 238.

Sigurður Þórðarson

Gjald:
1 – ein – Kr. Borgað SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 17./3. 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

189.
Útskrift af rjettargjörð, útgefinni af sýslumanninum í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. september 1917, í landamerkjamálinu Gísli Gíslason, Litla-Lambhaga gegn
Sigurði Sigurðssyni Stóra-Lambhaga
- - -
Nr. 3.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No. 72.

Landamerki fyrir Litlalambhaga, sem byrjar á vörðutorfi við Kelduklofa við Galtarholtslæk, frá þeirri vörðu beina sjónhending í vörðu, er fylgir Kasthalarótum og þaðan sjónhending á milli bæjanna í vörðu er stendur utanhalt á Móholtsendanum, frá þeirra þúfu í torfvörðu, sem er á Þverkelduklofa og frá þeirri þúfu ræður Þverkeldan alveg ofan í Laxá og úr Keldukjaftinum í vörðu, sem stendur neðan til á melaendanum, frá þeirri vörðu sjónhending í vörðu, sem stendur niður við sjó ofan til við Blautós. Veiðirjettarnotkun fylgir öllu Litla-Lambhaga í Laxá frá Grænurúst með landi fram alveg ofan að Hömrum, en á hinn veginn eru Hamrarnir og nesið umgirt sjó upp að Urriðaá, svo ræður hún fram að Galtarholtslæk, svo lækurinn upp að þeirri vörðu, sem byrjað er á við Kelduklofann hinsvegar.

Litlalambhaga 18. marz 1886.
Ábúendur: Illugi Bárðarson    Sigurður Jónsson    Ólafur Jónsson
Loftur Oddsson    Halldór Ólafsson.
Lesið á manntalsþingi að Hvítanesi 9. júní 1887
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs:
Þinglestur 75 a
Bókun 25 –
1 kr
-ein króna-
Rjetta útskrift staðfestir
Sigurður Þórðarson
Gjald: 25 -
-tuttugu- og fimm-aurar    (L.S.)
Nr. 3 Lagt fram í aukarjetti Mýra og Borgarfjarðarsýslu 10./5. 1917.
Kr. Linnet
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofa hæstarjettar 31. maímán. 1922.
Ritlaun 1 – ein – króna    Björn Þórðarson
Greitt BÞ.

Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921    17/3 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

190.
16/3 [1923]
Ágripsendurrit af dómi hins Konunglega íslenska landsyfirrjettar uppkveðnum 6. maímán. 1918 í málinu nr. 85/1917: Sigurður Sigurðsson gegn Gísla Gíslasyni

Dómur:
Gísli Gíslason bóndi í Litla-Lambhaga í Skilmannahreppi í Borgarfjarðarsýslu höfðaði mál þetta fyrir landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn áfrýjanda Sigurði hreppstjóra Sigurðssyni bónda á Stóra-Lambhaga í sama hreppi til þess að fá viðurkendan rjett eignarjarðarar [svo] sinnar, Litla-Lambhaga til veiði í Laxá fyrir Stóra-Lambhagalandi frá svonefndri Grænurúst ofan að Hömrum, svo og til að fá áfrýjanda dæmdan til að greiða sjer 380 kr., er stefndi taldi að sjer bæri af leigugjaldi fyrir veiði í Laxá, er áfrýjandi hefði veitt móttöku en ekki greitt sjer.

Lauk málinu svo fyrir merkjadóminum 26. júní f.á., að eigandi Litla-Lambhaga var dæmdur veiðirjettur í Laxá á umgetnu svæði; en að öðru leyti var áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnanda. Hvor málsaðilja var dæmdur til að greiða merkjadómendum 15 kr., en að öðru leyti fjell málskostnaður niður.

Dómi þessum hefir Sigurður hreppstjóri Sigurðsson skotið til yfirdómsins með stefnu útgefinni 17. okt. f. á. og krafist þess, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði dæmdur ómerkur og málinum vísað heim aftur og stefndi verði dæmdur til að greiða áfrýjanda kostnað málsins fyrir báðum rjettum eftir mati yfirdómsins. Stefndi krefst þess hinsvegar, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati rjettarins.
\- - -
Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða landamerkjadóm, að því er snertir ákvæði hans um veiðirjettinn, - - -
Því dæmist rjett vera:
sýknuákvæði dómsins ómerkjist og vísast leigugjalds kröfunni frá landamerkjadóminum. Að öðru leyti staðfestist tjeður dómur. Áfrýjandi Sigurður Sigurðsson greiði stefnda Gísla Gíslasyni 40 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður en 8 vikur sjeu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Rjett ágripsendurrit staðfestir

Skrifstofa hæstarjettar 31. maí 1922.
Ritlaun: 1 – ein króna Björn Þórðarson
Greitt BÞ.
Þinglesið á manntalsþingi að Hvítanesi 5/7 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

191.
Eftirrit.
Landamerkjaskrá fyrir Hvammi í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu.
Milli Hóls og Hvamms eru merkin á Hólsey, úr grænugarðbroti sunnan á eynni og í hnausa við Leirvikið. Milli Dýrastaða og Hvamms eru merkin úr hnausnum á Teigunum og upp hjer um bil mitt mýrarsundið fyrir framan Melkorkustaði. (í sundinu eru settir upp hnausar) – Þaðan sjónhending í vestari endann á Sandkletti, þaðan sjónhending upp á Skildingafell, þaðan eftir háhryggnum hjerna megin við Sátudal, þaðan norður háfjall, eftir því sem vötnum hallar, alt norður á móts við Fanngil, þá ræður Fanngil milli Hvamms og Galtarhöfða ofan á Mjóadalsbrún; úr því ræður Mjóadalsbrúnin, og eru merkin eftir að Mjóadal sleppir, eftir hámúlanum og alt ofan á móts við Skógarhól, þaðan sjónhending í Skógarhól og í Sanddalsá. Þaðan ræður Sanddalsá í Norðurá, og Norðurá eftir því sem hún rennur, ofan að garðbrotinu sunnanvert á Hólsey, sem áður er nefnt. –

Hvammur á engi á Dysey, svokallaðar Hvammsengjar. Eru þær framantil á eynni að norðan. Ná þær ofan að engjaparti frá Laxfossi. Ræður þar gamalt garðlag (stuttu fyrir framan Fossfarsvað á Bjarnadalsá). frá Bjarnadalsá yfir mitt Hópið. Þá eru merkin eftir miðju Hópinu og í Krókskeldu. Úr Krókskeldu í neðsta Dysið, þá eftir Dysjunum, og úr fremsta Dysinu í Dyseyjarkvísl eftir því sem uppstungnir hnausar segja til. Þá ræður Dyseyjarkvísl alt á móts við syðri jaðarinn á túninu á Dysey, þaðan sjónhending í túnjaðarinn og eftir honum í Bjarnadalsá fyrir vestan túnið. Þaðan ræður Bjarnadalsá ofan að engjapartinum frá Laxfossi.

Engar jarðir eiga nokkur ítök í Hvammslandi.
Hvammi 7. maí 1890
Gísli Einarsson
(prestur í Hvammi, umráðamaður Hóls, Galtarhöfða, Króks, Háreksstaða og Dyseyjar.)
Samþykkur fyrir jörðina Laxfoss
Snorri Þorsteinsson ábúandi
Jóhann Þorsteinsson prestur að Stafholti
samþykkur fyrir jörðina Brekku
Þórður Jónsson ábúandi
Jóhann Eyjólfsson eigandi Sveinatungu
Sigurður Þórðarson umráðamaður Hafþórsstaða
Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 20. maí 1890, og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 109
Gjald til landssjóðs
þinglestur - - 75 Sigurður Þórðarson
bókun - - 25
1 kr.
– ein króna – Borgað SÞ.
Rjett eftirrit staðfestir
25. apríl 1910.
Sigurður Þórðarson
(L.S.)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 17./3. 1923.

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

192.
Nr. 58
Skipaness-landamerki.
Að austan (~~verðu~~) ræður Geldingaá upp að Hellu fossinum fyrir neðan Ólafsengi; sjónhending þaðan í Klofaspapa [svo], úr honum aftur sjónhending suður eftir flóanum eftir upphlöðnum torfvörðum vestan Lækjarholtin úr syðstu vörðunni sem er látin kol undir, ræður bein stefna framanvert við Nótatanga síðan ræður sjónhending yfir Vogana beint að stefna í gilið þar sem það fellur niður úr Kjalardalsskál.

Jörð þessi á veiðirjett í svokölluðum Laxastok fyrir sínu landi, og selmótalögu við Hellunesshólma.

Skipanesi 12. júní 1886.

Þórður Þorsteinsson fyrir hönd jarðareigandans
Hallgrímur B. Bachmann    Helgi Guðmundsson  sem eigandi og ábúandi Lækjarnes.

Þinglesið á Leirá 24. júní 1886.
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs:
þingl. - - 75 a
Bókun - - 25 –
1 kr.
(ein króna) Borg. SÞ.    Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921.    17./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
193.
Samkvæmt lögum af 17. marz 1882 eru landamerki Saura í Hraunhrepp sem hjer greinir:
1. milli Hamra úr hvítstein utan másvatn sjónhending í tanga milli Reiðarvatna, þaðan
2. milli Einholta í Þúfu á Þórarinsás þaðan
3. milli Fíflholta sjónhending yfir miðvatn í Rjúpnaborg; þaðan sjónhending í Hrafnaskjól,
4. milli Álftár úr Hrafnaskjóli í Stórpiltaflag, austan Álftatjörn, þaðan á Pálsstapa ofarlega milli Blönduvatna þaðan
5. milli Rafnkelsstaða í tanga utan Blönduvatnsós ~~og~~ þaðan í Grástein austan stóra Bolsholt þaðan sjónhending í Hvítsteina við Hvítsteinalæk þaðan
6. Milli Miklholts ræður nefndur lækur í klöpp með krossi á sunnanvert við lækinn, þaðan sjónhending í vörðu sunnantil að landamerkjaholti, þaðan sjónhending í vörðu á Másvatnsbakka sunnan vatnið þaðan sjónhending yfir vatnið í fyrnefndan stein.
Staddur á Álftá 13. Apríl 1884
Jónas Guðmundsson
Hins vegar skrifuðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.

| | |
|---|---|
| Hamrar | Guðmundur Jónsson |
| Einholt | Kristján Kristjánsson |
| Fíflholt | Jón Guðlaugsson |
| Álftá | Jónas Guðmundsson |
| Rafnkelsstaðir eftir fullmakt | Guðríður Þórðardóttir |
| Miklholt | Sigmundur Ólafsson |

Lesið á manntalsþingi að Leirulæk 3. júlí 1884 og rituð í landamerkjabók Mýrasýslu N.47.
Þingl - - 75 a
Borgun – 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 17./3. 1923.

GBjörnsson

194.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
Nr. 83
Landamerki fyrir Geststöðum.
Frá Sanddalsá eins og Stekkjargil ræður upp í Slakkatjörn og svo eftir uppsettum merkjum norður eftir múlanum vestanhalt við Vörðuhólasund. Svo sjónhending í vestustu vik Selveiðavatns; þaðan sjónhending í vörðu og Lambagilstjörn vestari enda, þaðan sjónhending í Smiðjugil og svo eins og það ræður ofan í Sanddalsá.
Fornahvammi 27. desember 1886.
Fyrir hönd jarðareiganda, D. Bjarnason.
Jakob Guðmundsson eigandi Sanddalstungu og Sauðafellsafrjettar.
Jón Jónsson eigandi Sveinatungu.
Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 18. maí 1887
Gjald til landssjóðs:
Þinglestur - - 75 aur.
Bókun - - - 25 –
1 kr.
Rjetta útskrift staðfestir G. Björnsson
Ritlaun - - 50 aur
stimplun - - 50 --
1 – ein – króna
Innr. samkv. l. nr. 72. 27/6 1921 17/3 1923

G.Björnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

195.

Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Hamri í Borgarhrepp samkvæmt lögum af 17 marz 1882.

1. gr. Milli Hamars og Kárastaða ræður Grímólfs kelda merkjum frá sjó upp í Þorsteinsstapa sem stendur við botna keldunnar. Frá þeim stapa eru merki í Stapa sem stendur á börðunum fyrir vestan Vindásendann neðri, frá þeim merkjastapa ræður sjónhending efst yfir snöggholtin í grjótvörðu vestantil í Rjettarásnum.

2. gr. Milli Hamars og Borgar eru merki frá fyrnefndri grjótvörðu, og beint í Klaufina á syðri Einkennunni og eru svo þaðan merki í Hafslæk þar sem Selkeldan fellur í hann.

3. gr. Milli Hamars og Litlubrekku er Hafslækur merki.

4. gr. Milli Hamars og Jarðlangsstaða ræður Hofslækur merkjum fyrst (lítinn spotta) upp í flag, eða, Pitt, þaðan eru merki eftir þremur þúfum sem eru í beinni röð, upp eftir engjaveitunni, upp í Hafsvatn, svo ræður það merkjum, þar til Lækjarkotsland tekur við.

5. gr. Milli Hamars og Lækjarkots eru merki úr grjóttanga landsunnan við Háfsvatn, og er þar varða, þaðan eru merki í grjótvörðu á Háfsflóaseli og svo þaðan í grjótvörðu, norðan til á Másholtum, og svo í grjótvörðu á flataholti við Bjarnalæk, þaðan ræður lækurinn merkjum, alt ofan á móts við Stokkholt.

6. gr. Milli Hamars og Einarsness ræður Bjarnalækur merkjum, (eða svo kallaður stokkur) alt til sjóar.

7. gr. þess skal getið að Borg á lítið engjaítak í Hamarsengjum (við stokkinn) svo kallað Öldunes.

Skrifað 21. December 1883 og samþykt af öllum undirskrifuðum hlutaðeigendum.

Sigurður Finnsson  Einar Sigurðsson  
Gunnar Vigfússon eigendur Hamars  
G.Bjarnason Hákon Þórðarson, Litlubrekku eigandi (handsalað)  
Erlendur Guðmundsson  Jarðlangsstöðum  
Þorkell Þorkellsson í Lækjarkoti  
Þorkell Þorkellsson  Þórunn Kristófersdóttir  H.Bergsson  Eigendur Einarsness.

~~Lesið á~~

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.9.  
þingl. 75 a  
Bókun 25 -  Guðm. Pálsson  
1 Kr.  
(ein króna.  Borgað

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921.  17./3. 1923.

GBjörnsson

196.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Einifelli.
Gagnvart Veiðilæk ræður lækur sá sem fellur í Norðurá fyrir neðan Lax foss þangað sem keldan myndast, ræður svo keldan austanvert við Grenborg og töglinn á Grjótbrúarholti í Eggja endann. Gagnvart Höll ráða há eggjarnar ofan að brú þeirri sem liggur yfir Hallardal, frá brúnni ræður keldan sem rennur eftir miðjum Hallardal ofan á móts við Tíðaskarð.

Gagnvart Hjarðarholti ræður sama kelda merkjum ofan í Einifells tjörn, svo eftir Tjörninni ofan í tjarnarás, úr tjarnarásnum sjónhending í Þverlækjardrög, þaðan sjónhending í Kolaþúfu.

Gagnvart Arnarholti ræður sjónhending úr Kolaþúfu í vörðu sem er í slakkanum á næsta holti fyrir vestan mýrina sem kolaþúfan stendur í, þaðan sjónhending í slakkann sem er við norðurhornið á Svartakletti, úr slakkanum í vörðu sem beri í Kerlingargil fyrir ofan kastið; Gagnvart ɉ jörðunum Gröf, Grafarkoti, Litlaskarði og Laxfossi ræður Norðurá merkjum fram að fyrstnefndum læk. Einnig fylgir landi vatn og veiðirjettur í Norðurá, að helmingi móti nefndum jörðum.

Einifelli 17 Maí 1890

Eggert Sigurðsson eigandi að hálfu Einifelli.
Tómas Guðmundsson eigandi að hálfu Einifelli.
Framanskráða landamerkjalýsingu samþykkja og álita rjetta að vera.
J. Tómasson ábúandi Hjarðarholts.
Hjálmur Pjetursson umboðsmaður fyrir eiganda Veiðilækjar.
Sigurður Þorbjörnsson eigandi 2/3 af Höll.
Þorsteinn Eiríksson eigandi að 1/3 af Höll.
Sigurður Þórðarson, ábúandi Arnarholts og eigandi að 11 hndr. þess.
Snorri Þorsteinsson ábúandi á Laxfossi.
Björn Ásmundsson umráðamaður Stórugrafar.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 127.
Gjald til landsjóðs:
þinglestur .... 75 ª Sig. Þórðarson
bókun .. .. 25 –
1 Kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 19/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

197.
31/1 23
Landamerkjaskrá fyrir Höll í Þverárhlíð.
Í fyrstu ræður þúfa sem er í Landbrotsklofanum sunnanvert við Hallargrafir, yfir flóann í svartaklett, úr klettinum í vörðu á náttmálaholti, úr vörðunni í Lambadal, og úr Lambadal sjónhending í Brekkuskarð, sem liggur vestantil á Hólmavatnshæðum úr Brekkunni sjónhending í Arnarklett norðast í Hallarmúla, þaðan eftir brúninni (norðurbrún) niður á móts við Eggjaendann, og þaðan sjónhending í Eggjaendann, þaðan ráða Eggjarnar ofan að Brú, sem er yfir þverann Hallardal frá Brúnni ræður keldan sem rennur eftir miðjum Hallardal niður að Tíðaskarði úr skarðinu í Miðmundahala, þaðan sjónhending fram flóann í áðurnefnda þúfu.
Helgavatni 8. Maí 1889
Sigurður Þorbjörnsson eigandi að 2/3 af Höll.
Þorsteinn Eiríksson, eigandi að 1/3 af Höll.
J. Tómasson umráðamaður Lækjarkots og Hjarðarholts.
Fyrir hönd eiganda Veiðilækjar Hjálmur Pjetursson.
Tómas Guðmundsson eigandi að hálfu Einifelli.
Eggert Sigurðsson eigandi að ½ Einifelli.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 21. maí 1889 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.96
Gjald til landsjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 75 [a] | |
| bókun | 25 - | Sigurður Þórðarson |
| | 1 Kr. | |

-ein króna – Borgað SÞ.

Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
198.
Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Múlakoti í Stafholtstungum.

Varða sú er stendur austast á vörðuskógi við Lambahvamm á merkjum, úr henni í vörðu þá er stendur á múlabrún þaðan beina leið í Tjarnarskarði. Svo ráða vörður merkjum að Selgili síðan ræður graslaut eða öðru nafni Merkjalaut sem liggur alla leið í gegnum Selhóla þaðan úr vesturenda lautarinnar í Ketilgil sem fellur í Litluá og ræður svo áin alla leið þar til hún fellur í Gljúfurá, þaðan alfara reiðvegur suður að Feilandstjörn, úr austur enda tjarnarinnar í Krossstein, síðan úr steininum í vörðu þá, sem stendur á Þrætuás enda og úr þessari síðast nemdu vörðu ræður Merkjakelda alla leið þar til fyrst nefndar vörður bera hvor í aðra.

Múlakoti 16. maí 1890
Oddur Magnússon
Þórunn Kristófersdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Arni Guðmundsson (Eigandi Litlaskarðs.)
Auk framanskrifaðs lands á Múlakot engjablett norðan til við Staðarhnúk.
Oddur Magnússon
Jóhann Þorsteinsson prestur í Stafh.
Guðmundur Auðunsson. Eigandi Jafnaskarðs.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 121.
Gjald til landssjóðs
þingl. 75 [a]
bókun 25 –
1 kr. Sig. Þórðarson
(ein króna)
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

199.

Landamerki jarðarinnar Hvítstaða í Álftaneshreppi og Mýrasýslu samkv. lögum 17. marz 1881.
1. Millum Hvítsstaða, Álftártungukots, Álftártungu og Grímsstaða ræður árin ,,Urriðaá".
2. Millum Hvítstaða og Grenja, ræður Fauskakelda þar sem hún kemur í fyrnefnda á, þaðan sjónhending í mitt sund, millum stráka ása og Tjarnarása, þaðan eftir sömu línu í rúst fyrir ofan keldu sem liggur í Langá.
3. Millum Hvítsstaða, Stangarholts og Jarðlangsstaða, ræður Langá, ofan að keldu sem er norðanvert Keldhól.
4. Millum Hvítsstaða og Háhóls úr síðast nefndri keldu sjónhending í þúfu á háfjárhús ás. Þaðan eftir sömu línu í strítumyndaðan klett (nefndur ,,Draugur") vestur í flóanum, og svo eftir sömu línu í vörðu við Urriðaá, hvar kross er klappaður vestur undan við ána.

Hvítstöðum í Marz 1884
Fyrir Hvítstaði Sveinn Helgason
-- -- Einar Sigurðsson
-- Álftártungupláss Kr. Kristjánsson
-- Stangarholt Jóhann Guðmundsson
-- Jarðlangsstaði Erlendur Guðmundsson
-- Háhól Eggert Sigurðsson
-- Grímsstaði Níels Eyjólfsson
-- Grenja Þorsteinn Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýra-
sýslu Nr. 22.

þingl. 75.
Bókun 25. Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borg.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

200.

Landamerkjalýsing fyrir Jafnaskarðslandi í Stafholtstungum.

Að austan ræður sjónhenda, frá Hreðavatni, undan vestari Stafholtshólmaenda, yfir merkjaborg fyrir vestan vestari Selvatns enda yfir norðasta Ketilsholt vestantil, í laut milli Sigmundarhlíðar og Dyngju, í vikrafellsöxl að norðan ræður laut sunnan til við Lambafell úr lautinni í Litluá hún ræður ofan á móts við Ketilgil, að vestan ræður sjónhenda frá Litluá undan Ketilgili, í graslaut í selhólinn úr nefndri graslaut eftir því sem vörður vísa í Tjarnarskarð, úr Tjarnaskarði sjónhenda í vörðu vestan til við Lambahraun, úr áðurnefndri vörðu í aðra vörðu á Helluás, þaðan í sjónarhól, úr sjónarhól í Keldu sunnan til við hólinn; að sunnan ræður lækur úr keldunni eftir Laufskáladal í Veiðá, þá ræður Kiðá í Hreðavatn og Hreðavatn fram á móts við austari Stafholtshólmaenda sem fyrst er nefndur.

Framanskrifuð landamerki óskar eigandi Jafnaskarðs að verði undirskrifuð af þeim sem lönd eiga umhverfis nefnda landareign.

Jafnaskarði 1. maí 1886.
Guðmundur Auðunsson
(eigandi)
Fyrir hönd Hreðavatns eiganda undirskrifar
Árni Hjálmsson
(ábúandi)
Eigendur Galtarholts Þórunn Kristófersdóttir
Sigríður Jónsdóttir
Eigendur að Litlaskarði Árni Guðmundsson
Fyrir Laxfoss Snorri Þorsteinsson ábúandi
Oddur Magnússon, Halldór Oddsson – eigendur Múlakots.
Jón Tómasson umráðamaður Hjarðarholts.

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti
21. maí 1890 og ritað í landamerkjabók
Mýrasýslu N.123.
Gjald til landssjóðs
þingl. 75 a Sigurður Þórðarson
bókun 25 –
1 kr.
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

201.

Landamerki að Miðhúsum í Akraneshreppi innan Borgarfjarðarsýslu eru sem hjer greinir.
1. Lækur frá tjörn milli Miðhúsa og Höfða ræður alt að merkjasteini. Síðan beina sjónhending á svokallað Reynisskip þar til að Eyrarhnúða á Eyrarfjalli ber yfir miðþúfu á Öxnholti, úr því horni frá uppsettu merki beina sjón á Öxnholts enda neðri, þar til í uppsett merki beina sjón niður í víkur læk og svo ræður sá lækur í sjó fram.

22. Júní 1884.
Guðmundur Jörundsson
Þórður Jónsson Jón Magnúsosn
Sigurður Sigurðsson Jón Sigurðsson

Lesið á manntalsþingi á Akranesi 19. Júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 40.
þingl. 75
Bókun 25 Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) Borgað Sig.Þ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

202.
Landamerkjalýsing á Sigmundarstöðum í Þverárhlíð.
Þverá ræður merkjum, frá Skálavörðu niður á móts við Sandhól, sjónhending úr ánni í vörðu á nefndum Sandhól, þaðan sjónhending í vörðu á miðjum Hríshól, frá þeirri vörðu sjónhending í vörðu austantil á Fossahlíð, frá þeirri vörðu, sjónhending í miðja Leirtjörn, þaðan í vörðu austantil á Finnsteinsbrekkum, frá þeirri vörðu í miðju á Hróðnýjarvatni stóra, þá yfir vatnið og í vörðu er stendur á holtinu fyrir norðan það, þaðan sjónhending í vörðu utantil á há Hrafnabjörgum, þá fram eftir Hrafnabjörgum í vörðu er stendur framantil á klettunum þaðan sjónhending í vörðu vestan til við litlu Sölkutjörn, þaðan sjónhending í vörðu norðantil við nefnda tjörn, þaðan sjónhending í hærri Grenborg, þaðan í Rjúpuhól, og þaðan sjónhending í Skálavörðu, og frá henni beint í Þverá.

Helgavatni 24. október 1884.
Þorbjörn Sigurðsson eigandi Sigmundarstaða.
Framanritaða landamerkjalýsingu, viðurkenna undirskrifaðir sem lönd eiga á móti, rjetta að vera.
Bjarni Einarsson, eigandi og ábúandi Skarðshamra.
Eigandinn sjálfur er eigandi að Lundi, Helgavatni og Grjóti, og umráðamaður Hafþórsstaða sjá landamerkjalýsingar þeirra jarða.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 18. Maí 1885 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.59.
Borgun þingl. 75
bókun 25 Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

203.

Landamerkjabrjef fyrir Skógum í Flókadal.

Merkin milli Brúsholts og Skóga frá Flókadals á eftir því sem lækurinn ræður norður í Bláfinnsvatn, svo beint norður yfir vatnið og beina sjónhending þaðan í stein þann sem stendur á Laugutjarnarás sem er hornmerki milli Skóga, Geirshlíðar og Hæls og frá þeim steini beina sjónhending austur í bleksteina við Djúpalæk sem er hornmerki milli Skóga og Hrísa, svo þaðan eftir því sem lækurinn ræður ofan fyrir sjónarhól og beint þar í Flókadalsá og þaðan eftir því sem áin ræður ofan að fyrrnefndum læk.

Sem eigandi og ábúandi í Skógum.
Ásgrímur Illugason
Einar Magnússon eigandi Brúsholts
sem eigandi að hálfum Hæl samþykkur Magnús Jónsson
Þórður Sigurðarson ábúandi á Hæli og eigandi að nokkru
Guðmundur Eggertsson ábúandi á Eyri.
Pjetur Þorsteinsson ábúandi á Geirshlíð.
Sem umboðsmaður hálfra Hrísa Guðmundur Helgason, prestur í Reykholti.

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 31. maí 1892 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 149

Gjald – þinglestur - - 75 au Sigurður Þórðarson
bókun - - 25 –
kr. 1.00

(ein króna) Borgað SÞ.

Að landamerkjabrjef þetta sje rjett uppskrifað eftir handritum og gilt sem eftirrit votta:
Guðmundur Jóhannesson, Syðstu-Görðum
Baldvin Jóhannesson Görðum-syðstu
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

204.
Landamerkjalýsing á Hömrum í Þverárhlíð.
1. Gagnvart Helgavatnslandi: Úr Tungusporðinum milli Helgavatns og Hamralandsbrots, þaðan sjónhending í vörðu á Laugarásnum, þaðan í vörðu á miðás í leynir, þaðan í vörðu á hábrún fyrir utan Æsustíg.
2. Gagnvart Ørnólfsdalslandi: Úr vörðunni á hábrún fyrir utan ~~æsus~~ Æsustíg, eftir hábrún í vörðu fyrir austan Hamraskarð, þaðan í Hamratjörn.
3. Gagnvart Kvíalandi: úr Hamratjörn eftir Geitnagili í mitt Grænaskarð, þaðan í Grundarlækinn um í vörðu fyrir neðan vaðið á læknum, þaðan eftir merkjum er standa í flóanum, og í norðara Smáholt sem stekkurinn er í, þaðan í þriðjanef sem er við Hamralandbrot.

Helgavatni 16. maí 1886.
Þorbjörn Sigurðsson eigandi Hamra
Faman ritaða landamerkjalýsingu viðurkennum undirskrifaðir sem lönd eiga á móti.
Þórunn Þorbjarnardóttir, eigandi Kvía
Jón Þórðarson Ørnólfsdalur, kirkjujörð frá Norðtungu.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 20. maí 1886, og innfært í landamerkjabók Mýrasýslu N. 67.

| | |
|---|---|
| Borgun: þinglestur | 75 |
| Bókun | 25 |
| | 1 kr. |

Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 30. nóv. 1886.
Sigurður Þórðarson
(settur)
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

205.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
N^o. 4.
Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Einarsnesi í Borgarhrepp, samkvæmt lögum af 17. Marz 1882.
1. gr. Milli Einarsness og Hamars ræður Hamarslækur (eða stokkur) merkjum frá sjó upp fyrir buginn sem á læknum er austan Stokkholtið í keldu sem þar er og er þar hlaðin torfvarða.
2. gr. Milli Einarsness og Lækjarkots eru merki frá fyrrgreindri torfvörðu upp Breiðasund í Stein sem er ofan til í Draugsholti.
3. gr. Milli Einarsness og Bóndahóls eru merki frá síðastgreindum steini í hásuður í vörðu á Merkjaholti, þaðan ræður lík stefna suður í fjarðarbakkann neðan Bóndahól, er þá Skurðs halaker miðað í Djúpadal.
4. gr. Svo ræður Borgarfjörður merkjum. Jörðunni fylgja allar þær eyjar og sker sem umhverfis Einarsnes liggja.
5. gr. Engja-ítak fylgir hjá Bóndahóls engi; fyrir landssuðurshluta þess eru merki afstunguskurður með fram Lækjarkotsteigum að útsunnanverðu gamalt garðlag við Bóndahóls-engjar, útnorðanvert eru merki: Fenið alt upp að torfþúfu við Gvendarskurð, svo til landssuðurs í aðra torfvörðu við Lækjarkots afstunguskurð.

Gjört og samþykt af hlutaðeigendum 5. Febr. 1884.
Eigendur Einarsness H. Bergsson Þ.Kristófersdóttir
- - - Hamars: G. Vigfússon S. Finnson
- - - Lækjarkots Þorkell Þorkelsson
- - - Bóndahóls Bjarni Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884.
Þingl. 75
Bókun 25
1 kr. Guðm. Pálsson
Rjett eftirrit úr landamerkjabók Mýrasýslu staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 4. september 1916.
Ritlaun: 0.25 Sig. Eggerz
- tuttugu og fimm aurar.
S.E.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

206.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu

N. 118
Landamerki kirkjujarðarinnar Vestra-Miðfells.
Norður við Laxá skamt fyrir ofan svofellt Miðfellsfljót stendur varða vestanvert við jarðfall, sem liggur upp frá ánni til útsuðurs, úr vörðu þessari sjónhending í grjótvörðu norðan í múlaendanum og úr henni í vörðu framan í múlahorninu; þaðan sjónhending upp múlahornið og austur klettabrúnina austur í vörðu, sem stendur ofanvert við Merkjahrygg svokallaðan, sem er sunnan í múlanum, síðan sjónhending úr nýnefndri vörðu ofan hrygginn í vörðu sem stendur á svonefndu Miðfellshvarfi, milli eystra og vestra Miðfells. Síðan bein sjónhending áfram ofan flóann eftir upphlöðnum torfvörðum í torfvörðu, sem stendur á neðri enda á Eystramiðfellsmel.

Úr henni sjónhending í vestur eftir upp~~hlöðnum~~ settum vörðum í stein sem stendur á efri endanum á Galtarholtsmel, og svo bein sjónhending áfram vestur í Tungulæk eystri, síðan ræður sjónhending eftir vörðum sem standa með læknum ofan í Tungusporð. Síðan ræður Tungulækur vestri milli Vestramiðfells og Stóralambhaga upp í torfvörðu sem stendur vestanvert við lækinn, úr henni bein sjónhending til útnorðurs í svokallað Merkjadý, og svo bein sjónhending áfram úr dýinu norður í Laxá. Síðan ræður Laxá upp eftir alt að þeirri vörðu við Laxá, sem nefnd er í upphafi brjefs þessa. Ennfremur á Vestra-Miðfell verði fyrir sínu landi út í miðja Laxá.

Staddur að Vestramiðfelli 2. dag júnímánaðar 1890
Jón Benediktsson prestur í Saurbæ.
Jón Hansson bóndi á Eystra-Miðfelli samþykkir.
Illugi Bárðarson ábúandi Stóralambhaga.
(handsal) Jón Ólafsson ábúandi á Hurðarbaki. –
Snæbjörn Þorvaldsson (umráðamaður Galtarholts)
Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1896.

Gjald til landssjóðs:
Þingl. 75 a Sigurður Þórðarson
bókun – 25 –
1 kr
(ein króna) Borg. SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir,
Gjald: 50 Sigurður Þórðarson
-fimmtíu- aurar (L.S.)
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
207.
Landamerkjalýsing Brautartungu eftir lögum 17. marz 1882.
Að sunnanverðu milli Tungufells og Brautartungu skamt uppfrá Tungu síðsta holti er grjótvarða er kallast merkjabarða. Hjerumbil í norður frá vörðunni er stórt blágrýtisbjarg á holti er kallast merkjasteinn, merktur LM.
Eftir þessum 2ur merkjum í litla Mýrartjörn (þá nyrðri).
Eftir þessum 3ur merkjum í lækjarmynni við Grímsá skamt fyrir austan jötnabrúarfoss.
Milli Brautartungu og Oddstaða ræður Grímsá fyrir sunnan Erlendarhólma og sinu hólma og þar til að Tungá fellur í hana. Tungá aðskilur Brautartungu og Hólslönd, þar sem hún nú rennur.

Brautartungu 10. júní 1885.
Þorvaldur Þórðarson
Samþykkir Ólafur Þorleifsson á Tungufelli
Samþykkir Árni Sveinbjarnarson á Oddstöðum
Jón Jónsson á Hóli.

Lesið á manntalsþingi að Lundi 11. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 32.
Þingl. 75 a
Bók 25 - Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

208.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
N.78.
Merkjaskrá
Samkvæmt lögum 17. marz 1882 eru landamerki jarðarinnar Heggstaða í Andakílshreppi og Borgarfjarðarsýslu:
1. Milli Heggstaða og Hestslanda, ræður lækur sá, sem nefndur er Hestlandbrot, frá því hann kemur fram í Grímsá og til þess suður á móts við Músarklett.
2. Milli Heggstaða og Kvígsstaða bein sjónhending frá Hestlandbroti í Músarklett, á hvern klappaður er M og +, svo sömu sjónhending í Gálgafesti, hvar uppyfir á brúninni er varða og klappaður +, þaðan sjónhending í Krossklett á Tjarnarmel, með áklöppuðum tveimur +, þaðan sjónhending á vörðu syðst á Grímastaðaselholti.
3. Millum Heggstaða og Grímastaða, ræður sjónhending í austnorður, eftir fyrrnefndum Grímastaða selholtum.
4. Milli Heggstaða og Hvítárvalla ræður sjónhending frá Hestlandbroti, þar sem það kemur í Grímsá, útí Skjólhól, sem klöppuðum + í, svo úr Skjólhól beina línu í Grímastaða selholtshaus.
Hjer að auki eiga Heggstaðir engi svokallað„Kóngsodd", millum Bárustaða og Grímastaðaengja, á tvo vegu; á þriðja veginn aðskilur Hvítárvalla-stóristokkur frá Hvítárvalla engi.

Skrifað að Hvítárvöllum 1. maí 1888.
Vegna Hvítárvalla A.Fjeldsted
- - - Kvígsstaða Sami
- - - Grímastaða J.Jónsson
- - - Hests Arnór Þorláksson

Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 2. júní 1888.
Gjald til landssjóðs
þinglestur - - - 75 a Sigurður Þórðarson
Bókun - - - 25 –
1. kr.

ein króna Borg. SÞ.
Rjett eftirrit staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. marz 1914
Gjald: 25 - Sigurður Þórðarson
tuttugu og fimm – aurar SÞ.
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

209.
Samkvæmt landamerkjalöggjöfinni frá 17. Marz 1882.
Landamerki milli Brennistaða og næstliggjandi jarða eru þessi:
Milli Vilmundarstaða og Brennistaða eru merki úr rauðfossum og í vörðu sunnan á hálsbrúninni og beint í þjófaborg og þaðan eins og vötnum hallar vestur eftir hálsinum vestur í Kjavarastaða sandhól og þaðan í vörðubrot sem stendur á kletti utanhalt á miðhöfðanum og þaðan í stein sem er á efni merkismelnum og beina stefnu í spóavörðu sem er neðst á Brennistaðaflögu, þaðan ræður Geirá að sunnan til áður greindra takamarka frammí Beltis foss sem er fremsti Rauðfoss.

Brennistöðum 21. Júlí 1883.
Oddur Bjarnason
Magnús Jónsson
Árni Brandsson
Þórður Sigurðsson
Guðni Hannesson
Þorleifur Gunnarsson
Jón Sigmundsson

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 4. Júní 1884 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.14.
þingl. 75 a
Bókun 25 - Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borg.
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

210.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
Nr. 114.
Landamerkjaskrá fyrir Háreksstöðum í Norðurárdalshreppi í Mýrasýslu.
Að austanverðu milli Háreksstaða og Króks eru merkin: Úr oddanum á Snagafit við Norðurá og sjónhending á Landamerkjaborg, þaðan sjónhending í oddan á vestara nesinu sem gengur suður í Fiskivatn. Úr þessum odda sjónhending í skarðið, sem er í norðaustur af Básabrekku (Bósabrekku) og eftir skarðinu í Básabrekku. Þaðan á Háberg, (sem er á Háreksstaðaborgum). Þaðan sjónhending í Finnuklett. Að vestanverðu milli Háreksstaða og Hóls ræður Arnargil landamærum alt í Norðurá. Að norðanverðu: Norðurá frá Arnargilsósi að Snagafitarodda. Háreksstaðir eiga engjapart á Desey sunnan á eynni milli Uppsalapartsins að neðan og Klettstíupartsins að framan. Ráða þar gamlir landamerkjagarðar. Að sunnanverðu ræður Norðurá, en að ofanverðu (það er norðanverðu) uppstungnir hnausar í „Hópinu“.

Hvammi, 5. maí 1890.
Gísli Einarsson
(umráðamaður Háreksstaða, Klettstíu, Hvamms, Króks og Hóls)
Samþykkur vegna jarðanna Hermundarstaða og Lunda
Eggert Sigurðsson (eftir fullmakt
Samþykkur vegna jarðarinnar ½ Lunds
Jóhannes Elíasson (eigandi ½ Lunds)
Samþykkur (sic) vegna jarðarinnar Uppsala
Þórunn Þorbjarnardóttir (eigandi Uppsala)
Fyrir jörðina Laxfoss samþykkur Snorri Þorsteinsson, ábúandi
Þórður Þorsteinsson eigandi Glitstaða

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 20. maí 1890
Gjald til landssjóðs: Sigurður Þórðarson

þingl. - - 75 au
bókun - - 25 –
1 kr
-ein króna borg SÞ
Rjetta útskrift staðfestir
Ritlaun: kr. 1.00
stimplun - 0.50 G.Björnsson
kr. 1.50 (L.S.)
ein króna 50 aur
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.
GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS
211.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
N.16.
Landamerkjalýsing fyrir jörðunni Litlafjalli í Borgarhreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.
1. gr. Á milli Litlafjalls og Valbjarnarvalla af Rínir sjónhending í Killirsás miðjan þaðan sjónhending í Landamerkjaholt mitt, þaðan sjónhending frá Marteinsstapa, þaðan sjónhending í Selborgarfoss í Gufá, þaðan eftir miðri Gufá upp í Gufárvatn, þaðan sjónhending yfir vatnið í Djúpavatnslækjarós og eftir honum upp í Djúpavatn og sjónhending yfir vatnið í Mjóavatnslækjarós og eftir honum upp í Mjóavatn, neðan til, þaðan sjónhending í Krókatjörn miðjan, þaðan sjónhending í upptök lækjar þess, sem rennur fyrir norðan Hrútaborg og eftir honum í landamerkjafljót í Gljúfurá.
2. gr. Milli Litlafjalls og Grísatungu, eftir miðri Gljúfurá frá Landamerkjafljóti til ármóta.
3. gr. Á milli Litlafjalls og Grenja eftir miðri Langá.
4. gr. Á milli Litlafjalls og Stangarholts frá Langá á þeim stað sem klett sem er austan Grænukeldu en norðan Stangavatn ber í Rínir, sjónhending í fyrrnefndan Rínir.

Ánabrekku þ. 15. Apr. 1884.

Jóhann Guðmundsson
Framanskrifaða landamerkjalýsingu samþykkja -
Fyrir Valbjarnarvelli Guðmundur Guðmundsson
- - Grísatungu vegna Stafholtskirkju St. Þorvaldsson
- - Grenja Þorsteinn Þórðarson (hnds.)
- - Stangarholt Jóhann Guðmundsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884
Þingl. - - 75a
Bókun - - 25 –
1 kr.

Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 6. nóvbr. 1913
Gjald Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm – aurar Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr.72 27/6. 1921 19./3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

212.

Landamerki fyrir Heynes og Dægru.

1. Milli Staðarhöfða og Dægru ræður frá sjó Höskuldarlækur þaðan vinkilshorn í merkjastein í Miðhúsaskurði.

2. Milli ~~Miðhúsa~~ Heyness, Miðhúsa og Víkur úr merkjasteini upp eftir Miðhúsaskurði sjónhending í Reynisskip þar til að Eyrarhnúða í Eyrarfjalli ber í Miðþúfu í Öxnholti svo sjónhending í neðri Öxnholtsenda (eða að Innra-Hólmslandi).

3. Milli Heyness og Reyniranna eftir seinustu áreið 1881 sem hjer segir: Úr Øxnholti rjettlínis ofan í Garðakeldu og ræður hún þá merkjum á meðan mögulegt er að fylgja henni, sem er út að Miðhúsa seli, en þá ræður bein lína eða sjónhending úr Garðakeldu ofan til við Miðhúsasel og í Garðakeldu ofan til við Grænurúst eða Heynesstekk og þaðan sjónhending í Garðakeldu þar sem Friðhús bera í Reynisás.

4. Að vestanverðu ræður milli Heyness og Kjaransstaða Garðlag á milli túnanna upp að skurðinum, þaðan sjónhending vestanvert í Grænurúst.

Ytra-Hólmi þann 9. júní 1890.
Oddgeir Ottesen (eigandi Heyness og Dægru)
G.P. Ottesen (eigandi Kjaransstaða)
Guðmundur Jörundsson (sic) (eigandi Miðhús)
Jón Sigurðsson eigandi að Vík.
Árni Þorvaldsson vegna Innrahólmsins
Sveinn Eiríksson
Rögnvaldur Jónsson vegna Tanga.

Lesið á manntalsþingi að Heynesi 10. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 137.
Gjald til landssjóðs
þingl. - - 75 – Sigurður Þórðarson
bókun - -25 –
1 kr.
(ein kr.) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

213.
Landamerkjalýsing fyrir jörðinni Litlabotni í Hvalfjarðarstrandarhreppi. –
1. Merki milli Þyrils og Litlabotns eru þannig: að Brunná ræður til upptaka sem eru í svonefndri Brunnártjörn, en í beinni línu þar norður undan er varða, hlaðin nálægt miðri heiði, sem er horn merki milli ofangreindra jarða.
2. Merki milli Fitja í Skorradal og Litlabotns eru: nýnefnd varða; úr henni ræður bein lína austur í austurhornið á stóru Krókatjörn, eða móts við það sem Litlabotnsá fellur úr tjörninni. –
3. Litlabotnsá ræður merkjum milli Stórabotns og Litlabotns, frá því áin fellur úr ofangreindri tjörn þar til hún fellur í Stórabotnsá, að undanskildum hólmum sem Litlabotnsá hefur brotið af á móts við bæinn í Litlabotni og tilheyra þeir nýnefndri jörðu; en eftir dalnum til sjávar fram er Stórabotnsá merki milli nýnefndra jarða.

Litlabotni 18. júnímán. 1886
Helgi Einarsson ábúandi jarðarinnar.

Guðmundur Ólafsson bóndi á Fitjum, samþykkur.
Gísli Gíslason, Stórabotni
Þorkell Þorláksson á Þyrli
Samþykkja Sam. kv. No. 217. – 89.

Lesið á Saurbæjarmanntalsþingi 19. júní 1886.

| | |
|---|---|
| Borgun | Fyrir hönd sýslum. G. Páls. |
| þingl. 75 a | Sigurður Þórðarson |
| Bókun 25 - | cand. jur. |
| 1 kr. | |

(ein króna)
Innfært í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
No. 47.
Sigurður Þórðarson
(settur)
Innr. samkv. l.nr.72. 27./6. 1921. 19/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

214.

Landamerki jarðarinnar Eyri í Svínadal.

1. Milli Eyrar og Kambhóls að austan

Skammt fyrir neðan Eyrarvatnsós við Laxá er varða sem er hornmark á milli nefndra jarða; hjá þeirri vörðu er flatur steinn jarðfastur; á hann er klappað LM. þaðan upp skóginn í vörðu, sem er svo kölluð er Þórðarhvammsbarði; úr þeirri vörðu sjónhendingu utanvert við Trússabrekkur í efsta Lambatunguhnúk og á fjall upp þangað til hallar norður af.

2. Að sunnanverðu ræður Laxá merkjum frá fyrst nefndri vörðu fyrir neðan vatnsósinn ofan þangað sem svo nefnd Tumakvísl rennur í Laxá.

3. Milli Eyrar og Hlíðarfótar ræður Tumakvísl merkjum frá því, er hún rennur í Laxá, upp eftir utanvert við Hnausabakka, og svo Súluá frá því kvíslin rennur úr henni, upp eftir upp á móts við Þverfjallshorn; þaðan ræður sjónhending upp í hornið. Úr Þverfjallshorni norður eftir brúninni þangað til vötnum hallar norður af.

Framanskrifuð landamerki eru tekin eftir 7. manna landamerkjadómi frá 8. sept. 1769.

Eyri 27. febr. 1890

Ólafur Ólafsson ábúandi
Þorbjörn Ólafsson
Þorste. Þorsteinsson (Kambshól)

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 6. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 121.

Gjald til landssjóðs
þingl. - - 75 –
bókun - - 25 - Sigurður Þórðarson
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.

Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

215.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Svarfhóli í Svínadal í Hvalfjarðarstrandarhreppi, gjörð af undirskrifuðum ár 1885.
Á milli jarðanna Svarfhóls og Saurbæjar, er hornmark við Laxá í stóran stein sem varða er á hlaðin skamt fyrir austan svokallað tíða vað, þaðan beint í suður í vörðu austan til á Saurbæjarhlíð, sem er hornmark, þaðan í vestur, í vörðu fyrir sunnan svokallað Brennifellssund, – þaðan móts við Kalastaðaland, í vörðu sem er austan til á Háuklettum, og svo beina stefnu vestur eftir hálsinn í vörðu austan til á Lönguborg, þaðan í vörðu skamt fyrir vestan Skálarskarð, sem er hornmark; þaðan í norður, í klettaskoru í brúninni sem er vestan til við Skálarskarð, og kölluð er merkjaskora, og úr þeirri skoru í vörðu skamt fyrir neðan klettana, þaðan yfir mýrina í torfvörðu við Laxá skammt fyrir neðan Svartabakkafljót sem er hornmark á milli Svarfhóls og Hurðarbaks,

Að norðan verðu ræður Laxá merkjum.

Að þessi framanrituðu landamerki sjeu af okkur undirskrifuðum samþykt.

Jón Erlendsson Jón Þorsteinsson
Th. Böðvarsson Jón Sveinbjarnarson
á Kalastaðakoti

Magnús Frím. Ólafsson, Eystra-Miðfelli,

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 9. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 27.
þingl. 75 au
Bókun 25 – Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borgað Jón Sveinbjarnarson.

Ofanskráð eftirrit er orði til orðs samhljóða mjer sýndu frumriti. Þetta vottast notarialiter eftir nákvæman samanburð.

Notarialus publicus í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu
St. að Saurbæ 26. jan. 1916
Sig Eggerz
(L.S.)

Gjald 0.50
-fimmtíuaurar
Borgað S.E. (Eftirrit)
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

216.

Samkvæmt landamerkjalögum frá 17. marz 1882 lýsist landamerkjum fyrir jörðina Deildartungu í Reykholtshreppi þannig

1. Merki milli Deildartungu og Kletts úr illukeldu (við þúfukvörn í Reykjadalsá) sjónhending í litlutungu hól og sömu stefnu í Skútaklett og áfram að Hvítá svo upp sem árin ræður að Gíslagróf.

2. Milli Deildartungu og Brekkukots, úr Gíslagróf beina sjónhending austur í merkismel, svo í vörðu ás endann neðri og sömu stefnu í efri ásendann neðanvert við peningaskarð og þaðan sömu stefnu áfram í syðri endann á klettastöllum fyrir norðan Deildartungu túnið krossmark er höggvið í kletta við þrjú áminnst merki, og vörður upphlaðnar hjá, og tvær torfvörður á mýrina millum hinna síðast nefnda, svo liggja merki eftir stöllum að Þrívörðum.

3. Merki milli Deildartungu og Grófar, frá áður nefndum þrívörðum sjónhending suður og ofan hálsinn í grjótvörðu á holtinu fyrir ofan mýrina og sömu stefnu í Torfvörðu við Reykjadalsá neðan til við Grófar leirur, svo ræður Reykjadalsá merkjum ofan að fyrnefndri illukeldu.

Deildartungu 30. Maí 1885

Jarðareigandi Hannes Magnússon
Þórður Halldórsson
Guðríður Jónsdóttir
jarðareigandi 1/8 Jakob Þorsteinsson
Sveinn Árnason.

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 5. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 25.

Þingl. 75 a
Bókun 25 - Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna)
Innr. samkv. l.nr.72. 27./6. 1921. 19./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

217.
Samkvæmt landamerkja lögum frá 1. Marz 1882 lýsist landamerkjum fyrir jörðinni Kletti í Reykholtsdalshreppi þannig:
Merki milli Kletts og Deildartungu úr Illukeldu við Reykjadalsá sjónhending í Litlutunguhól og sömu stefnu í Skúlaklett og áfram að Hvítá og svo sem hún nú rennur og ræður að norðanverðu Klettshólma, svo ræður Reykjadalsá að sunnanverðu við hólmann og að áður nefndri Illukeldu.

Klett[i] hinn 30. Maí 1885.
ábúandi Sveinn Árnason
Hannes Magnússon
Gísli Eggertsson
jarðareigandi Magnús Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 5. júní 1885 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 26.
Þingl. 75 a
Bókun 25
1 kr Guðm. Pálsson
(ein króna)

Innr. samkv. l.nr.72. 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

218.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Draghálsi í Svínadal liggjandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Á milli Dragháls og Grafardals úr stórum fossi sem er í Draghálsá og kallaður er Merkjafoss, þaðan í vörðu sem er á hálsbrúninni, úr þeirri vörðu í aðra vörðu sem er norðvestan til á svonefndri Hrosshæð, sem er hornmark á milli ofangreindra jarða að sunnan (en Svanga og Vatnshorns að norðan), þaðan ~~ræður~~ vestur hálsinn (og liggur Svangaland að norðan) í vörðu á svokallaðri Vegahæð, úr þeirri vörðu yfir svonefnda Þófadalstjörn og í læk, sem rennur í tjörnina að vestan, og kallaður er Rauðilækur. Þá tekur við Stóru-Drageyrarland að norðan úr Rauðalækjarfarveg þar sem hann liggur í tjörnina, upp og vestur mitt Dragafell sjónhendingu í stóra greinilega vörðu austan til á háfellinu, frá vörðunni beina sjónhendingu um svokallaða Merkjaþúfu sem er hlaðin torfvarða hjá þjóðveginum á Geldingadraga og þaðan áfram beina línu í neðsta foss í gili sem fellur úr Skarðsheiði að norðaustan og kallast Þvergil, þaðan á fjall upp er vötnum hallar til beggja hliða. (Að austan og sunnan árinnar) úr Botnsheiði fellur gil í Dragháls á sem heitir Hestagil með háuum gljúfrum beggja vegna, ræður það merkjum upp á brún, af brúninni er bein lína í vörðu sem er suður á heiðinni (sú varða er hornmark), er Geitabergsland að sunnan, en Fitjakirkjuland að austan; þaðan vestur heiðina í Geitaskarð, sem kallað er, í Geitabjörgum, þaðan ofan Fögruhjalla þaðan eftir sandinum innan til við vatnsendann og í svokallað Merkjagil, ræður það merkjum í brúninni. Á brúninni er varða sem Merkjavarða heitir og úr þeirri vörðu á fjall vestur.

Draghálsi 1. júní 1893.
G. Pjetur Jónsson eigandi Dragháls.
Þessum merkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir.
Ólafur Jónsson (fyrir hönd Hvanneyrarkirkju)
Björn Eyvindsson í Vatnhorni
Júlíus Guðmundsson á Fitjum
Guðm. Sigurðsson Bóndi á Svanga
Jóhann Helgason bóndi á Grafar[d]al
Ólafur Jónsson bóndi á Geitabergi.

Lesið á manntalsþingi að Saurbæ 9. júní 1894 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 157.

Sigurður Þórðarson

Gjald: þinglestur kr. 0.75
bókun - 0,25
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr.72 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

219.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Narfastöðum í Leirárhreppi.

Að sunnanverðu ræður Narfastaðalækur frá sjó og upp þangað til hann kvíslast, þaðan úr torfvörðu þeirri, er hlaðin er í lækjarkofunum sjónhending í Fylpoll, sem er í syðsta dýinu á jöðrunum; þaðan sjónhending í vörðu þá, sem stendur við veginn á Fiskilækjarmelum; þaðan sjónhending í Litlufestina eða hið minna klettabelti, sem lengst nær ofan í skriðurnar á Ølvir; þaðan sjónhending í nýpuklett þann sem kallaður er Ølvir, og sem er í vesturbrún fjallsins Ølvirs; þaðan sjónhending í Stóra Móhól, úr Stóra-Móhól sjónhending í klapparnef það sem liggur austan til við (vaðið (?)) (~~sic~~) hjá Flæðarhöfða.

Að vestanverðu ræður svo Narfastaðaós.

Gjört að Narfastöðum 5. júní 1890.
Árni Jónsson ábúandi á Narfastöðum (handsalað
Rannveig Kolbeinsdóttir á Leirá.
Fyrir þjóðjarðirnar Belgsholt og Belgholtskot samþykkir
P.T. Leirá 17. júní 1891.

Sigurður Þórðarson
sýslumaður

Lesið á manntalsþingi að Leirá 15. júní
1892 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðar-
sýslu N.152.
Gjald til landssjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 0.75 | Sigurður Þórðarson |
| bókun | 0.25 | |
| | 1.00 | |

(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 20/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS
220.
Útskrift úr landamerkjabók fyrir Borgarfjarðarsýslu
No. 147.
Lýsing á landamerkjum þjóðjarðanna Belgsholts og Belgsholtskots í Melasveit í Borgarjarðarsýslu.
I. Milli nefndra jarða annarsvegar og Mela og Fiskilækjar hinsvegar ræður bein lína úr krossmörkuðum steini við sjó fram í grasgróinn stein á Skálalækjarholti og úr þeim steini sjónhending í Titlingsþúfu, þaðan í Leirárdalsmynni.
II. Milli Belgsholts og Narfastaða ræður bein stefna úr Merkjahnaus við Fylpoll eptir uppsettum hnausum niður í Engjalækjardrög, og ræður sá lækur síðan í sjó niður.

p.T. Leirá 17. júní 1891.
Sigurður Þórðarson
umráðamaður Belgsholts og Belgholtskots:
Þórður Þórðarson
fyrir eiganda Narfastaða.

Lesið á manntalsþingi að Leirá 17. júní 1891.
Gjald til landsjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 75 a | |
| bókun | 25 - | Sigurður Þórðarson |
| | 1 kr. | |

(ein króna)
Rjetta útskrift staðfestir

3. nóv. 1909.
Sigurður Þórðarson
(L.S.)
[Athugasemd á spássíu] landam/Leirá
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3. 1923

GBjörnsson

221.
Útskrift. úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
Landamerki fyrir Leiráreigninni.
Stefna ræður frá fremri Sjónarhól við Laxá en þessi á ræður þaðan í frá landamerkjum niður á móts við Hrossaklett, er stendur að sunnanverðu við ána; úr Hrossakletti síðan sjónhendingu í keldukjaft við Leirá rjett fyrir ofan Jöklaberg. Þaðan ræður svo Leirá milli jarðanna Leirárgarða og Leirá upp að svokölluðu Víðidalsgili; þaðan ræður Víðidalsgil upp á brúnir þar til vötnum hallar vestur og norður af, og þaðan liggja svo merkin eftir hæstu brúnum, norður í Svartatind; úr Svartatindi gengur svo stefnan sjónhending austur yfir Miðfitjahól eftir Vatnaholti í Álfsteinsárbotna; úr Álfsteinsárbotnum í Háheiðarhorn úr heiðarhorni eftir brúnum í Rauðahnúk og frá Rauðahnúk í snók hinn syðri, og svo (sic) í Snók í Snókagil, en þaðan sjónhending fyrir vestan Skarðsholts[kots]stekk, en austur Lögmannsengi í merkjastein (merktan með L.M.) fyrir ofan Rauðalækjarvað. Úr merkjasteini þessum ræður svo sjónhending í ásana í Fremri-sjónarhól við Laxá. Innan þessara takmarka liggja kotin sem fylgja Leiránni, sem eru 1. Hrauntún 2. Hávarðsstaðir 3. Melkot. Sömuleiðis á Leiráin varpeyju þá er liggur í útsuður frá Skipanesi í Leirárvogum og kölluð er Leiráreyja ásamt selveiði þar í kring, og rjettindum í miðjan ál að sunnan verðu og vanalegu fjöruplássi. Líka fylgja jörðunni laxveiði öll í Laxfossi í Laxá samt þriðji hver lax sem veiðist í nefndri á frá Atkerissteini og fram í Eyrarfoss.

Þessi landamerki eru gjörð samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna 17. marz 1882

Leirá 3. maí 1886
Jarðareigandi Þórður Þorsteinsson Leirá
sem umboðsmaður Austurleirárgarða Þórður Þorsteinsson frá Leirá
Eigandi Vesturleirárgarða Pjetur Sigurðsson (hnds.)
Eigandi Miðleirárgarða G.Guðmundsson.
Sem eigandi Vogatungunnar Böðvar Sigurðsson.
Sem ábúandi Stóra Lambhaga Illugi Bárðarson
Sem ábúandi Steinsholts Jónas Jóhannesson

Lesið á Leirá 24. júní 1886.
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs
þingl. - - - 75 a
Bókun - - 25 a
1 kr.
(ein króna) Borg SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir
Gjald Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm – aurar
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[Athugasemd á spássíu] landam/Stafholtsey
222.
Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Stafholtseyjar í Andakílshreppi í Borgarfjarðarsýslu.

Milli Stafholts, Hofstaða, Hamraenda og Neðraness annarsvegar og Stafholtseyjar hinsvegar ræður Hvítá landamerkjum, það er að segja megin áin, bæði fyrir neðan og ofan það, er Þverá fellur í hana. Eyrar þær, er liggja í ánni útaf svonefndu Eyjarfaxi, liggja undir Stafholtsey.

Milli Langaholts og Stafholtseyjar ræður hinn forni farvegur Hvítár landamerkjum. Byrja merkin við meginána og liggja þaðan í beina stefnu sjónhending í torfvörðu þá, er hlaðin er upp í svonefndu Vaðskarði og þaðan beina línu eftir torfvörðum, er hlaðnar hafa verið í torfvörðu við svonefndan Hádegispoll og þaðan í pollinn; úr því ræður merkjum hinn forni farvegur, þar sem mest er vatns~~rotin~~[rásin] í honum.

Milli Bakkakots og Stafholtseyjar ræður hinn forni Hvítárfarvegur landamerkjum, þar sem mest er vatnsrás í honum, alla leið fram í Hvítá skammt fyrir ofan Bakkakot. Grashómi sá, er kvísl úr Hvítá hefir afhólmað af svonefndum Eyjarodda þar neðst við farveginn, liggur undir Stafholtsey.

Landamerkjalýsing þessa samþykkja undirritaðir umboðsmenn og eigendur aðliggjandi jarða.

31/5 1890 PJBlöndal eigandi Stafholtseyja.
Jóhann Þorsteinsson (prestur í Stafholti
Halldór Daníelsson eigandi og ábúandi Langholts
Jakob Sæmundsson bóndi á Hamraendum
Björn Þorsteinsson eigandi Bakkakots.

Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 31. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 109.
Gjald til landssjóðs:
Þingles. - - - 75ª Sigurður Þórðarson
bókun - - - 25 –
1 kr.
(ein króna) Borg. SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

223.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
No. 76.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Lambastöðum í Álftaneshreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.
1. gr. Lambastaða og Miðhúsapláss eru merki úr miðju skiftiskeri í Lambastaða-árósminni, svo ~~eptir~~ upp eftir miðri Lamdastaðaá upp að Drangsholtsskurði; svo eftir skurðinum í Vörðu við Botnshaus, úr þeirri á Landamerkjaholti, þaðan beint í vörðu á Vörðuholti, þaðan eftir sömu línu í torfvörðu við Blikavatn, þaðan eftir sömu línu yfir vatnið norður í vörðu á Grensás, þar hjá höggvinn + í klöpp.
2. gr. Milli Lambastaða og Leirulækjarsels eru merki frá Grensásvörðu austur yfir Blikavatn, beint í vörðu á litlu holti nærri vatninu og frá þeirri vörðu í vörðu á sjónarhól, þar hjá + þaðan ræður sjónhending í vörðu á lágri klöpp flatri mitt á milli Smjörkletts og Deildarhóls þar hjá högginn +.
3. gr. Milli Lambastaða og Leirulækjar eru merki úr síðastnefndri vörðu á klöppinni, sjónhending beina eftir 3ur merkjaþúfum í Deildinni í miðhæðina í Reiðholti á Langsandi á þeirri hæð er varða; frá þeirri vörðu beint í vörðu á miðjum Landdeildarhöfða þar hjá er höggvinn + þaðan landsuður í fjörðinn svo eftir firðinum sunnan Miðjarðarsker. Þar beigjast merkin í vestur í fyrstnefnt Skiptisker.
4. gr. Þessi ítök fylgja Lambastöðum:
a. Gran- eða Grænhólmi í firðinum fram.
b. Hólmi í Leirulækjarselslandi, norðan til í Blikavatn og fylgir hvoru hálflenda Lambastaða svokallaðs Suðurbæjar.

Gjört og samþykt þann 24. Maí 1886 af öllum hlutaðeigendum.
Eftir fullmakt fyrir Lambastaði
Sigurður Sigurðsson.
Eftir fullmakt fyrir Miðhús, Leirulækjarsel og Leirulæk.
Kristján Kristjánsson.

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 27. Maí 1886.
Borgun: þingl. 75ª Sigurður Þórðarson
Bókun 25 - settur
1 kr.

Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. marz 1916.
Ritlaun: 0.25
-tuttugu og fimm aurar Sig. Eggerz
S.E.
Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

224.
Eftirrit
Merkjalýsing fyrir jörðunni Ánabrekku liggjandi í Borgarhreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.
1. gr. Milli Ánabrekku og Jarðlangsstaða byrjar við laugakeldu sem liggur norðan Álfgerðarholt og sjónhending úr þeirri keldu í kolþúfu í svo kölluðum Tjarnarflóa.
Grein þessa samþykkir eigandi Jarðlangsstaða
Erlendur Guðmundsson.
2. gr. Milli Ánabrekku og Litlubrekku. Úr áðurnefndri þúfu í Tjarnarflóa, sjónhending í merkjaþúfu ofan eftir flóanum í upptök Tungulækjar svo ræður Tungulækur ofan eftir á móts við neðanvert í Tunguhól, og úr neðanverðum Tunguhól, sjónhending í vörðu á Þverborg og sjónhending úr þeirri vörðu í þúfu neðanvert í Ánaborg og úr þeirri þúfu sjónhending í efsta Þverskurð í Fitjunum og úr þeim skurði sjónhending í þúfu á Miðmundamel (?) og úr þeirri þúfu sjónhending í landssuður beint í Háfslæk.
Grein þessa samþykkir eigandi Litlubrekku.
Hákon Þórðarson
3. gr. Milli Ánabrekku og Raufarness ræður Háfslækur fram að sjó og úr Háfslækjarós ræður áll sem liggur fram í ál sem kemur úr Langá.
Grein þessa samþykkja eigendur Raufarness.
Sigmundur Bárðarson Sigurður Jónsson.
4. gr. Milli Ánabrekkur og Leirulækjar. Frá því állinn úr Háfslækjarós kemur í álinn sem rennur úr Langá og ræður áin upp að Urriðaárós.
Grein þessa samþykkir eigandi Leirulækjar
Guðmundur Sigurðsson
5. gr. Milli Ánabrekku og Langárfoss frá því úr miðjum Urriðaár-ós upp eftir miðri Langá sunnan svokallað Dyrafit og upp að áðurnefndri keldu norðan Álgerðarholt.

Grein þessa samþykkja eigendur Langárfoss
Ingibjörg Bergþórsdóttir O.Sigurðsson
Ánabrekku 12. Apr. 1884.
Erlendur Guðmundsson Kristbjörg Berþórsdóttir
Guðjón Jónsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1884
Þingl. - - - 75ª Guðm. Pálsson
Bókun - - - 25 -
1 Kr.
Rjett eftirrit staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. marz 1903
Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

225.
Landamerki á Sauðhúsparti eða Sauðhússkógi, sem liggur undir Stafholtsstað.
Að austanverðu við Sauðhúspartinn er tjörn, er nefnist Feilandstjörn; úr henni rennur lækur, sem nefnist Sauðhúslækur, og fellur til útsuðurs, ræður hann merkjum alla leið í Gljúfrá. Þá ræður Gljúfurá merkjum norður að Litluá og upp í almanna reiðveg, sem þá einnig ræður enn merkjum suður að vaðinu á Rauðsteinskeldu, og svo ræður keldan merkjum ofan í áður nefnda Feilandstjörn.

Stafholti 15. maí 1886.
Stephán Þorvaldsson
(sóknarprestur
Til staðfestu eru hlutaðeignadi nágranna undirskrifuð nöfn.
Sigurður Guðlaugsson fyrir eiganda Stapasels.
Fyrir eiganda Tandrasels: Sigurður Jónsson
Oddur Magnússon (búandi; eigandi Múlakots).

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 24. maí 1886.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. dec 1886.
Borgun: þingl. 75ª
Bókun 25 - Sigurður Þórðarson
1 kr.
borg (settur)
Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

226.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
No. 82.
Landamerki fyrir Sveinatungulandi.
Eins sem Sanddalsá ræður frá Norðurá að Stekkjargili; Stekkjargil ræður í Stakkatjörn. Við Stakkatjörn hefst bein merkjalína (samkvæmt uppsettum merkjum) er liggur vestan til við Selveituvatn í Lambagilstjörn og þaðan beint í vörðu, sem stendur norðvestan til við Lambagilsbotna. Þá byrjar önnur merkjalína hjerumbil hornrjett við hina fyrnefndu sem
liggur norðantil við miðja Jötnagarða eða eftir beinni sjónhendu í Hvassá, svo ræður Hvassá merkjum að Norðurá en Norðurá þar til í hana fellur Sanddalsá. Jörðin Sveinatunga á frítt upprekstrarland á Stafholtstungnamanna afrjetti.

Sveinatungu 28. desember 1886
Jón Jónsson
Jakob Guðmundsson eigandi Sauðafellsafrjettar
D.Bjarnason fyrir hönd jarðareiganda Geststaða.

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 18. maí 1887.
Gjald til landssjóðs
þinglestur - - 75[a]
Bókun - - - 25 –
1 Kr.

Rjett eftirrit staðfestir
Ritlaun: Kr 0.50
stimplun – 0.50 G.Björnsson
1 – ein – króna
Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

227.

Landamerkjaskrá fyrir jörðunni Fljótstungu í Hvítársíðuhreppi.

Að sunnanverðu ræður Norðlingafljót (Suðurfljót), miður farvegur, frá Háahrauni gegnt Smiðjugili, og ræður fljótið fram að læk þeim, sem fellur ofan eftir Stórulág nokkru fyrir vestan Kleppa, en rjett fyrir framan Köstin. Frá fljótinu ræður lækur þessi upp hlíðina og beint upp í stein stóran neðarlega á mel, sem liggur milli þeirra tveggja lækjardraga, er fyrnefndur lækur myndast af. Úr steininum ræður sjónhending í hánorður upp í klett (hinn vestri af tveimur) og þaðan áfram í sömu átt í annan klett (einnig hinn vestri af tveimur), og þaðan [e]ilítið til austurs upp í Axlarþúfu og þaðan bein sjónhending í Þorvaldslæk, þar sem hann fellur í Litlafljót. Þaðan ræður Litlafljót miður farvegur, alt niður að Fótafljóti (Fljótamótum) milli Hallkelsstaða og Kolsstaða, þaðan sjónhending þvert yfir hraunið í Háahraun og sú lína áfram að Norðlingafljóti gegnt Smiðjugili.

Alt það land, vötn og skógar og hvað annað, sem takmarkast af framannefndum merkjum, skal hjer eftir um aldur og æfi heyra til Fljótstungu til allrar notkunar og eignar. En af því að nokkur hluti lands þessa hefir verið þrætuland móts við Kalmannstungu er það unnið til samkomulags, að eigandi Fljótstungu borgar á þessu ári eiganda Kalmannstungu 100 – eitt hundrað – krónur í peningum.

Fljótstunga hefir um aldur og æfi Lambhólma í Norðlingafljóti og alla aðra hólma á Fljótinu á tilteknu svæði, nema Stokkflöt, sem skal vera eign Kalmannstungu. Enginn á ítak í framangreinda landeign Fljótstunga og hún ekki heldur í annara lönd.

Gjört að Fljótstungu 11. júní 1889.

Fyrir hönd eiganda Fljótstungunnar,
sjera Þórarins Böðvarssonar prófasts í Görðum
undirskrifar eftir umboði.

Magnús Andrjesson    Jón Pálsson
ábúandi.

Framanskrifaða landamerkjaskrá og samning samþykkjum við, að því leyti Kalmannstungu snertir.

St. Ólafsson    eigandi Kalmannstungu
Ólafur Stefánsson ábúandi Kalmannstungu.

Framanskrifaðar 100 (eitt hundrað) krónur hefir Magnús prófastur Andrjesson á Gilsbakka borgað mjer fyrir hönd eiganda Fljótstungunnar og er þannig hinum framanskráðu landamerkjasamning fullnægt mjer til handa.

Kalmannstungu 5. júlí 1889
St. Ólafsson

Framanskráð landamerkjaskrá Fljótstungu viðurkennum við að sje rjett.

Vegna Þorvaldsstaða S.Sigurðsson, ábúandi
vegna Hallkelsstaða Benjamín Jónsson ábúandi og meðeigandi.
Vegna Kolsstaða Magnús Andrjesson.

Lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 16. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 101.

Gjald til landssjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| Þingl. - - - | 75 ª | Sigurður Þórðarson |
| bókun - - | 25 – | |
| | 1 kr. | |

(ein króna)
borgað SÞ.

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

228.
Eftirrit
Landamerkjabrjef fyrir jörðina Breiðabólsstað.

Á millum Reykholts og Breiðabólsstaðar eru merkin við vörðu á hákirkjumelnum sem er hornmark millum Norður-Reykja og Breiðabólsstaða á aðra hlið síðan í vörðu á melnum litlu sunnar, þaðan sjónhending og rjett fyrir vestan túnið á Breiðabólsstað og í jarðfastan stein við veginn milli Reykholts og Breiðabólsstaðar, þaðan sjónhending um mitt mýrarsundið sem liggur í gegnum móann niður að Stórueyri og niður til Reykjadalsár beina stefnu í Hægindakots hver. Að sunnan ræður Reykjadalsá. Að austan eru merkin, úr Reykjadalsá, austanvert við gamlar rjettir þvert yfir móann og Úlfstaðasýkið í syðri enda garðlags þess, sem er í mýrinni fyrir norðan sýkið, þá ræður garðlagið, en úr efri enda garðlagsins upp í stein þann sem stendur á holtinu og sjónhending úr honum í Breiðavatn. og yfir vatnið þvert norður í Landbrotið sem einnig heitir Rauðilækur. Þá ráða austur drög Rauðalækjar eftir uppsettum merkjum vörðu, sem er hornmark á millum Breiðabólsstaða og Norður-Reykja.

Þaðan í norðurátt í vörðu við skurð við kirkjumelinn og þaðan í sömu stefnu í vörðu á melnum, og úr henni í vörðuna sem er til útsuðurs og fyrst er nefnd hornmark á millum Norður-Reykja og Breiðabólsstaðar.

Breiðabólsstað 20. febrúar 1909
Ingólfur Guðmundsson
Merkjalínu þessa samþykkja vegna Reykholtsstaðar
Einar Pálsson
Eigandi Vilmundarstaða og Úlfsstaða Sigurður Magnússon.
Þorvaldur Stefánsson, ábúandi Norður-Reykja.

Lesið á manntalsþingi að Sturlureykjum 1. júní 1909. (Str. L. N.90)
Sigurður Þórðarson
L.S.
Gjald
1 – ein – kr.
Borgað
SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

229.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.

Landamerki fyrir Stóra-Lambhaga, sem byrjar á torfvörðu er stendur á bakkanum ofan til við Blautás, og ræður svo Laxá fram í dý sem varða stendur hjá og úr því dýi eða vörðu beina sjónhending austur í torfvörðu við keldu sem rennur að vestanverðu við Miðfellstungur, og sú kelda ræður alla leið að torfþúfu sem stendur við Galtarholtslæk og þaðan sjónhending í vörðu er stendur við Kasthalaræturnar og þaðan sjónhending á milli bæjanna í vörðu utan til í Móholtsenda úr þeirri vörðu sjónhending í torfvörðu við Þverkelduklofa, þar frá ræður keldan ofan í Laxá og úr keldu kjaftinum í vörðu á bakkanum og svo sjónhending í vörðu sem stendur neðantil á melaendanum og aftur sjónhending í vörðu sem stendur á bakkanum sem byrjað var á, og tilkall til allrar notkunar í Eiðavatni að hálfu við hinn Lambhagann ef nokkur kann að verða.

Lambhaga 18. maí 1886.
Illugi Bárðarson Sigurður Jónsson
Jón Guðmundsson Böðvar Sigurðsson,

Lesið á manntalsþingi að Hvítanesi 9. jún. 1887
Gjald til landssjóðs:
þinglestur - - - 75 [a]
Bókun - - - 25- Sigurður Þórðarson
1 kr.
(ein króna)
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 20. júlí 1900
Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l. nr. 72 27./6. 1921. 20./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

230.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
No. 52.

Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Hvítanesi samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Að utanverðu er klettur sá fyrir utan Hvítanesklif sem Strákur heitir úr honum rjetta sjónhending norðarlega í Kringlumel eftir uppsettum vörðum; úr Kringlumel norðarlega í Langamel, sjónhending rjetta eftir uppsettum vörðum; úr honum sjónhending rjetta eftir vörðum í sjó fram.

Aftur úr ofanverðum strák í melhrygginn sem liggur fyrir utan Selgeir, og svo upp í utanverðan Geirmundartind. Síðan inn eftir brúninni alt að Stórafestarhöfða og ræður þá Stórafestin ofan í grasgeira sem er innanvert í Stórufestinni neðan til, og er sá grasgeiri kallaður Festarhringur. Úr Festarhring beina sjónhending í Álkeldu, og aftur sjónhending í Skiplág.

Samkvæmt vitnisburði frá 4. júlí 1789 hefur sölfatekja verið brúkuð frá Hvítanesi um ómunatíð óákærð í svokallaðri Mjóurófu fyrir Óslandi.

Hvítanesi 12. d.júním. 1886.
Stefán Bjarnason
Jón Benediktsson.
Samkvæmt fullmakt frá Stefáni Bjarnasyni sýslumanni í Gerðiskoti, dagsettu 9. okt. 1885; eiganda jarðarinnar Óss.
Þ.Þorsteinsson eigandi Bekánsstaða.

Þinglesið á Hvítanesi 23. júní 1886.
Gjald til landssjóðs
þingl. 75ª
Bókun 25 - Sigurður Þórðarson
(ein króna) 1 kr. borgað SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 26. júní 1913
Gjald: Sigurður Þórðarson

25 – tuttugu og fimm aurar –
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

231.
Landamerki fyrir jörðina Vogatungu í Leirársveit innan Borgarfjarðarsýslu.
1. Milli Vogatungu og Leirár eru merkin úr keldu fyrir ofan svokallað jöklaberg beina sjónhending til landssuðurs í Hrossaklett norðanvert við Stóra-Lambhaga að Laxá.
2. Milli Lambhaga og Vogatungu ræður Laxá frammí Hamra, í Klettaskoru fyrir neðan fjárrjett er það merkt á sljetta klöpp L M.
3. Milli Vogatungu og Beitistaða ræður sjónhending bein úr áður nefndri Klettaskoru í Hömrunum upp yfir vogana upp að hlaniri (sic) torfvörðu á svo kallaðri Bæjarfit Vogatungumegin við Leirá þaðan ræður Leirárfarvegur merkjum upp á móts við fyrnefnda merkjakeldu ofantil við jöklaberg.

Vogatungu í Maí 1890
Böðvar Sigurðsson
Framangreindum merkjum erum við undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir fyrir Beitistaði
Magnús Ásbjörnsson
Illugi Báðarson fyrir Lambhaga.
Rannveig Kolbeinsdóttir ábúandi á Leirá.
(Skrifað af Þórði Þórðarsyni á Leirá fyrir móður sína.)

Lesið á manntalsþingi að Leirá 7. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.128.
Gjald til landsjóðs

| | | |
|---|---|---|
| þingl. - - - | $75^{a}$ | Sigurður Þórðarson |
| bókun - - - | 25 – | |
| | 1 kr. | |
| (ein króna) | Borgað SÞ. | |

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

232.
No. 129.
Landamerki kirkjujarðarinnar Eystra-Skorholt og Vestra Skorholts.

Að austanverðu milli Geldingaár og Skipaness að norðanverðu ræður Geldingaá svo sem beint horfir fram eftir fjörunum og uppeftir alt að vörðu þeirri sem nýhlaðin er fyrir vestan ána, neðst í bringunum: úr vörðunni sjónhending á Selhól og úr honum í hryggina, þar sem mætist Fiskilækjar og Geldingaárland, við það neðsta merki, sem er á hryggjunum, rjett fyrir ofan svokallaða Skorholtskinn.

Að vestanverðu, að neðan á fjörunum ræður sá ós, sem liggur fyrir vestan Skorholtsnes og hólma fram eftir fjörunum, alt að meginálnum. Frá ósnum við fjörumálið að læk þeim, sem rennur undan mýrardæld, beint upp að garðlagi því, sem liggur upp eftir mýrinni; úr garðlaginu sjónhending í það móabarð sem er þar fyrir ofan; þaðan sjónhending í Núpaskarðið, síðan í stein þann er stendur austanvert á Núpunum, úr steininum beint í Sjónarhól, þar sem hann er hæstur og úr Sjónarhól alt að þeim steini neðst á hryggjunum þar sem mætast Fiskilækjar og Geldingaárlönd, fyrir ofan þar sem endast ~~(?)~~ Skorholtskinn, sem liggur upp eftir milli sjónarhóls og Selhólsins eftir afstöðu á báðar ~~línur~~ síður svo sem sú dæld ræður.

| | |
|---|---|
| Árni Sigurðsson | Jón Benedictsson umboðsmaður |
| Eigandi Bakka | Skorholts |
| Ólafur Jónsson | Sigríður Runólfsdóttir |
| ábúandi Geldingaá | (eigandi Fiskilækjar) |

Lesið á manntalsþingi að Leirá 6. júní 1890 og ritað etc.
Gjald til landssjóðs
þingl. 75ª
bókun 25 - Sigurður Þórðarson
1 kr.
(ein króna) Borg. SÞ.

Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 1. ágúst 1908
Gjald
25 – tuttugu og fimm – aur Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

233.
Samkvæmt fyrirmælum landamerkjalaganna frá 17. marz 1882 lýsist landamerki fyrir jörðinni Geldingaá í Leirársveit þannig:
Á millum Leirárgarða og Geldingaár, fyrst neðan til úr Slí keldu sjónhendingu í Koppurófugil, þaðan upp miðjan hestudal, svo norðr eftir brúnunum þar til vötnum hallar norðr af; þaðan í tjörn þá er Hafnará kemur úr eftir Hafnará útá móts við há Ølvir, svo yfir hausinn á honum í klettabelti það er kallað er Stórafesti, úr því í vörðu þá er hlaðin er fyrir framan svo kallaða Skorholtskinn úr henni í Selhól, úr honum sjónhending í skurð þann er stunginn er í bringunum niðr. við Geldingaá, svo eftir ánni niðr. að Hellu fossi þeim sem er fyrir neðan Ólafsengi, úr hellunni sjónhending í Klofastapa úr honum í Klofan neðanvert við Slí keldu.

Samþykt af undirskrifuðum.
Geldingaá 3. maí 1886.
Jarðareigandi Þórður Þórsteinsson Leirá
(líka vegna Skip ness)
eigandi Vesturleirárgarða Pjetur Sigurðsson frá Króki
(handsalað)
Jón Benedictsson Ólafur Jónsson
(umráðamaður Eystra Skorholts) (ábúandi á Geldingaá)
Sem eigandi að áns [svo] 4 að Geldingaá Guðrún Jóhannesardóttir

Lesið á Leirá 24./6. 1886.
Gjald til landssj.

| | | |
|---|---|---|
| þingl. | 75 a | |
| Borgun | 25 - | Sigurður Þórðarson |
| | 1 kr. | |

Borg. SÞ

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

234.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu.
Nr. 143.
Landamerki jarðarinnar Oddstaða í Lundarreykjadalshreppi samkvæmt lögum 17. marz 1882.

Fyrst úr miðjum sinuhólma, er liggur í Grímsá og beina sjónhending í svartaklett sem er klettasnös er stendur í vestra-barmi Djúpadals, svo ræður bein stefna í Efri-Þverbrekku vestari vestan í Reiðarfelli hinu vestra og þaðan beint í Engjadalsá. Síðan ræður sú á fram eftir öllu, allt að upptökum sínum og frá upptökum hennar er sjónhending í Fantófell. Úr áðurgreindum sinuhólma ræður Grímsá fyrir sunnan alla hólma uns Lambá fellur í hana, síðan ræður Lambá alt að upptökum sínum og svo er bein sjónhending í suðurrana Fantófjalls.

Einnig á~~ð~~ jörðin Oddsstaðir skógarítak fyrir sunnan vatn í Skorradal nefnd Oddsstaða-tunga, er liggur milli Þófagils og ~~staf~~ Stafafkollssk[ó]gs (sic) (Stafholtsskógs ?)

Oddstöðum 29. maí 1885.
Samþykkja undirskrifaðir:
Árni Sveinbjarnarson fyrir hönd jarðeiganda.
Eiríkur Gíslason á Lundi
Jón Jónsson eigandi og ábúandi Gullberustaða (handsalað Sigurði Þórðarsyni)

Lesið á manntalsþingi að Lundi 3. júní 1891.
Gjald til landssjóðs
þinglestur - - - 75 au    Sigurður Þórðarson
bókun - - - 25 –
1 kr.
(ein króna) borgað SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra og Borgarfjarðarsýslu, 27. okt. 1920
Ritlaun kr. 1.00

stimplun kr. 0.50    G.Björnsson
1 – ein – króna 50 au    (L.S)
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921.    20/3. 1923.

GBjörnsson

235.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu.
Nr. 136.
Landamerkjabrjef fyrir jörðunni Guðnabakka, liggjandi í Stafholtstungnahreppi innan Mýrasýslu.
Þær jarðir sem eiga lönd að Guðnabakkalandi eru: Sleggjulækur, Síðumúli, Gunnlaugsstaðir, Steinar, Arnbjargarlækur og Norðtunga, og eru merki milli þessara jarða og Guðnabakka sem hjer greinir.

Frá Ørnólfsdalsá ræður Sleggjulækjar forni farvegur, sem liggur fyrir framan hólma við lækjarósinn, og fyrir framan svokallaða Grjóttungu, sem tilheyrir Guðnabakka, ásamt fyrrnefndum hólma, sem er í svokölluðum Gljúfrahvammi og ræður svo lækurinn merkjum, upp að svoköllum [svo] Sandhrygg, þar sem hann gengur fram í lækinn, ræður þá Sandhryggur merkjum og síðan ásinn, sem er áfastur við hann, og gengur til suðvesturs, beina stefnu alt út að Kleifum, svo skulu merki vera úr vörðu, sem er neðst á þessum ás, í vörðu, sem er á ás fyrir utan Gálgaás, úr þeirri vörðu beina sjónhending yfir Sniðholt Bröttusneiðarsund, að sjá á vörðu, sem er á klettabrúninni skamt fyrir neðan Fálkaklett, þar til komið er gengt honum, þá beint í klettinn úr Fálkakletti beina sjónhending yfir Löngumýri í vörðu á Snagaás, fyrir neðan Beinaskarð, þaðan sömu sjónhending í Fornastekks klett, úr honum beina sjónhending eftir endilangri Guðnabakkaflögunni í vörðu, sem er á Mugguhól, þaðan ofan fyrir hólinn, og úr neðri enda hólsins (Mugguhólsins) norðan til í gamalt jarðfall, sem er í barðinu, sem liggur með Neðra Skeiðinu, og eftir sömu stefnu út í Þverá, sem ræður
merkjum upp að ármótum, síðan ræður Ørnúlfsdalsá merkjum fram að fyrgreindum
Sleggjulækjarfarvegi, þó þannig, að Guðnabakki á eyri þá eður hólma, sem er í ánni skamt fyrir ofan ármótin.

Lax og silungsveiði í Ørnólfsdalsá, frá ofannefndum Sleggjulækjarfarveg á Guðnabakki ofan á móti túninu á Guðnabakka þar sem mætist Bjarnavöllur og Svunta. Veiðina í Ørnólfsdalsá, frá þessum síðast greindu merkjum og niður úr með Guðnabakkalandi á Guðnabakki í samfjelagi við Gunnlaugsstaði þannig að Gunnlaugsstaðir eiga þrjá fimtu hluta veiðarinnar, en Guðnabakki tvö fimtu hluti; að öðru leyti á Guðnabakki veiði í Ørnúlfsdalsá og Þverá fyrir sínu landi eins og lög framast leyfa.

Ritað í desember 1889.
Jóhann Björnsson
Eftir umboði jarðareigandans Guðmundar Guðmundssonar á Auðnum.

Undirskrifaðir eigendur og umráðamenn framgreindra jarða, sem eiga lönd að Guðnabakkalandi, eru ofan og framanskráðum landamerkjum í einu og öllu samþykkir, eftir að hafa nákvæmlega yfirlesið þetta brjef.
Til staðfestu eru nöfn undirrituð
Þ. Ólafsson fyrir hönd Jóns Þórólfs Jónssonar eiganda að nokkrum hluta Gunnlaugsstaða og og sjálfan sig sem eiganda Steina.
Oddur Magnússon Gunnlaugsstöðum handsalað eigandi að þeim hluta Gunnlaugsstaða, sem Jón Þórólfur Jónsson á ekki.
Jón Þórðarson handsalað eigandi og ábúandi Norðtungu, samþykkir ofan og framanskrifað landamerkjabrjef, með því móti, að Ørnólfsdalsá ráði merkjum, þar sem hún rennur samkvæmt eldri og nýrri lögfestum.
Bjarni Jónsson í Síðumúla, eigandi að hálfum Síðumúlanum (handsalað, Runólfi Þórðarsyni í Síðumúla.
Daníel Jónsson Fróðastöðum (eigandi að hálfum Síðumúla) handsalað Siguður Helgason.
Davíð Þorbjörnsson eigandi að Arnbjarnarlæk

Ofan- og framskrifuð landamerki samþykki jeg hjer með eigandi að meirihluta í jörðunni Sleggjulæk, með þeirri athugasemd, að Sleggjulækjar rjetti farvegur, þar sem hann nú rennur, ráði merkjum fyrir vestan Grjóttunguna, en hólmi sá, sem er í Lækjarósnum eða eyni tilheyri Guðnabakka.
Ólafur Davíðsson á Þorgautsstöðum
Sigurður Þorbjörnsson eigandi að 3 hndr. í Sleggjulæk.
Jeg undirskrifaður óska eftir að framanritað landamerkjabrjef fyrir jörðinni Guðnabakka, verði þinglesið á næsta manntalsþingi í Hjarðarholti með árituðum undirskriftum, en get þess um leið, að jeg held fast við þau landamerki, sem tiltekin er[u] í brjefinu sjálfu, þrátt fyrir áritaðar athugasemdir.
Svarfhóli 23. febr. 1890.
Jóhann Björnsson

Lesið á manntalsþingi í Hjarðarholti 21. maí 1890.
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs:
þingl. - - - 75 a
bókun - - 25 –
1 kr.
(ein króna) borg. SÞ.
Rjetta útskrift staðfestir
Ritlaun G. Björnsson
1 – ein – króna
Borgað G.B.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3. 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

236.
Landamerkjalýsing á Arnbjargarlæk í Þverárhlíðarhreppi

Fyrst ræður Hamarslækur frá Þverá upp í Trússapolla, þá úr trússapollum sjónhending eftir Skúladal í há hóltið (sic) er liggur næst berjalá að austan verðu, ennfremur ræður sama sjónhending yfir há holtinu í vörðu þá er stendur fyrir sunnan vatnsendann frá þeirri vörðu sömu sjónhending í Skálavatnsenda vestri, frá Skálavatni sjónhending í Mjóavatn úr Mjóavatni í Hólmavatnsenda eystri þá eftir vatninu í skarð suðurúr hólmavatns enda í merkjavörðu á Selhólum, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á Øxlinni, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á Hnúðuborgarholti, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á Grafarsundi, frá þeirri vörðu sömu sjónhending í Landbrotið, þá ræður Landbrotið alla leið suður að eyrunum, frá Landbrotsendanum neðri sjónhending yfir Eyrarnar í litlu longina (sic) norðan Götás.

Síðan ræður Þverá merkjum þar til mætist Ørnólfsdalsá og Litla-Þverá, síðan ræður Litla-Þverá að fyrnefndum Hamarslæk, og fylgir landinu hálft vatn og hálfur veiðirjettur í Þverá, á nefndu svæði. Ennfremur á jörðin ¼ hluta veiðar sunnan undir ármótahólmanum.

Innan framangreindra landamerkja er sagt að Hjarðarholtskirkja eigi skógarhögg í Þórunnarholti.

Þorgautsstöðum 24. marz 1890.
Davíð Þorbjörnsson eigandi jarðarinnar.
Framanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir sem lönd eiga á móti.
Jón Sigurðsson eigandi að Spóamýri.
Bjarni Þorsteinsson eigandi að Svarta gili
Þorbjörn Ólafsson eigandi að Steinum.
Þorst. Hjálmsson, fyrir hönd eiganda Norðtungu.
Þorsteinn Eiríksson, Eigandi Hamars
Ábúandi og umráðandi Elías Magnússon, Guðnabakka

Umboðsmaður Hjarðarholtskirkju Jón Tómasson

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 104.

Sigurður Þórðarson

Gjald til landssjóðs
þingl. 75 a
bókun 25 –
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

237.

Landamerkjalýsing á Svartagilslandi í Norðurárdal í Mýrasýslu.

Efsti Bás við Norðurá á merkjum að ráða, frá básnum sjónhending austanvert við Sandhól á Grænuhjöllum, í Merkjalág á Hestadals hæðum, þaðan í Einhyrningsklett, og eftir austur brúninni á Kolviðarhæðum, vestanvert við syðri Hestadal, sjónhending á háu borgina vestur undan Fiskivatnsenda, frá Borginni eftir smá holtunum milli sundanna, sjónhending í Skálavatn, þá ræður Skálavatn, og frá vestur enda þess eftir Merkjalág eða Merkjasundi sjónhending í Melhól sunnanvert við Mjóavatn, frá melhólnum sjónhending yfir Mjóavatn, vestari klaufina og liggur frá Mjóavatni, vestur að Hólmavatni, ræður svo klaufin eða klettabrúnin sunnan við hana, beina stefnu í Hólmavatn, þá ræður Hólmavatn þar til sem lækurinn fellur, úr þess vestur enda, þá ræður Hólmavatnslækur niður að fossinum þar sem hann fellur niður af klettabeltinu, niður í Torfdalinn, frá fossinum sjónhending í Vatnsholta tjörn austanverða, frá tjörninni sjónhending í vörðu á norður horninu á Vatnsholtum, frá vörðunni sjónhending í efstu brúnina á fossi þeim í Norðurá er nefndur er Glanni eða Glenn[unarfoss]~~ingarfoss~~, frá fossinum ræður Norðurá aðaláin – fyrir norðan Svartagils hólma og Rif, alt upp fyrir fremsta Bás sem fyrst er nefndur.

Ritað að Svartagili í Norðurárdal 1. nóvember 1886.

Bjarni Þorsteinsson (hs) eigandi og ábúandi jarðarinnar Svartagils.

Jarðir þær sem lönd eiga að framanskráðum landamerkjum eru: Glitstaðir að austanverðu, Hamar og Arnbjargarlækur að sunnanverðu, Veiðilækur að vestanverðu, og Hreðavatn og Brekka að norðanverðu fyrir ofan Norðurá.

Framanskráða landamerkjalýsingu samþykkja, og játa rjetta að vera.

Hjálmur Pjetursson

fyrir hönd eiganda Veiðilækjar eftir fullmakt.

Þorsteinn Halldórsson eigandi að Brekku.

Þórður Þorsteinsson eigandi Glitstöðum.

Davíð Þorbjörnsson eigandi að Arnbjargarlæk.

Lesið á manntalsþingi að Dýrastöðum 19. maí 1888 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 90.

Gjald til landssjóðs:

| | | |
|---|---|---|
| þinglestur | 75 a | |
| Bókun | 25 - | Sigurður Þórðarson |
| | 1 kr. | |

(ein króna) Borgað SÞ.

Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

238.

Landamerkjalýsing á Spóamýri í Þverárhlíðarhreppi.

Þverá á merkjum að ráða, frá henni fyrir neðan Steina hólma upp í Landbrotsósinn, ræður svo ósinn upp að Landbrotum þar sem það fellur í hann, því næst ræður landbrotið alla leið upp að eystri klofakeldu og eptir henni í Merkjapitt, frá merkjapitti eftir vörðum uppeftir flóanum sjónhending í merkjavörðu á náttmálaborg fyrir ofan grænageira, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á vestri enda á selhrygg, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu austan vert við hæðstu hæðina á Hólmavatnshæðum, frá þeirri vörðu sjónhending vestarlega í Hólmavatn, ræður svo Hólmavatn alt að þess austurenda, frá austurenda vatnsins suður eftir skarðinu sjónhending í merkjavörðu á Selhólinn, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á Øxlinni, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu á Hnúðaborgarholti, frá þeirri vörðu sjónhending í merkjavörðu austarlega á Grafarsundi frá þeirri vörðu beint austur í Landbrotið þar sem það liggur næst henni, þaðan ræður Landbrotið alla leið suður að eyrunum frá landbrotsendanum sjónhending yfir Eyrarnar í litlu borgina norðan götuás. Þá ræður Þverá niður eftir fyrir sunnan Steinahólma og niður fyrir hann, svo sem fyrst segir, og fylgir landinu hálft vatn og hálfur veiðirjettur í Þverá, á nefndu svæði.

Ákveðið er að framannefndar merkjavörður verði merktar með M.

Spóamýri 18. marz 1890.
Jón Sigurðsson eigandi jarðarinnar
Framanskrifuð landamerki samþykkja undirskrifaðir sem lönd eiga á móti.
J. Tómasson, ábúandi Hjarðarholts
Þorbjörn Ólafsson eigandi að Steinum
Bjarni Þorsteinsson eigandi að Svartagili.
Davíð Þorbjarnarson eigandi að Arnbjargarlæk.

Lesið á manntalsþingi að Norðtungu 17. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.105.
Gjald til landssjóðs:
þingl. 75 a Sigurður Þórðarson
bókun 25 –
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 20/3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

239.

Útdráttur úr justiz og politirjettarprotó koll Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.

Ár 1891, þann 25. júní, var landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu settur á Skipaskaga og haldinn af sýslumanni Sigurði Þórðarsyni með tilkvöddum meðdómsmönnum Ásgrími bónda Jóhannssyni, Jóni hreppstjóra Sigurðssyni, Ásmundi bónda (~~Jóhannssyni, Jón hreppstjóra Sigurðssyni, Ásmundi~~) Þórðarsyni og Jóni presti Benedictssyni, og í viðurvist undirskrifaðra votta. Var þá tekið fyrir landamerkjamálið N.1/4891.

Prófasturinn í Borgarfjarðarsýslu sem umráðamaður Kristfjárjarðarinnar Reynis
gegn
eiganda Heyness Oddgeiri kaupmanni Ottesen
- - -
Í málinu er var nú uppkveðinn svohljóðandi
Dómur
- - -
því dæmist rjett að vera:

Landamerki milli jarðanna Reynis (eystra og vestra) og Heyness skulu vera þessi: Garðakelda ræður þaðan er há Øxnaholt ber í Rauðhamar upp þar til er fyrst kemur þverkelda saman við hana ofanhallt við Miðhúsasel; þaðan ræður bein lína í Garðakeldu þar sem Heyness og Kjaransstaðalönd koma saman. Borgun til dómenda, 45 kr. greiðist að heldingi [svo], eða 22 kr. 50 a, almannafje, en helming, 22 kr 50 a, greiði varnaraðili, Oddgeir Ottesen, til sýslumanns innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Sigurður Þórðarson

Ásgrímur Jóhannsson
Jón Sigurðsson
Ásmundur Þórðarson
Jón Benedictsson.

Dómur var í heyranda hljóði lesinn í rjettinum, sem þar næst var slitið
Sigurður Þórðarson

Vottar:
Snæbjörn Þorvaldsson
Brynjólfur Jónsson

Rjettan útdrátt staðfestir
Sigurður Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Heynesi 12. júní 1894 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.158.
Sigurður Þórðarson
Gjald:
Þinglestur kr. 0.75
bókun 0.25
kr. 1.00
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

240.
Merkjalýsing
Fyrir jörðunni Langárfossi liggjandi í Álftaneshreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum af 17. marz 1882.
1. gr. Milli Langárfoss og Háhóls.

Byrjar í Veituhól sjónhending úr honum í neðsta Kerlingarás hvar hlaðin er varða og merkt hjá + frá þessari vörðu sjónhending í hástórhól og í sömu línu í miðja Langá.

Grein þessa samþykkir eigandi Háhóls.

Eggert Sigurðsson

2. gr. Milli Langárfoss og Ánabrekku.

Eftir miðri Langá frá því móts við ~~St~~ hástórhól og ofaneftir, sunnan svo kallaða Dyrafit og fram á móts við Urriðaáarós.

Grein þessa samþykkja eigendur Ánabrekku. Kristbjörg Bergþórsdóttir Erlendur Guðmundsson Guðjón Jónsson búandi á Brekku.

3. gr. Milli Langárfoss og Leirulækjar.

Frá miðjum ós Urriðaáar upp eftir miðri Urriðaá upp Skálavað. Grein þessa samþykkir eigandi Leirulækjar

Guðmundur Sigurðsson

4. gr. Milli Langárfoss og Smiðjuhóls og Urriðaáar.

Frá miðju Skálavaði eftir misl. Urriðaá þangað til móts við Brókarlæk. Grein þessa samþykkja eigendur Smiðjuhóls og Urriðaáar.

L. Hallgrímsson I. Guðmundsdóttir

Bjarnþór Bjarnason

5. gr. Milli Langárfoss og Valshamars.
Frá því móts við Brókarkæk eftir miðri Urriðaá upp á móts við veituhól.

Grein þessa samþykkja eigendur Valshamars. Guðmundur Guðmundsson Niels Eyjólfsson.

Langárfossi 28. Desember 1883.

Oddur Sigurðsson Ingibjörg Bergþórsdóttir

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. maí 1884 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N. 34.
þingl. 75 a
Bókun 25 - Guðm. Pálsson
1 kr.
(ein króna) borg.
Innr. samkv. l. nr. 72. 27./6. 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

241.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
No. 27
Landamerkjabrjef fyrir jörðinni Grenjum í Álftaneshreppi.
Fyrst ræður Langá merkjum alla leið frá Skarðsheiðarvaði niður eftir að Landamerkjakeldu þar sem hún rennur í Langá hjá Landamerkjarúst milli Hvítstaða og Grenjalands ræður bein sjónhending merkjum frá Landamerkjakeldu í Landamerkjatjörn. Þaðan bein sjónhending við hina fyrri sjónhendingu í Fauskakeldu þar sem hún rennur í Urriðaá. Síðan ræður Urriðaá merkjum milli Grenja og Grímstaða alla leið þangað, sem hún hefir upptök sín þaðan beina sjónhending í Þverbrekkukast (það kastið sem liggur næst hinu vestasta) þaðan sjónhending í Mannabeinsholt, þaðan aftur sjónhending í Þverdalsholt (sem er hátt holt með háu klettabelti að sunnanverðu) þaðan ræður sjónhending aftur merkjum í fyrnefnt Skarðsheiðarvað.

Fyrir hönd þeirra jarða sem lönd eiga að
Fyrir Grenja Þorsteinn Þórðarson
- - Grímsstaðir Níels Eyjólfsson
- - Hvítstaði Sveinn Helgason
- - Litlafjall Jóhann Guðmundsson
- - Stangarholt Jóhann Guðmundsson

Grenjum 1. apr. 1884.
Þorsteinn Þórðarson

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli 24. Maí 1884
þingl. 75 a Guðm. Pálsson
Bókun 25 –
ein króna
Rjett eftirrit staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 17. apríl 1916.
Sig. Eggerz
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

242.

Samkvæmt landamerkjalögum 17. marz 1884 skrifast hjer upp af undirskrifuðum hreppsnefndum í Reykholtsdals- og Hálsahreppum landamerki fyrir heiðarlandinu Arnarvatnsheiði er samkvæmt afsalsbrjefi 18. apríl 1884 er sameign Reyholtsdals og Hálsahreppssveitarfjelaga, hins fyrrnefnda sveitafjelags að 2/3 og hins síðarnefnda sveitarfjelags að 1/3. Landeignin liggur innan þessara merkja:

Að neðan ræður Svínalækur sem fellur úr Þorgeirstjörn norður eftir sjónhending í Arnarsteini úr Arnarsteini beint í Úlfsvatnsárlón, þá ræður Úlfsvatnsá upp að Gnúpdælagötu, þá ræður Gnúpdælagata vestanvert við Úlfsvatn norðurí austurhorn Urðhæðavatns, þaðan beint í landamerkjastein á Hraungörðum við Gnúpdælagötu (steinninn merktur L M), úr steininum norðanvert við Hávaða vatn sjónhending austur heiði norðanvert við Hlíðarvatn um norðurenda Gunnarsonavatns (sic) uppí Svörtuhæð (Vesturhæð) (í stein merktan L M), úr Svörtuhæð í svokallaðan Rjettarvatnstanga við Rjettarvatn, og tilheyrir tangi þessi samkvæmt samning þeim er gjörður var um landamerki hinn 24.–25. júní fyrra árs, jafnt hvorutveggja hlutaðeigendum sunnan og norðan mönnum úr nefndum Rjettarvatnstanga sjónhending fyrir norðan Álftavötn og Fljótadrög uppí Lyklafell (krók á sandi) úr Lyklafelli í Langajökulsenda, síðan ræður jökull ofaná móts við Reykjavatn þá úr jökli yfir Reykjavatn í Reykárós, þá ræður Reyká í Norðlingafljót, síðan ræður Norðlingafljót þartil áðurnefndur Svínalækur fellur í það.

Hlunnindi og ítök þau er aðrir eiga í land eigninni eru þessi:

1. samkvæmt áður ~~um gre~~ áminstu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 hefir Stefán Ólafsson bóndi í Kalmannstungu eggjatekju og silungsveiði í heiðarlandi þessu fyrir sig og erfingja sína

2. Gilsbakka kirkja á samkvæmt máldaga gömlum, hálfa veiði í Úlfsvatni.

Að landamerkjalýsing þessi sje samkvæm gömlum máldaga fyrir Kalmannstungulandeign og oftnefndu afsalsbrjefi 18. apríl 1884 með tilliti til fyrrgreinds samnings 24.–25. júní f.á.

Vitna:

Hreppsnefn[d]irnar í Reykholtsdals og Hálsahreppum hinn 26. janúarm. 1886.
Þorsteinn Árnason(hreppsnefndarmaður í Hálsahreppi)
Einar Magnússon oddviti (Reykholtsdalshrepps)
Jón Magnússon (hreppsnefndarm. Hálsahr.)
Bjarni Þorsteinsson
Þórður Sigurðsson hreppsnefndarmenn í Reykholtsdalshreppi)
Þorsteinn Magnússon (hreppsnefndarm. Hálsahr.)
Magnús Jónsson (eigandi Þorvaldsstaða)
Hjörtur Líndal eigandi Efranúps
Stephán Ólafason [svo] eigandi Kalmannstungu
Sigurður Benediktsson eigandi Aðalbóls
Kristján Jónsson Páll Pálsson
(umráðendur Víðidalstungueignarinnar)
Sigurður Jónsson, eigandi Haukagilsheiðar
Magnús Andrjesson, Gilsbakkastaðarhaldari
Jón Pálsson umráðamaður Fljótstungu

Lesið á manntalsþing að Sámstöðum 20. maí 1889.

Gjald til landssjóðs
þinglestur - - 75 ª
bókun - - 25 -
1 kr.

Sigurður Þórðarson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

(ein króna
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

243.
Útskrift úr landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu
N.127.
Landmerkjabrjef fyrir jörðunni Neðraskarði í Leirársveit í Borgarfjarðarsýslu.

Milli Steinsholts og Neðraskarð – ræður fyrst steinn er stendur yfir ofan Rauðalækjarvað merktur LM; úr honum ræður bein sjónhending í annan stein vestur svokallað Stekkjarholts merktum LM; þaðan ræður bein stefna yfir fyrnefnt Stekkjarholt í Ílhól, úr Ílhól beina stefnu í vörðu upphlaðna úr torfi er stendur hjá stórum pytti í Birgislæk.

Milli Neðraskarðs og Efraskarðs ræður fyrnefndur Birgislækur upp í krókinn þar til hann beygist vestur eftir, þá ræður bein lína úr torfvörðu er upphlaðin er við lækinn í svokallað Hestagil upp í fjallinu; það gil ræður upp á brún, og þaðan sjónhending þar til vötnum hallar.

Gjört að Leirá 6. júní 1890.
Kolbeinn Þórðarson ábúandi á Neðraskarði
Rannveig Kolbeinsdóttir ábúandi á Leirá
Jón Bakkmann ábúandi í Steinsholti
Magnús Ólafsson ábúandi á Efraskarði

Lesið á manntalsþingi að Leirá 7. júní 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu n. 127.
Gjald til landssjóðs
þinglestur 75 ª Sigurður Þórðarson
bókun 25 –
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.

Rjetta útskrift staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 9. júlí 1907.
Gjald: 25.
- tuttugu og fimm – aurar Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

244.

Skrá yfir landamerki Efstabæjar í Skorradalshreppi

Takmörk landsins eru þessi. Milli Efstabæjar og Fitjakirkjulands, úr miðri Flórukrókatjörn á Botnsheiði ræður bein stefna í Nóngilsgljúfur, úr Nóngilsgljúfri yfir þveran dal í vörðu ofarlega í norður hlíðinni úr vörðunni bein stefna í Klofasteina. Milli Efstabæjar og Englands, ræður bein stefna úr klofasteinum austur í Hrútaborgir, þaðan sjónhending í vörðu, á norðanverðu Teigfjalli. ~~M~~ Milli Efstabæjar og Gilstreymis, úr áðurnefndri vörðu ræður bein stefna í sunnanverða Lómatjörn, þaðan bein stefna í Brandsdys við Eiríksvatn, þá sjónhending yfir vatnið í suðurármynni; úr því ræður Suðurá alt að upptökum; þá bein stefna til suðurs þar til vötnum hallar suður, á svokölluðum Veggjadal. Milli Efstabæjar og Stóra-Botns, úr síðastnefndu takmarki ræður bein stefna vestur fyrir Veggi þar sem þeir eru hæstir og þaðan sjónhending í Stóru-Krókatjörn miðja.

Auk þess á jörðin skógarhögg í Vatnhornsland, það er tunga ein á milli tveggja gilja, neðan frá vatni og svo langt sem skógur nær uppeftir fjallinu. Að austan liggur svo kallaður Klausturskógur, enn að vestan Hvammstunga.

Þessari landamerkjaskrá til staðfestu rita allir hlutaðeigendur nöfn sín undir hana.

Estabæ 1. júní 1887.
Sigurður Vigfússon Georg Pjetur Jónsson
Eigendur Efstabæjar
Guðmundur Ólafsson á Fitjum
Björn Eyvindsson eigandi Gilstreymis
Sigurður Jónsson bóndi á Englandi
Gísli Gíslason bóndi á Stórabotni

Lesið á manntalsþingi að Grund 3. júní 1887 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.66.
Gjald til landssjóðs
þingl. - - - 75 a Sigurður Þórðarson
Bókun - - - 25 –
1 Kr.
- ein króna – Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6. 1921 21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

245.

Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Máfahlíð í Lundarreykjadal

Milli Máfahlíðar og Grafar ræður sjónhending úr svokölluðum Hrossakletti, sem er að norðanverðu við Grímsá í vörðu, sem er á ásnum milli bæjanna, úr henni stefna í Merkjagil (sic) neðst; þá ræður gilið merkjum upp á brún, en síðan þverbein stefna úr því á háhálsinn.

Milli Máfahlíðar og Vatnsenda og Grundar eru merki eftir hálsinum eins og vötnum hallar, í Sandhól, og úr honum í Kýrmúla.

Milli Máfahlíðar og Hests eru því næst merki úr Kýrmúla í festi, sem er í austnorður frá honum, og úr festinni beina stefnu í Grímsá um austurhornið á litlum mel, sem er rjett fyrir austan Götuás.

Milli Máfahlíðar og Múlakots ræður Grímsá svo merkjum fram að áður ~~greindum~~ nefndum Hrossakletti, og á Máfahlíð land út í hana miðja.

Hesti 28. maí 1890

Arnór Þorláksson prestur á Hesti og eigandi ½ Máfahlíðar.

Vigfús Pjetursson búandi á Vatnsenda.

Pjetur Þorsteinsson eigandi Grundar og ½ Máfahlíðar.

Fyrir eiganda Múlakots, Ásmundur Gunnarsson ábúandi (Handsalað)

Lesið á manntalsþingi að Lundi 29. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.104

Gjald til landssjóðs:

þingl - - - 75 a                Sigurður Þórðarson

bókun - - 25 –

1 kr.

(ein króna) Borgað SÞ.

Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921 21./3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

246.

Landamerki eignar og ábýlisjarðar minnar Lundar í Lundarreykjadal eru þessi:

Að austan ræður sjónhending úr Grímsá uppí Hrafnagil, eftir skurði á undirlendinu milli árinnar og gilsins, síðan ræður Hrafnagil uppundir Hrafnatjörn, en úr upptökum gilsins norður að Engjadalsá, ræður lína dregin norður í Flókadalsá þar sem hún beygist lengst til vesturs, áður en Engjadalsá fellur í hana.

Að sunnan ræður kvísl sú er fellur fyrir sunnan Lundarhólma (Lundarnes) og síðan Grímsá niður eftir dalnum.

Að vestan ræður bein stefna úr Grímsá uppí gil það sem næst er Arnþórsholti (Andórsholti), sem kallast Stóragil (eða Geldingagil) og síðan sama stefna upp á háls til þess vötnum hallar norður af.

Að norðan ræður stefna austur eptir hálsinum, svo sem vötnum hallar, til þess komið er beint á móts við Vegagil (Drangsgil), þá ræður það gil ofan í Flókadalsá og síðan Flókadalsá og Engjadalsá.

Lundi 2. maí 1910.
Sigurður Jónsson
Ofanrituðum landamerkjum er jeg samþykkur sem eigandi Gullberustaða.
Gullberustöðum 2. maí 1910
Vigfús Pjetursson

Jeg sömuleiðis sem eigandi Snartastaða
Snartastöðum 5. maí 1910
Guðm. Guðmundsson

Jeg einnig sem eigandi Skarðs
Skarði 5. maí 1910
Sigurður Guðmundsson

Jeg einnig sem eigandi Arnþórsholts
Ívarshúsum 25. maí 1910.
Sigm. Guðbjarnarson

Jeg sömuleiðis sem eigandi Eyrar í Flókadal
Steindórsstöðum í maí 1910
Einar Magnússon

Lesið á manntalsþingi að Lundi 7. júní 1910 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N. 168
Sigurður Þórðarson

Gjald: 1
- ein – kr. Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72. 27./6. 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

247.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
Landamerkjaskrá fyrir  Ferjubakka.
1. gr. Landamerki milli Ferjubakka og Ølvaldsstaða eru: bein lína frá vörðu er stendur á klöpp merktri +, sunnan til við Skollhólstjörn í grjótvörðu austan í holti við veginn undan syðri enda Steinhamratjarnar. Þaðan bein lína norður yfir fyrnefnda tjörn í grjótvörðu er stendur á melholti á nyrðri bakka Beinhamratjarnar; frá þeirri vörðu bein lína í þríhyrnda torfvörðu með koli í sunnan til við Hestholt.
2. gr. Milli Ferjubakka og Eskiholts, frá síðastnefndri vörðu bein lína í torfvörðu (~~þannig~~) í koli í við miðjan „Grænapytt“; þaðan bein lína í torfvörðu við Rauðkupytt og þaðan bein lína í stein á Hópsbakkanum, merktan L.M. er miðaður er frá síðastnefndri torfvörðu um klöpp í Halasporðinum merkt L.M.
3. gr. Frá síðastnefndum merkjastein ræður Hópið fram í Norðurá og síðan Norðurá fram á móts við Straumatungu, þaðan ræður kvíslin milli Nauthólma og Þræleyjar fram í Hvítá fyrir sunnan eyri, sem er að sunnanverðu við Nauthólmssker og það ofaneftir fyrir sunnan Sýkisholtssker og sunnan Alsker fram í fjörð, uns hún sker hina beinu þverlínu 1. gr.; fylgja öll þessi hjer greinu sker Ferjubakkanum.

Gjört og samþykt af öllum hlutaðeigendum.
Í maímánuði árið 1885.
Eigendur Ferjubakka: Vegna Borgarkirkju Árni Jónsosn
(Ferjukots) A. Fjeldsted.
Helgi Sæmundsson
Fyrir Teits Símonarsonar Teitur Jónsson  O.Sigurðsson handsalað.
Eigendur Ølvaldsstaða Jóhann Jónsson Jónas Guðmundsson Jón Helgason
Eigendur Eskiholts Jón Helgason
Fyrir hönd Margrjetar Jónsdóttur
Einar Kristjánsson

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. maí 1887.
Sigurður Þórðarson
Gjald til landssjóðs
þinglestur - - - 75 a
Bókun - - -      25 –
1 kr.
(ein króna – Borg. SÞ
Rjetta útskrift staðfestir
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 12. maí 1908
Gjald:                                    Sigurður Þórðarson
25 – tuttugu og fimm aurar
Innr. samkv. l.nr. 72.   27./6. 1921.    21./3. 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

248.
Landamerkjaskrá prestsetursins Gilsbakka í Hvítársíðu í Mýrasýslu
[Athugasemd á spássíu] sjá D II-461 varðandi ítök AK.

Samkvæmt Vilchins og Gíslamáldögum á Gilsbakkakirkja heimaland alt og Lambatungur. En það tvent skilur Lambá. Fyrir því er heimaland og Lambatungur tekið saman í eitt og eru þá ummerki Gilsbakkalands þau, er nú skal greina.

Að vestanverðu ræður sjónhending úr Hvítá upp í Grástein og er klappað á hann l.m. þaðan hjer umbil sama stefna upp í Þrívörður á hlíðarbrún hinni neðri. Stefna landamerkjalínunnar frá Hvítá um Grástein upp í Þrívörður er sú, að neðsta rót vestri ok axlar á Okfjallinu, Grásteinn og Þrívörður liggja alt í hjer um bil sömu línu og liggur því merkjalínan frá þrívörðu niður í Hvíta til suðurs og nokkuð til austurs. Frá Þrívörðum beygist stefnan nokkuð austur á við í Einstökuvörðu eða öðru nafni Skaptavörðu. Hún stendur hjer um bil efst á Kotbrún. Frá Einstökuvörðu ræður sjónhending í Náttmálagil efst, þar sem það hefur upptök sín og þaðan í suðvesturenda Hvammsvatns. Þá ræður Hvammsvatn. Úr því fellur Silungalækur og ræður hann til Kjararár. Að norðanverðu ræður Kjarará frá Silungalæk fram í Skjaldartjarnarkvísl og eftir þeirri kvísl í Skjaldartjörn. Frá henni ræður Kvíslavatnslækur í Urðhæðavatn. Frá austurenda Urðhæðarvatns beygjast merkin suður og liggja suður í vesturenda Úlfsvatn. Frá Úlfsvatni ræður Úlfsvatnsá í Grunnuvötn. Frá Grunnuvötnum ræður Lambá ofan til Skammár, þá Skammá þangað sem hún fellur úr Hólmavatni. Frá Skammárósi við Hólmavatn ræður sjónhending í Heiðarstapa; þaðan sjónhending í Kaplastapa öðru nafni Kúastapa. Frá Skammárósi í Kaplastapa er aðalstefnan í suðvestur. Frá Kaplastapa liggur landamerkjalínan hjer um bil vestur í merkjavörðu sunnan til á Sleggjuás nokkuð austar en miðjum. Í stein í vörðunni er klappað lm. Þaðan beygist merkjalínan til suðurs og lítið eitt til vesturs, og liggur fyrst í stóran stein vestarlega á Selhól, hjer um bil 76 faðma í útnorður frá klettabeltinu þar sem Selhóll er hæstur, og þaðan í sömu stefnu í upptök Mýrarlækjar fyrir sunnan hólinn, þar sem Selkelda bráðlækkar og dregst saman í einn læk. Sá lækur skiftist, er niðureftir (suður eftir) dregur í tvær kvíslir og liggur merkjalínan eftir vestri læknum niður í langa lág og niður eftir henni í suðlæga átt í Kolsstaðakvísl og yfir kvíslina Þverá og ræður sama stefna áfram í Litlafljót, sem eldra nafni heitir á því svæði Fótafljót. Því næst ræður sama fljót uppeftir fram á móts við Háahraun. Þá ræður sjónhending eftir háhrauninu í Norðlingafljót (Suðurfljót) gegnt Smiðjugili (eða Smiðjuásgili). Þaðan ræður Norðlingafljót eftir miðjum farvegi ofan til Hvítár, síðan Hvítá eftir miðjum farvegi allt ofan að H[raun]~~vann~~árósi, eða þangað sem landamerkjalína liggur frá Hvítá upp í Grástein og Þrívörður, sem fyr segir. Nú sem stendur er það um eða nálægt Hraunárós, en hann er ekki ætíð á sama stað.

Að Gilsbakkalandi liggja: Bjarnastaðaland frá Hraunárósi, eða Hvítá upp í Hvammsvatn. Sámstaðaland frá Hvammsvatni að Kjarará Afrjettarland Hvítsíðinga o.fl. norðan megin Kjarrará og alt fram til austurenda Urðhæðavatns. Austanmegin tekur þá við afrjettarland Borgfirðinga til Arnarsteins að sunnanverðu við Grunnuvötn. Ekki nær Gilsbakkaland alveg að steini þeim. Frá Arnarsteini liggur að Gilsbakkalandi Þorvaldstaðaland að Skammá og alt vestur að Hallkelsstaðalandamerkjum; þá Hallkelsstaðaland að Heiðarstapa, þá Kolsstaðaland að Kaplastapa, Merkjavörðu Selhól og Litlafljóti. Þá Fljótstunguland frá Litlafljóti að Norðlingafljóti; þá Kalmannstunguland suðaustanmegin. Norðlingafljóts, þá Húsafellsland sunnan Hvítár og sömuleiðis Hraunsásland og Stóraásland.

Kalmannstunga á annaðhvort ár beitar ítak í Kálfhólum frá Norðlingafljóti og Hvítá vestur að laut þeirri eða farvegi, er liggur frá Háahrauni gegnt Smiðjugili niður eftir Kálfhólum og Kálfhólarófu og kemur út í Hvítá nokkrum (eitthvað nálægt 100–200) föðmum neðar, en móts við útfall Kaldár í Hvítá. Kalmannstunga, á beit þessa árið 1890, Gilsbakki 1891 og svo þannig áfram til skiftis. Engan skóg á Kalmannstunga á beitarsvæði þessu. Engir aðrir eiga ítak í Gilsbakkaland. Auk lands þess, er liggur innan framanskráðra landamerkja á Gilsbakkakirkja:

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

1. Gjörvalla lax~~veiði~~ og silungaveiði í Kjarará yfir Þvera á, jafnt við bæði lönd neðan frá Silungalæk alveg fram í vötn þau, er áin rennur úr og notkunarrjett yfir svo miklu landi að norðanverðu við ána, sem við þarf til þess, að nota laxveiðina eins og best má verða. Fyrir neðan Silungalæk á Gilsbakki samveiði við Sámsstaði niður að gróf einni nokkur hundruð faðma fyrir neðan lækinn (Silungalæk), en skammt fyrir framan Háumela.
2. Selfararrjett fyrir norðan Kjarará á svæði því, er heitir Gilsbakkasel.
3. Alla veiði í vötnum þeim, er Kjarará rennur úr og einni í Lambá, Króksvatns á Grunnuvötnum, Gásatjörnum og öllum vötnum vestur þaðan, Kvíslavötnum, Reyðartjörn og öllum þeim tjörnum, er þangað falla lækir úr.
4. Laxveiði alla í Glennunarfossi (Glanna) í Norðurá.
5. Hálfa veiði í Úlfsvatni, Langá, Skammá, Úlfsvatnsá, Flóðlæk og Austurlæk.
6. Skóg í Húsafellshrauni milli Hvítár og Kaldár upp til hagagarðs: En skógi þeim, er Gilsbakkakirkja samkvæmt máldögum á fyrir ofan Hagagarð, er sleppt gegn því, að frá Húsafellshálfu, er aftur sleppt allri kröfu til hlutdeildar í Gilsbakkaveiðum.
7. Hvalreka allan á Borðeyri, hálfan hvalreka að Kollá í Strandasýslu, og tólf vættir í tvítugum hval eða meira á Heggstöðum á Miðfjarðarnesi.
8. Silungsveiði og Álftaveiði, þar með talin eggja og fjaðratekja víðsvegar um heiðar innan þeirra takmarka, sem ákveðin eru í máldögum. Um það segir Vilchins máldagi svo: (Gilsbakkakirkja á) „Alptveiði alla fyrir vestan Gnúpdælagötu til Hvannstóðs hins mikla, sjónhending frá stóðinu og flóa hins eystra ein tjörn nroður frá austur flóa. vesturflói nostast [svo] álptveiði á flóa hvorumtveggja og fiskveiði. öll vötn fyrir sunnan á þá, er fellur úr vesturflóa og ofan í brattagil, frá brattagili með hrútafjarðardal til norðurárdals með norðurárdal fyrir sunnan til dögurðaráreyjar og Gíslavatn neðast fyrir sunnan norðurárdal tjarnir allar í hellisdal þverárvötn og tjarnir allar í lambadal laxveiði í Glennunarfossi í Norðurá og álptaveiði á breiðavatni, holtavörðuvatn og reipavatn á hrútafjarðarheiði og hvorirtveggju álptveiði – Gíslamáldagi telur Gíslavötn. Að öðru leyti er hann samhljóða Vilchinsmáldaga.

Gilsbakka 20. dag ágústmán. 1889.
Magnús Andrjesson
Samþykkur vegna Þverárrjettarafrjettarlands.
J.Tómasson oddviti Stafholtstungnahrepps
Eggert Sigurðsson oddviti í Þverárhlíðarhreppi
Samþykkur fyrir Hálsahrepp og Reykholtsdalshrepps
Nikulás Gíslason
Samþykkur vegna Sámstaða
Guðmundur Guðmundsson
Samþykkur vegna Kalmannstungu
Stefán Ólafsson
Samþykkur vegna afrjettarlands Borgfirðinga
Þorbjörn Sveinbjarnarson, Einar Magnússon oddviti Reykholtsd.
Samþykkur vegna Fljótstungu Jón Pálsson
Samþykkur vegna Hallkelsstaða Benjamín Jónsson
Jóhannes Benjamínsson
Samþykkur að því er snertir merkin gagnvart Haunsási. Guðmundur Helgason prestur í Reykholti.
Samþykkur vegna Stóraás og Þorvaldsstaðalanda
Jón Magnússon

Lesið á manntalsþingi að Sámstöðum 18. maí 1904 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.158

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

Gjald: 1 – ein- kr
Borgað SÞ. Sigurður Þórðarson
Innr. samkv. l.nr. 72 27./6 1921. 21./3. 1923.

GBjörnsson

249.
Útskrift úr landamerkjabók fyrir Borgarfjarðarsýslu.
N.35
Landamerki Snartastaða og Skarðs í Lundarreykjadals hreppi, samkvæmt landamerkjalögumum 17. Marz 1882.

Snartastaðir:
Að framan ræður milli Snartastaða og Háls það gil er Merkjagil heitir og svo upp á hálsinn, þar til vötnum hallar suður af melnum, sem er fyrir austan Sjónarhól, og er þar kastað saman steinum; síðan út hálsinn eftir vatnahalla út á Háa-hrygg og eptir vatnahalla á honum. Milli Snartastaða og Skarðs er stórt gil, er heitir Tötragil; I í því gili stendur einstakur klettur er heitir Tötri Totri; hann á að bera í snös, sem er á austari gilbrúninni og þaðan beint í Grímsá.

Skarð á land út hálsinn eftir vatnahalla út á móts við strók er stendur norðan til í hálsinum milli Skarðs og Kistufells. Strókur og Merkiholt eiga að bera saman; frá Merki holti er stefnan beint í Grímsá.

Skarði 30. Maí 1884.
Tómas Jónsson
Halldór Jónsson Magnús Eggertsson
handsalað
Jóhannes Jónsson á Hóli Gísli Ögmundsson nábúi
Eiríkur Gíslason Lundi

Lesið á manntalsþingi að Lundi 11. júní 1885.
Borgun: þingl. 75 a
bókun 25 - Guðm. Pálsson
1 kr.
Rjetta útskrift staðfestir
Gjald: 25 – tuttugu 8. júlí 1912
og fimm aurar Sigurður Þórðarson
Borgað SÞ
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921. 23/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

250.
Merkjaskrá
Samkvæmt lögum 17. marz 1882 eru landamerki jarðarinnar Grímastaða í Andakílshreppi innan Borgarfjarðarsýslu þessi:
1. Milli Grímastaða og Heggstaða, eru merki úr Grímastaða-Selholtshaus eptir Selholtinu útá syðri enda þess, þaðan sjónhending í Skrauta í Skrauthólum.
2. Milli Grímastaða og Bárustaða, út Skrauta sjónhending beint í þúfu utan Merkja-sunds-brúna, úr þeirri þúfu beina línu í hól utan Hallvarðs-skarð, úr þeim hól beina (sömu) línu í stokkum sem skilur, Grímastaða-eingjar frá Heggstaðaengi (Kóngsoddi)
3. Milli Grímastaða og Hvítárvalla: úr fyrrtjeðum Grímastaða-Selholts-haus, beina línu í vörðu í Skurðsendaholti er liggur við landamerkjaskurð í Vallna-sundi, og svo eftir þeim skurði ofaneftir, þar til að þau liggja úr vestri enda hans (skurðsins) eftir seilu þeirri er gengur ofaneftir Vallna flóðum við Grímastaðatorfholt, og að einstöku smáholti fyrir ofan Grímastaða Engjaholt, en af því að seilurnar, koma á víxl, þá er þar kölluð þrætutunga og er hún slegin á víxl, þar til bein merki verða gerð, sem nú er í áformi, svo eftir seilu og Vallnastokk við Heggstaðaengi (Kongsoddi).

Skrifað á Grímastöðum 1. maí 1888.
Vegna Hvítárvalla og Heggstaða A. Fjeldsted Jón Jónsson
Guðrún Jónsdóttir vegna Bárustaða

Lesið á manntalsþingi að Hvítárvöllum 2. júní 1888 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.80
Gjald til landssjóðs:
Þinglestur - - - 75 a          Sigurður Þórðarson
bókun - - -      25 –
                 1 kr.
Innr. samkv. l.nr. 72   27/6 1921.        23/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

251.
Landamerki fjallendisins Lundartunga eru þessi.
Að norðan Flókadalsá og Syðri-Sauðfellskvísl allt uppí Ok sem ræður að austan, að sunnan Engjadalsá og að vestan Flókadalsá og Engjadalsá, ármótin.

Þessum landamerkjum er jeg samþykkur bæði sem eigandi Gullberustaða og einnig fyrir hönd Lundarreykjadalshrepps að því er Þóreyjartungurnar snertir.

Gullberustöðum 2. maí 1910
Vigfús Pjetursson
Að því er Oddsstaðaland snertir er jeg samþykkur ofanrituðum landamerkjum.
Deildartungu 3. maí 1910.
Jón Hannesson.

Lesið á manntalsþingi að Lundi 7. júní 1910 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu No. 167.
Gjald: 1 – ein - Sigurður Þórðarson
kr, Borgað SÞ. (L.S.)
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 23/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

252.

Merkjalýsing Bárustaða í Andakíl

Á milli Bárustaða og Vatnshamra: úr klettinum Skrauta í vörðu á Helluvörðuholti, þaðan í Vatnshamravatn milli hólma tveggja; fylgir vestari hólminn Bárustöðum. Að utanverðu móts við Hvanneyrartorfuna: Úr Pálstanga í vörðu á Vatnsholtinu utanverðu; úr þeirri vörðu í vörðu á stórum steini utantil við Ytri lág; þá í aðra vörðu neðar á holtinu, og eftir þeirri línu í Bárustaðatjörn eðr Staðarhólstjörn. Að neðanverðu, móts við Hvanneyrartorfuna og Hestengi. Upp með skurði þeim, er í tjörnina liggr, þar til er steinn liggr við endann á gömlu [garð] brúar lagi nokkur fet fyrir neðan skurðinn, þá eftir línu þeirri, er stein þann ber í hvassan klett vestan vert við það er hæst ber á Bárustaðaborg, þar til er sú lína kemr í skurð, er ber nokkru fyrir utan rúst græna á Hestengi, og er þar skarð í neðri bakka Skurðarins; þá á móts við Hestsengi eftir lítilli lág norðr í Vallastokk. Þá ræðr Vallastokkr, þar til er í hann kemr gamall skurðr, er liggur vestanvest við Heggstaðaengi; þá upp með þeim skurði, þar til er kemr í merkjalínuna milli Bárustaða og Grímarsstaða; Merkin milli Bárustaða og Grímarsstaða eru þessi: Úr Skrauta í þúfu á hól utanvert við Merkjasund; þaðan í lítinn hól fyrir utan Hallvarðsgarð; þaðan eftir sömu línu í engjastokkinn, þar sem skurðr er stunginn fram í hann:

Reykholti 20. júlí 1887.
Í umboð eiganda Bárustaða.
Fyrir hönd Hvanneyrareignarinnar Guðmundur Helgason
Þ. Þorsteinsson
Fyrir hönd Vatnshamra, sem er Stafholtskirkju eign.
Jóhann Þorsteinsson
Fyrir hönd Hestengis
Arnór Þorláksson
Fyrir hönd Heggstaða A.Fjeldsted.
Fyrir hönd Grímarsstaða Gísli Böðvarsson

Lesið á manntalsþingi á Hvítárvöllum 10. júní 1896 og rituð í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.161.
Gjald: 1 – ein – kr. Sigurður Þórðarson
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921 23/3 1923

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

253.

Lýsing á landamerkjum jarðarinnar Múlakots í Lundarreykjadal.

Landamerki milli Skálpastaða og Múlakots eru samþykt eins og hjer segir af hlutaðeigendum úr hrossakletti sem stendur niður hjá Grímsá við hrosshyl svo beina stefnu á merkisholt svo í upphlaðna vörðu sem stendur á svo kölluðum heilóabletti. Þaðan sjónhending í vörðu uppá brúninni á hálsinum frá þeirri vörðu ræður bein stefna vestur brúnina í múlahraunin, og svo vestur af múlanum sjónhending á merkjastein á litlamel, steinninn er merktur með krossi á þá hlið sem uppsnýr, svo í ásinn þar fyrir vestan, svo beina stefnu til útsuðurs í klauf hjá Fossatúni, eftir henni aftur beina stefnu í lækjarfoss í Grímsá, síðan ræður Grímsá merkjum ... (sic) framað ofanskrifuðum hrossaklett, einnig á Múlakot lax og silungsveiði fyrir sínu landi.

Samþykkir fyrir hönd jarðareiganda
Múlakoti 27. maí 1890 (sic)
Ásmundur Gunnarsson
Samþykt af undirskrifuðum fyrir eiganda jarðarinnar Skálpastaða
Jón Bjarnason
Samþykkur að því er snertir Hest og Máfahlíð
Arnór Þorláksson
Samþykt fyrir eiganda Fossatúns
Ingimundur Gíslason.

Lesið á manntalsþingi að Lundi 29. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu N.105.
Gjald til Landssjóðs
Þingl. - - - 75 Sigurður Þórðarson
bókun - - - 25
1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921. 24/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

[Athugasemd á spássíu] Sjá Lmb. 2. bls. 18 sem gildir
254.
Merkjaskrá.
Fyrir jörðunni Álftártungukoti í Álftaneshreppi og Mýrasýslu, voru undirskrifaðir hlutaðeigendur samþykkir landamerkjum eftir sem hjer greinir:
1. a. Millum Álftártungukots og Álftártungu úr Skjólakletti, beint í jarðbrú á Vatnsselsflögum úr brúnni í Melsendann á Bugaseli suður við Urriðaá
b. Að vestanverðu, úr Kvíahól, sjónhendingu í sjónarhól, úr honum beint í Hestlæk, þar sem keldan kemur frá olboganum, og rennur suður í lækinn.
2. Millum Álftártungukots og Valshamars ræður Hestlækur upp á móts við Kvítuskjellu (sic) úr Hvítuskjellu (sic) beint í vikið útnorðan við grjóttangann í vatninu, eftir sömu línu beint í kolaþúfu svo í Brautarlækjar upptökin, svo ræður lækur sá suður í Urriðaá, svo ræður Urriðaá upp að fyrnefndu Bugaseli. –

Syðri – Hraundal í Aprílm. 1884
Kristján Kristjánsson.
(eigandi Álftártungukots og Áftártungu
Guðmundur Guðmundsson í Stangarholti, hefur ofanskrifuð landamerki samþykt, sem eigandi og umráðamaður Valshamars.

Lesið á manntalsþingi að Smiðjuhóli, 24. maí 1887 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.89.
Gjald til landssjóðs:
þinglestur - - - 75 a Sigurður Þórðarson
Bókun - - - 25 –
1 kr.
Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921. 24/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN
ÍSLANDS

255.
Útskrift úr landamerkjabók Mýrasýslu
Nº 7.
Landamerkjalýsing fyrir Bóndahól í Borgarhreppi samkvæmt lögum af 17. Marz 1882.
1. gr. Milli Bóndahóls og Einarsness eru merki á bakkann við fjörðinn neðan Skurðshólasker í Djúpadal, þaðan bein stefna til norðurs (útnorðurs) í vörðu á merkjaholti, þaðan ræður sama stefna í stein norðan til við Draugsholt.
2. gr. Milli Bóndahóls og Brennistaða eru merki frá fyrrgreinudum steini upp breiðasund beint í Jókkustapa.
3. gr. Milli Bóndahóls og Beigalda eru merki úr Jókkustapa beina stefnu í merkjapitt (grænapitt.)
4. gr. Svo þverbeygjast merki ofan í Mónefshnaus og svo við það sem sjór fellur í stórstrauma í merkjaþúfu á Móabarði svo þverbeygjast merki til landssuðurs úr þeirri þúfu í aðra merkjaþúfu suður við fenjastykkið, svo þverbeygjast merkin aftur til landnorðurs með Lækjarkotsengjastykki að merkjaþúfu svo beygjast merkin aftur til landssuðurs með Brennistaðaengjum í fenið mitt úr Gvendarskurði, svo ræður mitt fenið ofan í tjarnir svo í tjörnum í landsuður eftir garðlagi suður í fjörð.
5. gr. Þess ber að geta að Bóndahóll á engjaítak milli Einarsness – engja – ítaks og Ølvaldstaða eða Hólakotsparta og eru merki fyrir því Gvendarskurður að útnorðanverðu, að austanverðu afstunginn skurður til landssuðurs að Lækjarkotsleigum að landsunnan verða afstunguskurður fyrir Lækjarkotsleigum og að útsunnan verðu frá merkjaþúfu til útnorðurs eftir mön í þúfu við Gvendarskarð.

Gjört í febrúar 1884 og samþykt af öllum hlutaðeigendum.

| | | |
|---|---|---|
| Eigandi Bóndahóls | | Bjarni Guðmundsson |
| - - - | Einarsness | Halldór Bergsson |
| - - - | - - - | Þórunn Kristófersdóttir |
| - - - | Lækjarkots | Þorkell Þorkelsson |
| - - - | Brennistaða | Bogi Sigurðsson |
| | | G.Sigurðsson |

Lesið á manntalsþingi að Eskiholti 23. Maí 1884
þingl. 75
Bókun 25 Guðm. Pálsson
1 kr.

Rjett eftirrit staðfestir.
Skrifstofu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, 4. sept. 1916.
Gjald: kr. 0.25 Sig. Eggerz
tuttugu og fimm aurar Borgað
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921. 24/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

256.
Endurrit.
Landamerki
Hraunsás, Húsafells og Geitlands.
Hraunsássland er land alt milli Ásgils og Deildargils, eftir því sem þau nú renna og í mannaminnum numið hafa, frá fjalli til Hvítár.
Húsafell. Hvítá ræður að norðan alt að ármóti; þá Geitá að austan og til landsuðurs svo langt sem hagar taka; síðan vestur með Oki og alt í Deildargil, er síðan ræður niður að Hvítá.
Geitland er land alt millum Geitár og Hvítár,og undanteknu Torfabæli.
Veiðiítök Húsafells:
[Athugasemd á spássíu] Sjá D II – 461 Varðandi ítök AK.
1. Sesseljuvík í Arnarvatni hinu stóra á Arnarvatnsheiði.
2. Tveggja manna íför í allar Gilsbakkaveiðar, svo framt Reyholts og Gilsbakka staðarhöldurum kemur saman hjer um; njóti sá hinn fyrri þessa móti því, að hinn síðari hafi þar fyrir skógarhögg í Hagaskógnum að Húsafelli eins og áður var.

Rjett eftir lögfestum Þorsteins Helgasonar 18. maí 1837 og Þórður Þ. Jónassens 3. júní 1876, að öðru leyti en því að við er hjer bætt orðum um „að undanteknu Torfabæli“.
Guðmundur Helgason

Landamerkjalýsing þessa samþykkja:
Ólafur Stefánsson eigandi Kalmannstungu
Jón Magnússon eigandi Stóra-Áss ½
Jóhannes Hannesson eigandi 1/5 Stóra-Áss.

Lesið á manntalsþingi á Auðsstöðum 7. júní 1898 og ritað í landamerkjabók Borgarfjarðarsýslu nr. 163.
Gjald: 1 – ein – kr. Sigurður Þórðarson
Borgað S.Þ.
Rjett eftirrit staðfestir
Í dóms- og kirkjumálaráðuneyti 21. okt. 1921
St. Gunnlaugsson
(L.S)

Innr. samkv. l. nr. 72 27/6 1921. 24/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

257.
Útdráttur úr landamerkjabók Mýra- og Borgarfjarðarsýslu.
№ 35.
Merkjalýsing fyrir jörðinni Urriðaá liggjandi í Álftaneshreppi í Mýrasýslu samkvæmt lögum 17. marz '82.
1. gr. Á milli Urriðaár og Langárfoss ræður eftir miðri Urriðaá frá því á móts við brókarlæk og svo alla leið meðan lönd liggja saman. Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Langárfoss.
Oddur Sigurðsson Ingibjörg Bergþórsdóttir
2. gr. Á milli Urriðaár og Smiðjuhóls er hlaðin torfvarða niður með Urriðaá, neðanvert við Keldu sem rennur í ána, frá þeirri torfvörðu ræður sjónhending í Hrossastapa minni og þaðan í Sólmundarhól og þaðan í grjótvörðu á Þórðarás og þaðan í grjótvörðu í Landamerkjalækjarbotnum utanvert við Þórðarás.
Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Smiðjuhóls.
Bjarnþór Bjarnason, Knarrarnesi.
3. gr. Á milli Urriðaár og Þverholta frá grjótvörðu í Landamerkjabotninn utanvert við Þórðarás ræður sjónhending í grjótvörðu norðan til á Dýás og þaðan í Suðurvik Helgutjarnar og úr norðurenda Helgutjarnar sem Tröllasund ráða í hlaðna torfvörðu sem er ofan til í Tröllasundum.
Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Þverholta:
Ásgeir Bjarnason Jón Bjarnason.
4. gr. Á milli Urriðaár og Álftárbakka frá Torfvörðu í Tröllasundum ræður sjónhending í grjótvörðu á Þrætuás og þaðan sjónhending í vesturvik Brókarvatns.
Ofanskrifaða grein samþykkir eigandi Álftárbakka
Fullmektugur sr. Ísleifs Gíslasonar í Arnarbæli
Sigurður Sigurðsson
5. gr. Á milli Urriðaár og Valshamars ræður Brókarlækur, sem hefir skýr upptök úr Brókarvatni og rennur suður í Urriðaá.
Ofanskrifaða grein samþykkja eigendur Valshamars.
Guðmundur Guðmundsson Niels Eyjólfsson
Urriðaá 22. nóv. 1883.
Lífgjarn Hallgrímsson Ingibjörg Guðmundsdóttir.

Lesið á manntalsþingi á Smiðjuhóli 24. maí 1884.

þingl. - - - 75 a
Bókun - - 25 - Guðm. Pálsson
1 kr. Borgað
Rjettan útdrátt staðfestir
Ritlaun Björn Þórðarson
50 – fimmtíu – aur. (LS.)
Innr. samkv. l.nr. 72 27/6 1921. 24/3 1923.

GBjörnsson

258.
Landamerkjaskrá fyrir jörðinni Stóruskógum í Stafholtstungnahreppi.
Milli Stóruskóga og Stapasels ræður merkjum sjónhending úr Gljúfurá þar sem Sauðhús lækur fellur í hana, í skarðið sem keldan fellur úr Grensdal; og þaðan sjónhending í grjótbrú sem er fyrir austan litlaholtið vestan til í ljósdal, þaðan sjónhending eftir miðjum ljósdal í kelduós vestur úr Hólmavatni.

Milli Stóruskóga og Stórugrafar ræður Hólmavatn merkjum, og lækur sem fellur suður úr því alt á móts við Háastapa, þá sjónhending úr þúfu á nefndum stapa í vörðu austantil á Vindborg, þá enn sjónhending í aðra vörðu sunnantil á sömu borg úr þeirri vörðu sjónhending í svokallað merkjadý sem er fyrir norðan Kolás.

Milli Stóruskóga og Munaðarness ræður merkjum, sjónhending úr merkjadýi í vörðu sunnantil á hádegishól, þaðan sjónhending í vörðu á efsta klettinum á Flókaás. Því næst eftir ásbrúninni að vörðu sem er á neðsta klettinum á sama ás.

Milli Stóruskóga og Litluskóga ræður merkjum sjónhending úr síðastnefndri vörðu í vörðu vestarlega á Uxaholti, svo sjónhending í vörðu á Flatás, þaðan sjónhending í vörðu á Stórulautarás, enn sjónhending úr þeirri vörðu í Tvísteinalæk þar sem hann fellur í Gljúfurá.

Milli Stóruskóga, Gljúfurár og Tandrasels ræður Gljúfurá merkjum uppað fyrst nefndum Sauðhúslæk.

Haugum 19. maí 1890.

Sigurður Jónsson eigandi Stóruskóga
Framanskráðum landamerkjum erum við undirskrifaðir samþykkir.
Björn E. Þorláksson (eigandi Munaðarness)
Sigurður Guðlaugsson umráðamaður Stapasels
Björn Ásmundsson eigandi og umráðam. Stórugrafar
Jóhann Þorsteinsson prestr í Stafholti

Lesið á manntalsþingi að Hjarðarholti 19. maí 1890 og ritað í landamerkjabók Mýrasýslu N.131.
Gjald til landsjóðs:
þinglestur - - - 75 a          Sigurður Þórðarson
bókun - - -      25 –
                 1 kr.
(ein króna) Borgað SÞ.
Innr. samkv. l.nr. 72   27/6 1921.       24/3 1923.

GBjörnsson

ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

259.

Landamerkjabrjef. (samið samkvæmt landamerkjalögunum 17 marz 1882).
Jarðarinnar Síðumúlaveggja í Hvítársíðu í Mýrasýslu.
Þessar jarðir sem nú verða nefndar eiga lönd að Síðumúlaveggjalandi, Síðumúli, Gunnlaugsstaðir, Lundar og Brúarreykir. Hvítá rennur ofan með Síðumúlaveggjalandi að sunnanverðu og er Hurðarbaks og Brekkukotslönd þar á móti Síðumúlaveggjalandi.

Þessi eru landamerki milli Síðumúlaveggja og nýnefndra jarða er hjer segir:
Fossgröf við Hvítá ræður landamerkjum frá „Hvítá“ til torfvörðu þeirrar sem stendur vestanvert við „Fossgróf“, þaðan sjónhending milli kringlumelanna í torfvörðu vestarlega á Reiðholtunum, þaðan sjónhending í Grjótvörðu í Mýrarjaðrinum sunnan á Veggjahálsi, (þessi síðast nefnda varða var hlaðin eftir að Síðumúla landamerkjabrjef var fullgjört til að gjöra landamerkin glöggvari); þaðan sjónhending í grjótvörðu í Hálsinum (veggjahálsi) sunnanvert við veginn ofarlega í Landamerkjageira, þaðan sjónhending í Grjótavörðu fyrir norðan veginn þaðan sjónhending í lausan stein mjög stóran sem LM er höggvið á og sem stendur á klettabeltinu skammt fyrir austan Lækjarskurð, þaðan sjónhending í torfvörðu skammt fyrir sunnan Löngumýrarkeldu, þaðan sjónhending í torfvörðu sem stendur á syðri bakka Löngumýrarkeldu. Svo eftir Löngumýrarkeldu (læk þeim sem rennur eftir henni) til Lundalandbrotsbotna, þaðan sjónhending í Grjótvörðu sem stendur í lítilli brekku rjett fyrir neðan Grensbrekkur, þaðan sjónhending í Díabrekkur, þaðan sjónhending í grjótvörðu (Jóns vörðu kallaða) sem stendur á kletti sunnan vert við svo nefnt Korsumel, (sic) þaðan sjónhending í Merkjageira, þaðan sjónhending í Merkjagrófarbotna við „Hvítá“ svo eftir læk þeim sem rennur eftir Merkjagróf ofan í „Hvítá“,

Síðumúlaveggjum 25. febrúar 1886.

Halldór Ólafsson, eigandi hálfra Síðumúlaveggja og ábúandi allrar jarðarinnar (Síðumúlaveggja)
Þorbjörn Sigurðsson Helgavatni eigandi hálfra Síðumúlaveggja.
Framanskrifað landamerkjabrjef jarðarinnar Síðumúlaveggja í Hvítársíðu í Mýrasýslu, höfum vjer sem lönd eigum að landi tjeðrar jarðar vandlega yfirlesið, og samþykkjum vjer það allir í einu og öllu með undirskrift nafna vorra.
Daníel Jónsson, eigandi að hálfum Síðumúla
Bjarni Jónsson, eigandi að hálfum Síðumúla, handsalað.
Vegna kirkjujarðar Gilsbakkaprestakalls, Brúareykja.
Magnús Andrjesson prestur að Gilsbakka.
Halldór Jónsson ábúandi Brúarreykja
Guðmundur Ólafsson, eigandi að hálfum Lundum og fyrir hönd Ólafs Ólafsson eiganda að hálfum Lundum.
Jón Þórólfur Jónsson, eigandi nokkra Gunnlaugsstöðum
Oddur Magnússon, eigandi nokkra Gunnlaugsstöðum, en ábúandi allrar jarðarinnar.

Lesið á manntalsþingi að Sámsstöðum 19. maí 1886.

| | | |
|---|---|---|
| Borgun þingl. - - - | 75 a | Sigurður Þórðarson |
| Bókun - - - | 25 | (settur) |
| | 1 kr. borg. | |
| Innr. samkv. l.nr. 72 | 27/6 1921. | 24/3 1923. |

GBjörnsson